

**ESTHER ÝR STEINARSDÓTTIR**

*Starfar við tísku-ljósmyndun*

Tíska Heimili Heilsa Jólin koma

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**

**JONAS MOODY**

*Íslenskur jólaundirbúningur ólíkur þeim bandaríska*

Sérblað um íslensk jól

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**GUNNAR ÓLASON**

*Boðar þögul mótmæli á Flags of Our Fathers*

Aukaleikurum ekki boðið á viðhafnarsýningu

**FÓLK 78**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. desember 2006 — 342. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Líkt við Pavarotti**

Garðar Thor Cortez söng fyrir föður sinn á Englandi.

**FÓLK 78**



**Konur sem þagað er um**

Viðtal við Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

**MENNING 48**



**Sammál og sérmál**

Evrópusamstarfið hvílir á þeirri lykilhugsun, að sum verkefni sérhvers samfélags séu þannig vaxin, að þau krefjist sameiginlegra lausna, segir Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 36**



**Hópurinn valinn**

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, hefur valið 19 manna æfingahóp fyrir HM í Þýskalandi.

**ÍÞRÓTTIR 70**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**SKÚRAVEÐUR** Í dag verður hvöss suðaustanátt sunnan og vestan til, annars hægari. Víða skúrir en hætt er við slydduéljum á Vestfjörðum og norðan til. Hiti 1-8 stig, mildast sunnan og suðaustan til.






**BARIST TIL LANDS** Fólk og skepnur öttu kappi við náttúruöflin þegar yfir hundrað hrossum var bjargað úr sjálfheldu í Hrunamannahreppi í gær. Litla-Laxá og Hvítá flæddu yfir bakka sína með þeim afleiðingum að hestarnir urðu innlyksa og þurftu björgunarsveitarmenn úr nærsveitum að nota gúmmíbáta til að reka þá á þurrt. LJÓSMYND/STEFÁN

# Fólk og ferfætlingar í hættu

**Vatnavextir ollu stórtjóni víða í gær. Slökkvilið var í viðbragðsstöðu á Selfossi ef Ölfusá tæki að flæða yfir bakka sína og inn í hús. Aurskriður féllu á hús og vegi á Norðurlandi og stífla brast við Djúpadalsá.**

**FLÓÐ** „Eiginmaður minn og sonur eru einhvers staðar að bjarga skepnum því við eigum svo mikið af hrossum og kvígum úti,“ sagði Sigríður Pétursdóttir, bóndi á Ólafsvöllum á Skeiðum í gær. Þar var vatn úr Hvítá farið að flæða nálægt bæjardyrunum.

Mikið tjón varð vegna flóða og vatnavaxta í ám víðs vegar um landið í gær. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var í viðbragðsstöðu á Selfossi ef Ölfusá tæki að flæða yfir bakka sína og inn í hús bæjarins. Á Akureyri flæddi inn í hús, vegir rofnuðu og aurskriður féllu á hús og vegi.

Yfir hundrað björgunarsveitarmenn úr ýmsum björgunarsveitum unnu í allan gærdag við að aðstoða menn og málleysingja sem urðu fyrir barðinu á vatnselgnum.

Hvítá á Suðurlandi flæddi yfir bakka sína í gærmorgun og var vegum og brúm við ána lokað upp úr hádegi í gær. Almannavarnir ríkisins gáfu stuttu seinna út viðvörun þar sem kom fram að flóðið í Hvítá ætti að ná til Selfoss um klukkan fimm.

Fjórtán slökkviliðsmenn af höfuðborgarsvæðinu voru sendir til Selfoss með dælur og dælubíla ásamt öllu tiltæku björgunarsveitarliði. Upp úr klukkan átta var farið að vaxa mikið í Ölfusá en ekki hafði flætt inn í nein hús að ráði. Um morguninn féllu þrjár skriður við bæinn Grænuhlíð, þar af ein sem lenti á bænum. Íbúarnir, hjón með eitt barn, sluppu ómeidd en um 20 kálfar drápust.

Bíll lenti í Djúpadalsá í Eyjafjarðarsveit þegar vegur við brúna fór í sundur. Einn var í bílnum og sakaði ekki. Efri stíflan í Djúpadalsvirkjun brast eftir hádegi í gær með þeim afleiðingum að vatn flæddi yfir virkjunina og olli miklu tjóni. Á Akureyri flæddi vatn yfir flugvöllinn seinnipart gærdagsins og var öllu innanlandsflugi aflýst. Einnig varð tjón vegna flóðs á Vesturlandi, en vegir rofnuðu við Borgarnes þegar Hvítá flæddi yfir bakka við Brúarhlöð. - sþs /- þsj

/sjá síður 16, 18 og 22

## Þrír hestar drukknuðu í flóðinu



Björgunarsveitarmenn í Hrunamannahreppi og á Laugarvatni börðust við að bjarga yfir hundrað hestum sem komist höfðu í sjálfheldu vegna flóðanna í Hvítá og Stóru-Laxá í gærdag.

Félagar í björgunarfélaginu Eyvindi á Flúðum voru kallaðir út um ellefu leytið í gærmorgun til þess að bjarga hestunum og komu kollegar þeirra úr björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni þeim til aðstoðar nokkrum klukkustundum seinna.

Um tólf manns voru við björgunarstörf þegar mest var og lauk störfum klukkan fimm síðdegis.

Vel gekk að koma hestunum á þurrt, en þó drukknuðu að minnsta kosti þrír þeirra í vatnselgnum. LJÓSMYND/STEFÁN







**SPURNING DAGSINS**



*Geir, viltu binda enda á fordóma gegn BDSM?*

„Já, ég verð glaður þegar endahnúturinn verður bundinn á þá baráttu.“

Geir Guðmundsson, einn af stofnendum BDSM-félagsins á Íslandi, segir fréttaskýringaþáttinn Kompás hafa dregið upp skakka mynd af BDSM. Sú iðkun eigi ekkert skylt við þvinganir, eins og gefið var í skyn í þættinum.

Ný skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um hagstjórn og sambýli atvinnuvega:

# Aðstæður kunna að kalla á evru

**VIÐSKIPTI** Misvægi í hagstjórn og rangar ákvarðanir kunna að þrýsta á um að hér verði skipt um gjaldmiðil að sögn Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Samtök atvinnulífsins og kynnt var í gær kemur fram að ríki og sveitarfélög hafi brugðist í baráttunni við verðbólguna og ójafnvægi í hagkerfinu með því að styðja ekki nægilega við aðgerðir Seðlabanka Íslands. Um leið er Seðlabankinn gagnrýndur fyrir að hafa brugðist of seint við verðbólguþróun og ekki af nægilegri ákveðni til að byrja með.

Sem dæmi um mistök í hagstjórninni er bent á breytingar sem ráðist hafi verið í á íbúðalánamarkaði á sama tíma og stórframkvæmdir og þensla stóð fyrir dyrum. Hagfræðistofnun hafi varað sterklega við því að ráðast í breytingarnar á þessum tíma en þau varnaðarorð hafi stjórnvöld að engu haft.

„Ef samspil hagstjórnartækja verður ekki þannig að hér verði eðlilegur hagvöxtur, sem ekki leiðir af sér þenslu, getur verið að hægt sé að neyða fram það umhverfi með því að taka upp nýja gjaldmiðil,“ sagði Tryggvi Þór þegar skýrslan var kynnt í fundarsal Samtaka atvinnulífsins í gærmorgun. - óká/sjá síðu 32



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Kynning á nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar er með lokaverkum Tryggva Þórs í starfi forstöðumanns stofnunarinnar. Á nýjum starfsvettvangi stýrir hann nýjum banka, Öskum Capital. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útsvarsprósentur næsta árs:

## Meðalútsvar helst óbreytt

**STJÓRNMÁL Útsvarsprósentur sveitarfélaganna fyrir árið 2007 liggja nú fyrir. 61 sveitarfélag af 79 mun innheimta hámarksútsvar á næsta ári, eða 13,03 prósent.**

**Meðalútsvar verður óbreytt frá fyrra ári, eða 12,97 prósent. Sveitarfélögin geta ákveðið útsvar á bilinu 11,24 prósent til 13,03 prósent.**

**Útsvarsprósentan er óbreytt í öllum sveitarfélögum nema tveimur. Bæjarhreppur hækkar úr 12,60 prósentum í 12,80 prósent og sveitarfélagið Garður hækkar úr 12,70 prósentum í 13,03.** - sh

Reykbann á veitingahúsum:

## Kynningarherferð hafin

**TÓBAKSVARNIR Lýðheilsustöð hefur nú sent kynningarbækling til allra veitingahúsa í landinu og er hann liður í undirbúningi reykbanns sem tekur gildi á veitinga- og skemmtistöðum hér á landi 1. júní 2007.**



**REYKLAUS VEITINGAHÚS**

**Í kynningarbæklingnum er fjallað um reynslu annarra þjóða af reykbanninu, áhrif þess á rekstur og viðhorf viðskiptavina svo eitthvað sé nefnt.**

**Auk bæklingsins hafa verið gefnir út tvenns konar límmiðar sem ætlaðir eru til að veita upplýsingar um hvort staðurinn sé reyklaus nú eða verði það 1. júní 2007.**

**Á næsta ári mun Lýðheilsustöð halda áfram kynningarstarfi í tengslum við lagabreytinguna.** - hs

Þingmenn og ráðherrar:

## Launahækkun um 6.5 prósent

**LAUNAMÁL** Kjararáð hefur ákveðið að laun þeirra sem heyra undir ráðið, þar meðal þingmenn, ráðherrar, forseti og dómarar, skuli hækka um 3,6 prósent. Hækkunin er afturvirk frá 1. október 2006. Þá skuli laun ofangreindra hækka um 2,9 prósent um áramót.

Kjararáð kveðst hafa kannað þróun launa á árinu 2006. Lágmarkshækkun samkvæmt kjarasamningum hafi verið 5,5 prósent en af launavísitölum Hagstofu Íslands sjáist að laun hafi að meðaltali hækkað mun meira, bæði vegna kjarasamninga og launaskriðs. Því sé tilefni nú til endurskoðunar á launum þeirra sem undir ráðið heyri. - jss

# Ófremdarástand á Þjóðskjalasafninu

**Þjóðskjalasafn Íslands getur ekki sinnt lögboðnum skyldum vegna aðstöðuleysis. 130 stofnanir geta ekki skilað inn skilaskyldum skjölum. Skjölum er stefnt í voða vegna flutninga utandyra. Sérhönnuð nýbygging er talin besta lausnin.**

**SAFNAMÁL** Meirihluti húsnæðis Þjóðskjalasafns Íslands við Laugaveg er ófrágengið sem kemur í veg fyrir að safnið geti uppfyllt skyldur sínar sem lögboðin viðtökustofnun skjala hins opinbera. Flytja þarf skjöl utandyra frá geymslum safnsins á lestrarsal sem stefnir varðveislu þeirra í voða. Yfir 130 stofnanir eru á lista yfir þá sem sem skila vilja skilaskyldum skjölum nú þegar en ekki er hægt að verða við óskum þeirra sökum aðstöðuleysis. Heildarhúsnæði safnsins er um 9.500 fermetrar en húsrýmisáætlun nýbyggingar gerir ráð fyrir að safnið þurfi 19.000 fermetra, þar af um 12.800 fermetra geymsluhúsnæði.

Starfshópur um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana, sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna, kemst að þeirri niðurstöðu að skapast hafi „alvarlegt ófremdarástand“ í Þjóðskjalasafninu við Laugaveg vegna þess að meirihluti húsnæðisins sé ófrágenginn. Á þeim 20 árum sem liðin eru síðan húsnæði mjólkurstöðvarinnar að Laugavegi 62 var keypt fyrir Þjóðskjalasafnið hefur verið unnið að innréttingum og endurbótum, en árið 1995 bættist húsið að Laugavegi 164a við húsakostinn. Á þeim tíma hafa 2.275 fermetrar verið endurbættir eða um 24 prósent. Ófrágengnir eru því 7.295 fermetrar auk þess sem bent hefur verið á þörf fyrir um 3000 fermetra nýbyggingu á lóð safnsins fyrir lestrarsal og fleira.

Í hnotskurn er vandi safnsins að mati starfshópsins eftirfarandi: Frágangur skjalageymsluhúsa er á eftir áætlun; þjónusta við almenning á lestrarsal er í lágmarki vegna aðstöðuleysis. Öll vinna við afgreiðslu úr skjalasöfnum er erfið, tímafrek og mikið óhagræði að hafa ekki flutningsleiðir undir þaki.



**ÞJÓÐSKJALASAFNIÐ VIÐ LAUGAVEG** Stöðunni í safninu er lýst sem „alvarlegu ófremdarástandi“ af starfshópi menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfshópurinn telur þrjár leiðir vænlegar til að leysa vanda safnsins. Ákjósanlegast til framtíðar litið þykir að byggja nýtt, sérhannað hús fyrir safnið. Einnig væri hægt að halda áfram endurbótum á núverandi húsnæði og byggja nýbyggingu og tengibyggingar eða útvega annað húsnæði sem hentar betur og auðveldara er að innrétta fyrir safnið.

Nýleg húsrýmisáætlun nýbyggingar fyrir Þjóðaskjalasafnið gerir ráð fyrir 19.000 fermetra safnbyggingu. Áætlaður kostnaður slíkrar byggingar er um 2,5 milljarðar króna.

svavar@frettabladid.is

Veðrið yfir jólin:

## Stormur á Þorláksmessu

**VEÐUR** Búist er við stormi um land allt á Þorláksmessu, en þó á að lægja þegar líður á daginn. Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segist eiga von á rigningargusum næstu daga og eitthvað fram yfir jól.

„Á jóladag og annan í jólum er vætu- og vindaspá og það verður almennt suðvestan hvassviðri næstu daga. Sérstaklega hvasst verður á Þorláksmessu, en það á að lægja með kvöldinu.“ Hann segist ekki eiga von á öðru en að jólin verði rauð í ár. „Það verður kannski él, en það þarf eitthvað mikið að gerast til þess að við fáum hvít jól í ár.“ - sþs



**FRÁ OPNUN BÍLASTÆÐAHÚSSINS** Tekjurnar eru engar.

Bílastæðahúsið við Laugaveg:

## Klúðraðist að kaupa miðavélar

**BORGARMÁL Ekki er enn farið að innheimta gjöld fyrir noktun stæða í bílastæðahúsinu á Stjörnubíósreitnum við Laugaveg – þrettán mánuðum eftir að húsið var tekið í notkun.**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði á fundi borgarstjórnar í gær að starfshópur um bættan rekstur hefði bent sér á þetta.**

**Tekjur af stæðunum væru því engar en gjöldin tíu milljónir, án fjármagnskostnaðar. Og ástæðan: „Það klúðraðist að kaupa miðavélar,“ sagði borgarstjóri í ræðu sinni.** - bþs




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Rúmlega tvítugum manni var sleppt úr gæsluvarðhaldi í gær:

# Dæmdum nauðgara sleppt úr haldi lögreglunnar í Reykjavík

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmanni, Edward Apeadu Koranteng, var í gær sleppt úr haldi lögreglu en hann var fyrir skömmu dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga fjórtán ára gamalli stúlku. Hann hefur einnig verið kærður fyrir að nauðga þrettán ára stúlku eftir að dómur féll í máli hans og hefur hann verið í gæsluvarðhaldi í vikutíma vegna rannsóknar á því máli.

„Maðurinn var dæmdur fyrir kynferðisbrot og hefur frest til þess að áfrýja þeirri niðurstöðu. Hann var í gæsluvarðhaldi í vikutíma vegna rannsóknar á máli sem upp kom eftir að hann var dæmdur í fangelsi og þar sem rannsókn á því máli var lokið þá voru ekki talin vera skilyrði fyrir því að halda manninum lengur.“ sagði Hörður Jóhannesson eftir að Edward Apeadu hafði verið sleppt úr haldi.

Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður segir þetta sýna hversu léttvægum tökum íslenskt réttarkerfi taki á nauðgunarmálum. „Lögreglan hefur heimild til þess að halda mönnum í gæsluvarðhaldi. Í líkamsárásarmálum og fíkniefnamálum er mönnum haldið áfram inni en nauðgunarmál eru miklu alvarlegri en þau brot. Nauðgun er andleg og líkamleg ofbeldi af grófustu sort. Þetta atvik [að Edward Apeadu skuli vera sleppt úr haldi] er enn ein sönnun á ríkjandi skilningsleysi á afleiðingum nauðgana.“

Nokkur umræða skapaðist fyrir stuttu þar sem spurt var af hverju dæmdir nauðgarar ganga lausir eftir uppkvaðningu dóms. - mh



**ATLI GÍSLASON** Telur skilningsleysi á afleiðingum nauðgana áhyggjuefni.


KOMDU OG UPPLIFÐU JÓLIN Í SMÁRALIND!
AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA Í SMÁRALIND
FIMMTUDAGUR 21. DES. KL. 11.00 – 22.00
FÖSTUDAGUR 22. DES. KL. 11.00 – 22.00
LAUGARDAGUR, ÞORLÁKSMESSA, 23. DES. KL. 11.00 – 23.00
SUNNUDAGUR, AÐFANGADAGUR, 24. DES. KL. 10.00 – 13.00
FIMMTUDAGUR 21. DESEMBER
kl. 17.00
Jólaævintýri í Vetrargarðinum
FÖSTUDAGUR 22. DESEMBER
kl. 17.00
Jólaævintýri í Vetrargarðinum
ÞORLÁKSMESSA
LAUGARDAGUR 23. DESEMBER
kl. 14.00
Jólaævintýri í Vetrargarðinum
LOKASÝNING
Taktu mynd af barninu þínu með Gáttaþef eftir sýningu á Jólaævintýri í Vetrargarðinum!
Þú færð rafræn gjafakort Smáralindar á Þjónustuborði á 1. hæð.
Við bjóðum upp á dúndrandi jólastemningu í Smáralind með frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
Allar búðir troðfullar af jólavörum. Stærsta bílastæði landsins með öflugri umferðarstjórnun.
Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23
Sími 528 8000 / smaralind.is
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

## GENGIÐ 20.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,95 | 69,27 |
| Sterlingspund | 135,86 | 136,52 |
| Evra | 91,16 | 91,68 |
| Dönsk króna | 12,231 | 12,303 |
| Norsk króna | 11,171 | 11,237 |
| Sænsk króna | 10,129 | 10,189 |
| Japanskt jen | 0,5841 | 0,5875 |
| SDR | 103,93 | 104,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
124,8507

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sex ríkja viðræður um kjarnorkuáform Norður-Kóreu þokast áfram:

# Alls óvíst hvort árangur næst

**KÍNA, AP** Norður-Kórea heldur fast við þá kröfu sína að Bandaríkin verði að aflétta fjármálalegri einangrun af Norður-Kóreu áður en kjarnorkuáform verði aflögð.

Norður-Kóreumenn samþykktu að taka þátt á ný, eftir þrettán mánaða hlé, í viðræðum sex ríkja um kjarnorkuvopnaáform þeirra að fengnu vilyrði um að rætt verði um einangrunarherferð, sem Bandaríkin hafa verið með á hendur Norður-Kóreu innan alþjóðlega bankakerfisins.

Bandaríkin halda því fram að Norður-Kórea stundi ýmiss konar ólöglega starfsemi, þar á meðal fölsun á bandarískum 100 dollara seðlum, peningaþvætti og sölu gereyðingarvopna.

Norður-Kórea segist tilbúin að stöðva starfsemi mikilvægasta kjarnaofns síns og leyfa alþjóðlegum eftirlitsmönnum að koma til landsins ef „rétt skilyrði“ eru fyrir hendi, en af hálfu Norður-Kóreu er aðaláherslan á fjármálaþáttinn í viðræðunum.

Auk Norður-Kóreu taka fulltrúar frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína, Japan og Suður-Kóreu þátt í viðræðunum, sem fara fram í Kína.

„Á þessari stundu vil ég hvorki segjast vera bjartsýnn né svartsýnn,“ sagði Christopher Hill, sem er fulltrúi Bandaríkjanna í viðræðunum. - gb



**BÚA SIG UNDIR AÐ TAKAST Í HENDUR** Fulltrúar Japans, Rússlands, Norður-Kóreu, Kína, Bandaríkjanna og Suður-Kóreu stilltu sér upp til myndatöku.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Menntamálanefnd Alþingis:

# Fjöldi gesta á fundi um RÚV

**STJÓRNMÁL Fjöldi gesta kom á fund menntamálanefndar Alþingis í gær þar sem rætt var um frumvarpið um Ríkisútvarpið.**

**Sigurður Kári Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir nefndina hafa hlýtt á sjónarmið er varða takmarkanir á auglýsingum, væntanlegan stofnefnahagsreikning hlutafélagsins og samskipti kvikmyndaframleiðenda við Ríkisútvarpið.**

**Á fundi sem boðaður er milli jóla og nýárs sé svo ætlunin að ræða frekar um réttindamál starfsmanna og samkeppnisáhrif frumvarpsins.** - bþs

Sex mánaða fangelsi:

# Stal átta lambalærum

**DÓMSMÁL Fertugur síbrotamaður var dæmdur í sex mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudaginn fyrir að stela átta lambalærum, einum lambahrygg, kótilettum, frosnum ýsuflökum og fæðubótarefnum.**

**Andvirði hlutanna sem maðurinn stal er tæplega 54 þúsund krónur. Um var að ræða þrjá aðskilda þjófnaði sem maðurinn framdi í hinum ýmsu kjörbúðum á höfuðborgarsvæðinu fyrr á árinu.**

**Maðurinn á tæplega 20 ára langan sakaferil að baki og vegna langs sakaferils hans var ekki talið hægt að skilorðsbinda dóminn.** - ifv

Pólland-Þýskaland:

# Eignarréttur Pólverja áréttaður

**PÓLLAND, AP** Forsætisráðherra hinnar þjóðernis-íhaldssinnuðu ríkisstjórnar Póllands, Jaroslaw Kaczynski, sagðist á þriðjudag myndu hvetja Póllandsþing til að setja lög sem áréttuðu rétt Pólverja til jarðnæðis og fasteigna sem Pólverjar fengu að herfangi frá Þjóðverjum er landamæri Póllands voru færð til vesturs eftir síðari heimsstyrjöld.



**JAROSLAW KACZYNSKI**

Tilefni þessa frumkvæðis forsætisráðherrans er beiðni fámennra samtaka Þjóðverja sem flæmdir voru á brott frá landsvæðum sem gefin voru Póllandi árið 1945, um að Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurði um réttmæti eignaupptökunnar. Beiðnin nýtur hvorki stuðnings þýskra stjórnvalda né regnhlífarsamtaka brottflæmdra Þjóðverja. - aa

# Tryggði sér kauprétt á fasteignum Landsafls

**Jón Sveinsson keypti tvær hæðir á Tryggvagötu 11 af Landsafli sem var í eigu Íslenskra aðalverktaka. Jón var stjórnarformaður beggja fyrirtækjanna þegar gengið var frá kaupréttarsamningnum og sat í einkavæðingarnefnd.**

**EINKAVÆÐING** Félag í eigu Jóns Sveinssonar, Lagamál ehf., er eigandi fimmtu og sjöttu hæðar húsnæðis að Tryggvagötu 11. Meðal þeirra fyrirtækja sem eru skráð þar til húsa er Eignarhaldsfélagið AV. ehf. (EAV), en það er sama félag og keypti hlut íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum (ÍAV) þegar Jón var stjórnarformaður ÍAV og sat auk þess í einkavæðingarnefnd.

Lagamál ehf. gerðu húsaleigusamning um efri hæðina árið 2001 og skrifaði Jón Sveinsson undir hann fyrir hönd síns félags. Meðal votta á samningnum er Stefán Friðfinnsson, þáverandi forstjóri ÍAV og einn af forsvarsmönnum EAV ehf. Síðar var gerður viðbótarleigusamningur á fimmtu hæð sama húss.

Í leigusamningnum er kaupréttarákvæði sem tryggir félagi Jóns kauprétt á hæðunum tveimur. Þar stendur að „Við beitingu kaupréttar skal kaupverð ákveðast með þeim hætti að í desembermánuði 2002 skal það nema eitthundrað og þrjátíufaldri mánaðarleigu án virðisaukaskatts eins og hún verður þá samkvæmt leigusamningnum. Kaupverð lækkar síðan í beinu hlutfalli þar til að í desember 2007 verði það eitthundraðföld leiga skv. leigusamningi og lækkar ekki frekar út leigutímann.“ Leigutekjurnar greiddu því niður kaupverðið. Ekki koma fram í samningnum skýringar á lækkun kaupverðsins.

Lagamál ehf. nýtti sér þetta ákvæði 30. júní síðastliðinn og eignaðist með því hæðirnar tvær.



**TRYGGVAGATA 11** Meðal þeirra sem eru með skrifstofu í húsnæði í eigu Jóns Sveinssonar er Eignarhaldsfélagið AV ehf., en það er félagið sem keypti hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þær voru áður í eigu fasteignarfélagsins Landsafls, sem var áður í meirihlutaeigu ÍAV. Á þeim tíma sem samningurinn var gerður var Jón Sveinsson stjórnarformaður bæði Landsafls og ÍAV.

Meðal þeirra sem leigðu hæðirnar af Jóni var lögmannsstofan Landslög þar sem hann er meðeigandi. Landslög flutti úr húsnæðinu fyrr í þessum mánuði. Garðar Garðarsson, einn eigenda stofunnar, vildi ekki tjá sig efnislega um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann né ræða ástæður flutninganna. Samkvæmt heimildum blaðsins mun Jón Sveinsson þó ekki lengur vera virkur meðeigandi í stofunni.

Úlfar Örn Friðriksson, framkvæmdarstjóri Landsafls, segir ekkert vera óeðlilegt við svona samninga milli stjórnarmanna sem sitji í umboði ríkisins og fyrirtækja sem hann stjórni. „Það er ekki mitt að segja um það hvers fulltrúi hver er í stjórn fyrirtækja. Stjórn eins og hjá mínu fyrirtæki fylgir þeim leikreglum að þegar viðskipti við hluthafana eða önnur félög sem stjórnarmenn tengjast þá er þess gætt að viðkomandi aðilar fjalli ekki um þau mál.“

thordur@frettabladid.is

Tamíltígrar á Srí Lanka:

# Sakaðir um að ræna börnum

**SRI LANKA, AP** Ríkisstjórnin á Srí Lanka hélt því fram í gær að uppreisnarsveitir Tamíltígra hafi á þessu ári rænt að minnsta kosti 455 börnum, bæði drengjum og stúlkum, og þjálfað þau til hernaðar.



**FLÓTTAMENN Í EIGIN LANDI** Hundruð Tamíla hafa flúið átakasvæðin.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnin sagði töluna þó enn hærri vegna þess að margir foreldrar þori ekki að láta vita af ráni barna sinna af ótta við hefndaraðgerðir. Stjórnin hvatti tígrana til þess að hætta slíku athæfi.

Þá skýrði Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna frá því að tígrarnir hefðu þjálfað 539 börn yngri en 18 ára fyrstu 11 mánuði ársins. - gb

Læknir falsaði niðurstöður:

# Sviptur læknisleyfi og titli

**NOREGUR Norski vísindamaðurinn Jon Sudbø, sem uppvís varð fyrr á árinu að því að falsa niðurstöður rannsókna sinna, hefur verið sviptur leyfi sínu til að starfa sem læknir og tannlæknir, sem og háskólagráðu sinni í læknavísindum. Slíkt hefur aldrei gerst áður í sögu Óslóarháskóla.**

**Ætlar Sudbø að sætta sig við sviptinguna þó að í fyrstu hafi hann ætlað að berjast fyrir réttindum sínum, að því er fram kemur í frétt Aftenposten.**

**Sudbø falsaði niðurstöður rannsókna sinna á munnkrabbameini og birti í læknatímaritinu The Lancet. Að sögn talsmanns heilbrigðisyfirvalda hafa engar sannanir borist um að sjúklingar hafi beðið skaða vegna falsananna.** - smk


BÍLL DAGSINS
PEUGEOT 307
Nýskr. 09.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 20 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁFRAM VINDA OG VÆTUSAMT**
Enda þó að nokkuð svalara verði í dag og fyrripartinn á morgn er engan bilbug að finna á hlýindunum. Hver lægðin rekur aðra með vætu og vindum en á milli dregur heldur niður í hlýindunum. Þorláksmessa verður hlý og fyrri hluti aðfangadags en seinni partinn gæti kólnað eitthvað eins og nýjustu spárnar gefa til kynna. Þó standa spár um rauð jól nokkuð traustum fótum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Allhvöss vestan átt. Skúrir, hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Vaxandi SA-átt, hvassviðri vestan til um kvöldið.

*» föstudagur*



10-23 m/s, hvassast vestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C | heiðskírt | London | 8°C hálfskýjað | Alicante | 11°C skúrir |
| Þórshöfn | 10°C | rigning | París | 8°C hálfskýjað | Mallorca | 14°C rigning |
| Osló | 1°C | alskýjað | Frankfurt | 8°C alskýjað | Algarve | 14°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C hálfskýjað | Krít | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C | hálfskýjað | Berlín | 7°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



10stk túlipanar 999
Hýasintuskreyting 999
Leiðiskross 1999
Jólablómin
á betra verði
Aðeins í dag fimmtudag!
Hýasinta
99kr
Jólavara
50%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## KJÖRKASSINN



*Á að fara fram lögreglurannsókn á málefnum Byrgisins?*

Já 91%

Nei 9%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búin(n) að kaupa allar jólagjafir?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Gríðarleg menningarverðmæti eru í húfi ef olía lekur úr Wilson Muuga:

# Kirkjugarðurinn í hættu

**SANDGERÐI** Gríðarleg verðmæti eru í hættu ef olía lekur úr kýpverska flutningaskipinu Wilson Muuga sem strandaði í Hvalsnesfjöru í Sandgerði í fyrradag. Friðuð fuglasvæði eru í nágrenni við strandstaðinn auk þess sem olía getur borist í kirkjugarðinn við Hvalsneskirkju ef veður er vont og sjógangur mikill. Þá eru fjörurnar mjög lífmiklar.

Sveinn Kári Valdimarsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurnesja, segir að ekki bara lífríkið sé í húfi heldur verðmæti líka. „Olían brotnar niður á einhverjum tíma en þarna eru menningarverðmæti í nágrenninu, til dæmis kirkjugarðurinn í Hvalsnesi. Ef veðrið helst jafn slæmt þá getur olía spýst yfir hann en auðvitað fer það eftir ölduróti og veðri. Við vonum það besta.“



**FORSTÖÐUMAÐUR NÁTTÚRUSTOFU** Sveinn Kári Valdimarsson er forstöðumaður Náttúrustofu Suðurnesja.

Lítið er vitað um lífríkið á svæðinu en það er þó vitað að allt svæðið er friðað vegna lífríkis. Sveinn Kári segir að á þessu svæði sé dýrmætt vetrarfuglasvæði við Ósa í Sandgerði, stór hluti straumandarstofnsins á Íslandi hafi þar vetursstöðvar og eitt stærsta æðarvarp landsins sé í Norðurkoti og Fuglavík nærri Hvalsnesfjöru.

Náttúrustofan er að fara af stað með verkefni í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Strendurnar á Reykjanessvæðinu verða kortlagðar og búsvæðaflokkaðar vegna laga um mengunarvarnir hafs og stranda. - ghs

Kafbátsflak við Noreg:

# Hætta á kvikasilfursmengun

**NOREGUR, AP Flakið af þýskum kafbát, sem liggur á hafsbotni undan vesturströnd Noregs, ætti að hylja með fargi af sandi og steypu til að hindra að kvikasilfursfarmur bátsins leki út og valdi ómældum náttúruspjöllum.**

**Að þessari niðurstöðu komst sérfræðinganefnd, sem falið var að rannsaka til hvaða bragða ráðlegast væri að taka til að bregðast við mengunarhættunni.**

**Kafbátnum, U-864, var sökkt í febrúar 1945, lestaður 65 tonnum af kvikasilfri sem ætlað var til hergagnaframleiðslu í Japan. Flakið fannst árið 2003.** - aa

Fráfall danska sjóliðans:

# Forsetinn sendi samúðarkveðju

**SJÓSLYS Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi í gær Margréti Danadrottningu samúðarkveðju vegna fráfalls skipverja á danska varðskipinu Triton.**

**Jan Nordskov Larsen, 25 ára sjóliði frá Kaupmannahöfn, drukknaði skammt frá strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga skammt frá bænum Hvalsnesi í nágrenni Sandgerðis.**

**„Ég votta yðar hátign og dönsku þjóðinni einlæga samúð vegna hins sviplega fráfalls Jans Nordskov Larsen sjóliðsforingja sem drukknaði við björgunarstörf undan ströndum Íslands. Hugur Íslendinga er með fjölskyldu hans og vinum og við biðjum yðar hátign að flytja þeim einlægar samúðarkveðjur,“ segir í bréfi Ólafs Ragnar Grímssonar.** - mh

Strand Wilson Muugo:

# Olían getur kæft lífríkið

**SJÓSLYS** Olía úr flutningaskipinu Wilson Muugo, sem strandaði úti fyrir Hvalsnesi í fyrradag, getur kæft lífríki fjörunnar með því að leggjast yfir plöntur og dýr. Olíublautir fuglar eru alvarleg mengun en minna sýnileg áhrif á gróður og dýralíf eru ekki síður alvarleg.

Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands, telur að erfitt sé að spá um það hvernig fari fyrir dýralífi og umhverfi ef olía mengar fjöruna við Sandgerði. Það fari eftir aðstæðum, veðurlagi og því hversu mikið magnið verður.

Jörundur segir fugla þola olíu illa. Fiður þeirra makist út í olíunni og olían berist ofan í meltingarveg þeirra. Hægt sé að hreinsa þá en það sé mikið verk.

Jörundur segir að fyrr eða síðar muni olían sökkva en best sé að losna alfarið við hana. - ghs



**UM 150 TONN AF OLÍU UM BORÐ** Um 120 tonn af svartolíu og tæp 20 tonn af hráolíu eru um borð í flutningaskipinu Wilson Muuga. Fjórir menn fóru um borð í gær til að skoða aðstæður. Kristján Geirsson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að þrennt komi til greina: að dæla svartolíunni með sérstökum dælum, hita hana upp þannig að hún verði auðveldari viðfangs eða blanda dísilolíu saman við hana og dæla síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR


Tilvalin jólagjöf

100 dokkur af árórugarni í gjafakassa.
Fyrir hannyrðakonuna og fluguhnýtingamanninn.

8.590 kr.



ODDI HÖNNUN V0_C7032

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur
www.skola.is

Sími 585 0500
Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-14


# Gert ráð fyrir að olía fari í sjóinn

**Tvær þyrlur Landhelgisgæslunnar komu mönnum um borð í Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru í gær. Mennirnir skoðuðu aðstæður í skipinu. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að einhver olía fari í sjóinn.**

**SANDGERÐI** Þyrlur Landhelgisgæslunnar komu fjórum mönnum um borð í kýpverska flutningaskipið Wilson Muuga upp úr klukkan tvö í gær. Mennirnir kynntu sér aðstæður og unnu frumrannsókn á því hvernig hægt verði að standa að dælingu úr skipinu og koma búnaði um borð í skipið á morgun eða næstu daga. Veðurútlit er ekki gott.

Sjötíu tonn af olíu eru í botntönkum og fimmtíu tonn í hliðartönkum ofar í skipinu auk sautján tonna af dísilolíu. Kristján Geirsson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir stefnt að því að ná fyrst olíunni upp úr hliðartönkunum og síðan úr botntönkunum. Líklega verði reynt að sjúga olíuna upp úr botntönkunum gegnum átta metra langt loftrör.

„Það er vaxandi straumur og fer vaxandi fram á Þorláksmessu eða aðfangadag. Ofan á þetta er stuttur birtutími sem leiðir til þess að aðgerðir eru erfiðar. Það er fátt sem vinnur með okkur,“ segir hann.




**HVALSNES:** Wilson Muuga strandaði 150 metra frá ströndinni.
**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR:** Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði sjö dönskum varðskipsmönnum úr sjónum og flutti til lands.
**KEFLAVÍK:** Heilsugæslan tók á móti dönsku skipverjunum til aðhlynningar.
**SANDGERÐI:** Skipverjar af Wilson Muuga fengu inni í félagsheimili staðarins.

Tankar skipsins eru allir rifnir, olía hefur komist í lestar skipsins en ekki lekið út í sjó. Svartolían er seigari en hráolían og kemur þrennt til greina: dæla beint með sérstökum dælum, hita olíuna þannig að hún verði auðveldari viðureignar eða að blanda dísilolíu saman við hana og dæla síðan.

„Við gerum ráð fyrir að einhver olía fari í sjóinn. Ef það gerist þá förum við í aðgerðir til að hreinsa olíu úr sjó og af fjörum. Sem stendur eru engar slíkar aðgerðir mögulegar. Veður og öldugangur er slíkur að engin tæki virka á þessum tímapunkti,“ segir hann.

Kristján segir ölduganginn ekki endilega slæman. „Sjórinn og klettaströndin þeyta olíuna, gera hana vatnsleysanlegri og dreifa henni út þannig að ekki er víst að við stöndum frammi fyrir stórum vandamálum. Við getum haft hreinsunarbúnaðinn handhægan ef olía sést og veður lægir. Þangað til fylgjumst við með.“

Hátt í áttatíu menn voru á strandstað í gær. Búið var að gera góða vinnuaðstöðu, veg og athafnasvæði fyrir hreinsun. Allur búnaður var kominn á staðinn.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra flaug yfir strandstað í gær. Vakt verður á staðnum í nótt. Viðræður eiga sér stað um það hvort tryggingafélagið tekur yfir hreinsun og aðgerðir á vettvangi.

ghs@frettabladid.is



**UMHVERFISRÁÐHERRA** Jónína Bjartmarz flaug yfir strandstað í þyrlu Landhelgisgæslunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

# Landsliðið aðstoðar þig við valið á jólakjötinu

## Besti hryggurinn

### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

## Landslið matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Smáralind og Kringlu og aðstoðar þig við val á jólakjötinu. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Smáralind og Kringlu
21. - 22. desember
kl. 15-18



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*











Par dæmt í 18 mánaða fangelsi í héraðsdómi í gær:

# Með kókaín í skóm

**DÓMSMÁL** Liðlega tvítugt par var í gær dæmt í 18 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir tilraun til smygls á miklu magni af kókaíni til landsins. Refsingin er óskilorðsbundin.

Maðurinn, sem var 21 árs þegar brotið var framið, og stúlkan, sem var 19 ára, voru ákærð af ríkissaksóknara fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að reyna að smygla tæplega kílói af kókaíni til landsins í skóm sínum. Fólkið er jafnframt ákært fyrir að hafa rúmlega 1,3 kíló af hassi í vörslu sinni, en efnið fannst á heimili konunnar við húsleit lögreglu.


**KÓKAÍN Í SKÓNUM** Parið sem reyndi þá smyglaðferð fékk 18 mánaða dóm.

Tollverðir fundu kókaínið í skóm parsins þegar það var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi í júlí. Höfðu skötuhjúin skipt efninu nokkuð jafnt í skó sína. Konan hafði í sömu ferð falið 0,26 grömm af kókaíni í líkama sínum. **- jss**


**NORSK EFTIRLITSFLUGVÉL** P-3 Orion-eftirlitsflugvél norska flughersins. Norska sendinefndin skoðaði á þriðjudaginn aðstöðu fyrir herflugvélar á Keflavíkurflugvelli.
LJÓSMYND/NORSKI HERINN

# Ánægja með varnarsamráð

**Fulltrúar Íslands, Noregs og Danmerkur eru ánægðir með viðræður sem fram fóru í vikunni um aukið samstarf um öryggismál og ætla að halda þeim áfram á nýju ári. Þá verður líka rætt við Breta og Kanadamenn.**

**VARNARMÁL** Bæði norsk og dönsk stjórnvöld eru mjög opin fyrir því að skoða alla möguleika á efldu samstarfi við Íslendinga um öryggi og eftirlit á hafsvæðinu og í lofthelginni í kringum Ísland, að sögn Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra eftir að háttsett embættismannanefnd átti í viðræðum við fulltrúa Dana og Norðmanna um þessi mál í vikunni.

Í samtali við Fréttablaðið segir Valgerður að fundirnir hafi verið á mjög jákvæðum nótum og allir hlutaðeigandi hafi verið sammála um gagnsemi þess að halda viðræðunum áfram á nýju ári. Næstu fundir með Dönum og Norðmönnum verða í febrúar. Viðræðurnar við frændþjóðirnar eru liður í viðtækara samráði sem Íslendingar hafa leitað eftir við næstu granna sína í NATO í kjölfar brottfarar bandaríska varnarliðsins. Hliðstæður fundur með fulltrúum breskra stjórnvalda er fyrirhugaður um miðjan janúar og með Kanadamönnum fljótlega eftir það, að sögn Valgerðar.

Viðræðurnar við Dani hófust í Kaupmannahöfn á mánudag, en sendinefnd háttsettra manna úr norska stjórnkerfinu og hernum átti á þriðjudag viðræður í Reykjavík við íslensku samninganefndina, sem er skipuð háttsettum embættismönnum úr þremur ráðuneytum.

Kåre Aas, skrifstofustjóri í norska utanríkisráðuneytinu og formaður norsku sendinefndarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að viðræðurnar hafi verið mjög jákvæðar. „Þetta var óformlegur fundur þar sem við skiptumst á sjónarmiðum; við kynntumst sýn Íslendinga á málið og þeir okkar,“ segir Aas. Norska sendinefndin skoðaði einnig aðstöðu fyrir hernaðarumsvif á fyrirhuguðu öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli. Aas segir heimsóknina hafa verið fróðlega og gagnlega fyrir framhaldið.


KÅRE AAS


VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Að sögn Valgerðar var í viðræðunum fjallað um núverandi samstarf á þessu sviði og hugsanlegar leiðir til að auka það, bæði við Norðmenn og Dani. Af hálfu allra aðila hafi komið fram mjög svipað mat á þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi og ákveðið að ýmsir hagnýtir valkostir varðandi aukið samstarf yrðu skoðaðir, „þannig að það auki öryggi á svæðinu öllum þjóðunum í hag“.

Aðspurður sagði Aas að ekki hefði komið til tals á fundinum hvernig málið yrði rætt á vettvangi NATO, en áður en viðræðurnar hófust lögðu norski varnarmálaráðherrann Anne-Grete Strøm-Erichsen og fleiri fulltrúar norskra stjórnvalda áherslu á að hugsanleg aukin aðkoma Norðmanna að því að tryggja öryggi og varnir í lögsögu Íslands yrði að gerast innan ramma NATO-samstarfsins. Spurð um þetta segir Valgerður að ekki sé búið að ákveða hvort efni þessara tvíhliða viðræðna eigi erindi inn á vettvang NATO: „Málið er bara ekki komið það langt að tímabært sé að ræða það,“ segir hún.

**audunn@frettabladid.is**

# 50% afsláttur
af jólavöru

# Harðir pakkar

**Ómissandi**
í eldhúsið



**Safapressa**
Russel Hobbs,
ryðfrítt stál, mjög hljóðlát, má setja í uppþvottavél.
Fyrir rétthenta og örvhenta.
1829120

**12.999**

**35.499**
~~54.995~~

**35%**
afsláttur



**Hleðslusett, Worx**
Hjólsög, borvél, stingsög og ljós. 18 V.
2 rafhlöður. Allt í einni vandaðri tösku.
5244874

## Glæsileg
jólagjafahandbók



er komin inn á öll heimili landsins...
...sama verð um land allt.

**Góðar**
hugmyndir

**Kaupauki**
fylgir

**Bitasett**
32 stk.



**Hleðsluskrúfvél, Hitachi**
Vinkilbeygja og taska.
5247030

**11.995**

- **3,6 Volt**
- **2 lithium-rafhlöður**
- **30 mín. hleðslutími**
- **21 átaksstilling**
- **Innbyggt ljós**

**Leikföng**
í miklu úrvali



**3.900**

**Sjóræningjaeyja**
1802835

**Sniðug**
jólagjöf



## Rafrænt gjafakort
um land allt

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**ÖRYGGI TRYGGT** Þessi ungi maður gætti að öryggi í kringum helstu kaþólsku kirkjuna í Jakarta á Indónesíu í gær. Tugþúsundir lögreglumanna munu gæta öryggis við kirkjur landsins, en mikill meirihluti landsmanna er múslímar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Liðsmenn Fatah og Hamas berjast enn í Gazaborg og voru tveir palestínskir lögreglumenn skotnir í gær:

# Brothætt vopnahlé enn í gildi í Palestínu

**GAZABORG, AP** Tveir palestínskir lögreglumenn, hliðhollir Fatah-samtökunum, voru skotnir af liðsmönnum Hamas í Gazaborg í gærmorgun, aðeins fáeinum klukkustundum eftir að Hamas og Fatah höfðu samþykkt nýtt vopnahlé.

Tawfiq Abu Khoussa, talsmaður Fatah, sagði átökin vera brot á vopnahlénu, en Fatah myndi samt líta svo á að vopnahléð sé enn í gildi. Alls hafa hátt í tuttugu manns látist í átökum milli þessara tveggja meginfylkinga Palestínumanna.
Harðir skotbardagar geisuðu einnig milli liðsmanna Hamas og Fatah í Gazaborg á þriðjudag. Að minnsta kosti fjórir týndu lífi og átján slösuðust í það skiptið, þar á meðal fimm börn sem urðu fyrir skoti. Þeir bardagar voru brot á vopnahléi, sem um var samið um helgina.

Bardagarnir milli Hamas og Fatah hófust snemma í síðustu viku fljótlega eftir að Mahmoud Abbas forseti, sem er Fatah-maður, sagðist ætla að flýta kosningum. Hamas hefur fordæmt þau áform og segir þau ekkert annað en valdaránstilraun af hálfu forsetans.

Hamas og Fatah hafa átt í valdabaráttu allt frá því að Hamas náði meirihluta á þingi Palestínumanna í kosningunum í janúar síðastliðnum. - gb



**ÓEIRÐIR Í JARÐARFÖR** Hundruð manna létu ófriðlega þegar lögreglumennirnir tveir, sem létust í skotbardaga í gær, voru jarðaðir síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**FRÁ HÉRAÐSDÓMI** Einn dómara í máli ákæruvaldsins gegn Stefáni Hjaltested Ófeigssyni skilaði séráliti þar sem hann taldi ósannað að Stefán hefði þröngvað stúlkunni til samræðis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fékk annan dóm á árinu fyrir nauðgun

**Stefán Hjaltested Ófeigsson var í gær dæmdur fyrir að nauðga stúlku í lok maí árið 2004. Þetta var í annað sinn á þessu ári sem Stefán fær dóm fyrir gefa stúlku sljóvgandi efni og nauðga henni.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri, Stefán Hjaltested Ófeigsson, var í gær dæmdur til eins og hálfs árs fangelsisvistar fyrir að gefa stúlku sljóvgandi efni og nauðga henni í íbúð sinni í lok maí árið 2004. Hann var einnig dæmdur til þess að greiða stúlkunni eina milljón króna í skaðabætur.

Stefán var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi 15. júní á þessu ári fyrir að nauðga stúlku eftir að hafa gefið henni sljóvgandi efni íbúð sinni.

Hann er þegar byrjaður að taka út refsingu sína.

Stúlkan lagði ekki fram kæru vegna atviksins fyrr en 28. desember í fyrra eða rúmlega einu og hálfu ári eftir að Stefán nauðgaði henni.

Aðfaranótt laugardags í lok maí 2004 fór stúlkan á Hverfisbarinn ásamt vini sínum. Þar hittu þau Stefán en vinur stúlkunnar fór fljótlega heim.

Stefán spurði stúlkuna hvort hún vildi koma heim með honum, því það „væri ódýrara að fá sér í glas heima hjá honum,“ eins og orðrétt segir í atvikalýsingu héraðsdóms. Hún féllst á það.

Eftir skamma stund fann stúlkan fyrir sljóvleika. Hún rankaði við sér þar sem hún lá á maganum, ber að neðan „með mjaðmirnar eitthvað reistar upp og með hendur niður með síðum.“ Var Stefán þá að eiga við hana kynmök aftan frá í endaþarm auk þess sem hann sló hana „ítrekað með flötum lófa“, í mjaðmirnar meðan á nauðguninni stóð. Stúlkan sagði ítrekað við hann „hættu“ og „nei“ en Stefán hætti ekki.

Stúlkan kom sér út úr íbúð Stefáns eftir að hafa lognast útaf öðru sinni en hann kallaði á eftir henni: „Hóra, drusla, komdu hér aftur,“ þegar hún fjarlægðist íbúðina hröðum skrefum.

Hún fór eftir þetta heim til vinar síns sem hafði verið með henni fyrr um kvöldið.

Í skýrslutökum hjá lögreglu sagði vinur hennar stúlkuna hafa verið „grátandi og í mikilli geðshræringu,“ þegar hún kom til hans. Stúlkan sýndi honum áverka á framanverðum fótleggjum, utanverðum lærum og ofan á brjóstum. Sagði hann marblettina á lærunum bera þess merki að „einhver hefði gripið óþyrmilega í hana með báðum höndum“. Sagðist vinur hennar vera tilbúinn til þess hjálpa henni og bauðst til að hafa samband við móður sína sem væri lögfræðingur. Það samþykkti stúlkan ekki en hún var þá í losti vegna atburðanna. Hún leitaði sér aðstoðar löngu síðar en myndir af áverkum voru teknar skömmu eftir nauðgunina sem hægt var nota við rannsókn málsins.

Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari skilaði séráliti er dómur var kveðinn upp þar sem hún taldi „ósannað að ákærði hafi með ofbeldi þröngvað henni [stúlkunni] til samræðis eða kynmaka í endaþarm“. magnush@frettabladid.is



NORÐLENSKA

HAMBORGARHRYGGIR

# BESTIR AÐ MATI SÆLKERA



Hamborgarhryggir sem framleiddir eru hjá Norðlenska lentu í **fyrsta**, **öðru**, **þriðja** og **fimmta sæti hjá matgæðingum DV á þessu ári**. Það eru **Nóatúns**, **KEA**, **Goða** og **Bautabúrs** hamborgarhryggir sem Dagur B. Eggertsson, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, Nanna Rögnvaldardóttir og Úlfar Eysteinsson töldu framúrskarandi bragðgóða.

Veldu það besta á jólaborðið.

KEA GOÐI BAUTABÚRIÐ

Félagsmálaráðherra og borgarstjóri undirrita samning um nýtt heimili í Reykjavík:

# Heimili fyrir tíu heimilislausa

**SAMFÉLAGSMÁL** Ákveðið hefur verið að koma á fót heimili fyrir tíu heimilislausa karlmenn í Reykjavík. Það voru Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sem skrifuðu undir samning þess efnis í gær.

Samkvæmt skýrslu samráðshóps um heimilislausa eru um 45-50 karlmenn heimilislausir í Reykjavík á hverjum tíma. Félagmálaráðherra segir þennan hóp glíma við ýmsa erfiðleika svo sem áfengisneyslu, heilsuleysi og geðsjúkdóma. Þá séu margir þeirra einstæðingar og öryrkjar. „Með stofnun heimilisins er ekki búið að bæta úr húsnæðisvanda þessa hóps í eitt skipti fyrir öll en þetta er mikilvægt skref í rétta átt.“


**STARFSSAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri, Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Dagný Jónsdóttir alþingismaður.

Á heimilinu verður heimilismönnum boðið upp á almenna og sérhæfða heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustu, heildstæða félagslega ráðgjöf og stuðning til þess að ná tökum á lífi sínu til dæmis með því að sækja áfengis- og fíkniefnameðferð. Dvöl á heimilinu verður ekki háð því að viðkomandi sé hættur neyslu.

Heimilið er tilraunaverkefni til þriggja ára og á samningstímanum munu félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg verja 150-160 milljónum króna til stofnunar og reksturs heimilisins en að því loknu tekur Reykjavíkurborg við rekstrinum. Verið er að leita að húsnæði undir starfsemina. **- hs**

Tillögur um örugg fjarskipti:

# Nýr sæstrengur tilbúinn 2008

**FJARSKIPTI** Starfshópur um öruggt varasamband fjarskipta við umheiminn leggur til að nýr sæstrengur verði lagður frá Íslandi til Skotlands eða Írlands fyrir árið 2008 og gæti það kostað á bilinu 3 til 4 milljarða króna. Tillögur starfshópsins, sem var skipaður af Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra í sumar, voru kynntar í fyrradag.

Nú fer öll net- og talsímaumferð um tvo sæstrengi, Cantat 3 og Farice. Cantat 3 er 12 ára gamall og verður flutningsgeta hans sennilega fullnýtt eftir ár. Hann er heldur ekki talinn geta tekið við umferð Farice strengsins, komi til bilunar í honum.

Flestir háskólar og sjúkrahús landsins hafa þurft að glíma við stopult netsamband síðustu daga vegna bilunar í Cantat 3. **- sh**


**HERMAÐUR Í ÍRAK** George W. Bush Bandaríkjaforseti íhugar að senda fleiri bandaríska hermenn til Íraks, en yfirmenn bandaríska hersins þar vilja frekar að Íraksstjórn fái frekari styrk, sem og efnahagur landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bush fjölgar í herliði sínu

**Bandaríkjaforseti dró til baka í gær orð sín um að bandaríski herinn væri ekki að vinna stríðið í Írak. Hann ætlar að fjölga herliði lands síns og íhugar að senda fleiri hermenn til Íraks. Talsmenn hersins þar telja það þó enga lausn.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti viðurkenndi í viðtali við Washington Post á þriðjudag að Bandaríkin væru ekki að vinna Íraksstríðið.

„Við erum ekki að vinna, við erum ekki að tapa,“ hefur blaðið eftir Bush, en þetta var í fyrsta sinn sem forsetinn viðurkennir að landar hans séu ekki að sigra í Írak. Á árlegum blaðamannafundi sínum í gær, sem haldinn er í lok hvers árs, dró hann þó orð þessi til baka.

„Ég trúi því að við munum vinna, ég trúi því. Ummæli mín [á þriðjudag] endurspegluðu að árangurinn kemur ekki nærri eins fljótt fram og ég vildi,“ sagði Bush og bætti við að uppreisnarmenn í Írak hindruðu í ár tilraunir Bandaríkjahers til að koma á öryggi og stöðugleika í Írak.

Gert er ráð fyrir að Bush leggi fram nýja stefnu stjórnar sinnar varðandi Írak í næsta mánuði, en í gær sagði Bush að Bandaríkjastjórn myndi fara fram á frekari framlög frá þeim þjóðum sem stutt hafa þau í Írak á næsta ári.

Eins kom fram að Robert Gates, nýr varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, íhugi nú áform um að efla bæði landherinn og bandaríska landgönguliðið til að berjast gegn hryðjuverkum í heiminum, en Bush sagði blaðamanni Washington Post að slíkt væri í bígerð. Nú er rúm hálf milljón manna í bandaríska hernum.

Bush svaraði þó ekki spurningu um hvort fjölgað yrði snarlega í bandaríska hernum í Írak, líkt og


**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaforseti á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ráðgjafar hafa lagt til. Fram hefur komið að yfirmenn í bandaríska hernum þar vilji síst af öllu fá fleiri hermenn til landsins og hafa hvatt til þess að aðrar lausnir séu ræddar, svo sem frekari aðstoð við stjórn- og hagkerfi landsins.

Nálega 3.000 bandarískir hermenn hafa farist í Írak síðan Bandaríkin gerðu innrás í landið árið 2003 og nýverið kom fram í fréttum breska ríkisútvarpsins að á þessum sama tíma hefðu tæplega 50.000 óbreyttir borgarar farist í Írak vegna átakanna. Aðrir fréttaskýrendur segja þá tölu allt of lága og segja rúm 600.000 manns vera nær lagi.

Margir stjórnmálaskýrendur telja landið verr sett nú en það var fyrir innrásina; ofbeldið sé slíkt að landið sé á barmi borgarastyrjaldar. **smk@frettabladid.is**





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



DÓTABÚÐ BÍLAÁHUGAMANNSINS

Höfuðljós
Verð frá kr. 1.995.-

Loftdælur mikið úrval
Verð frá kr. 4.990.-

Crosshjálmar
Verð frá kr. 9.900.-

Mikið úrval af dráttarspilum
Verð frá kr. 29.490.-
Bílabúð Benna
www.benni.is

Maglite vasaljós
Verð frá kr. 990.-
Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - Fax 590 2099 - Opið Þorláksmessu frá kl. 10.00-16.00

Greinargerð um eftirlit landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustu milli áranna 2004 og 2005:

# Kvörtunum og kærum fjölgar milli ára

**HEILBRIGÐISMÁL** Kvörtunum og kærum almennings vegna heilbrigðisþjónustu fjölgaði um sextán prósent milli áranna 2004 og 2005, úr 244 í 290 skráð mál. Mál eru einnig orðin flóknari og kröfur um rökstuðning og greinargerðir umfangsmeiri. Þetta kemur fram í nýrri greinargerð um eftirlit landlæknisembættisins með heilbrigðisstofnunum og starfi heilbrigðisstétta.

Flestar kvartanir voru vegna Landspítalans sem fækkaði þó hlutfallslega frá árinu á undan. Næstmest var kvartað undan einkastofum, sérfræðilæknum, heimilislæknum, tannlæknum, sálfræðingum og sjúkraþjálfurum. Kvörtunum fjölgaði vegna dvalar- og hjúkrunarheimila. Landlæknisembættið lagði tvisvar til við ráðherra að heilbrigðisstarfsmaður yrði sviptur starfsleyfi árið 2005. Þrisvar sinnum var heilbrigðisstarfsmanni veitt lögformleg áminning í framhaldi kvörtunarmáls og afrit sent til ráðherra.

Árið 2005 bárust í auknum mæli kvartanir frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna þess að erfitt var að fá afgreidd algeng lyf þar sem þau voru ekki til á lager. Átti það jafnvel við um lyf við alvarlegum sjúkdómum. Stundum þurfti fólk að borga meira fyrir þau lyf sem til voru þegar samsvarandi ódýrari lyf vantaði. Haldnir voru fundir með Lyfjastofnun og þeim fyrirtækjum sem hlut áttu að máli og hafa mál heldur þróast til réttrar áttar að því er segir í greinargerðinni. - sdg



**SJÚKRAHÚSGANGUR** Alvarlegasta aðgerð landlæknisembættisins er að leggja til við ráðherra að hann svipti heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi.

Hjálparsími Rauða krossins:

## 200 hringingar um síðustu jól

**ÞJÓNUSTA** **Nokkrir tugir sjálfboðaliða munu starfa á Hjálparsíma Rauða krossins yfir hátíðarnar. Í fyrra bárust tæplega 200 símtöl á þessum árstíma og voru flest þeirra vegna einmanaleika, erfiðra samskipta innan fjölskyldna og neyslu áfengis og vímuefna.**

**Elfa Dögg Leifsdóttir, verkefnastjóri Hjálparsímans, segir að því miður geti ekki allir notið jólahátíðarinnar og að margir eigi um sárt að binda vegna veikinda, fátæktar, sorgar, skilnaðar og fleira. Hjálparsíminn er opinn allan sólarhringinn og er ókeypis að hringja í 1717 úr öllum símum.** - hs



**AKUREYRI** Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2007 liggur nú fyrir.

Akureyrarbær:

## 1.200 milljónir í aukna þjónustu

**FJÁRHAGSÁÆTLUN** Í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að 1.200 milljónum verði varið í framkvæmdir vegna menningar-, íþrótta- og æskulýðsmála.

Heildartekjur Akureyrarbæjar verða tæpir 12,2 milljarðar króna á næsta ári en heildargjöld tæplega 11,9 milljarðar samkvæmt samstæðureikningi.

Á næsta ári verður 175 milljónum varið í fræðslu- og uppeldismál og 690 milljónir í menningarmál og munar þar mest um menningarhús en áætlað er að nota 680 milljónir vegna þess. - hs



**FYRIRLESARAR** Escobar, varaforseti El Salvador, Ortiz, námu- og orkumálaráðherra Gvatemala, Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans, Simán, stjórnarformaður LaGeo orkufyrirtækisins, og Sequeira, umhverfisráðherra Níkaragva. MYND/LAGEO

Námskeið Jarðhitaskólans:

## Nýting jarðhita í þjóðgörðum

**JARÐHITI** **Nýting jarðhita í og á jörðum þjóðgarða og friðlanda með sérstakri áherslu á umhverfissjónarmið var eitt aðalumræðuefni námskeiðs sem Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hélt nýlega þar sem fyrirlesarar voru meðal annars frá Íslandi.**

**Námskeiðið sóttu yfirmenn orku- og umhverfisráðuneyta, stjórnendur raforkufyrirtækja og rannsóknarstofnana og helstu jarðhitasérfræðingar El Salvador, Níkaragva, Kosta Ríka og Gvatemala.**

**Námskeiðið er hið fyrsta í röð námskeiða sem haldin verða í Mið-Ameríku á næstu árum á vegum Jarðhitaskólans.** - sdg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**25 umferðaróhöpp**

25 umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglu í Reykjavík frá því klukkan sjö á þriðjudagsmorgun til klukkan sjö á miðvikudagsmorgun. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík er þetta meira en almennt í desember en um 20 umferðaróhöpp eru tilkynnt til lögreglunnar á dag.





Ódýrt og gott
ALLT TIL JÓLANNA
HÓLA Hamborgarhryggur
30% afsláttur
1189 kr. kg.
Hóla hamborgarhryggur
HÓLA Hangikjöt
20% afsláttur
1398 kr. kg.
Hóla hangiframpartur úrb.
HÓLA Hangikjöt
30% afsláttur
1749 kr. kg.
Hóla hangilæri úrb.
678 kr. kg.
KEA hangikjöt í poka niðurskorið
Merlo úrvalsrækja
599 kr./kg.
KEA HANGIKJÖT
Norðlensk gæðatvenna
KEA HAMBORGARHRYGGUR
KEA hangikjöt
KEA hamborgarhryggur
Jólakerti & servíettur í úrvali
2 fyrir 1
FIREPLACE LOG
Shop rite arinkubbar 3,5 lbs
MasterCard ferðaávísun
KRÓNAN
KRÓNAN



Ódýrt og gott
1349 kr. kg.
Goða hátíðarlamb
25% afsláttur
1189 kr. kg.
Hóla bayonneskinka
30% afsláttur
1798 kr. kg.
Dönsk önd
SKÖTUVEISLA
698 kr. kg.
Skata kæst
25% afsláttur
Rófurnar
Rófur
69 kr./kg.
20% afsláttur
Eðalfiskur reyktur og grafinn lax
2396 kr./kg.
jólaísinn
KRÓNAN
KRÓNAN
Hér safnarðu aukalega inn á
MasterCard ferðaávísun

# Veðurofsi og flóð

## TÍMAÁS ATBURÐA

**00.00 - 06.00** Vatn flæðir inn í hús á Akureyri, lögregla og björgunarsveitarmenn vinna alla nótt og fram eftir degi við að dæla vatni úr húsunum.

Hlíðarbraut á Akureyri grefst í sundur við Glerárbrú. Súluvegur ofan Akureyrar fer einnig í sundur.

**06.00 - 12.00** Aurskriður falla á Grænuhlíð í Eyjafjarðarsveit. Sú fyrsta nær ekki að bæjardyrum en önnur skriðan, sem féll klukkan sjö, lendir á íbúðarhúsum og gripahúsum. Íbúar Grænuhlíðar, hjón með eitt barn, komust undan á dráttarvél en um tuttugu kálfar drápust í fjósi sem skriðan lenti á.

Hundrað metra breið skriða fellur á þjóðveginn við Kolgrímustaði skammt frá Grænuhlíð. Lögregla lokar vegum á svæðinu.

Hvítá í Árnessýslu flæðir yfir brúna á Brúarhlöðum. Veginum um Brúarhlöð lokað.

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra sendir frá sér tilkynningu vegna flóðs í Hvítá. Samkvæmt henni má búast við því að flóðið í ánni verði komið niður fyrir Vörðufell á Skeiðum upp úr klukkan þrjú og verði við Selfoss upp úr fimm.



**12.00 - 18.00** Brúm og vegum við Hvítá á Suðurlandi og Hvítá í Borgarfirði lokað vegna mikilla vatnavaxta.

Bærinn Auðsholt verður innlyksa vegna flóðsins, hafist er handa við að koma tugum hesta á þurrt land.

Skeiðarvegi, Auðholtsvegi og vegum við Ferjukot í Borgarfirði lokað vegna flóðs.

Bíll lendir í Djúpadalsá eftir að vegur við brúna fer í sundur undan bílnum. Ökumanninn, sem einn var í bílnum, sakaði ekki.

Almannavarnir ríkisins hvetja íbúa og sumarhúsaeigendur í Árnessýslu til að gæta að eigum sínum vegna hættu á flóði.



Lyngdalsheiði, sem liggur milli Þingvalla og Laugarvatns orðin ófær vegna vatnavaxta.

Efri stíflan í Djúpadalsvirkjun brestur með þeim afleiðingum að vatn flæðir yfir virkjunina. Eyjafjarðarvegur rofnar vegna flóðsins.

Hluti slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er sent á Selfoss ásamt björgunarsveitarmönnum vegna ótta við að Ölfusá flæði yfir bakka sína og inn í hús bæjarins. Búist er til að flóðið nái hámarki rétt fyrir miðnætti.

**18.00 - 00.00** Vatn flæðir meðfram flugskýlum og yfir flugvallarstæðið á Akureyrarflugvelli. Öllu innanlandsflugi aflýst.

Ölfusá tekin að vaxa, slökkviliðsmenn enn í viðbragðsstöðu á Selfossi.



**BRÚIN YFIR ÖLFUSÁ** Margir voru í viðbragsstöðu í gærkvöldi eftir að vatnsborð Ölfusár hafði hækkað verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í viðbragðsstöðu vegna flóðs í Hvítá

**Slökkvilið og björgunarsveitir voru í viðbragðsstöðu á Selfossi vegna mikilla vatnavaxta í Hvítá í gær. Óttast var að flæddi yfir bakka Ölfusár og inn í hús bæjarins. Allir íbúar Auðsholts voru innlyksa vegna flóðsins fram eftir degi.**

**FLÓÐ** Slökkviliðsmenn frá slökkviliði Reykjavíkur ásamt björgunarsveitarmönnum frá öllum björgunarsveitum í Árnessýslu voru í viðbragðsstöðu á Selfossi í gær vegna vatnavaxta í Hvítá. Búist var við að vaxa tæki í Ölfusá um klukkan fimm í gærdag og óttast að flæddi inn í hús á Selfossi.




„Það er rólegt eins og er hjá okkur, við bíðum bara átekta eftir fregnum," segir Höskuldur Einarsson, deildarstjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Hann fór ásamt þrettán samstarfsmönnum sínum til Selfoss vegna vatnavaxtanna í Hvítá. „Við förum úr bænum um klukkan hálf fjögur og verðum hérna fram eftir nóttu. Helsta verkefnið verður að dæla vatni úr þeim húsum sem flæðir inn í, við erum tilbúnir með tvo dælubíla og lausar dælur."

Upp úr klukkan fjögur tók að flæða inn í kjallara Selfosskirkju og hófst björgunarfélag Árborgar handa við að dæla upp úr honum.

Í Auðsholti í Hrunamannahreppi urðu öll átta íbúðarhúsin á bænum innlyksa í allan gærdag þegar flóðið umkringdi þau. Björgunarsveitarmenn unnu ásamt íbúum fram eftir degi við að bjarga hrossum sem voru á sundi umhverfis bæinn.

Ekki flæddi að ráði inn í bæjarhúsin en dæluhús, sem sér bænum fyrir vatni, varð fyrir vatnsflaumnum og þurfti að dæla vatni úr kjallara þess.

Íbúar á Ólafsvöllum urðu einnig fyrir barðinu á Hvítárflóðinu, en um þrjátíu hestar urðu innlyksa á landinu, sem er sunnan við Hestvatn. Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu bæjarbúa við að bjarga hestunum og koma þeim á þurrt land. Um klukkan fimm í gærdag hafði öllum hestunum verið bjargað. Vatnsyfirborðið náði nánast upp að bæjardyrum þegar mest var en ekki flæddi inn í hús.

Búist er við áframhaldandi rigningargusum næstu daga og eitthvað fram yfir jól. Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segist búast við að umfang flóðanna minnki á næstu dögum þrátt fyrir að veður haldist enn hlýtt.

salvar@frettabladid.is

Sigríður Pétursdóttir og Kjartan Georgsson á Ólafsvöllum:

# Horfði á eftir þeim út í flóðið

„Ég stend hérna í glugganum og horfi á vatnsflauminn. Eiginmaður minn og sonur eru einhvers staðar að bjarga skepnum því við eigum svo mikið af hrossum og kvígum úti," segir Sigríður Pétursdóttir, bóndi á Ólafsvöllum á Skeiðum. Þar var vatn úr Hvítá farið að flæða nálægt bæjardyrunum.

„Ég sá bara á eftir þeim út í flóðið á dráttarvélum í morgun. Ástandið hjá okkur hefur orðið slæmt í stórum flóðum og þetta er orðið ofboðslega mikið núna."

Um klukkan fjögur kom Kjartan Georgsson, eiginmaður Sigríðar, rennblautur inn úr flóðinu. „Við vorum að koma inn í land, við fengum björgunarsveitina á Selfossi til þess að hjálpa okkur við að koma skepnunum á þurrt. Það voru fleiri í vandræðum en ég," segir hann. „Þetta var orðinn mikill mannskapur og við höfðum þetta loksins. Hrossin voru komin á sund hjá okkur en við náðum að bjarga þeim öllum." - sþs



**HJÓNIN Á ÓLAFSVÖLLUM** Sigríður og Kjartan segjast nokkuð vön vatnavöxtum í Hvítá en flóðin í gær hafi verið með því mesta sem þau hafi séð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stífla brast við Djúpadalsvirkjun:

# Vatn flæddi yfir aðra virkjunina

**VIRKJUN** Stífla ofan við aðra af tveimur Djúpadalsvirkjunum brast í gær með þeim afleiðingum að vatn flæddi yfir virkjunina. Einnig flæddi yfir Eyjafjarðarveg og fór hann í sundur. Lögregla og björgunarsveitarmenn fóru á staðinn og einnig var þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð norður ef á henni þyrfti að halda. Engin slys urðu á fólki.

„Vegagerðin er komin á staðinn með sínar vinnuvélar og er að ganga í það að fylla upp í veginn," segir Jóhannes Sigfússon, varðstjóri lögreglunnar á Akureyri. Hann segir ekki ljóst hversu mikið tjón hafi hlotist vegna flóðsins. - sþs




**LOKAÐ** Þessi bíll komst ekki lengra eftir að áin flæddi yfir bakka sína.

Djúpadalsá í Eyjafirði:

# Bíll lenti í á er vegurinn gaf sig

**Bíll lenti úti í Djúpadalsá í Eyjafirði þegar vegurinn við brúna fór í sundur undan bifreiðinni um hádegi í gær. Einn maður var í bílnum en hann slapp heill á húfi.**

**Maðurinn var strandaglópur sunnan megin við ána um tíma þar sem vegurinn var rofinn en lögregla og björgunarsveitarmenn komu honum til bjargar að lokum. Björgunarsveitirnar Súlur og Dalbjörg voru sendar á staðinn til aðstoðar við björgun. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór einnig á vettvang.** - sþs

Fólk á Auðsholti innlyksa:

# Sjaldan séð neitt þessu líkt

„Það eru allir innlyksa á þessari torfu," segir Steinar Halldórsson, bóndi á Auðsholti, en Auðsholt verður iðulega fyrir vatnavöxtum í Hvítá vegna staðsetningar. Allir þrjátíu íbúar á svæðinu voru innlyksa í gær vegna flóðsins í Hvítá.

„Vatnsflaumurinn er alveg ofboðslegur, menn hafa ekki séð annað eins í langan tíma." Hann segir þó enga hræðslu í fólki enda sé það vant svona vatnavöxtum. „Þetta er nokkurn veginn árviss viðburður hjá okkur en vatnið hefur sjaldan verið svona mikið. Við tókum hross upp á hólana í gær vegna þess að við áttum von á einhverju flóði, en ekki svona miklu. Einhver hross voru því ekki komin nógu langt upp á hólana og þurftum við að bjarga þeim með hjálp björgunarsveitarmanna."

Steinar segist hafa grun um að allar girðingar á svæðinu hafi farið í flóðinu aðfaranótt miðvikudags og ljóst að tjónið sé þónokkuð. „Það væsir samt ekki um okkur hérna, við höfum ennþá rafmagn og rennandi vatn." - sþs


Síminn
Símajól 2006
ENNEMM / SIA / NM25243
Brandari dagsins
Nokia 2610 á 7.900 kr. meðan birgðir endast, aðeins í dag!
Verð aðeins í dag
7.900 kr.
NOKIA 2610
700 kr.
Léttkaupsútborgun
600 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Jólaverð áður 12.900 kr.
Sígild hönnun, íslenskt valmyndakerfi og handfrjáls hátalari.
5.000 kr.
auka jólaafsláttur
í dag
Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00
mánudaga - laugardaga

Morgunverður
kl. 9:00 - 11:00



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

Hádegisverður
framreiddur allan daginn



290,-
Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssósu

Kvöldverður
framreiddur allan daginn fram að jólum



590,-
Hangikjöt með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

Þrjár máltíðir = 1075,-

IKEA®

Þú átt allt gott skilið!

IKEA® Restaurant & Café

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

## Veðurofsi og flóð



**VEGURINN Í SUNDUR** Eyjafjarðarbraut vestri fór í sundur eftir að stífla brast ofarlega í Djúpadalsá. Búist er við því að viðgerðir muni taka nokkra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/HREIÐAR

# Aurskriður og flóð í Eyjafjarðarsveit

**Gífurlegur vatnselgur olli miklu tjóni á Akureyri og víðar í Eyjarfjarðarsveit í fyrrinótt og fram eftir gærdeginum. Vatn flæddi inn í íbúðarhús, vegir fóru í sundur, aurskriður féllu á sveitarbæ og stífla í Djúpadalsá brast.**

Mikill vatnselgur vegna rigningaveðurs olli töluverðu tjóni á Akureyri og víðar í Eyjarfirði í fyrrinótt og gærdag. Vatn flæddi inn í hús á Akureyri, vegir fóru í sundur, aurskriður féllu á bæ í sveitinni og stífla í Djúpadalsá brast.

Ofsaveðrið hófst á þriðjudagskvöld og olli miklum leysingum. Slökkvilið Akureyrar hóf samstundis aðgerðir vegna flóðanna og björgunarsveitin Súlur var kölluð út stuttu síðar til aðstoðar. Að sögn Rúnars Jónssonar hjá Súlum fór mestur tími þeirra í verðmætabjörgun, dælingar úr húsum og áveituframkvæmdir.



**DJÚPADALSÁ** Bifreið lenti út í ánni í vatnselgnum. Maður og hundur voru í bifreiðinni en þeim tókst með undraverðum hætti að bjarga sér á land. FRÉTTABLAÐIÐ / HREIÐAR




Vatn flæddi inn í kjallara við Grenilund og olli miklu tjóni á nokkrum húsum í götunni. Þá gróFst Hlíðarbraut í sundur við Glerárbrú en bráðarbirgðaviðgerðum á veginum lauk þó í gær. Vatnselgurinn fór að sjatna undir morguninn og hættu menn þá störfum á Akureyri.

Stuttu síðar féllu svo aurskriður á útihús og íbúðarhús á bænum Grænuhlíð í Eyjafjarðarsveit. Þar drápust á annan tug kálfa þegar annað útihúsið féll saman. Björgunarsveitin Dalbjörg var þar að störfum fram eftir degi í gær ásamt bændum í sveitinni.

Að sögn Ragnars Jónssonar hjá Dalbjörgu voru á bilinu 20 til 25 menn frá björgunarsveitinni sendir í Grænuhlíð til að aðstoða við að bjarga því sem bjargað varð. „Við erum búnir að vera með dráttarvélar og það kom verktaki með traktorsgröfu og vörubíl. Svo mætti jarðýta og hjólaskófla síðdegis til að ná aurnum frá húsinu og veita honum eitthvað annað. Það er búið að hreinsa innan úr húsinu og bjarga því sem bjargað verður. Við ákváðum að hætta undir kvöld þar sem það var komið myrkur og það sást ekkert upp í hlíðina.“

Ragnar segir að fólk hafi komið víðs vegar að úr sveitinni til þess að hjálpa til í Grænuhlíð. „Þessu var bara skipt á vaktir. Konurnar komu með fiskisúpu handa mannskapnum og þetta leystist með því að allir hjálpuðust að.“

Undir hádegisbilið í gær brast síðan efri stíflan í Djúpadalsá og tók Eyjarfjarðarbraut vestri í sundur. Búist er við því að viðgerðir taki nokkra daga. Verulegt tjón varð á virkjuninni. Einn bíll varð þar innlyksa og var einn maður í honum ásamt hundi. Honum tókst að bjarga sér og hundinum með undraverðum hætti úr ólgandi fljótinu og slapp í land ómeiddur. **thordur@frettabladid.is**

15 til 16 kálfar fórust þegar útihús féll saman undan aurskriðu í Grænuhlíð:

# Fjölskyldan slapp á dráttarvél

„Það fóru hérna tvö útihús og 15 til 16 kálfar eru dauðir. Eldra húsið hrundi ofan á kálfana og suma þeirra þurfti maður bara að skjóta þar sem hausarnir stóðu einir undan þakinu. Það var ekkert annað hægt að gera en að lóga þeim,“ segir Óskar Kristjánsson bóndi í Grænuhlíð.

Hann slapp ómeiddur ásamt konu sinni og barni með því að keyra á dráttarvél yfir aurskriðuna og komast í öruggt skjól á bænum Hrísum. Óskar segir skriðuna hafi valdið honum gífurlegu tjóni. „Það er ægilegt verk sem er hérna fyrir höndum. Þetta er mikið áfall.“ Hátt á fjórða tug manna frá nærliggjandi bæjum og björgunarsveitinni Dalbjörgu komu Óskari til hjálpar í gær við að moka frá bænum og hreinsa íbúðarhúsið. Meðal annars var farið með haugsugu inn í húsið til að ná mesta aurnum af gólfinu. Síðan lögðust allir á eitt við að skafa af gólfinu með gúmmísköfum. Að endingu voru settir blásarar inn í húsið til að reyna að þurrka það.



**GRÆNAHLÍÐ** Aurskriða féll á íbúðarhús og tvö útihús í bænum.

Aðspurður segist Óskar alveg eins búast við fleiri skriðum þegar líður á vikuna, en aftakaveðri er spáð á laugardag. „Það má auðvtiað guð einn vita. Ef hann kemur með aðra svona rigningu þá náttúrulega veit maður aldrei hvað getur skeð.“ - þsj



Ertu í húsgagnaleit?
skovby
Italsofa
Verð kr. 184.000.-
Sófasett m/slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa 3+1+1
Italsofa
Verð kr. 284.000.-
Leðursófasett 3+1+1
Italsofa
Verð kr. 196.000.-
Hornsófi sem hægt er að breyta með einu handtaki í svefnsófa
Hornsófi með skemmlum og slitsterku áklæð sem auðvelt er að þrífa
Italsofa
Verð kr. 209.500.-
Strativari
Mikið úrval af vönduðum borðstofuhúsgögnum
Dorothy
Dorothy vandað sófasett 3+1+1 með brúnu nautaleðri - Verð kr. 277.000.-
Corinne 3+1+1 - Leður verð kr. 219.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-
Emanuelle 3+1+1 - Nautaleður - verð kr. 318.000.-
Slökunarstólar
í miklu úrvali
Tilboðsverð aðeins kr.
59.500.-
Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl. 10-18 / Laugard. kl. 11-20 - Sunnud. 10-12


Bestir í kjöti
NÓATÚN
20% afsláttur
SS HAMBORGARHRYGGUR
ÚRBEINAÐUR
20% afsláttur
NÓTÚNS SÉRVERKAÐ HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
SS HÁTÍÐARLAMB
FIMMBERJA
1.998 kr. kg
HÚSAVÍKUR HANGIKJÖT
TVÍREYKT
1.898 kr. kg
HÚSAVÍKUR HANGILÆRI
MEÐ BEINI
1.798 kr. kg
15% afsláttur
FJALLALAMB
ÆRINGI OG HÖFÐINGI
GEVALIA
RAUTT GEVALIA
500 G
349 kr. pk.
MAIZENA
Jævner
MAIZENA SÓSU-
JAFNARI
169 kr. pk.
Knorr
KNORR SÓSUR
99 kr. pk.
EGILS HVÍTÖL
1.25 l
199 kr. stk.
VISA
Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember



Allt til jólanna!
30% afsláttur
ALI JÓLASKINKA
SÆNSK
1.189 kr. kg
20% afsláttur
MÓA VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
719 kr. kg
KALKÚNABRINGUR
MEÐ FYLLINGU
Verð frá:
2.238 kr. kg
Jólaepli
og klementínur!
OSCAR
kraftur!
Beauvais
með matnum!
Verði ykkur að góðu!

# Veðurofsi og flóð



**FRÁ HVÍTÁRBAKKA** Bærinn á Hvítárbakka fór undir vatn þegar Hvítá í Borgarfirði flæddi yfir bakka sína í gær. Bæjarbúar voru selfluttir með dráttarvél til og frá bænum. SKESSUHORN/MAGNÚS

Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands:

## Hlýnun og rigning orsökin

„Ástæðan fyrir þessum flóðum og vatnavöxtum er í meginatriðum sú að það hlýnar ansi ört og rignir á sama tíma,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, um veðurfarslega skýringu á flóðum gærdagsins.

„Þegar það hlýnar svona ört þá bráðnar snjórinn ofan á rigninguna og skapar svakalega vatnavexti.“

Hann segir niðurföll hönnuð til þess að þola þá úrkomu sem er að öllu jöfnu hérna á landinu en þegar snjórinn bráðni líka sé hætta á að þau hafi ekki við öllu vatninu. En býst hann við að þessi flóð haldi áfram á meðan hlýindin standa yfir? „Nei, ég geri ekki ráð fyrir því. Þegar mesti snjómassinn er farinn af stað þá sjatnar í þessu.“ - sþs

Ólöf S. Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar:

## Sjálfboðaliðar unnu sleitulaust

„Það er búið að vera nóg að gera hjá okkur í dag, ég hef varla tölu á útköllunum,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar um gærdaginn.

„Fólk úr björgunarsveitum um allt land vann sleitulaust að björgunarstörfum allan gærdag, bæði vegna flóða og veðurs. Svo var vinna við strandið í Hvalsnesfjöru náttúrulega í fullum gangi á sama tíma.“

Hún segist mjög ánægð með viðbrögðin hjá björgunarsveitarmönnum, ekki hafi verið vandamál að kalla út fólk í öll björgunarstörfin. „Fyrir norðan voru um sjötíu manns að vinna við björgunaraðstoð, meðal annars vegna aurskriða og rofinna vega. Þar fyrir utan voru um hundrað og tuttugu að vinna á strandstaðnum fyrir utan alla þá sem komu til hjálpar á Selfossi og annars staðar á Suðurlandi.“

Ólöf segir þessar hamfarir koma á sérstaklega slæmum tíma, en nú er aðalfjármögnunaraðgerð Landsbjargar, flugeldasala, að fara í fullan gang. „Auðvitað er alltaf slæmt þegar svona hlutir gerast en þetta er sérstaklega slæmur tími því fólkið sem vinnur að flugeldasölunni eru sömu sjálfboðaliðarnir og eru að aðstoða fólk vegna flóðanna.“ - sþs

Vegir lokuðust víða um land vegna vatnavaxta:

## Skriður lokuðu vegum

Fjölmargir vegir á landinu lokuðust vegna vatnavaxta og aurskriða í gær. Á Vesturlandi var ófært um Ferjukot í Borgarfirði sökum vatnsskemmda, Gjábakkavegur var ófær vegna vatnavaxta, Hvítá flæddi yfir Skeiðarveg við Brúarhlöð og Auðsholtsvegur var sömuleiðis ófær vegna vatnselgs.

Í Eyjarfirði lokuðu skriður vegum á þremur stöðum. Eyjafjarðarbraut vestri fór í sundur í námunda við Skáldstaði, Hörgárdalsvegur lokaðist við bæinn Skriðu og Hólavegur við Grænuhlíð var einnig ófær sökum aurs. Þá var varað við miklu vatnsveðri og grjóthruni í Hvalnes- og Þvottárskriðum austan við Höfn í Hornafirði. Engum vegum hafði verið lokað á Suðurlandi í gærkvöldi. - þsj


# Hafðu það jólalegt



**ISIG** jólasokkur
L42 cm **195,-**



**ISIG** púði hjarta
40x40 cm ýmsir litir **890,-/stk.**



**ISIG** jólaskraut kúlur
12 stk. Ø6 cm ýmsir litir **390,-**



**ISIG** jólaskraut kúlur
6 stk. Ø6 cm **290,-**



**GLÄNSA** ljósakrans
Ø40 cm **1.590,-**



**GLÄNSA** innisería 40 perur
ýmsir litir **690,-**



**ISIG** lugt f/kubbakerti
H28 cm **990,-**



**ISIG** ljósasería stjörnur
63 perur net 1,2x1,2 m **1.290,-**



**ISIG** jólaskraut
Ø15 cm 2 stk. **790,-**



**ISIG** körfur 3 stk.
bananatrefjar **450,-**



**ISIG** þurrkuð blóm
H115 cm rautt **595,-**

IKEA®

**Lengri afgreiðslutími til jóla!**
**Opið frá 10-22**
**Þorláksmessa 10-23**

MAX

# 1.699 kr.

LágMAXverð

almennt verð ~~2.299~~




Ástríkur og víkingarnir - DVD

**OPNUM kl. 10**




PC **2.999 kr.** almennt verð ~~3.999~~

**3.999 kr.** almennt verð ~~4.999~~ PS2

PC **2.499 kr.**




PS2 **3.999 kr.** almennt verð ~~4.999~~

almennt verð ~~4.499~~

Rayman - Raving Rabbits - PC

**4.999 kr.** PS2




almennt verð ~~5.999~~

Kongdom Hearts 2 - PS2

**3.299 kr.** PC




**4.999 kr.** almennt verð ~~5.999~~ PS2

almennt verð ~~3.999~~

Splinter Cell - Double Agent - PC

**3.599 kr.** PC




almennt verð ~~4.499~~

Rainbow Six - Vegas - PC

**1.699 kr.**

almennt verð ~~2.299~~

DVD




Elías - DVD

**3.289 kr.** PS2




almennt verð ~~4.499~~

Happy Feet - PS2

**1.699 kr.** DVD




almennt verð ~~2.299~~

Skrolla og Skellir - DVD

**1.699 kr.** DVD




almennt verð ~~2.299~~

Gulla og grænjaxlarnir - DVD

**OPNUM kl. 10**

**OPIÐ TIL kl. 22**

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

## „ORÐRÉTT“

### *Hipp hipp ...*

**„Staða flokksins eins og hún er í dag er náttúrulega ekki til að hrópa húrra yfir.“**

JÓNÍNA BJARTMARZ UMHVERFISRÁÐHERRA OG FRAMSÓKNARKONA RÆÐIR STÖÐU FLOKKSINS.

**Morgunblaðið, 20. desember**

### *Gunnar og stúdentarnir*

**„Almenn samstaða er meðal námsmanna um að margt megi betur fara hjá LÍN og að lánin mæti ekki framfærsluþörf stúdenta en það eru þær skoðanir sem undirritaður hefur reynt að endurspegla við litla hrifningu Gunnars.“**

ÁSGEIR RUNÓLFSSON HJÁ STÚDENTARÁÐI VILL AÐ LÁN VERÐI HÆKKUÐ EN GUNNAR BIRGISSON SEM VEITIR LÍN FORSTÖÐU KU VERA Á ÖÐRU MÁLI.

**Fréttablaðið, 20. desember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** FLOSI EIRÍKSSON, BÆJARSTJÓRNARFULLTRÚI Í KÓPAVOGI

## *Jólainnkaupin á Laugavegi*

„Ég hef það bara fínt og átti einmitt afmæli í gær ásamt tvíburasystur minni og eldri systur.“ Flosi segist ekki hafa haldið upp á daginn sérstaklega að öðru leyti en því að hann hafi skipst á afmælisgjöfum við systkini sín og borðað góðan mat í faðmi fjölskyldunnar.

„Ég er í fullri vinnu sem viðskiptafræðingur hjá KPMG og það er nóg að gera í viðskiptalífi landsmanna þessa dagana og þar með í vinnunni hjá mér. Það er hins vegar ekki mikið að gera í bæjarstjórn Kópavogs þessa dagana en nú er nýbúið að samþykkja fjárhagsáætlun næsta árs. Annars hef ég meiri áhyggjur af þeim verkefnum sem bíða mín heima fyrir jólin eins og að klára að flísaleggja og setja upp hillur en ég er bjartsýnn á að ég nái að klára þessi verkefni fyrir jól.“



Flosi segist halda hefðbundin jól og snæða rjúpur á aðfangadagskvöld í faðmi fjölskyldunnar en fari svo í jólaboð á jóladag og annan dag jóla. „Ég geri ekki miklar kröfur um gjafir en það er alltaf gaman að fá bækur. Ég fékk Óvini ríkisins í afmælisgjöf og langar að lesa Sendiherrann eftir Braga Ólafsson.“

Flosi var að sækja börnin í leikskólann þegar blaðamaður náði tali af honum og sagðist hann vera á leið með þau niður á Laugaveg þrátt fyrir slagveðursrigningu. „Mér finnst skemmtilegast að versla á Laugaveginum og það verður enginn verri þótt hann vökni aðeins.“

## SNÚNINGUR JARÐAR

### ÁRIÐ OF STUTT



■ Munur á milli árstíða er kominn til að því að möndull jarðar hallar um 13 gráður, en stæði hann teinréttur væri enginn munur á sumri og vetri. Jörðin snýst 365,2477 sinnum í kringum sólina á ári hverju, sem þýðir að árið er fjórðungi af degi of stutt miðað við snúning jarðar. Þetta er leiðrétt með hlaupári á fjögurra ára fresti, en hefur einnig þau áhrif að vetrarsólstöður lenda ekki á nákvæmlega sama tíma á ári hverju.

## SJÓNARHÓLL

### 100.000 FERMETRA GAGNAMIÐSTÖÐ BT



**EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR**
Leikkona

## *Þarf ekki að vera hér*

„Mér finnst þetta svolítið skrítið. Hvers vegna verður þessi gagnamiðstöð ekki bara á Bretlandi? Ég vildi bara að við værum stoltari af okkur sjálfum sem þjóð, ósnortin og einlæg þjóð í útrás,“ segir Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona, spurð um þá hugmynd að reisa hundrað þúsund fermetra gagnamiðstöð fyrir British Telecom á Íslandi. „Ég held að við ættum að trúa því að við séum klárari en svo að við eigum einungis að framleiða ál og geyma einhver gögn fyrir Breta. Ég vil að við horfum lengra fram í tímann og spyrjum spurningarinnar: Hvað er að vera Íslendingur?“

„Virkjanir til dæmis, að fá virkjun er orðið eins og að fá Millet-úlpu í gamla daga! Dettur okkur ekkert annað í hug? Við hvað erum við að miða okkur og eltast við? Mig langar bara að við stoppum aðeins og lítum í kring um okkur því þetta gerist allt of hratt. Þegar fólk eignast peninga þá vill það eignast meiri peninga. Hvenær segir ríki maðurinn „nú á ég nóg af peningum?“ Ég held við ættum frekar að einbeita okkur að innri málefnum, tvöfalda vegi og borga fólkinu sem elur upp börnin okkar og sjá til þess að allir geti haft það skítsæmilegt. Við ættum að huga vel að heildinni. Ég held að Jón Sigurðsson yrði ekki stoltur af öllu þessu rugli og hann sem stóð upp fyrir okkur. Fyrir hvað, ef við seljum okkur svona ódýrt?“

# Í Ekvador eru allir dagar eins

**„Er nú farið að dimma aftur,“ segir fólk um land allt á haustin, og alltaf virðist það koma okkur jafn mikið á óvart þó að fátt sé í raun jafn fyrirsjáanlegt. Ef það er svo að mannkynið á rætur sínar að rekja til svæðisins í kringum miðbaug er kannski eitthvað djúpt í DNA-kóðanum sem segir að það eigi að vera bjart á daginn og dimmt á næturnar.**

Við miðbaug, sem einnig er nefndur Ekvador, eru allir dagar og nætur jafn langar. Maximo Ortega járnbindingamaður og barþjónn á Champagne Club kemur frá landinu Ekvador, sem einmitt er staðsett beint á samnefndum baug.

„Ég kom fyrst til Íslands fyrir sjö árum síðan um miðjan febrúar. Það var mjög spes, það er enginn snjór í Ekvador eða mjög dimmt á veturna. Ég skoðaði mikið, enda eru allir dagar eins í landi mínu.“ Maximo lærði íslensku í Námsflokkunum en hafði fengið undirbúning í Ekvador. En var eitthvað sem bjó hann undir veturinn hér?

„Ég þekkti marga Íslendinga í Ekvador, til dæmis var íslenskur skiptinemi á heimili mínu. Þeir sögðu mér að það væri snjór og kalt á veturna en voru ekki búnir að minnast á myrkrið.“

Og hvernig voru svo viðbrigðin? „Ég sakna ekki birtunnar sérstaklega. Íslenski veturinn er ágætur þótt það sé kalt, en sumrin eru ekki nógu hlý til að sumur megi kalla.“

Maximo bíður nú eftir ríkisborgararétti sínum. Suður-Ameríkubúar þurfa að búa sjö ár á Íslandi til að fá ríkisborgararétt og mun hann hafa verið hér nógu lengi næstkomandi febrúar, en honum hefur nýlega verið sagt að hann þurfi að bíða í sex mánuði eða ár í viðbót eftir svari.

Vetrarsólstöður eru í ár klukkan 00.22 þann 22. desember, eða rétt eftir miðnætti í nótt. Í fyrra voru þær klukkan 18.35 þann 21. desember. Þær marka þann tímapunkt þegar dagarnir hætta að styttast og fara að lengjast aftur.

**valurg@frettabladid.is**



**MAXIMO ORTEGA** Hefur búið á Íslandi í sjö ár. Hann kvartar ekki undan íslenska vetrinum en segir vanta upp á sumarið.



**SÓLSTÖÐUR VIÐ SÓLFARA** Það er óneitanlega dimmara á veturna á Íslandi heldur en í Ekvador.



**EKVADOR** Miðbaugurinn í Ekvador er kirfilega merktur.






# Vetrarsiðir víða um heim

Í flestum menningarsamfélögum er haldið upp á þau tímamót þegar daginn tekur að lengja á ný. Í Kína og Austur-Asíu er haldið upp á dong zhì-hátíðina. Hún er byggð á hugmyndinni um Ying og Yang og er talið að nú fari jákvæða orkan að streyma inn og sú neikvæða út. Fjölskyldur koma saman og borða marglita hrísgrjónabolta er nefnast Tang Yuan.

Elsta vetrarhátíðin sem vitað er um er frá Íran og nær alla leið aftur til Zoroaster-trúarbragðanna, en samkvæmt þeim eru vetrarjafndægur talin merkja upphaf vetrar.

Ýmsar aðrar merkingar eru tengdar þessum árstíma. Gyðingar halda upp á ljósahátíðina Hanukkah, sem á sér stað um miðjan vetur og stendur í átta daga, en hún markar þau tímamót er ljósin voru aftur kveikt í hofinu eftir hernám Selúsída.

Kwanzaa-hátíðin var fundinn upp árið 1966 af marxistanum Ron Karenga til að gefa blökkumönnum í Bandaríkjunum eitthvað til að halda upp á annað en hvít jól.

Esperantistar halda svo upp á Zamenhof-daginn, sem er afmælisdagur stofnanda tungumálsins, L.L. Zamenhof.

Ásatrúarmenn halda upp á tólf daga vetrarblót sem byrjar við vetrarjafndægur. Talið er að menn hafi á þessum tíma fórnað svíni til Freys í heiðninni. Er svínabógurinn líklega arfleifð frá því að blótið rann saman við miðsvetrarhátíð kristinna manna, jólin, sem tákna fæðingu frelsarans og þar með komu ljóssins.

**- vg**



**KWANZAA-HÁTÍÐIN** Haldinn hátíðlega þann 26. desember ár hvert af Bandaríkjamönnum af afrískum uppruna.

# kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

## Hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum



**Karfa 1**
Kr. 1.980.-



**Karfa 2**
Kr. 2.690.-



**Karfa 3**
Kr. 3.690.-



**Karfa 4**
Kr. 4.990.-



**Karfa 5**
Kr. 7.890.-



**Karfa 6**
Kr. 5.990.-



**Karfa 7**
Kr. 9.590.-

KOKKARNIR Veisluþjónusta stílar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.

kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

Hönnun: Spör - Ragnheiður Ágústsdóttir

## Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

Osta- og Sælkeraborðinu Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind

**Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 511-4466 eða sendu tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is**

www.kokkarnir.is

## Svona erum við

> Heildarafli íslenskra skipa í nóvember, mælt í tonnum




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: VINNUSLYS

# Flest vinnuslys í mannvirkjagerð

Tvö vinnuslys áttu sér stað á Kárahnjúkum síðastliðna helgi. Langflest vinnuslys eiga sér stað í byggingu og viðgerð mannvirkja, samkvæmt tölum Vinnueftirlitsins frá árinu 2001.



**Hvað er vinnuslys?**
Atvinnurekendum ber að tilkynna um öll slys þar sem starfsmaður deyr og þegar starfsmaður verður óvinnufær í að minnsta kosti einn dag. Gefa þarf til kynna hvaða dag slysið varð.

Slys, þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, skal tilkynna Vinnueftirlitinu innan sólarhrings svo að vettvangsrannsókn geti farið fram. Slysin skulu auk þess tilkynnt Vinnueftirlitinu skriflega innan viku á sérstöku eyðublaði.

**Hver eru algengustu vinnuslysin?**
Erfitt er að meta fjölda tilkynninga sem mælikvarða til að meta þróun fjölda vinnuslysa í landinu þar sem svo virðist sem hvati til að tilkynna slys sé mismikill eftir árum. Betra er að skoða vinnuslys út frá alvarleika þess skaða sem hlýst. Dæmi um alvarleg vinnuslys eru slys sem leiða til þess að starfsmaður beinbrotnar. Fjöldi slíkra slysa hefur aukist meðal karlmanna undanfarin ár en nokkurn veginn staðið í stað meðal kvenna. Er það talið tengjast miklum umsvifum í mannvirkjagerð. Þegar vinnuslys árið 2005 eru flokkuð eftir atvinnugreinum verða langflest í byggingu og viðgerð mannvirkja eða 497. Það ár urðu alls 1.372 vinnuslys og eru slys í byggingu og viðgerð mannvirkja því rúmur þriðjungur allra vinnuslysa. Næstflest vinnuslys urðu í flokknum opinber þjónusta og fleira eða 116. Þar á eftir kom flokkurinn fiskiðnaður: hraðfrystihús, fiskvinnslustöðvar með 82 slys. Ekkert slys varð í flokknum tryggingar og eitt slys varð í flokknum ýmis iðnaður og viðgerðir.

Þeir sem lenda oftast í vinnuslysum eru þeir ófaglærðu sem er sá hópur í samfélaginu sem minnstan möguleika á til að taka að sér störf sem krefjast ekki líkamlegs atgervis.

Alls biðu þrír bana í vinnuslysum árið 2005.

Heimild: www.vinnueftirlit.is

## SPURT & SVARAÐ
CANTAT-3 SÆSTRENGURINN

# Fjölþjóðlegur ljósleiðari

Nýlega rofnaði Cantat-3 sæstrengurinn sem liggur frá Kanada til Bretlands, með afleggjara til Íslands. Við rofið urðu flestir háskólar landsins og sjúkrahús sambandslaus. Jón Ingi Einarsson er framkvæmdastjóri Rannsókna- og háskólanets Íslands.


**JÓN INGI EINARSSON**
Framkvæmdastjóri RHnets

**Hver á þennan sæstreng?** „Nokkrir aðilar eiga sæstrenginn. Stærstur er VSNL, þekkt indverskt fjarskiptafyrirtæki, sem á tæplega sjötíu prósent. Aðrir aðilar eru með tæplega sex til átta prósenta hlut. Síminn er til dæmis með um sex prósent.“

**Hvað er eiginlega Cantat-strengurinn?** Cantat-3 er ljósleiðarastrengur frá árinu 1994, og sá fyrsti sem kom til Íslands og var það nokkuð nýstárlegt á þeim tíma, því fyrsti ljósleiðarinn yfir Atlantshafið var ekki lagður fyrr en árið 1988.

**Hvað er strengurinn langur og hvað getur hann flutt?**
Hann er um 7.500 kílómetrar. Flutningsgetan er alla jafna 5 gígabæti á sekúndu, en við eigum einungis hlut upp á um 600 til 800 megabæti á sekúndu.



**BYRGIÐ Á ROCKVILLE-SVÆÐINU** Utanríkisráðuneytið heimilaði Byrginu afnot af mannvirkjum á Rockville-svæðinu. Frá árinu 2003 hefur Byrgið verið við Ljósafoss í Grímsnesi.

# Styrkt þrátt fyrir fjármálaóreiðu

**Líknarfélagið Byrgið hefur verið á fjárlögum íslenska ríkisins frá árinu 1999 og hefur fengið síhækkandi fjárveitingar þrátt fyrir fjármálaóreiðu sem athygli var vakin á árið 2002. Í úttekt sem utanríkisráðuneytið lét gera á rekstri Byrgisins það ár kom fram að fjármál stofnunarinnar væru í molum. Núna er í gangi úttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri Byrgisins að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Byrgið hefur ekki skilað ársreikningum síðan árið 2003.**

Byrgið, kristilegt líknarfélag, sem var stofnað af Guðmundi Jónssyni og hóf starfsemi sína í Hafnarfirði árið 1996, er athvarf fyrir heimilislausa vímuefnaneytendur og veitir þeim meðferð.

### Fjármál í ólestri

Í mars árið 1999 var gerður samningur milli utanríksráðuneytisins og Byrgisins þar sem ráðuneytið heimilaði Byrginu afnot af mannvirkjum á Rockville-svæðinu. Sá samningur var síðan framlengdur og endurnýjaður áfram þrátt fyrir að Byrgið uppfyllti ekki ýmis ákvæði á borð við að afla vátrygginga samkvæmt úttekt sem Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur vann fyrir varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins árið 2002. Spurning um framtíð Byrgisins á þessum stað var meginástæða úttektarinnar að sögn Aðalsteins. „Þetta var tímabundinn samningur og spurning um hvað skyldi gera í framhaldi af því.“

Í skýrslunni kemur fram að fjármálastjórn Byrgisins sé augljóslega í molum, skammtímaskuldir séu miklar og upplýsingar um fjárhagsleg málefni á veikum grunni. Aðalsteinn mælti með að Byrginu yrðu gefnir átta mánuðir til að bæta úr annmörkum og að forsenda þess að ríkið styrkti Byrgið væri að uppgjörum yrði skilað inn á hálfs árs fresti, árituðum af endurskoðanda.

Í kjölfarið var stofnaður vinnuhópur aðstoðarmanna þriggja ráðherra heilbrigðis-, utanríkis- og félagsmálaráðuneyta. Vinnuhópurinn lagði til að Byrgið færi í hentugra húsnæði og að gerður yrði samningur við Byrgið sem væri háður þeim fyrirvara að rekstrinum yrði komið í eðlilegt horf. Sumarið árið 2003 fór Byrgið úr Rockville og með því lauk afskiptum utanríkisráðuneytisins af Byrginu og það fór undir umsjón félagsmálaráðuneytisins. Þá var gerð yfirlýsing um styrk til Byrgisins sem gildir út árið 2007.

### Vanskil á ársreikningum

Byrgið hefur verið á fjárlögum íslenska ríkisins frá árinu 1999 og fengið tæpar 230 milljónir alls með fjárveitingu næsta árs meðtalinni sem er upp á 29,5 milljónir.

Byrgið er skráð sem sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og er samkvæmt lögum skylt að skila inn ársreikningum. Engir ársreikningar hafa borist fyrir árin 2004 og 2005 þrátt fyrir að ítrekað hafi verið rekið á eftir skilum að sögn Guðmundar Guðbjarnarsonar, starfsmanns hjá ríkisskattstjóra. Guðmundur segir ekki algengt að fyrirtæki og stofnanir skili ekki inn ársreikningum. „En þau félög sem skila ekki ársreikningum, eru félög sem eru meira og minna ekki með bókhaldið í lagi og þar af leiðandi ekki ársreikninginn.“

### Úttekt hjá Ríkisendurskoðun

Fyrir rúmum mánuði óskaði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra eftir því að Ríkisendurskoðun tæki út rekstur Byrgisins. Magnús segir meginástæðu þess að forstöðumaður Byrgisins hafi viljað fá nýjan þjónustusamning þar sem núgildandi yfirlýsing um styrk til Byrgisins rennur út í lok ársins 2007 en einnig hafi hann fengið gögn í hendurnar um svipað leyti sem hafi hvatt hann til að óska úttektarinnar.

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun skal hún meðal annars annast endurskoðun reikninga stofnana þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum og á þetta við um Byrgið, að sögn Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda.

Aðspurður um hver beri ábyrgð á því að ákvæði samnings Byrgisins og ríkisins hafi ekki verið uppfyllt segir Sigurður hægt að draga ráðuneyti, Ríkisendurskoðun eða ársreikningaskrána fram í þeim efnum. „Það fer ekki á milli mála að við viljum komast yfir allt það sem við eigum að endurskoða. Þetta er auðvitað spurning um hvort við höfum getuna og við verðum að velja og hafna. Við höfum auðvitað lagt mikla áherslu á að skoða fyrst og fremst ríkisaðila. En það liggur alveg ljóst fyrir að við þurfum að fara að sinna hinu miklu meira en hefur verið gert fram að þessu.“

**FRAMLÖG TIL BYRGISINS SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM**





FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is

Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

# Jólaþjónusta starfsfólks



**Jól í görðunum**
Á jólum kemur fjöldi fólks í **Fossvogskirkjugarð, Gufuneskirkjugarð og Hólavallagarð við Suðurgötu** til þess að huga að leiðum ástvina sinna. Við munum leitast við að leiðbeina ykkur eftir bestu getu. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **gardur.is**

**Þjónustusímar**
**585 2700 og 585 2770**
Aðalskrifstofan í **Fossvogi**, sími **585 2700** og skrifstofan í **Gufunesi**, sími **585 2770**, eru opnar á **Þorláksmessu** og **aðfangadag** frá **kl. 9.00** til **kl.15.00.**
Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhlynningu leiða og afhendum ratkort ef þörf krefur.

**ÞJÓNUSTA Á ÞORLÁKSMESSU OG AÐFANGADAG**
Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn Kirkjugarðanna á vettvangi og taka á móti ykkur og leiðbeina að leiðum. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 10: til 15:00.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Gleðilega jólahátíð
Kirkjugarðar
Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is


ÓTRÚLEG BYRJUN
ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
15. desember 2006. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPIÐ Í DAG 10-19
Jóla Opnunartímar
Til jóla 10:00-19:00
24.des lokað
OPNUM Í DAG
100 STK
19"LCD
Internet Security
TREND INTERNET SECURITY 2007
• Örugg vírusvörn
• Öflug vírusleitarvél
• Betri vörn gegn spyware
• Stýring á heimaneti
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Varnar þráðlausum innbrotum
2.990
ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Þjóðararfurinn á vergangi

**Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrugripasafn Íslands hefur verið mikið í fréttum að undanförnu vegna húsnæðisvanda. Þúsundir safngripa töpuðust þegar frystigeymsla stofnunarinnar varð rafmagnslaus og litlu mátti muna að dýrmætustu gripirnir töpuðust þegar heitt vatn flóði um sýningarsali safnsins að Hlemmi. Þessir atburðir hafa kastað ljósi á áratuga sögu safns á vergangi sem nú er hýst í lyftulausu skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði.**

Náttúrugripasafnið er eitt af elstu söfnum landsins og var Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður Dalamanna, fyrstur til að koma með tillögu um stofnun slíks safns árið 1884. Árið 1889 var Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað í Reykjavík. Í lögum þess segir að aðaltilgangur félagsins sé „sá að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“. 117 árum seinna hefur þessi draumur ekki enn ræst.

### Komið inn úr frostinu

Um tvær og hálf milljón gripa í vísindasöfnum stofnunarinnar er geymd í óhentugum geymslum víða um land og alls mun þjóðin eiga um fimm milljónir náttúrugripa sem þarf að koma í viðunandi geymslu- og sýningaraðstöðu. Ekki er liðinn nema rúmur mánuður síðan NÍ varð fyrir óbætanlegu tjóni vegna þess að eigendur frystileigu ákváðu að farga öllu innihaldi klefa sem stofnunin hafði á leigu, að henni forspurðri. Þar fóru forgörðum sex arnarhamir og fimmtíu fálkahamir ásamt um tvö þúsund öðrum sýnum stofnunarinnar. Af þeim má nefna safn sjaldgæfra flækingsfugla. Tjónið vegna þessarar uppákomu er talið geta numið hundruðum milljóna króna.

### Geirfuglinn floginn

Geirfuglinn, einstakur og ómetanlegur safngripur í eigu þjóðarinnar, hefði síðan auðveldlega getað eyðilagst nokkrum vikum seinna vegna hitavatnsleka í sýningarsölum við Hlemm. Hundruð lítra af heitu vatni flæddi þá inn í sýningarsal á 4. hæð þar sem geirfuglinn var meðal annars hafður til sýnis og niður á milli hæða inn í sýningarskápa á 3. hæð. Litlu mátti muna því hefði lekinn komið upp í safninu mannlausu hefði geirfuglinn og aðrir safngripir væntanlega eyðilagst. Engir vatns- eða rakaskynjarar voru í húsnæði safnsins en viðkvæma náttúrugripi verður að varðveita við sérstök skilyrði eigi þeir að halda gildi sínu. Fuglinn var fjarlægður úr sýningarskáp vegna rakans, á meðan unnið var að því að þurrka upp vatnið, og síðar fluttur í geymslur Þjóðminjasafnsins í Kópavogi. Þar verður hann geymdur á meðan lagfæringar verða gerðar á húsnæðinu við Hlemm. Geymslur NÍ eru tvær í Reykjavík, tvær á Akureyri auk þess sem í Sandgerði er geymt töluvert magn gripa. Engin af þessum fimm geymslum hentar til geymslu viðkvæmra náttúrugripa.

### Sautján nefndir

Sautján nefndir hafa fjallað um málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrugripasafns Íslands á undanförnum árum og ítarlegar upplýsingar um rýmisþörf og sýningarstefnu liggja fyrir. Gerð var áætlun um að byggja 6.800 fermetra náttúruhús í samstarfi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands árið 1991, og átti húsið að vera fullklárað árið 1998. Áætlaður kostnaður var tæpir 1,5 milljarðar króna að núvirði. Til samanburðar er núverandi húsnæði Náttúrufræðistofnunar ásamt sýningarsölum náttúrugripa að Hlemmi 1.520 fermetrar að stærð. Þar af er sýningarrýmið um 200 fermetrar. Nýtt Náttúruhús átti að rísa í Vatnsmýrinni austan Norræna hússins og átti hlutur náttúrusafns að vera 3.800 fermetrar og 3.000 fermetrar áttu að fara undir skrif- og rannsóknarstofur auk annarrar aðstöðu vísindamanna NÍ. Lóðaúthlutun hússins er enn í gildi og myndi það standa við hlið Öskju, kennsluhúsnæðis í náttúrufræðum við HÍ, ef sú lóð yrði nýtt. Það myndi tengja NÍ við þá sem eru að kynna sér, eða þekkja til alls þess nýjasta í náttúrufræðum í víðasta skilningi. Hlýtur þessari staðsetning Náttúruhúss að vera haldið til streitu, ætli íslensk þjóð sér að fylgja fordæmi annarra þjóða við að fanga stórkostlega náttúru landsins sem aðdráttarafl; hvort sem litið er til þeirra sem hér búa eða þeirra sem okkur heimsækja.



### Náttúruhús framtíðarinnar

Baráttan fyrir uppbyggingu náttúruhúss, náttúruminjasafns, snýst ekki um það sem í hugum margra er klassískt gamaldags safn með skúffum og skápum sem fyllt er af náttúrugripum án skýringa. Til stendur að hér rísi nútímalegt náttúru- og vísindasafn sem sýnt getur almenningi, jafnt fræðimönnum, ferðamönnum og forvitnum krökkum, safn sem hefur fræðilegan bakhjarl og beitir nýjustu sýningartækni við kynningu á niðurstöðum rannsókna á náttúru Íslands og miðlar mikilsverðum erlendum fróðleik og náttúru- og vísindasýningum. Metnaðurinn stendur til þess að koma upp veglegu náttúruhúsi þar sem litið er heildstætt á náttúruna, þar sem gestir geta kynnst og skoðað hvernig landið okkar og náttúra þess hefur mótast og ekki síður hvaða áhrif náttúran hefur á okkur mennina og við á hana. Ekki má gleyma að gott náttúruhús með metnaðarfullu safni, sem jafnframt er vísindastofnun, mun styrkja kennslu í raunvísindum á öllum skólastigum og auka þekkingu almennings á náttúru landsins; málefnis sem brennur á öllum sem láta sig framtíð þessarar þjóðar einhverju varða.

### Framtíðarsýn

Þetta er sýn Hins íslenska náttúrufræðifélags og flestra sem koma að safnamálum náttúrufræða á Íslandi. Sérfræðingar á NÍ hafa ekki síst verið óþreytandi að halda þessu sjónarmiði á lofti, enda stendur málið þeim nærri. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra tók upp málefni NÍ og Náttúrugripasafnsins á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag, og hafði áður fundað tvisvar með Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra NÍ, til að ræða húsnæðisvanda stofnunarinnar. Jón Gunnar sagði fundinn hafa verið góðan og var bjartsýnn á að nú kæmist loksins hreyfing á málefni NÍ eftir áratuga baráttu.

### Átjánda nefndin skipuð?

Niðurstaða ríkisstjórnarfundarins er óljós. Helst virðist þó ljóst að NÍ og safnið verði staðsett í Reykjavík, í nánu samstarfi og undir sama þaki. Sveitarfélagið Borgarbyggð bauð nýlega NÍ allt að 100 milljóna króna stuðning til að hjálpa til við að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar og Náttúrugripasafnsins. Einnig hefur þeirri hugmynd verið varpað fram að nýta húsakostinn sem skilinn var eftir við brotthvarf Bandaríkjahers á Miðnesheiði. Hvort það hefði verið ráðlegt er kannski rétt að skoða í ljósi þess að mikið tjón varð þar nýlega vegna vatnsleka. Náttúrufræðistofnun var leyst undan þeirri skyldu að reka sýningarsafn með lögum árið 1992. Gert er ráð fyrir því að sýningarsafnið sé í sameign og í sameiginlegum rekstri ríkisins, Reykjavíkurborgar og HÍ. Ekkert hefur þó þokast í átt til slíks samstarfs þau fjórtán ár sem liðin eru. Staðan er sú að í lagalegum skilningi er ekkert náttúrufræðasafn eða náttúrugripasafn til. Náttúrugripasafnið hokir engu að síður „undir súð“ á Hlemmi og bíður örlaga sinna. Það er í herbergiskytru sama sýning og undanfarna áratugi. Góð sýning sem landsmenn eru orðnir leiðir á, ferðamenn tíma ekki að borga sig inn á, og fatlaðir eiga ekki kost á að sjá.

Erlendis eru náttúrugripasöfn einn vinsælasti viðkomustaður erlendra gesta. Árið 2005 komu tæplega 3.000 manns að skoða sýningu á náttúrugripum á Hlemmi. Sextán prósent af þeim voru ferðamenn. Á sama tíma er talið að allt að 200.000 gestir myndu sækja nýtt Náttúruhús á Íslandi, þar sem glæsilegum sýningum yrði gert hátt undir höfði. Þar fengi þjóðin að kynnast sínu eigin landi, fræðast um hvað er hér að finna, hvernig það varð til og hvernig dýr, bæði stór sem smá, hegða sér í samhengi við búsetukosti. Þjóðin bíður spennt, eins og síðastliðin 117 ár.



**ÚR SÝNINGARSAL** Sýningaraðstaðan á Hlemmi 3-5 er um 200 fermetrar. Þar er falleg sýning miðað við aðstöðuna sem boðið er upp á. Árið 1991 stóð til að byggja náttúruhús með 3.600 fermetra sýningaraðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**GESTIR 1909-2005**

| Ár | Gestir | Opið á viku (í klst) |
|---|---|---|
| 1909 | 4.100 | 1 |
| 1911 | 2.420 | 1 |
| 1913 | 3.600 | 2 |
| 1946 | 15412 | 3,5 |
| 1989 | 8.084 | Ný sýning |
| 1995 | 5.041 | 10 |
| 2000 | 3.884 | 10 |
| 2005 | 2.903 | 10 |

## NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ 1889-2006

**1889:** Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað. Benedikt Gröndal kosinn formaður.
**1890:** Fyrsta aðstaða við Hlíðarhúsastíg (Vesturgata) – eitt herbergi
1892: Sýningaraðstaða í húsi Kristjáns Ó. Þorgrímssonar kaupmanns – tvö herbergi.
**1895:** Sýningaraðstaða í Glasgow, Vesturgata 5a – salur og eitt herbergi
**1899:** Sýningaraðstaða í Gamla stýrimannaskólanum.
**1903:** Sýningaraðstaða í húsi Geirs Zoëga að Vesturgötu 10 – tvær stofur, eitt herbergi og geymsla.
**1908:** Safnið flutt í safnahúsið við Hverfisgötu (Þjóðmenningarhúsið) 130 fermetra salur auk 50 fermetra geymslu.
**1909:** Lagðar fram teikningar að húsi fyrir náttúrugripasafn, við hliðina á Safnahúsinu – nú Þjóðleikhúsið.
**1930:** Lögð fram teikning að Náttúrugripasafni á Skólavörðuholti.
**1942:** Samþykkt að byggja yfir safnið á háskólalóðinni (fært til á lóðinni níu sinnum). Einkaleyfi fyrir Happdrætti Háskólans framlengt með því skilyrði að byggja yfir Náttúrugripasafnið.
**1943:** Samþykkt að safnið fái lóð við Suðurgötu milli Þjóðminjasafns og Atvinnudeildarhúss.
**1944:** Ríkið tekur við rekstri safnsins og tekur við byggingarsjóði HÍN (framreiknaður með vöxtum um 35 milljónir króna).
**1946:** Lög sett um safnið.
**1947:** Úthlutað lóð fyrir safnið á milli HÍ og íþróttahúss.
**1948:** Athugað með lóðir við Skólavörðustíg, Barónsstíg, Melatorg og víðar.
**1960:** Safninu lokað og pakkað í kassa í sjö ár.
**1965:** Ný lög sett um safnið og nafni þess breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands.
**1967:** Náttúrugripasafn Íslands opnar í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm – 100 fermetra salur og geymslur.
**1989:** Í tilefni 100 ára afmælis HÍN er sýningaraðstaða á 4. hæð á Hlemmi stækkuð í 200 fermetra.
**1991:** Lóð úthlutað austan við Norræna húsið. Vönduð skýrsla frá samráðsnefnd ríkis, borgar og HÍ.
**1997:** Byrjað að taka inngangseyri í fyrsta skipti í sögu safnsins.
**2006:** Lagt fram lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands. Engar áætlanir, fjármagn eða hugmyndir um staðsetningu.



# Nýtt rúm
## Fráááááábær hugmynd!





**Stillanlegt-tilboð** 2x90x200

**Vaxtalaust**

| 16.400,- | 38.874,- | 448.900,- |
|---|---|---|
| meðalgr. á mán. 36 mánuði | á mán. 12 mánuði | áður 523.264 |

**Hlífðardýna og lak fylgir**

ÁÐEINS FRÁ TEMPUR® — ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

TEMPUR

**Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum**

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.



Þú átt það skilið

# Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
**Tilboð kr. 7.700,-**



Tempur heilsukoddi
**Tilboð kr. 7.990,-**



Temprakon hitajöfnunarsængin
**Tilboð kr. 24.900,-**

**Betra BAK**

*Faxafeni 5*
*Reykjavík*
*Sími 588 8477*
*www.betrabak.is*

Opið alla daga til jóla

Fimmtudaginn 21. des. frá kl. 10 til 19
Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22
Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23
Aðfangadag frá kl. 10 til 12


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Munið! VSK af jólakjötinu og gott betur til jóla!
-enn fleiri
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
Ali
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur við kassann
Danskur beinlaus HAMBORGARHRYGGUR
1498 KR.
KÍLÓVERÐ
ERAN/Landlist
Opið til 22.00 í kvöld!
Svínabógur
498 KR.
KÍLÓVERÐ
Purusteik
598 KR.
KÍLÓVERÐ
Puru rifjasteik
Ferskt svínakjöt -er tilboð dagsins!
Gljái fyrir hamborgarhrygg
Gljái fyrir kartöflur
KARTÖFLUGLJÁI
298 KR.
550g
GLJÁI á hamborgarhrygg
298 KR.
350g
30% afsláttur við kassann
Ungnautahakk 8-12% fita
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Waldorfsalat eða ávaxtasalat
259 KR.
250g/280g
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2159 KR.
Merkt verð 2698KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur við kassann
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1598 KR.
Merkt verð 1998KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
1889 KR.
Merkt verð 2698KR.
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.


tilboð frá Bónus!
EKKERT BRUDL
DRAUMA morgunverður og lokkandi kvöldverður!
ALI BEIKON
1203 kg KR.
Merkt verð 1719 KR.
30% afsláttur við kassann
6 VISTVÆN EGG
259 KR.
Bónus býður betur!
XXL risapitsa
FRESCHETTA
XXL
800g
PIZZA SPECIALE
760/800g
498 KR.
pitsan
QUATTRO FORMAGGI
Sauce Filled
760g
Hvítlauks síld BÓNUS
Krydd síld BÓNUS
Sinneps síld
Marineruð síld BÓNUS
600g
259 KR.
Bónussíld
Reyktur og grafinn lax frá Norðanfiski
REYKTUR/GRAFINN LAX kílóverð nú:
1198 KR.
Merkt verð 1599 KR.
FRAMPARTUR MEÐ BEINI KÍLÓVERÐ NÚ:
639 KR.
Merkt verð 799 KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur við kassann
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
179 KR.
350 ml
Graflax sósa
Lax
Á lágu verði
norðanfiskur
GRAFINN LAX
NORÐLENSKT OFAREYKT HANGIKJÖT
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
Allir bestu molarnir í einum kassa! Fylltir og frábærir 650g
Konfekt
FYLLTIR MOLAR
1298 KR.
650g
20% sósufylling er í nýja Bónusísnum
BÓNUS Vanilluís
Nýtt!
EINN LÍTRI
259 KR.
Heilt KÍLÓ af konfekti
HEILT KÍLÓ!
998 KR.
BÓNUS konfekt
Stórt útikerti
ÚTIKERTI
369 KR.
-stemningin...
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.481 **+0,82%** **Fjöldi viðskipta:** 475 **Velta:** 9.082 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Eimskipafélagið** | +4,43% | **Landsbankinn** | -0,74% |
| **FL Group** | +2,88% | **Mosaic** | -0,62% |
| **Exista** | +1,36% | **Straumur-Burðarás** | -0,57% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,91 +0,00% ... Actavis 65,50 +0,77% ... Alfesca 5,10 +0,00% ... Atlantic Petroleum 545,00 +0,55% ... Atorka 6,55 -0,46% ... Bakkavör 62,90 +0,96% ... Eimskipafélagið 33,00 +4,43% ... FL Group 25,00 +2,88% ... Glitnir 23,50 +0,86% ... Kaupþing 852,00 +1,31% ... Landsbankinn 26,90 -0,74% ... Marel 79,00 +0,64% ... Mosaic Fashions 16,00 -0,62% ... Straumur-Burðarás 17,60 -0,57% ... Össur 114,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

**Bókvitið í askana**
Tryggvi Þór Herbertsson kvaddi sinn gamla stól sem forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands með bravúr og ítarlegri skýrslu þar sem hagstjórnin er vegin og léttvæg fundin. Sjónarsviptir er af Tryggva af þessum vettvangi enda viljugur til að skýra fræðin á þann hátt að nær hvert mannsbarn skilur. Hann hefur því reynst fjölmiðlum haukur í horni þegar kemur að skýringum á gangverki efnahagslífsins. Tryggvi hefur sem kunnugt er tekið að sér forstjórastarf nýs banka, Askar Capital, og hefur því eftir gifturíkan fræðimannsferil ákveðið að setja bókvitið í askana.



**Garðyrkjumaðurinn Tryggvi**
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagðist á fundinum í gærmorgun þar sem ný skýrsla Hagfræðistofnunar var kynnt telja Tryggva vera að segja að „verðbólgan væri eins og einkunn á hagstjórnina og krónuna" sem ekki yrði undan komist. Ekki var laust við að sposkur svipur væri á Tryggva þegar hann tók næstur til máls og sagðist vera dálítið eins og garðyrkjumaðurinn í Being There eftir Jerzy Kosinski. „Fyrst tala ég og svo er ég túlkaður." En bætti svo við að túlkunin væri hárrétt hjá Vilhjálmi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Íslands ákveður í dag hvort breytingar verða gerðar á stýrivöxtum. Glitnir og Landsbankinn spá óbreyttum stýrivöxtum en Kaupþing gerir ráð fyrir 25 til 50 punkta hækkun.

Íbúðalán fjármálastofnana stóðu nánast í stað milli október og nóvember, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Greiningardeild Glitnis segir þetta svipaða þróun og raunin var hjá Íbúðalánasjóði á sama tímabili sé einungis tekið tillit til almennra útlána hjá sjóðnum.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefur staðfest lánshæfismat viðskiptabankanna þriggja. Moody's segir lánshæfishorfur bankanna stöðugar.

# Auka Indlandsumsvif

Actavis hefur keypt verksmiðju indverska lyfjafyrirtækisins Grandix Pharmaceuticals þar sem fer fram framleiðsla og þróun samheitalyfja. Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta Actavis, segir þetta mikilvægt skref fyrir Actavis í harðnandi samkeppnisumhverfi. „Til þess að við getum verið samkeppnishæf og staðist þær verðlækkanir sem eru að eiga sér stað á mörgum af okkar lykilmörkuðum þurfum við að lækka framleiðslukostnað. Í verksmiðjunni eru í dag framleiddar 700 milljónir taflna á ári. Við ætlum að auka það magn upp í fjóra milljarða. Það mun gera hana að næststærstu verksmiðju samstæðunnar." Actavis á tuttugu verksmiðjur í tólf löndum og segir Halldór félagið horfa til þess að efla verksmiðjuna á Indlandi og aðrar sem eru hagkvæmar í rekstri. Á móti verði framleiðsla á óhagkvæmari stöðum minnkuð.



Starfsstöðvar Actavis eru víða um heim. Þessi er á Indlandi.

Auk nýju verksmiðjunnar hefur Actavis opnað nýja þróunareiningu á Indlandi sem mun sérhæfa sig í þróun virkra lyfjaefna. Verða þau notuð fyrir hluta af þeim lyfjum sem verða markaðssett á næstu árum í Bandaríkjunum og Evrópu. - hhs




HLUTHAFAFUNDUR
Í ICELANDAIR GROUP HOLDING HF.

Stjórn Icelandair Group Holding hf. boðar til hluthafafundar í félaginu föstudaginn 29. desember 2006, kl. 16. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut, Reykjavík, á 2. hæð í fundarsal merktum I.

**Á dagskrá fundarins eru:**

1. Tillaga stjórnar félagsins um samruna Icelandair Grop ehf. og Icelandair Group Holding hf. skv. fyrirliggjandi samrunaáætlun félaganna, dags. 15. nóvember 2006.
2. Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja kauprétttaráætlun fyrir lykilstarfsmenn félagsins og/eða dótturfélaga þess, og gefa út nýja hluti í samræmi við það, er taka til allt að 6% af útgefnu hlutafé félagsins á hverjum tíma.
3. Heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu.
4. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er bent á að skjölum viðkomandi fyrirhugaðan samruna, skv. 5. mgr. 124. gr. hlutafélagalaga, hafa legið frammi á skrifstofum félagsins frá 20. nóvember 2006, hluthöfum til skoðunar. Þar er um að ræða sjálfa samrunaáætlunina, ársreikninga yfirtekna félagsins og yfirtöku félagsins eins og þeim er til að dreifa í samræmi við ákvæði laga, árshlutareikninga samrunafélaganna fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2006, en samruni félaganna, ef af verður, miðast við 1. nóvember 2006; sameiginlegur upphafsefnahagsreikningur félaganna, sameiginleg greinargerð stjórna samruna félaganna, og skýrsla matsmanns. Hluthafar geta fengið framangreind gögn send skv. beiðni fyrir fundinn, eða nálgast þau á skrifstofu félagsins, en rétt er að taka fram að gögnin liggja einnig frammi til skoðunar á sjálfum hluthafafundinum.

Vakin er athygli hluthafa á að samþykki hluthafafundir í samrunafélögunum, með auknum lögbundnum meirihluta, tillöguna um samruna félaganna, á grundvelli fyrirliggjandi samrunaáætlunar, þá tekur hið sameinaða félag við rekstri og efnahag samrunafélaganna þegar skráning hluta hins sameinaða félags hefur verið samþykkt og farið fram í Kauphöll Íslands hf.

Reykjavík, 20. desember 2006.
F.h. stjórnar Icelandair Group Holding hf.
Jón Karl Ólafsson, forstjóri.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35490 12/06

ICELANDAIR GROUP


# Breyttar aðstæður kunna að kalla á upptöku evru

**Ný skýrsla Hagfræðistofnunar Háskólans er áfellisdómur yfir hagstjórn hér á landi sem sögð er hafa einkennst af misvægi. Verði ekki gerð bót á liggur beinast við að skipta úr krónu í evru, að því er fram kemur í niðurstöðum skýrslunnar.**



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON FORSTÖÐUMAÐUR HAGFRÆÐISTOFNUNAR HÍ Tryggvi Þór segir persónulega skoðun sína hafa verið að krónan henti hér betur, en telur að við verðum að taka upp evru eigi hagstjórn landsins að vera á svipuðum nótum og verið hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ef menn hysja ekki upp um sig buxurnar er evran eini kosturinn. En ég vil frekar að menn hysji upp um sig buxurnar," segir Tryggvi Þór Herbertsson, fráfarandi forstöðumaður Hagfræðistofnunar Íslands. Hann kynnti í gærmorgun nýja skýrslu stofnunarinnar sem gerð var að beiðni Samtaka atvinnulífsins um hagstjórnarumhverfið og sambýli atvinnuvega hér á landi. Í skýrslunni kemur fram hörð gagnrýni á stjórn efnahagsmála hér á landi.

Meginniðurstöður eru að stjórn peningamála hafi verið of lengi að taka við sér þegar ljóst var að mikið hagvaxtarskeið væri að hefjast og vextir Seðlabankans hafi hækkað of hægt og of lítið. Þá hafi peningastefna bankans ekki haft nægan stuðning af ríkisfjármálunum, þar sem síaukin ríkisútgjöld og lækkun skatthlutfalla hafi ekki dregið úr þenslunni í hagkerfinu. Sem dæmi nefnir Tryggvi breytingar á íbúðalánamarkaði sem hafi verið mistök sem búið hafi verið að vara sterklega við með ítarlegri skýrslu Hagfræðistofnunar. „Atburðarásinni var þar lýst svo nákvæmlega að hún hefði eins getað verið skrifuð eftir á," segir Tryggvi Þór. „En stjórnmálamenn skelltu algjörlega skollaeyrum við þessu." Hann segir löngu tímabært að taka til hendinni í þessum málum og telur að leggja hefði átt niður Íbúðalánasjóð fyrir löngu.

Sömuleiðis eru sveitarfélögin sögð leika nánast lausum hala. Hallarekstur sveitarfélaga og vaxandi útgjöld ýti undir uppsveifluna. „Hér þarf að verða breyting á, ef til vill með atbeina ríkisvaldsins," segir Tryggvi og vísar til þess að Danir hafi hafi til dæmis sett sveitarfélögum skorður varðandi lántökur. Þá kemur fram að nýjar aðstæður á fjármálamarkaði kunni að kalla á nýjan gjaldmiðil ef hagstjórnin lukkast ekki betur en hún hafi gert að undanförnu. Tryggvi segir nærtækast að horfa til evrunnar í þeim efnum. „Ef samspil hagstjórnartækja verður ekki þannig að hér verði eðlilegur hagvöxtur, sem ekki leiðir af sér þenslu, getur verið að hægt sé að neyða fram það umhverfi með því að taka upp nýjan gjaldmiðil," segir hann.

Tryggvi Þór bendir þó á að í aðra hluti hafi verið erfiðara að sjá fyrir og til dæmis hafi krónubréfaútgáfa komið mönnum á óvart, þrátt fyrir fordæmi frá Nýja-Sjálandi. Hagstjórn hér hafi hins vegar einkennst af misvægi í aðgerðum þótt margt gott hafi verið gert. Þannig hefði rétta leiðin til dæmis verið að draga úr útgjöldum ríkissjóðs um leið og skattar eru lækkaðir.

Tryggvi segir þó jafnframt að Seðlabankanum og þeim sem stunda hagstjórn sé nokkur vorkunn í umhverfi þar sem fyrir komi að hagvaxtartölur séu leiðréttar úr fimm prósentum í átta. „Fimm prósenta hagvöxtur kallar á allt aðra hagstjórn en átta prósent. Þessu má má líkja við að menn stýri bát án þess að vita hvernig stefnið er."

Fram kom á fundinum að skýrslan hefði verði nokkuð lengi í vinnslu. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að upphaflega hafi verið beðið um hana þegar hátt gengi krónunnar hafi verið að skapa hér vandamál. „En skýrslan er markvert innlegg í umræðuna," segir hann. olikr@frettabladid.is

# SPV eignast 5 prósent í SpKef

**Kaupverð stofnfjárbréfanna nemur tæpum hálfum milljarði króna.**

Sparisjóður vélstjóra hefur keypt fimm prósent stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík af Festu lífeyrissjóði.

Bæði Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu, og Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV, staðfestu þetta í samtali við Fréttablaðið. Lífeyrissjóðurinn heldur utan um tíu prósent í SpKef eftir viðskiptin.

Gylfi sagði að stjórn sjóðsins hefði viljað innleysa hagnað í ljósi mikils áhuga á stofnfjárbréfum í SpKef um þessar mundir. Til að fá sem hæst verð fyrir bréfin lét lífeyrissjóðurinn fara fram lögformlegt tilboðsferli þar sem stærstu stofnfjáreigendunum í SPKef og



FRÁ REYKJANESBÆ SPV hefur eignast fimm prósent stofnfjár í SpKef.

fagfjárfestum var boðið að leggja fram tilboð í bréfin. Hæsta tilboði var tekið og SPV hreppti hnossið eins og áður sagði.

Jón Þorsteinn sagði að SPV líti á þessi kaup sem spennandi fjárfestingu. SpKef hefur styrkst mikið að undanförnu, ekki síst eftir að Exista fór á markað en SpKef á þar þriggja prósenta hlut.

Hvorki Gylfi né Jón Þorsteinn vildu gefa upp á hvaða verði viðskiptin fóru fram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var gengið í viðskiptunum 8,2 miðað við uppreiknað nafnverð stofnfjárhluta í SpKef. Það þýðir að SPV hafi borgað um það bil 470 milljónir króna fyrir hlutinn.

Í morgun hófst stofnfjárútboð í SpKef þar sem ætlunin er að selja nýtt stofnfé fyrir 950 milljónir króna. Á fundi stofnfjáreigenda í gær var gengið að tillögu stjórnar um að sameina sjóðinn Sparisjóðnum í Ólafsvík. - eþa

## Útgjöldin

> Kílóverð á grænum vínberjum í nóvember hvers árs miðað við verðlag á öllu landinu.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR VÖRUSTJÓRI ÍSLENSKRA BÓKA

# Blöskrar verðlagning á víni



„Ég hugsa að bestu kaupin sé einbýlishúsið sem við hjónin keyptum á Seltjarnarnesinu fyrir ári síðan. Við keyptum þetta hús af frábæru fólki sem skildi meðal annars eftir þurrkara og sláttuvél. Þurrkarinn kemur sér sérstaklega vel þar sem ég er með tvö lítil börn. Þetta er í fyrsta skipti sem ég bý á Nesinu en ég kann rosalega vel við mig þar. Við fjölskyldan kunnum mjög vel við okkur í þessu húsi og þarna vil ég alltaf eiga heima. Staðsetningin er líka góð því þetta er ekki nema steinsnar frá miðbænum þar sem ég vinn.“ Þegar talið berst að öðrum góðum kaupum segir Bryndís það vera barnavagninn sem tengdaforeldrar hennar gáfu henni þegar sonur hennar fæddist. „Þegar dóttir mín fæddist var settur pallur á vagninn þannig að strákurinn gæti staðið á honum en þetta er mjög hentugt þegar stutt er á milli barna í aldri.“

Bryndís segir verstu kaupin vera áfengiskaup á Íslandi. „Ég læt manninn minn um að kaupa áfengi því mér blöskrar hreinlega verðlagningin á því. Það sama má segja um bílatryggingar, þær eru mjög dýrar svo ég læt manninn minn einnig um að borga þær. Annars er ég veik fyrir góðum mat og góðu hráefni en matur er einnig dýr hér á landi og ég get ekki beðið eftir 1. mars 2007 þegar matarskattur verður lækkaður.“

Bryndís telur einnig upp giftingarhringinn sinn sem slæm kaup en segir hann þó ekki hafa verið tiltakanlega dýran.

## HÚSRÁÐ
### ÚÐI MEÐ JÓLAILMI

■ *Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur hefur fundið hinn fullkomna jólailm í úðaformi.*



„Ég hef fundið frábæran jólaúða sem lyktar eins og greni en þessi úði heitir noel og fæst í Blómavali. Þá var ég að uppgötva að Bónus er farið að selja ferskt rauðkál niðurskorið en það sparar mér þann tíma sem það tekur að brytja það niður. Ég útbý alltaf heimagert rauðkál fyrir jólin sem ég sýð í krækiberjasaft, ediki og sykri en við þessa suðu kemur upp alveg indælis jólailmur sem tilheyrir jólaundirbúningnum hjá mér.“

■ **Neytendakönnun**

## Dalbello og Salomon koma best út

Dalbello og Salomon skíðaskór fá bestu einkunn í nýrri gæðakönnun á skíðaskóm sem birtist í norska neytendablaðinu, að því er fram kemur á heimasíðu neytendasamtakanna. Á þetta bæði við herra- og dömuskíðaskó.

Tólf tegundir voru prófaðar og fengu sjö pör góða einkunn og fimm tegundir miðlungseinkunn. Hvorki féll nokkur tegund af þeim sem reyndar voru, né fékk nokkur toppeinkunn.

■ **Kertabrunum hefur fækkað**

## Farið varlega með kertaskreytingar

Flestir kertabrunar eiga sér stað yfir jólin en undanfarin ár hafa að meðaltali 24 kertabrunar orðið fyrstu tvær vikur desembermánaðar. Í ár hefur þessi tala þó lækkað niður í 6 kertabruna fyrstu tvær vikurnar í desember. Þessi fækkun er 75 prósent og er það von þeirra sem starfa að brunavörnum að fólk fari varlega með kerti og kertaskreytingar á aðventunni og um jólin.



Við meðhöndlun kerta og kertaskreytinga er mikilvægt að gæta að því að kerti séu vel föst í kertastjökum og að undirlag kertanna sé stöðugt og óbrennanlegt. Þá er mikilvægt að setja ekki eldfim skreytingarefni við kertin og að kertaskreytingarnar séu ekki nálægt opnanlegum glugga þar sem gardínur eða annað geta farið í logann.

Þá er mikilvægt að yfirgefa aldrei vistarverur þar sem kertaljós loga og að kanna hvort reykskynjarar séu í lagi og skipta um rafhlöður árlega.

■ **Afsláttur á jólaseríum**

## Hagstætt að kaupa jólavörur eftir jól



Í Blómavali er nú 30 prósenta afsláttur af öllum inni- og útijólaseríum og verður til jóla. Þá detta inn helgartilboð og um síðustu helgi voru híasintur á tilboði en helgartilboð eru auglýst með nokkurra daga fyrirvara. Blómaval er með opið annan í jólum og þá hefst útsala á jólavörum. Birna Sæmundsdóttir, rekstrarstjóri Blómavals, segir þetta tilvalið tækifæri til að kaupa jólavörur á niðursettu verði. Í Garðheimum eru einstaka jólavörur á afslætti núna eins og jólatrésfætur og ákveðnar gerðir jólasería en þær eru á 20 prósenta afslætti. Hinn 28. desember hefst svo útsala og þá verður hægt að kaupa megnið af jólavörunum á niðursettu verði.

Hjá Blómavali og Garðheimum er jólatréssalan í hámarki og hefur hún gengið vel það sem af er.




# Fnykurinn af skötunni er forboði jólannna

**Íslendingar hafa étið sköt u á Þorláksmessu um aldir. En skatan hefur ekki alltaf þótt herramannsmatur eins og í dag. Það er ekki fyrr en á síðustu tuttugu eða þrjátíu árum að veitingastaðir og fiskbúðir eru byrjaðar að gera út á að selja Íslendingum skötu sem góðmeti.**



**HAFBERG OG SKATAN** Ekki eru til eldri skriflegar heimildir um skötuát en 100 til 150 ára en menn átu hana upphaflega á Þorláksmessu til að umskiptin yrðu sem mest þegar þeir gæddu sér á kræsingum jólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fisksalar í höfuðborginni bjóða upp á margar gerðir af skötu fyrir jólin. Í fiskbúðinni Hafberg í Gnoðarvogi er boðið upp á vestfirska tindaskötu og hefðbundna kæsta skötu. „Munurinn er að tindaskatan er ósöltuð en vel kæst, rauð og falleg. Hún er fyrir vana menn. Svo eigum við hefðbundna skötu sem er allt frá því að vera nokkuð dauf upp í vel kæsta skötu sem er aðeins fyrir skötufíkla. Menn vilja alltaf hafa skötuna sterkari og sterkari en það er spurning hvar á að draga mörkin,“ segir Vilhjálmur Hafberg, eigandi fiskbúðarinnar Hafberg, og bætir því við að kílóið af skötunni kosti á bilinu 890 til 1.180 krónur hjá sér.

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir að siðurinn að borða skötu á Þorláksmessu sé kaþólskur, en dagurinn er kenndur við heilagan Þorlák og er síðasti dagur jólaföstu. „Þennan dag átti ekki að borða kjöt, það þótti við hæfi að borða lélegan fisk á Íslandi, sumir suðu jafnvel harðfisk eða morkinn hákarl, en á Vesturlandi og á Vestfjörðum veiddist skata um þetta leyti ársins og því var hún borðuð í staðinn,“ segir Árni og bætir því við að upp úr miðri síðustu öld hafi mikið fólk af Vesturlandi og af Vestfjörðum flust búferlum og það hafi tekið þennan sið með sér og hann hafi breiðst út um landið.

Fnykurinn af skötunni er hefur verið forboði jólanna að margra mati, segir Árni. Ekki eru allir jafn hrifnir af lyktinni og segir Eiríkur Auðunn Auðunsson, verslunarstjóri í Fiskisögu á Höfðabakka 1, að ein leið til að losna við hana sé að væta tusku í ediki, breiða hana yfir pottinn og láta suðuna koma upp í gegnum hann. Eiríkur tekur undir það með Vilhjálmi að kílóverðið á skötunni sé í kringum þúsund krónur og ljóst að fáir ættu að þurfa að sleppa því að éta skötu á Þorláksmessu sökum peningaleysis, og enn síður ef fólk sleppir því að fara á rándýr jólahlaðborð sem Árni segir að sé óþjóðlegur siður þar sem menn hafi frekar átt að halda í við sig en að belgja sig út á jólaföstunni.

ingifreyr@frettabladid.is



**EIRÍKUR Í FISKISÖGU** Hann tekur undir með Vilhjálmi í Hafberg að í Fiskisögu sé bæði til skata fyrir styttra og lengra komna, fyrir venjulegt fólk og eins fyrir vana menn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MATUR & NÆRING** ÁRNÝ ÞÓRA ÁRNADÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Jólakjötið





Fyrir komu ísskápa og frysta leituðu menn allra ráða til að geyma matvæli. Ein af elstu aðferðum til að varðveita matvæli er reyking. Í Póllandi hafa fundist 90.000 ára gamlar leifar af reykhergi. Þó ekki sé lengur nauðsynlegt að reykja matvæli til þess að varðveita þau er reykt kjöt vinsæl matur, sérstaklega á þessum árstíma. Áður fyrr voru matvælin einungis reykt en ekki söltuð áður eins og nú er gert. Söltun er enn ein varðveisluaðferðin þannig að í reyktum matvælum er geymsluþolið lengt bæði með söltun og reykingu.

Söltunaraðferðir eru nokkrar. Stundum er kjötið sett beint í saltpækil eins og saltkjöt en nú til dags er algengast að kjöt, sem á að reykja, sé fyrst sprautusaltað og síðan sett í saltpækil. Sprautusöltun er þannig framkvæmd að saltpækli er sprautað inn í kjötið á mörgum stöðum með þar til gerðum nálum sem tryggja jafna söltun og fallegan rauðan lit á kjötið. Ef reykt kjöt er grátt að lit hefur söltunin ekki tekist sem skyldi. Rauða litinn fær kjötið frá nítrítinu sem er í saltpæklinum en nítrítið virkar einnig sem rotvarnarefni og hefur þess vegna E númer sem aukefni. Í seinni tíð hefur C-vítamíni einnig verið bætt í saltpækilinn því komið hefur í ljós að þá þarf minna af nítríti.



Eftir söltun er kjötið tilbúið til reykingar. Til eru nokkrar reykingaraðferðir en aðalmunurinn á þeim felst í því við hvaða hitastig reykingin fer fram og hvaða brennsluefni er notað. Hangikjöt er til dæmis kaldreykt en það þýðir að kjötið er reykt við tiltölulegan lágan hita og er enn hrátt eftir framleiðslu. Við kaldreykingu er notað tað blandað saman við sag. Sagið getur til dæmis verið birki. Hverjir hafa ekki heyrt talað um birkireykt hangikjöt? Hamborgarhryggur er reyktur við hærri hita (volgreyktur) en er samt hrár eftir framleiðslu. Pylsur eru svo reyktar við enn hærra hitastig og eru því soðnar í framleiðslunni. Við heit- eða volgreykingu er ekki notað tað heldur einungis sag.

Oft heyrist talað um að reyktur matur sé óhollur. Víst má til sanns vegar færa að óhófleg neysla á reyktum og söltum mat getur ekki talist holl, en hver myndi vilja hangikjötslaus jól?

mni.is

*5 jól í Nettó!*

# *Gleðileg jól heims um ból!*

**Kynnumst betur og smökkum saman gómsætt hangikjöt!**

**21.-22. desember**

**Nettó-Akureyri: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18.**

**22.-23. desember**

**Nettó-Mjódd: Föstud. kl. 16-18 og laugard. kl. 14-16.**

nettó

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jólin hafa í för með sér ótímabær dauðsföll og heilsutjón:

## Þegar græðgin verður stjórnlaus

JÓN KALDAL SKRIFAR

Nú er sá tími framundan að fólk sleppir gjarnan fram af sér beislinu þegar kemur að mat og drykk. Af því tilefni er við hæfi að minna á að aldrei koma fleiri á neyðarmóttökur spítalanna vegna hjarta- og æðasjúkdóma en einmitt á þessum árstíma þegar græðgin verður stjórnlaus.

Sagan segir okkur sem sagt að næstu dagar munu óhjákvæmilega hafa í för með sér ótímabær dauðsföll og varanlegt heilsutjón, sem fólk vinnur sjálfu sér með því að kunna sér ekki hóf.

Lítið er við því að gera, fyrir utan að óska þess að sem flestir gangi hægt um gleðinnar dyr um hátíðarnar.

Til langs tíma er hins vegar full ástæða til að velta fyrir sér hvað veldur, fyrir utan hið augljósa óhóf.

Hjarta- og æðasjúkdómar leggja fleiri í gröfina á heimsvísu en nokkrir aðrir sjúkdómar. Meginorsökin fyrir þeim eru of hár blóðþrýstingur og undanfarin ár hefur athyglin beinst í vaxandi mæli að því hve salt er mikill skaðvaldur í þeirri jöfnu.

Salt er lúmskur fjári. Það er ekki hægt að lifa án þess en ef maður notar það í óhófi í langan tíma er það vísasta leiðin til að kveðja þennan heim fyrir aldur fram.

Ólíkt ýmsum efnum er salt hins vegar svo auðvinnanlegt og þar af leiðandi svo ódýrt að stjórnvöld geta ekki með nokkru móti hlaðið á það svokölluðum neyslustýringarsköttum, eins og er til dæmis gert með tóbak og áfengi, og treyst því að þar með sé kominn nógu mikill fælingarmáttur til þess að fólk haldi sig frá óhollustunni.

Þar fyrir utan er allsendis óvíst að slík skattlagning sem tæki til neyslustýringar, hafi þau áhrif sem til er ætlast. Óvíða í heiminum er til dæmis meira þambað af gosdrykkjum en hér á Íslandi og það þrátt fyrir að skattlagning gosdrykkja sé á fáum stöðum hærri en hér.

Sykur og salt eiga það sammerkt að vera í grunninn mjög ódýrar vörur sem erfitt er að skattleggja svo svakalega að buddu neytenda sé ofboðið. Heilbrigðisyfirvöld þurfa því að finna aðrar leiðir til að koma neyslu sykurs og salts inn fyrir hófleg mörk. Finnum hefur einmitt lukkast svo vel í baráttunni gegn saltnotkun að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fylgist grannt með málum, með það fyrir augum að þar sé komið fordæmi sem aðrar þjóðir geti fylgt.

Á síðustu þremur áratugum hefur finnskum heilbrigðisyfirvöldum með markvissum áróðri, eða forvarnarstarfi ef menn kjósa það orð, tekist að fá þjóð sína til að skera daglega saltneyslu niður, úr um fjórtán grömmum í átta, en talið er hóflegt að innbyrða fimm grömm af salti á dag. Fyrir vikið hefur hjarta- og æðasjúkdómatilfellum fækkað verulega og meðalaldur Finna hækkað um tæp sex ár. Og athugið að á sama tíma hefur áfengis- og tóbaksneysla aukist og verð á þeim vörum svo sannarlega ekki lækkað.

Af þessum árangri má draga þá ályktun að það er mun vænlegri leið fyrir heilbrigðisyfirvöld að höfða til skynsemi fólks en sparsemi þegar kemur að bættum lífsháttum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Maraþonfundur

Það var heldur dregið af fulltrúum í borgarstjórn Reykjavíkur í fyrrakvöld þegar sextán tíma fundi lauk klukkan tvö um nóttina. Umræðan um fjárhagsáætlun Reykjavíkur 2007 tók sinn toll og var miklu púðri eytt í tillögu vinstri grænna, Árna Þórs Sigurðssonar og Svandísar Svavarsdóttur, um aukin framlög til Strætó. Vakti athygli að fulltúar VG og Samfylkingar höfðu ekki lagt neina línu fyrir umræðuna og samstarf á þeim vettvangi virðist lítið. Fór svo að Dagur B. Eggertsson og félagar studdu ekki tillögu VG sem var á endanum felld.



### Veisluhöld

Borgarfulltrúar VG létu bóka í fundargerð að afstaða sjálfstæðismanna og framsóknarmanns kæmu ekki á óvart. Hins vegar olli hjáseta Samfylkingarfólks vonbrigðum. Eftir afgreiðslu fjárhagsáætlunar hefur skapast sú hefð að borgarfulltrúar lyfta glösum og þiggja veitingar. Fór svo að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, mætti ekki í það samkvæmi. Hvort það var vegna þreytu eftir langan fund eða vonbrigði með bókun VG skal ósagt látið. Venjulegur vinnudagur beið líka margra í gærmorgun.



### Reynsluboltar

Annars er reynslunni misskipt meðal borgarfulltrúa. Borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tók þátt í afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkur í 25. sinn. Oddviti samstarfsflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, var að fara í gegnum þetta ferli í fyrsta skipti eins og Svandís Svavarsdóttir hjá vinstri grænum. Reynsla annarra borgarfulltrúa liggur einhvers staðar þarna á milli. Ekki er algengt að fundir borgarstjórnar vari í 16 klukkustundir eins og í fyrradag. Sem dæmi var lengsti þingfundur á alþingi á síðasta vetri einmitt um 16 klukkustundir. Veturinn 2004-2005 var lengsti þingfundurinn jafn langur en 2001-2002 var lengsti þingfundurinn 18 klukkustundir.

bjorgvin@frettabladid.is

## Sammál og sérmál



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Evrópusamstarf

Evrópusambandið hét í fyrstu Kola- og stálbandalag Evrópu. Nafngiftin lýsti markmiðinu, sem var að setja náttúruauðlindir Frakklands og Þýzkalands undir einn hatt til að girða fyrir frekari átök um yfirráð yfir þessum auðlindum og fleiri stríð. Þetta gafst svo vel, að Frakkar og Þjóðverjar ákváðu að rugla saman reytum sínum á fleiri sviðum og bjóða öðrum Evrópuþjóðum að vera með, og þeir hafa æ síðan lifað í sátt og samlyndi. Evrópa lifir nú mesta blómaskeið og friðar í sögu sinni. Evrópusambandið á mikinn þátt í því.

Evrópusamstarfið hvílir á þeirri lykilhugsun, að sum verkefni sérhvers samfélags séu þannig vaxin, að þau krefjist sameiginlegra lausna, þar eð staðbundnar lausnir íþyngi öðrum löndum að ósekju. Slík mál getum við kallað sammál til aðgreiningar frá sérmálum, sem hvert einstakt land getur leitt til lykta á eigin spýtur án þess að valda öðrum skaða. Náttúruauðlindir lúta sameiginlegri stjórn innan Evrópusambandsins (ESB) til að girða fyrir átök um yfirráð yfir þeim. Bretar og Spánverjar heyja engin innbyrðis þorskastríð, af því að útvegur þeirra lýtur sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB, sem er einmitt ætlað að stilla til friðar um fiskveiðar aðildarþjóðanna. Útvegsstefna ESB er að vísu meingölluð, en hugsunin að baki hennar er eigi að síður vel grunduð og skýr.

*Evrópusamstarfið hvílir á þeirri lykilhugsun, að sum verkefni sérhvers samfélags séu þannig vaxin, að þau krefjist sameiginlegra lausna, þar eð staðbundnar lausnir íþyngi öðrum löndum að ósekju.*

Ætla mætti, að ástandið í Austurlöndum nær væri friðsælla, ef olíulindirnar þar lytu sameiginlegri stjórn að evrópskri fyrirmynd. Hefðu Írakar ráðizt inn í Íran 1980, ef olíulindir hefðu ekki verið í húfi? Varla. Innrásarliðið byrjaði einmitt á því að leggja undir sig olíuver. Stríðið stóð í átta ár og kostaði milljón mannslífa, og því lauk með þrátefli. Hefðu Bandaríkjamenn og fylgjendur þeirra ráðizt inn í Írak 2003, ef þar væri engin olía? Væri Sádi-Arabía eitt harðsvíraðasta einræðisríki heims, ef konungsfjölskyldan þar teldi sig ekki þurfa að verja eignarhald sitt á olíulindum landsins með tiltækum ráðum? Væri hatur múslímskra hryðjuverkamanna á konungsfjölskyldunni og bandamönnum hennar eins hyldjúpt og raun ber vitni um, ef engum olíuauði væri til að dreifa? Hvernig ætli Kaninn brygðist við, ef Texas með alla sína olíu segði sig úr lögum við Bandaríkin? Og hvernig ætli Englendingar tækju því, ef Skotar lýstu yfir sjálfstæði til að sitja einir að olíu Bretlands í Norðursjó? Þannig er hægt að færa sig land úr landi: munstrið er býsna skýrt.

Hvaða sammál önnur hafa ESB-löndin kosið að afgreiða á sameiginlegum vettvangi? Þau eru einkum fjögur. Í fyrsta lagi lúta ESB-löndin sameiginlegri stjórn peningamála og hafa komið sér saman um eina mynt, evruna. Í þessu felst, að aðildarlöndin hafa orðið ásátt um að deila þessum anga fullveldis síns – til dæmis réttinum til að fella gengi eigin þjóðmyntar eða hækka vexti – með öðrum sambandsþjóðum. Aðildarlöndin hafa þannig afsalað sér rétti sínum til að prenta peninga og hleypa verðbólgu á skrið til að koma sér í mjúkinn hjá kjósendum fyrir kosningar, en ýmis brögð voru að slíkum atkvæðakaupum fyrir daga evrunnar. Í annan stað hafa ESB-löndin komið sér saman um sameiginlega stefnu í viðskiptamálum út á við. Þau leggja einn og sama toll á innflutning frá löndum utan ESB og hafa afsalað sér réttinum til meiri eða minni tollheimtu. Þetta var gert til að greiða fyrir millilandaviðskiptum, því að flest ESB-lönd þurftu að lækka tolla sína til að ná sameiginlegu marki Sambandsins. Í þriðja lagi hafa ESB-þjóðirnar sammælzt um sameiginlega stefnu í samkeppnismálum. Þessum þætti hefur verið gefinn minni gaumur en vert væri. Ætlanin hér er að skerða getu innlendra einokunar- og fákeppnisfyrirtækja til að okra á almenningi og skerða einnig getu stjórnvalda í hverju landi til að hygla sumum með beinni eða óbeinni ríkisaðstoð á kostnað annarra. Í fjórða lagi fylgja ESB-löndin sameiginlegri landbúnaðarstefnu, sem er að sönnu óhemjudýr, en hún leggur samt mun léttari byrðar á neytendur og skattgreiðendur en búverndarstefnan hér heima. Við þessi fjögur sammál bætist samræming ýmissa laga og reglna, svo sem Íslendingar hafa kynnzt með aðildinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Önnur mál en þessi lúta að mestu leyti staðbundinni stjórn í hverju landi fyrir sig. Mikið atvinnuleysi víða á meginlandi Evrópu er til að mynda ekki sök ESB, því að hvert aðildarland markar sér sjálfstæða stefnu í vinnumarkaðsmálum og ber því ábyrgð á atvinnuleysinu heima fyrir.

## Þjóðkirkjan, umburðarlyndi og heimska

**UMRÆÐAN**

Trúmál



STEINDÓR J. ERLINGSSON

Í byrjun desember stofnuðu þrettán trúfélög hér á landi Samráðsvettvang trúfélaga, en markmið hans er samkvæmt fréttum „að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi“. Þjóðkirkjan er eitt þeirra trúfélaga sem aðild eiga að samráðsvettvanginum. Þátttaka hennar í þessum félagsskap fór hins vegar ekki vel af stað því nokkrum dögum eftir stofnun hans birtist á vef þjóðkirkjunnar prédikun eftir sr. Birgi Ásgeirsson þar sem því er haldið fram að þeir sem hafna meintri tilvist guðs kristinna manna séu „hluttakendur heimskunnar“.

Á einum stað í predikuninni segir að mesta „hættan [sé] fólgin í afneituninni. Afneitun staðreynda. Afneitun guðs. Afneitun þess að maðurinn er hluti sköpunarinnar. Afneitun þess að við erum guðs börn og þurfum á því að halda að eiga samfélag við hann“. Hættan sem stafar af því að afneita guði virðist samkvæmt sr. Birgi vera hnignun menningarinnar, en merki hennar „kemur helst fram, þegar við reynum að sníða trúna að eigin sjálfhverfu, duttlungum og hroka. En þannig verðum við einmitt hluttakendur heimskunnar. Heimskinginn segir: enginn guð“.

Greinilegt er af samhengi sr. Birgis að þessum gagnrýnu ummælum er beint til trúleysingja og varpa þau sem slík skýrara ljósi á hann sjálfan en þá sem hann gagnrýnir. Í sjálfhverfu sinni, svo við styðjumst við orðalag sr. Birgis, virðist hann hins vegar gleyma því að það eru ekki bara trúleysingjar sem hafna meintri tilvist guðs kristinna manna, því allir þeir sem ekki játa kristna trú eru trúlausir gagnvart hinum kristna guði. Samkvæmt skilgreiningu sr. Birgis eru því vel á fimmta milljarð jarðarbúa, þ.e. allir þeir sem ekki játa kristna trú, heimskingjar. Þar sem þessi prédikun birtist á opinberum vef þjóðkirkjunnar, www.tru.is, hlýtur málflutningur séra Birgis að njóta stuðnings innan vébanda hennar. Ef sú er raunin ættu Baháísamfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, Búddistafélagið og önnur félög sem taka þátt í Samráðsvettvangi trúfélaga að vara sig á því að innan þjóðkirkjunnar eru áhrifamiklir einstaklingar sem álíta meðlimi þessara félaga heimskingja.

*Höfundur er vísindasagnfræðingur*

# GLEÐIGJAFAR



KENWOOD

*Patissier*



MX276 KENWOOD MX277



MX271

KENWOOD

- Kröftugur tólf hraða 400w mótor
- 4 lítra skál úr ryðfríu stáli með handfangi
- Þrír spaðar; hrærari, hnoðari og pískari
- Fæst í ýmsum litum

**VERÐ**
**22.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## Toppurinn frá Kenwood
Framúrskarandi matvinnsluvél

FP920

**MATVINNSLUVÉL með blandara**
- Kröftugur 1000w mótor
- Blandari með glerskál fylgir
- Fjöldi aukahluta

**VERÐ**
**19.995**
FRÁBÆRT VERÐ





KENWOOD

KMM750

**GLÆNÝ MAJOR HRÆRIVÉL**
- 6,7 lítra stál skál
- Mjög öflugur 900w mótor
- Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja

**TILBOÐ**
**44.995**
FULLT VERÐ **54.995**

## FULLKOMNAR ALSJÁLFVIRKAR 1,8 LÍTRA ESPRESSO KAFFIVÉLAR MEÐ KAFFIKVÖRN



**Cappucino System**

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ **59.995**



**Tveir katlar og stafrænn skjár**

**VERÐ**
**69.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Auto Cappucino System**

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ **89.995**

**DeLonghi EAM3200**
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél sem malar kaffibaunir og býr til kaffið. Tekur líka malað kaffi og hægt að stilla hve fín mölunin er. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino.

**DeLonghi EAM3400 RAPIDO**
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél sem malar kaffibaunir og býr til kaffið. Tekur líka malað kaffi og hægt að stilla hve fín mölunin er. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino. Með tveimur kötlum, stafrænum skjá og minni til að stilla mismunandi aðferðir og uppáhalds stillingar.

**DeLonghi EAM3500 CAPPUCINO**
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél sem malar kaffibaunir og býr til kaffið. Tekur líka malað kaffi og hægt að stilla hve fín mölunin er. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino. Með tveimur kötlum, minni til að stilla mismunandi aðferðir, uppáhalds stillingar, AUTO Cappucino System - Flóar mjólkina sjálfvirkt og setur í bollann.

DēLonghi
ÍTÖLSK HÁGÆÐA HÖNNUN

MAGNIFICA
**DeLonghi** býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | SELFOSS |
|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 480 3700 |

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!**

# Gjafavara





**BODUM**
grillpanna, góð gjöf.

4.784
ÁÐUR 5.980

20% AFSLÁTTUR

**BODUM CHEF**
steikar hnífasett

5.584
ÁÐUR 6.980



1.424
verð áður: ~~1.780~~

**BODUM NUKI** salatsett: Skál, þeytari, mjólkurkanna og salatáhöld.




5.584
verð áður: ~~6.980~~

**BODUM SNAKK SETT** inniheldur 4 thermo glös og 1 thermo skál.



Gleðileg jól

**SANTOS**
kaffikanna

4.784
ÁÐUR 5.980

20% AFSLÁTTUR



2.384
verð áður: ~~2.980~~

3 BOLLA 2.144
verð áður: ~~2.680~~

**ASSAM** tekanna 1L kr. **2.384** **BODUM CHAMBORD** 3 bolla kr. **2.144** áður kr. ~~2.680~~. 4 bolla kr. **3.184** áður kr. ~~3.980~~. 8 bolla kr. **3.584** áður kr. ~~4.480~~. 12 bolla kr. **4.784** áður kr. ~~5.980~~.



2.980
verð áður: ~~3.980~~

**BODUM MIXI DIXI** sett: 3 skálar og skeið.



3.184
verð áður: ~~3.980~~

**BODUM NISSEN** matjurtarbretti og hnífur.



2.384
verð áður: ~~2.980~~

**BODUM NISSEN** parma bretti og hnífur.



3.184
verð áður: ~~3.980~~

**BODUM CHRISTIANSHAVE** ostabretti og hnífur.

**OPIÐ TIL KL. 22** Þorláksmessa opið til kl. 23 • Aðfangadagur opið frá kl. 10-12

bodum

# Jólagjafirnar fást í Húsgagnahöllinni



**BODUM THERMO**
karafla
**4.784** ÁÐUR 5.980



**BODUM BARRIQUE**
olíu & edik sett
**2.384** ÁÐUR 2.980



**BODUM NISSEN**
vínrekki fyrir 6 flöskur
**3.984** ÁÐUR 4.980



**BODUM TOPEE SKÁLAR**
lítil kr.**1.024** áður kr. ~~1.280~~
miðstærð kr. **1.824** áður kr. ~~2.280~~
stór kr. **3.104** áður kr. ~~3.880~~
**1.024** ÁÐUR 1.280



**BODUM CHEF**
hnífasett
**5.584** ÁÐUR 6.980



**BODUM**
kryddsett, góð jólagjöf.
**3.980** ÁÐUR 4.980

**BODUM VÍNKÆLIR**
**KIRA** kr. **3.984**
áður kr. ~~4.980~~
**3.984** verð áður: ~~4.980~~



**20%** AFSLÁTTUR

**1.824** verð áður: ~~2.280~~

**5.584** verð áður: ~~8.980~~

**BODUM THERMO SKÁLAR**
**SORA** kr. **1.824** áður kr. ~~2.280~~
**MORA** kr. **5.584** áður kr. ~~6.980~~
**MIDORA** kr. **7.184** áður kr. ~~8.980~~



*Komdu og fáðu fría mynd með jólasveininum*

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

## Kjarni málsins

> Hlutfall tvítugra sem brautskráðust sem stúdenta




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**VÍSINDAMAÐURINNN:** RÓBERT H. HARALDSSON HEIMSPEKINGUR

# *Mikilvægi hlutlægni í sagnfræði*



Síðastliðinn þriðjudag hélt Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki við HÍ, síðasta fyrirlesturinn á árinu í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, í pakkfullum fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

Í fyrirlestrinum fjallaði Róbert um efasemdir um gildi sannleikans í sagnfræði, sem vaknað hafa á liðnum áratugum, og hvernig megi eyða þeim.

Róbert skipti þessum efasemdum í fjóra flokka. „Sumir halda því fram að tungumálið sé þannig gert að það geti ekki sagt sannleikann um veruleikann. Til dæmis þegar sagt er um tvo menn að þeir séu menn þá sé horft framhjá því sem er ólíkt með þeim,“ segir Róbert og bætir því að hann telji að tungumálið sé gott verkfæri sem hægt sé að nota til að lýsa veruleikanum.

Annað atriðið sem Róbert gagnrýndi var að ekki sé hægt að komast út fyrir hið persónulega sjónarhorn. „Til dæmis að sjónarhorn Garðbæinga til Esjunnar geti aldrei verið eins og sjónarhorn þeirra til Esjunnar sem búa á Kjalarnesi,“ segir Róbert sem í fyrirlestrinum færði rök gegn þessari afstæðishyggju.

Jafnframt gagnrýndi Róbert þá menn sem segja að sannleikurinn sem slíkur skipti ekki máli. Hann gagnrýndi þá hugmynd að sannleikurinn þurfi að vera óskeikull því hann telur að „einhver geti höndlað sannleikann án þess að vera óskeikull“.

Niðurstaða Róberts í fyrirlestrinum var sú að hugvísindamenn ættu að reyna að halda sig við hversdagslegri skilning á þessum hugtökum en margir hafa gert á liðnum áratugum.

■ **Skólinn**

## Fjöltækniskóli Íslands



Vélskóli Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík voru reknir sameiginlega undir merkjum Menntafélagsins frá 1. ágúst 2003 fram til 25. febrúar 2005. Fjöltækniskóli Íslands er nýtt nafn sameinaðra skóla. Fjögur svið eru starfrækt undir merkjum FTÍ: tæknisvið, vélstjórnarsvið, sjávarútvegssvið og skipstjórnarsvið. Námið í skólanum er „ekki bara bóknám“ eins og segir á heimsíðu hans, þó að það veiti líka stúdentspróf.

Skólameistari Fjöltækniskólans er Jón B. Stefánsson.

■ **Umræðufundur**

## Íslenska útrásin



Miðvikudaginn 3. janúar 2007 efnir Viðskiptafræðistofnun til umræðufundar um útrás íslenskra fyrirtækja. Fundurinn verður haldinn í stofu 201 í Odda. Þar verða nokkrir menn sem hafa mikla þekkingu á útrásinni, með stutta framsögu. Í kjölfarið verða umræður þeirra og annarra fundargesta. Í september 2006 setti Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands af stað rannsóknarverkefni sem ætlað er að meta árangur íslenskra útrásarfyrirtækjanna ásamt því að kanna hvaða þættir það eru sem einkum hafa skipt máli í þróun þeirra Aðgangur er ókeypis og er fundurinn öllum opinn. Áhugasamir eru þó vinsamlegast beðnir um að skrá sig á vefsíðu Viðskiptafræðistofnunar www.ibr.hi.is

■ **Málsvarnir**

## Nemendur á Bifröst verja verkefni



Í Háskólanum á Bifröst tíðkast það að nemendur verja misserisverkefni sín í skólanum við sérstaka athöfn í lok hverrar annar. Síðastliðna viku hafa 38 nemendur varið misserisverkefni við skólann og voru verkefnin afar fjölbreytt, til að mynda var fjallað um menntun þingmanna, útivist á Laugarvatni, aðild Tyrklands að ESB, umræðu um innflytjendamál á Íslandi og samkeppni á lyfjamarkaði.

Á heimasíðu skólans kemur fram að tilgangur misserisverkefna sé meðal annars að veita nemendum tækifæri til að auka skilning sinn á afmörkuðu sviði og eru þau oft unnin í tengslum við fyrirtæki og stofnanir.

■ **Brautskráning**

## Talsmenn ASÍ og BSRB brautskráðust

16. desember síðastliðinn brautskráði Símenntun Háskólans á Akureyri sjö talsmenn stéttarfélaga ASÍ og BSRB sem hafa lagt stund á fjögurra missera rekstrar- og stjórnunarnám. Fyrirlestrar fóru fram á símenntunarmiðstöðvum vítt og breitt um landið en próf og verkefnaskil voru í vefnámsumhverfi háskólans. Fyrirkomulagið gerði því fleirum en Eyfirðingum kleift að sækja námið og komu nemendurnir víða að.

Einnig brautskráðust sautján nemendur sem hafa lagt stund á þriggja anna nám í rekstrar- og viðskiptafræðum. Kennt var í fimm 27 kennslustunda lotum á misseri og er námið metið til 27 eininga.

# Móðurmálskennsla styður íslenskuna

**Boðið er upp á móðurmálskennslu í nýbúadeild Hjallaskóla í Kópavogi en móðurmálskennslan örvar málþroska barna. „Brúarsmíðin skilar dýpri málskilningi,“ segir Guðlaug Snorradóttir, deildarstjóri í Hjallaskóla.**



**SYNDA Í KAFI FYRSTU MÁNUÐINA** „Þeim líður eins og þau séu í sundlaug þar sem þau synda í kafi fyrstu mánuðina af því að það er enginn sem skilur þau,“ segir Guðlaug um líðan barna sem koma frá fjarlægum menningarheimum. „Það er enginn sem getur byggt upp nýja málið og unnið með þeim annar en sá sem hefur vald á þeirra eigin máli.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýbúadeildin í Hjallaskóla í Kópavogi býður nýbúabörnum upp á kennslu í móðurmáli sínu og hjálpar þeim þannig að byggja brú frá móðurmálinu yfir í íslenskuna. Guðlaug Snorradóttir, deildarstjóri í sérkennslu og nýbúadeild, segir að tungumál, menning og nám séu órjúfanlega tengd. Litlar framfarir í seinna máli sem barn lærir megi rekja til örvunarskorts á móðurmáli, málþroski barnsins geti stöðvast, það geti hætt að bæta við sig orðaforða og þetta geti leitt til námsörðugleika síðar.

„Öll börn ættu því að hafa mannréttindi til að fá að læra og viðhalda móðurmáli sínu,“ segir hún.



**MÓÐURMÁLIÐ ER MANNRÉTTINDI** „Öll börn ættu því að hafa mannréttindi til að fá að læra og viðhalda móðurmáli sínu,“ segir Guðlaug Snorradóttir, deildarstjóri við Hjallaskóla.

Nýbúabörn í Kópavogi eru í tvö ár í nýbúadeildinni í Hjallaskóla. Í ár eru þar tuttugu og níu börn frá Rússlandi, Kína, Póllandi, Portúgal, Færeyjum, Taílandi, Túnis og Kosovo. Þessi börn fá þrjá tíma í viku í kennslu í og á móðurmáli sínu og svo fá þau tíma í brúarsmíði og íslensku. Við skólann starfa túlkar og kennarar í móðurmálum allra þessara barna.

Guðlaug hefur starfað og búið erlendis og skilur því hvernig það er að flytja til lands án þess að kunna stakt orð í málinu. „Ég gerði mér grein fyrir hvílíkt andlegt áfall það er. Það er ekki nóg að flytja til landsins heldur líka að fara inn í nýja hugsun og nýtt kerfi, til dæmis eins og þeir sem koma frá Kína,“ segir hún.

Guðlaug grípur til myndlíkingar þegar hún útskýrir líðan fólks frá fjarlægum menningarheimum fyrst eftir komuna til landsins. „Þeim líður eins og þau séu í sundlaug þar sem þau synda í kafi fyrstu mánuðina af því að það er enginn sem skilur þau. Það er enginn sem getur byggt upp nýja málið og unnið með þeim annar en sá sem hefur vald á þeirra eigin máli,“ segir hún og telur móðurmálið og brúarsmíðina gefa kút og kork til að fleyta sér áfram þar til viðkomandi geti sleppt hjálpartækjunum.

Guðlaug er ósammála þeim sem telja móðurmálið flækjast fyrir íslenskunni. „Þetta er rangt. Sá sem hefur þessa skoðun er sér ekki meðvitaður um það hvernig þroski barnsins verður í gegnum móðurmál og máltöku þess. Máltaka barna hlýtur að vera grunnurinn að því hvernig nýja málið er byggt upp. Það er alfarið rangt að mínu mati að þau læri aldrei nýja málið. Reynslan sýnir að brúðarsmíðin skilar dýpri málskilningi.“

ghs@frettabladid.is

JÓLA-HUMAR
VERÐ FRÁ 1290KR/KG
ÞORLÁKMESSU SKATA,
HÖRPUDISKUR, TIGRISRÆKJUR
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is
FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

Leikskólar eru farnir að notast við uppeldistækni sem kallast könnunarleikurinn:

# Börnin uppgötvi hlutina sjálf

Í nokkrum leikskólum landsins er byrjað notast við hugmyndafræði sem kennd hefur verið við könnunarleikinn á íslensku, en á ensku kallast fræðin heuristic play with objects. Könnunarleikurinn gengur út að láta yngstu börnin á leikskólanum, sem eru á aldrinum eins til þriggja ára, leika sér óheft inni í lokuðu rými sem er fullt af óhefðbundnum efniviði sem Halldóra Guðmundsdóttir, deildarstjóri á leikskólanum Dvergasteini, segir að sé „fallegt orð yfir alls kyns drasl eins og dollur, keðjur og dót“.

Halldóra segir að í könnunarleiknum, sem notast hefur verið við að hluta til hér á landi frá árinu 2001, leiki börnin sér alveg frjáls með dótið og að leiðbeinandinn sem



**KÖNNUNARLEIKUR Í DVERGASTEINI** Börn í könnunarleiknum í leikskólanum Dvergasteini. Hann gengur út að þau kanni hlutina sjálf og uppgötvi hvernig þeir eru. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

gætir þeirra megi ekki skipta sér af þeim, en hann passi auðvitað upp á að þau slasi sig ekki. „Við fullorðna fólkið erum alltaf að skipta okkur af leik barnanna og banna þeim. Þetta má ekki í könnunarleiknum því það á að örva börnin til að gera hlutina sjálf,“ segir Halldóra og bætir því við að með þessari aðferð aukist hugmyndaflug barna, samvinna þeirra á milli, félagsfærni og rökhugsun.

Hugmyndafræðin að baki leiknum var sett fram í bókinni People under three eftir bresku uppeldisfræðingana Eleanor Goldschmied og Soniu Jackson og var verkefnið „Litlir vísindamenn í könnunarleik“ sem unnið var í sjö leikskólum í Reykjavík frá 2003 til 2004 byggt á þessari hugmyndafræði. - ifv



**BLÓMALAGA PÖNNUKAKA**
Bakstur og konfektgerð getur orðið leikur einn með mótum úr silikoni
HEIMILI 12



**HEILDARSVIPURINN FULLKOMNAÐUR**
Gott er að eiga góða kápu og fallegan fylgihlut
TÍSKA 10

# allt



## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA JÓLIN KOMA ]

**Kínverjar** fögnuðu nýlega tískuvikunni í Peking. Tískuspekúlantar segja Kína vera spennandi nýjung innan tísku og hönnunar svo það er vert að fylgjast með straumum sem senn koma úr austri.

**Jólaboðin** geta oft verið stór og varað langt fram á kvöld. Margir hafa tekið upp nýja siði og bjóða í morgun- eða hádegisverð í staðinn. Gjarnan eru þá bornir fram smáréttir, kjöt frá aðfangadegi, þykkar pönnukökur, brauð, ostar og jafnvel spænskir tapasréttir.

**Reykingar** verða ekki lengur leyfðar á veitinga- og skemmtistöðum frá 1. júní 2007 samkvæmt nýjum tóbaksvarnarlögum.



**Bókin** Saga jólanna, eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing, er stórskemmtileg gjöf sem kemur öllum í sannkallað hátíðaskap.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 21. desember, 355. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.26 | 15.30 |
| Akureyri | 11.38 | 13.10 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Esther í hlýrri og fallegri kápu sem hún keypti hjá Birnu á Skólavörðustíg. Almennt kýs Esther að kaupa sér vönduð föt því þau notar hún meira, auk þess sem þau endast lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Myndar tísku

***Svört föt, skærir litir, hönnunarvörur og flíkur með áprentuðum myndum höfða til Estherar.***

Esther Ýr Steinarsdóttir er ein fárra Íslendinga sem starfa við tískuljósmyndun. Vikulega birtast tískuþættir hennar á síðum Orðlauss, en hún segist alltaf hafa haft mjög gaman af tísku og því sem henni við kemur. Hún segist líka snemma hafa byrjað að sýna þessu áhuga en aðeins fjögurra ára gömul neitaði hún að fara út úr húsi án þess að vera í sokkum og peysu í stíl. Í dag er Esther aldrei í vafa um hvað höfðar til hennar og hvað ekki þegar kemur að fatavali. „Ég held að maður taki það sem hentar manni úr öllum áttum. Til dæmis get ég ekki nefnt neitt eitt tímabil sem höfðar mest til mín. Öll tímabilin hafa eitthvað skemmtilegt fram að færa, en ég viðurkenni samt að ég er mikið í svörtum fötum, skærum litum og fötum sem hafa einhvers konar áprentaðar myndir,“ segir Esther og rifjar um leið upp peysu sem hún tók ástfóstri við þegar hún var sex ára. „Þetta var alveg skærbleik bómullarpeysa með stórri áprentaðri mynd af Wham-drengjunum. Ég var hreinlega alltaf í þessari peysu. Fannst hún alveg geðveik,“ segir Esther og hlær. Esther segist kaupa fötin sín víða, en yfirleitt hefur hún gaman af því að fjárfesta í vönduðum flíkum og kaupir gjarna föt eftir íslenska hönnuði.

Kápan sem hún klæðist á myndinni er úr versluninni Birnu á Skólavörðustíg en Birna er íslenskur fatahönnuður sem opnaði sína fyrstu verslun í Reykjavík fyrir skömmu. „Þessi kápa kostaði eitthvað um tuttugu þúsund og það finnst mér í raun ekki mikið miðað við hvað ég er að fá. Þó að maður borgi stundum aðeins meira fyrir svona fatnað, þá er það kannski ekki svo dýrt þegar upp er staðið, því vandaðan fatnað notar maður alltaf meira og svo endist hann jú líka lengur.“ *mhg@frettabladid.is*

*Minningabrot Hjalta Þórarinssonar læknis*

**Brautryðjandi og læknir af Guðs náð**

*Athyglisverðar frásagnir af einstökum læknisverkum*

*Spaugsemi og leiftrandi hagmælska*




*Glefsur*
*Dreifing: Sími 663 1224*

**Tessa eikarhúsgögn á betra verði**



**Sjónvarpsskápur**
48x108x75 Kr. 49.000,-



**Sjónvarpsskápur**
48x158x58 Kr. 59.000,-



**Glerskápur**
48x108x150 Kr. 79.000,-
48x108x200 Kr. 99.000,-

Glerskápur ofan á skenk
154x110 Kr. 79.000,-



**Skenkur**
48x154x90 Kr. 79.000,-
48x200x90 Kr. 130.000,-



**Leðurstóll bicast**
Eikarfætur Kr. 15.900,-

Stækkanleg
*um 48 cm. við sinnhvorn endann*



**Borðstofuborð**
210x100x75 Kr. 99.000,-
200x90x75 Kr. 69.000,-
160x90x75 Kr. 59.000,-

**Tessa vörurnar eru dönsk hönnun úr gegnheilli olíuborinni eik og afhendast samsettar.**



**Sófaborð**
140x70x45 Kr. 39.000,-
110x65x43 Kr. 35.000,-
100x100x52 Kr. 39.000,-



**Lampaborð**
70x70x45 Kr. 29.000,-
55x55x43 Kr. 23.000,-

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Skemmtanahald** er mikið í bænum um þessar mundir. Ágæt regla er að taka til tjúttgallann í tíma og þá er lítið annað eftir en að smeygja sér í fötin áður en haldið er út. Betra en að róta öllu út úr skápnum svo allt endi í óreiðu.








Hvítt gaddabelti úr Elvis. Verð 2.400 kr.

Grátt leðurlakkrísbindi úr Spúútnik. Verð 900 kr.

Töff hermannajakki á stelpur. Rokk & Rósir. Verð 7.500 kr.

Svört skyrta með kraga frá Yves Saint Laurent. Elvis. Verð 3.900 kr.

Hauskúpuklútur úr Spúútnik. Verð 1.300 kr.

Svart naglalakk fyrir stráka og stelpur. Lyf & heilsa. Verð 294 kr.




# Tískugoðin Adam Ant og Cyndi Lauper

***Árið 1981 kom ungur maður að nafni Steve Strange inn á bresku klúbbsenuna og kynnti fyrir almenningi nýrómantíkurtískuna sem hafði áhrif á popplistarmenn á borð við Madonnu, Adam Ant og Cyndi Lauper.***

Strange varð síðan víðfrægur þegar hann stofnaði bandið Visage sem m.a. bjó til smellinn Fade to grey.

Blúnduhanskar, grifflur, svartur augnfarði, leðurjakkar og að blanda saman svörtum og rauðum litum var einkennandi fyrir nýrómantíkina. Á þessu tímabili þótti flott að sjá stráka málaða um augun og árið 1981 var nánast annar hver Breti með svartan augnfarða og svart naglalakk.

Hér verður reynt að endurvekja stemningu níunda áratugarins með fötum og fylgihlutum sem til eru í verslunum í Reykjavík.

*olihjortur@frettabladid.is*






Tigerbolur í anda níunda áratugarins. Spúútnik. Verð 5.400 kr.

Rauð axlabönd úr Spúútnik. Verð 1.900 kr.

Cyndi hefði fílað þetta. Ökklastígvél úr Spúútnik. Verð 7.900 kr.

Leðurpils með tigermunstri. Spúútnik. Verð 6.500 kr.

Blúndusokkabuxur úr Rokk & Rósum. Verð 4.900 kr.

Blúndugrifflur í anda Madonnu. Rokk & Rósir. Verð 1.900 kr.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Tvær þjóðir í landi tísku

Áður fyrr var oft talað um lélega eiginmenn sem læddust út á Þorláksmessukvöld til að kaupa jólagjöf handa eiginkonunni en enduðu ölvaðir niðri í bæ og börðust svo við timburmenn á aðfangadag í staðinn fyrir jólatréð.

Nákvæmlega sama gæti hæglega gerst hér í borg tískunnar þar sem hvert tískuhúsið keppist við annað um að gera betur við gesti og gangandi síðustu dagana fyrir jól. Alls staðar er boðið upp á kampavín og meðlæti og þeir sem þræða búðirnar eru stundum orðnir svolítið slagandi þegar líður á daginn. Þeir hafa það þó fram yfir Íslendingana að hjá flestum er vín á borðum með jólamatnum og því hægt að fá sér smá afréttara sem ekki er eins sjálfsagt á Íslandi þó breytt víntíska hafi kannski kallað á rauðvín með hamborgarhryggnum og villibráðinni. Hér hefjast jólin hins vegar með fordrykk fyrir matinn.

Þetta árið hittist svo á að aðfangadagur er á sunnudegi en hér í landi er venjulega allt opið í það minnsta til sex á aðfangadag. Hins vegar er þó yfirleitt lokað á sunnudögum fyrir utan nokkra sunnudaga í desember og meðan á útsölum stendur. Því er tvöföld ástæða til þess að hafa lokað í ár. Þetta hefur komið af stað mikilli umræðu um opnunartíma verslana. Sumar verslanir eru opnar en tískuhúsin eru öll lokuð enda búið að velja jólakjólinn fyrir löngu og jafnvel gera á honum breytingar ef þarf. Þær heppnustu hafa jafnvel keypt hann á einkaútsölu því vetrarútsölurnar hefjast hér 12. janúar og sum tískuhús eru nú þegar farin að bjóða góðum viðskiptavinum að versla á útsöluverði fyrirfram. Nokkuð sem er reyndar alveg kolólöglegt.

Hjá Prada var það heitt súkkulaði og ítalska jólabrauðið sem var á boðstólum fyrir viðskiptavini. Ekkert tískuhús er þó eins flott á því og Chanel í Cambon-götu þar sem þurfti boðskort á sunnudag til að komast inn. Þá stóð yfir jóla-brunch tískuhússins með kampavíni, foie gras, makkarónum frá La Durée og fleiru. Ísvél fyrir börnin og súkkulaði sem svo var hægt að þurrka í tíuþúsund evru kjóla. Tombóla með handtöskum og hver gestur leystur út með einni flösku af númer 5. Tískuhúsið skreytt með risastórum, gyltum jólakúlum og hvítt Haute couture-jólatré úr mússulíni í miðju þess. Gestum bauðst einnig að fylgjast með handgerðum útsaumi sem notaður er í hönnun Chanel, hvernig kamelíur eru handgerðar og hvernig skósmíðameistarinn Massaro vinnur hvert skópar í höndunum en fjörutíu stundir þarf í parið. Á meðan eru hér í landi börn sem fá aðeins súkkulaði til hátíðabrigða um jólin þar sem engin eru efnin til að halda jól.

Ég óska ykkur öllum gleði og friðar á jólum.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*











Gott vöruúrval er í Couture.

# Föt og fylgihlutir

***Í Couture fást skemmtileg föt og fylgihlutir.***

Couture á Laugavegi 86-94 er með gott úrval á vörum frá Guess, en þar eru kventöskur, -veski, -hattar og fleiri fylgihlutir fáanlegir í ýmsum litum og gerðum.

Í versluninni eru einnig á boðstólum fatnaður á konur og karla frá framleiðendum á borð við Pringle og Tommy Hilfiger en sá var nýlega valinn hönnuður ársins af tímariti GQ.

Þannig að karlpeningurinn ætti ekki að þurfa að sitja eftir með sárt ennið eftir heimsókn í Couture. *- rve*



Tommy Hilfiger peysa úr kasmír og silki 29.900. kr.



Tommy Hilfiger frakki 48.900 kr.



Pringle-vesti 11.900 kr.



Guess-taska (svört) 21.900 og hattur 4.900 kr.

Guess-taska (brún) 24.900 og belti 6.900. kr.




















Skosk háfjalladress sem hæfir hverjum þeim er vill til fjalla.


Hægt er að leigja viðhafnarklæðnað hjá Kormáki og Skildi.


Herramaðurinn finnur alla nauðsynlega aukahluti hjá Kormáki og Skildi. Allt frá ermahnöppum til raksetta.

# Allir eru spjátrungar inn við beinið

***Herramenn geta tekið gleði sína á ný því Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar hefur verið opnuð aftur.***

Kormákur og Skjöldur hafa komið sér vel fyrir, ásamt Þorláki Einarssyni verslunarstjóra, í kjallaranum á Kjörgarði á Laugavegi 59. Þar opnuðu þeir verslun sína í síðustu viku og bjóða nú upp á flest það sem sannur herramaður þarf á að halda. „Við erum með bæði ný föt og notuð,“ segir Skjöldur Geirharðsson. „Við keyptum upp heilan lager hjá bresku herrafataversluninni Woosters og fengum þar ekta breskar flíkur.“

Meðal þess sem hægt er að fá í versluninni eru hefðbundin jakkaföt, tweed-föt, jakkar og hattar. Einnig er hægt að fá sjaldgæfari hluti eins og pípuhatta, skotapils, hnébuxur og sokkana sem þeim fylgja. „Þó svo að markaðurinn sé ekki stór fyrir slík föt hérna þá held ég að hann sé stærri en margan grunar,“ segir Kormákur.

Formlegur kvöldklæðnaður er mikilvægur hverjum herramanni sem sýna vill ríkidæmi sitt. Þeir sem eru ekki tilbúnir að leggja út fyrir kjólfötum og pípuhatti geta leigt slíkan klæðnað hjá Kormáki og Skildi. „Vilji menn dressa sig upp eina kvöldstund getum við séð um það,“ segir Kormákur. „Hægt er að fá öll notuðu fötin leigð hjá okkur, allt eftir óskum hvers og eins.“


Hattar fyrir þá sem þora.

Það eru ekki margir sem eru til í að spígspora niður Laugaveginn í tweed-jakka og hnébuxum, eins og enskur aðalsmaður frá síðustu öld. „Hvað okkur varðar er ég viss um að við vorum enskir aðalsmenn í fyrra lífi,“ segir Kormákur og hlær. „Þetta er líka viss spjátrungsháttur og af honum eru allir hrifnir. Þeir sem segja annað eru bara feimnir. Það eru allir spjátrungar inn við beinið.“

*tryggvi@frettabladid.is*


Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar býður herraföt í úrvali. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Scarface er áhrifavaldur í tísku

***Fatalína Gwen Stefani undir áhrifum frá glæponamynd.***

Söngkonan Gwen Stefani hefur viðurkennt að kvenfatalína sem hún markaðssetti nýlega, sé undir sterkum áhrifum af klæðaburði leikkonunnar Michelle Pfeiffer í hlutverki mafíudúkkunnar Elviru Hancock, úr kvikmyndinni Scarface.

Sjálf hefur söngkonan mætt við opinberar athafnir íklædd fötum sem þykja óneitanlega draga dám af búningum Elviru auk þess að skarta svipaðri hárgreiðslu og hún, með sítt aflitað hár og pönnutopp.

Skiptar skoðanir eru á ágæti fatalínunnar og hafa sumir lýst áhyggjum yfir því að Stefani skuli leita í smiðju einnar ofbeldisfyllstu kvikmyndar sem framleidd hefur verið, þar sem fyrirmyndin sjálf er dofinn kókaínneytandi, sem virðist haldin sjálfstortímingarhvöt.

Hvað sem því líður er ljóst að Stefani ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þar sem sjálfur Giorgio Armani hannaði fötin í Scarface, sem ruddi meðal annars brautina fyrir velgengni hans og hafði áhrif á tísku síns tíma.

Þess má geta að Armani hefur sjálfur viðurkennt að hafa fengið hugmyndir að fötunum í Scarface úr kvikmyndaheiminum, svo Stefani verður líklegast seint sökuð um beinan hugmyndastuld.

*- rve*



Hér sést fyrirmyndin, sem þykir ekki vera upp á marga fiska, enda gerir hún vart annað en að neyta eiturlyfja í myndinni.

Söngkonan Gwen Stefani sést hér mæta ásamt kærastanum Gavin Rossdale á Amerísku tónlistarhátíðina sem haldin var í Shrine Auditorium í Los Angeles 21. nóvember síðastliðinn. Þótti henni svipa til persónunnar Elviru Hancock úr kvikmyndinni Scarface.





Armani hefur hannað föt á margar helstu kvikmyndastjörnur í heimi. Hér sést hann ásamt leikaranum Leonard DiCaprio.



Laufey er ungur og upprennandi fatahönnuður.

# Hver flík einstök

***Laufey Klementína Ingólfsdóttir hannar og saumar föt eftir óskum viðskiptavina.***

Laufey sérhæfir sig í þægilegum fatnaði sem bæði hefur klassískt og frumlegt yfirbragð. Hver einasta flík sem hún sendir frá sér er einstök og algjörlega gerð af henni.

Laufey er tiltölulega ný á tískusenunni og hingað til hafa viðskiptavinirnir verið úr innsta hring. „Þetta byrjaði með vinum mínum og kunningjum en svo hafa aðrir frétt af mér gegnum þá og þær flíkur sem ég hef hannað,“ segir Klementína. „Þetta er allt í startholunum enda ekki um stórviðskipti að ræða enn þá.“

Hægt er að setja sig í samband við Laufeyju í síma 661-0759 eða í gegnum tölvupóst á klementinan@hotmail.com. Myndir og nánari upplýsingar er einnig að finna á www.hugmot.is/klementinan.

*- tg*








20% afsláttur
í verslunum Hagkaupa
flottar neglur með
Fing'rs
naglasnyrtivörum
Fing'rs fæst í
Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.


Hlý Jólagjöf
Ullarjakkar
stærðir 36-42
Verð frá 9990
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

Handsmíðaðir herraskartgripir
frá Önnu Maríu

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.
Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.
Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.


Einar Árnason hefur svo gaman af Hugleiki Dagssyni að hann lét prenta brandarana hans á boli.

# Þetta móðgar engan

***Brandarar Hugleiks Dagssonar hafa sannarlega slegið í gegn en nú eru fáanlegir bolir með áprentuðum Hugleiks-skrýtlum.***

„Mér finnst Hugleikur svo fyndinn og það að prenta skrýtlurnar hans á boli er skemmtileg leið til að leyfa fleirum að hlæja að þeim," segir Einar Árnason kvikmyndatökumaður sem nýlega tók sig til og lét framleiða boli með áprentuðum skrýtlum eftir Hugleik Dagsson.

Einar og Hugleikur þekktust ekki áður en Einar réðist í verkefnið og hann segir það hafa tekið sig svolítinn tíma að sannfæra Hugleik um að hann væri ekki eitthvað skrýtinn. „Ég hringdi í hann og ræddi þessa hugmynd mína. Hugleikur hélt fyrst að ég væri eitthvað ruglaður en svo tókst mér, með hjálp sameiginlegra vina okkar, að sannfæra hann um að svo væri ekki. Svo gekk þetta bara eftir. Við hittumst og völdum þá brandara sem við vildum setja á bolina, hann valdi nokkra og ég sömuleiðis. Núna eru komnar sex myndir á boli en við eigum eftir að gera fleiri seinna."


Með ádeilu á barminum. Bolirnir eru fáanlegir í kven- og karlastærðum en hér sést samstarfskona Einars, Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir, stilla sér upp fyrir ljósmyndara.

Spurður að því hvort þeir hafi sérstaklega valið skrýtlur sem ekki eru bannaðar innan sextán segir Einar að það hafi ekki verið haft í huga „Mér finnst brandararnir hans hvorki vera móðgandi, né gera lítið úr neinum. Þetta eru frekar svona ádeilur sem vekja fólk til umhugsunar. Hann stingur á málefnum á borð við kynferðislega misnotkun, áfengissýki og fleiri vond fyrirbæri. Og miðað við hvað það eru fáir listamenn sem taka á þessum málum þá finnst mér þetta góð leið til að vekja athygli og fá mann til að hugsa svolítið öðruvísi um það sem er í gangi," segir Einar og rifjar um leið upp hvernig þolmörkin fyrir því sem má hlæja að, breytast með tímanum. „Í dag eru áttatíu ár síðan Charlie Chaplin var handtekinn fyrir að sparka í rassinn á löggu í stuttmynd. Við réttarhöldin sagði hann að fólk hefði mjög gott af því að sjá flæking sparka í löggurass, sem er alveg rétt. Fyrir tólf árum var svo Spaugstofan sektuð fyrir klám og guðlast, en ég efast um að það myndi gerast í dag ef þeir kæmu aftur með sama grín. Jón Gnarr olli miklum usla þegar hann var með barnaníðingsádeilu í gríni … en þróunin verður sú að svona á ekki eftir að móðga neinn eftir nokkur ár," segir þessi framtakssami kvikmyndatökumaður.

Bolurinn kostar um 2.000 krónur en þá má kaupa í versluninni Nexus á Hverfisgötu 103 og 12 tónum á Skólavörðustíg 15 og í gegnum tölvupóst á hugleiksbolir@gmail.com. *mhg@frettabladid.is*








# Beyoncé í flottasta kjólnum

***Tímaritið People leitaði álits hjá lesendum sínum á klæðaburði stjarnanna í nóvember.***



Halle Berry.

Ekki kemur á óvart að túrkísblár kjóll söng- og leikkonunnar Beyoncé Knowles skuli falla í kramið hjá meirihluta lesenda, eða hjá 82 prósentum, enda þykir hún yfirleitt smekkleg í fatavali.

Leikkonan Nicole Kidman, hlýtur einnig náð fyrir augum 75 prósenta gagnrýnenda, íklædd svörtum leðurjakka frá Balenciaga. Sömu sögu er að segja segja um Jennifer Lopes, en um 65 prósentum lesenda líkar Alberta Ferretti kjóllinn stutti sem hún birtist í á góðgerðarsamkomu í Beverly Hills.

Scarlett Johansson og Halle Berry rétt sleppa fyrir horn, sú fyrri með 59 prósent jákvæða kosningu en sú síðari með 60 prósent. Í dómnum um Berry eru vangaveltur yfir því hvort hún sé að votta Óskarsverðlaunastyttunni sinni virðingu með því að klæðast stuttum, gylltum kjól frá Elie Saab.

Athygli vekur að meirihluti lesenda er mótfallinn Marni-bol og Alexander McQueen-leðurpilsi leikkonunnar Söru Jessicu Parker, sem þykir sjaldan klikka í fatavali. Við nánari athugun er niðurstaðan kannski réttmæt.

Aðrar stjörnur sem þykja ekki hafa haft heppnina með sér í nóvember eru meðal annars leikkonan Sharon Stone, hótelerfinginn Paris Hilton og Bond-stúlkan Eva Green.

Hægt er að skoða klæðaburð stjarnanna betur inni á vefsíðunni www.people.com og kjósa sjálfur. *-rve*



Beyoncé Knowles.



Sarah Jessica Parker.



Paris Hilton.



Nicole Richie, til hægri, kemur fram ásamt vinkonu sinni Lindsay Lohan á tónlistarhátíð sem var haldin í Century Plaza Hotel 12. maí síðastliðinn.

## Richie rekur stílistann

***Nicole Richie tók dramatíska ákvörðun þegar hún rak stílista sinn í kjölfar áherslubreytinga.***

Nicole Richie, stjarna raunveruleiksjónvarpsþáttanna Simple Life, er nú í fréttum fyrir að hafa tekið þá afdrifaríku ákvörðun að reka stílistann sinn til lengri tíma, Rachel Zoe.

Samkvæmt bandaríska tímaritinu US Weekley er ástæða brottrekstursins talin liggja í þeirri ákvörðun Richie að hafa aðeins í kringum sig jákvætt og opinskátt fólk. Virðist Rachel Zoe ekki falla í þann flokk að áliti Richie.

Zoe hefur helst getið það sér til frægðar að klæða upp stjörnur á borð við Mischu Barton og Lindsay Lohan og hefur að sumra áliti átt sinn þátt í að ýta undir grannt, eða eins og sumir myndu kalla það, horað vaxtarlag. Hefur Richie einmitt verið gefið að sök að vera of grönn og því slæm fyrirmynd. Því renna menn í grun að með brottrekstrinum vilji stjarnan reyna að bæta ímynd sína.

Þess má geta að Richie var ekki lengi að ráða til sín nýjan stílista eftir að hún lét Zoe fjúka og var fyrsta verkefni hans að velja á hana fötin fyrir amerísku tónlistarverðlaunahátíðina. Ekki fylgir sögunni hvað hinn heppni eða sú heppna heitir. *- rve*



„Þér eruð salt jarðar“



Jólastólar fyrir stelpur og stráka



Stólajól fyrir stórt fólk:
Allt í plasti – Eames plaststóll



Bækur úr öllum hugsanlegum áttum
til að setja í hillur af handahófi



Postulínið frá Prag:
Klukka eða sparibaukur
í kostulegan smápakka




Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is



# Hönnun fyrir brjóstagjafartímabilið

***Sigrún Baldursdóttir fatahönnuður kom nýverið með fallega hönnunarlínu sem er fyrst og fremst fyrir brjóstagjafartímabilið. Peysurnar eru til þess gerðar að auðvelt sé fyrir konur að gefa brjóst, en hentar líka vel fyrir og eftir meðgöngu.***

„Vinkona mín sem var nýbúin að eiga barn var stanslaust í vandræðum með að gefa. Henni fannst óþægilegt að fletta upp um sig peysunni og hneppa alveg frá á kaffihúsum og þá fæddist þessi hugmynd,“ segir Sigrún. Hún á sjálf von á sínu fyrsta barni um áramótin og notar mikið eigin hönnun utan um fallega kúluna.

Fatnaðurinn er á boðstólum í nýopnaðri verslun Sigrúnar, sem ber heitið Lykkjufall, en einnig í nýopnaðri verslun hjá Hótel Sögu sem nefnist Gallerí. Á boðstólum hjá Lykkjufalli eru líka barnaleikföng, handunnar bækur, myndarammar, töskur og ýmsir aðrir fylgihlutir. Lykkjufall er í Garðastræti 2 og er opin frá kl.13.00–22.00 alla daga fram að jólum. Símanúmerið er 552-5622. *- rh*



Sigrún Baldursdóttir fatahönnuður ákvað að hanna fatnað fyrir brjóstagjafartímabilið sem einnig hentar fyrir, eftir og á meðgöngu.



# Húðflúrsmynstraðir kjólar og legghlífar

*Bóhemforeldrar finna réttu fötin á netinu.*

Nú hafa kúl og töff bóhemforeldrar enga afsökun fyrir því að láta sjá sig með barn á handleggnum sem ekki þykir flott til fara. Á netinu er að finna skemmtilega verslun sem sérhæfir sig í sölu barnafata af þeirri tegund er flokkast sannarlega undir kúl og töff.

Verslunin er á slóðinni http://www.jaminga.com og það er óhætt að fullyrða að þar ættu allir bóhemar að geta fundið eitthvað fallegt á litlu, sætu bóhembörnin. Marglitar legghlífar, strigaskór með hauskúpumynstri, litríkir kjólar með gamaldags húðflúrsmunstri, skreytingar á veggi barnaherbergisins sem minna á hönnun frá fyrri hluta síðustu aldar, meðgöngufatnaður, samfellur, teppi og margt fleira. Verðið er frekar hagstætt, en sem dæmi má nefna að strigaskór kosta 23 dollara, en það eru tæpar 1.600 krónur fyrir utan sendingarkostnaðar. *- mhg*












Botox verður sífellt vinsælla og aðgengilegra um heim allan.
NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

## Botox í kringlunni

***Nú er hægt að fá botox í fegrunarstofum í verslunarmiðstöðvum í Bandaríkjunum.***

Bandaríkjamenn eru fremstir meðal jafningja er kemur að notkun á botoxi. Nú er svo komið að í sumum fínni verslunarmiðstöðvum er hægt að koma við á fegrunarstofum og fá botox-meðferð.

Margir eru uggandi yfir þessari þróun enda botox ekki skaðlaust efni.

Hvað sem því líður eykst notkun þess stöðugt um leið og auðveldara verður að nálgast það. *- tg*



Girnilegt kögur á gömlum sófa. Þetta kögur gæti gert flottan kjól enn fínni.

## Kögrið kemur

***Kögur á ekki lengur heima bara á lömpum og sófasettum heldur hefur kögrið hafið innreið sína í vortískuna.***

Sumir vilja kenna danskeppnunum Dancing with the stars og So you think you can dance? um þessa kögurtísku en kögur passar auðvitað frábærlega á þyrlandi danskjóla.

Á tískusýningu hjá Victor og Rolf svifu atvinnudansarar um á milli fyrirsætanna á sýningarpallinum til að gefa glæsilegt og fágað yfirbragð. Kögrið þykir tælandi, þokkafullt og kvenlegt og leiðir hugann að glæstri fortíð. Sumir hönnuðir ganga lengra og hafa heilu flíkurnar úr kögri eins og Donna Karan. Tískumeðvitaðir geta nú farið að leita að kögri til að festa neðan á fötin sín og hver veit nema gamlir lampaskermar og sófasett gangi í endurnýjun lífdaga að hluta. *- bb*





Oasis. Kápa 17.990 krónur.

Noa Noa. Kápa 21.990 krónur.

Whistles. Kápa 24.990 krónur (17.497 krónur með 30% afslætti fram að jólum).

Next. Kápa 13.990 krónur.

Vero Moda. Kápa 19.900 krónur. Veski 7.990 krónur.



Sand. Hanskar 9.990 krónur.

Noa Noa. Hanskar 4.990 krónur.

Cosmo. Veski. 8.990 krónur.

# Heildarsvipurinn fullkomnaður fyrir jólin

***Gott er að eiga góða og fallega kápu um jólin og ekki er verra að eiga líka eitthvað sem passar vel við hana.***

Í verslunum má nú finna mikið úrval af fallegum kápum í öllum mögulegum litum. Góðar kápur koma sér alltaf vel á veturna og sérstaklega yfir jólin og áramótin þegar flestir fara í sitt fínasta púss.

Skemmtilegt getur verið að eiga einhvern fallegan fylgihlut sem fer vel við kápuna til þess að fullkomna heildarsvipinn. Ef erfiðlega gengur að finna fylgihluti í stíl er minnsta málið að biðja starfsfólk verslananna um aðstoð. Starfsfólkið hefur nefnilega betri yfirsýn yfir það sem er að finna í verslununum og er allt af vilja gert að aðstoða á allan hátt svo viðskiptavinirnir fari hinir ánægðustu út. *- eö*



Whistles. Stígvél 24.990 krónur.

Next. Veski 1.490 krónur.

Oasis. Húfa 1.990 krónur.






# Þjóðleg og nútímaleg batík

***Piala Seri Endon batík-tískuverðlaunaathöfnin var haldin í Kúala Lúmpúr á dögunum.***

Mörg falleg sköpunarverk litu dagsins ljós í þessari hönnunarkeppni sem snerist um hina þjóðlegu batíkhefð. Orðið batík er upprunnið úr tungumáli frá Indónesíu og Malasíu. Það vísar til aðferðar sem notuð er til að lita efni. Batík er mikið notað í Indlandi, Srí Lanka, Íran og Taílandi en er þó vinsælast í Indónesíu og Malasíu. Þess má geta að Jövubúar eru hvað frægastar fyrir batíklist sína.

Aðferðin við batíklitun er eftirfarandi: Bráðið vax er sett á efni áður en því er dýpt í lit. Á þeim stöðum þar sem efnið er gegndrepa af vaxinu verður enginn litur eftir. Stundum eru notaðir nokkrir litir þar sem notuð eru mörg stig af litun, þurrkun og vaxi.

Nokkrar aðferðir eru til við að bera vaxið á efnið. Oftast er það gert með verkfæri sem kallast tjanting-nál, en einnig er það borið á með bursta eða þá með nokkurs konar stimpli sem skorinn hefur verið út.

Eftir að efnið hefur verið litað í síðasta sinn er það hengt upp til þerris. Þar á eftir er því dýpt ofan í vökva sem leysir upp vaxið eða það er straujað milli tveggja pappírsstranga eða dagblaða sem draga í sig vaxið. Þá koma í ljós djúpir og fallegir litirnir sem einkenna batík.



Brúðkaup var þema þessarar hönnunar.



Hönnuðir þessa fatnaðar höfðu hafið að leiðarljósi.



Þetta batíkverk ber nafnið „Kelopok Agung Malaysia" og er eftir hönnuðinn Mohd Azhar Bin Samin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Engar fyrirsætur með líkamsþyngdarstuðul fyrir neðan 18,5. Myndin er tekin á tískuviku í Mílanó í byrjun árs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bransinn tekur sönsum

***Forsvarsmenn tískuvikunnar í Mílanó hafa látið undan þrýstingi og bannað of grannar fyrirsætur.***

Óhugnanlega horaðar fyrirsætur hafa lengi verið þyrnir í augum þeirra er berjast gegn átröskunum. Engum dylst að tískuiðnaðurinn er fullur af slæmum fyrirmyndum í þessum efnum, en á síðustu misserum hefur náðst góður árangur í að fá forsvarsmenn í tískubransanum til að viðurkenna þennan vanda og taka á honum.

Athygli vakti er of léttar fyrirsætur og fyrirsætur undir 16 ára aldri voru bannaðar á sýningarpöllum tískuvikunnar í Madrid í september. Í kjölfar dauða ungrar brasilískrar fyrirsætu, en hún lést úr lystarstoli, tilkynntu talsmenn tískuvikunnar í Sao Paulo að þeir myndu fara sömu leið og Spánverjarnir. Stærsti sigurinn kom hins vegar í vikunni er samkomulag náðist um þyngdar- og aldursreglur á tískuvikunni í Mílanó, sem fara mun fram í febrúar á næsta ári.

Samkomulagið bannar fyrirsætur undir 16 ára aldri og þær fyrirsætur sem ekki ná líkamsþyngdarstuðli upp á 18,5. Þetta þýðir að stúlka sem er 173 sentímetrar á hæð verður að vera 55,4 kíló vilji hún ganga upp og niður sýningarpallana í Mílanó. Enn fremur kallar samkomulagið á meiri fjölbreytni í stærð fatnaðar sem sýndur er. *- tg*

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



**Kertaskreytingar** þurfa sérstakrar aðgæslu. Ekki hafa logandi kerti þar sem enginn er. Betra er að slökkva og kveikja eftir þörfum til að minnka hættuna á eldsvoða.



ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500




Mót á pönnuna. Ormsson. 499 krónur.

Kökumót. Ormsson. 1.799 krónur.

Formkökumót. Ormsson. 1.399 krónur.

Formkökumót. Byggt og búið. 1.749 krónur.

Mót á pönnu. Ormsson. 499 krónur.

Súkkulaðimót. Ormsson. 590 krónur.

Formkökumót. Byggt og búið. 1.999 krónur.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Blómalaga pönnukaka

***Bakstur og konfektgerð getur orðið leikur einn með réttu mótunum.***

Form úr silíkoni eru það nýjasta í íslenskum eldhúsum og hafa orðið feikilega vinsæl á stuttum tíma. Ástæðan er sú að mótin þykja einstaklega þægileg í notkun þar sem auðvelt er að ná öllu úr þeim. Silíkonmótin fást í ýmsum stærðum og gerðum og má nota á margvíslegan hátt. Til eru mót fyrir kökur, konfekt, ísmola og meira að segja mót sem hægt er að setja á pönnu til þess að móta spæld egg eða pönnukökur. Og hver vill ekki fá spælt egg í morgunmat sem er í laginu eins og kjúklingur?

*- eö*



Kökumót. Húsasmiðjan. 655 krónur.


Vatnsrúm



Jólatilboð
Verð nú 245.000
Verð áður 345.000
Takmarkað magn

Vatnsrúmin eru komin aftur flottari og betri, þetta er það besta á markaðinum í dag þú átt það skilið að láta þér líða vel í rúminu. Vaknar út hvíld/ur og tekur brosandi á við daginn .

15 ára ábyrgð það gerist ekki betra

Vatnsrúm ehf. www.4you.is
Kársnesbraut 114 • sími 564 2030 - 690 2020

Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp
- Alltaf á vakt
- Slekkur eldinn strax
- Fullkomlega öruggt
- Fæst í verslunum um land allt

H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is

F·PROT antivirus



Íslensk veiruvörn
F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) fyrir allar tölvur heimilisins kr 4.900,-
á www.frisk.is.

FRIDRIK Skúlason ehf
Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

# Heimili fyrir skóna

***Skórnir okkar þurfa líka að hafa sinn samastað á heimilinu.***

Þeir leynast víða skófíklarnir sem eiga ógrynni af skópörum sem flæða úr skápum og skúffum. Góð skóhirsla kemur að góðum notum þegar kemur að því að skipuleggja í svefnherberginu og forstofunni. Slíkar hirslur bæði vernda skóna ásamt því að gera þrif auðveldari. Hægt er að fá ýmsar gerðir af skóhirslum og því ættu allir að geta fundið þá hirslu sem hentar þeirra smekk sem best.

Munið bara að skoða úrvalið vel og jafnvel kaupa eina hirslu umfram svo hægt sé að bæta fleiri skóm í sams konar hirslur þegar fram líða stundir.

*- jóa*



Linnan skóhirsla úr Ikea. Verð krónur 1.890.



Clear box skókassarnir eru bráðsniðugir. Þeir eru glærir svo auðvelt er að sjá hvaða skór eru í hverjum kassa. Þeim má stafla hver ofan á annan. Kassarnir fást líka í mörgum stærðum, fyrir flatbotna skó eða mishá stígvél. Finna má nánari upplýsingar á www.theclearbox.is.



Trones skóskápur úr Ikea 3.490 krónur.



Falleg skóhirsla úr hnotu. Einingunum er raðað hverri ofan á aðra sem er hægt að snúa. Verð krónur 5.700. Fæst í Habitat.



Skóhirsla úr Línunni. Fæst bæði í hnotuvið og eik. Hirslurnar eru á verðinu 6.600 til 9.600 króna.



Skójárn úr Ikea. Verð 95 krónur.

## Eldvarnarhátíðin mest

BRUNAR ERU ALDREI ALGENGARI EN UM JÓLIN

Kertaskreytingar og rafmagnsglingur á jólum gerir hættuna á bruna mun meiri en ella. Ekki er hægt að brýna nóg fyrir fólki að fara varlega og fullvissa sig um að slokknað sé á öllum glóðum og þeim rafmagnsskreytingum sem einhver hætta er á að kviknað geti í. Einnig er gott að fara yfir slökkvitækin á heimilinu því þó það sé mikið að gera verður meira að gera ef kviknar í húsinu þínu. Ekki taka áhættu með hluti sem eru ómissandi.

*-tg*



Passið jólaskreytingarnar og munið að slökkva áður en lagst er til hvílu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


INNRÖMMUM MYNDINA ÞÍNA FYRIR JÓLIN



KOMDU OG KÍKTU Á ÚRVALIÐ HJÁ OKKUR

TILBÚNIR RAMMAR • ÍSLENSK MYNDLIST

RAMMA MIÐSTÖÐIN

Síðumúla 34 • sími 533 3331



Sú fullkomnasta...

þitt eigið Kaffihús

Saeco Kaffivélar

15 gerðir verð frá kr. 39.800 stgr



Þú lagar alla uppáhalds kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafélatte og cappuccino, nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá!

Þú velur vatnshita, kaffimagn, mölun og aðrar stillingar



VIENNA deluxe | Fjölbreytt úrval bolla og fylgihluta | Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi | Bragðefni frá Fabbri

JÓLAGJÖF FJÖLSKYLDUNNAR!

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum

www.ef.is

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

DIVA rauðvínsglös
Tilboðsverð 6 glös: 4.980 kr.



Villeroy & Boch
Kringlunni / Sími: 5331919



Þessi fallegu kerti eru tilvalin í mesta skammdeginu.

Þessir skemmtilega skrítnu karlar virðast njóta vinsælda um þessar mundir.

Eva Katrín Guðmundsdóttir og eigandinn Lára Magnea Davíðsdóttir hafa í nógu að snúast fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

# Gjafavara og hárgreiðsla undir sama þaki

***Í Evítu að Starmýri 2 er hægt að fá jólaklippinguna og -gjafirnar á einum og sama stað.***

„Þetta fyrirkomulag, að blanda saman hárgreiðslustofu og gjafavöruverslun er tiltölulega nýtt fyrirbrigði hérlendis en þekkist víða úti í heimi," segir Lára Magnea Davíðsdóttir, sem rekur Evítu ásamt eiginmanni sínum Arinbirni Sigurgeirssyni.

„Við hjónin vorum búin að reka hárgreiðslustofu í nokkur ár og seldum einhverja gjafavöru meðfram því, en þegar rakari sem var hjá mér hætti færðum við stofuna einfaldlega inn fyrir og bjuggum til gott búðarpláss," útskýrir Lára og bætir við að þetta fyrirkomulag bjóði upp á ýmsa möguleika. Til dæmis sé hægt að drepa tímann á meðan maður bíður með strípur eða lit í hárinu og skoða vöruúrvalið.

Ekki er skortur á vörum í Evítu, en þær eru danskar og mætti flokka sem gjafavöru, velflestar í ódýrari kantinum. Mikið er um skreytingar, box, lampa, kerti, kertastjaka, ljósakrónur, og luktir, sem ættu að koma að góðum notum í öllu skammdeginu ásamt því að setja fallegan svip á heimilið.

Lára, sem er hágreiðslumeistari, hleypur sjálf í afgreiðslustörfin ásamt starfsfólki sínu en fær til sín afgreiðslustúlku þegar mest er að gera, eins og um jólin. Segir hún þetta skipulag gagnast vel auk þess sem viðskiptavinirnir fari heim ánægðir með að hafa fengið klippingu og gert góð kaup á einum og sama staðnum.

Aðspurð segir Lára staðsetningu rekstursins, sem er inni í miðju íbúðahverfi, ekki draga úr aðsókninni eins og sumir gætu talið, meðal annars þar sem löng hefð sé fyrir verslunarrekstri í húsnæðinu.

„Hér var verslunin Víðir rekin á sínum tíma ásamt bakaríi við hliðina," útskýrir Lára. „Nú stendur hárgreiðslustofan ein eftir og hefur verið rekin samfleytt í 44 ár, þótt eigenda- og nafnaskipti hafi verið nokkur á þeim tíma. Sjálf hef ég verið með hárgreiðslustofuna Evítu síðastliðin fimmtán ár í hverfinu en rak hana áður í tíu ár uppi í Breiðholti. Starfsemin fór hér rólega af stað, en hefur spurst út og nú hef ég í nógu að snúast alla daga."

*roald@frettabladid.is*



Speglar, handklæði, klukkur og krukkur eru meðal þess sem versla má í Evítu.



Hægt er að fá klippingu og kaupa vandaða gjafavöru í Evítu. Hér sést Eva að störfum.



Vörurnar eru frá Danmörku og flestar í ódýrari kantinum.

Samasem



Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.

Mikið úrval af körfum og glervösum.

samasem@samasem.is
Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500



20-65% AFSLÁTTUR

JÓLATILBOÐ
Á HÆGINDASTÓLUM MEÐ NUDDI



55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is



## JÓLAÁRDEGISVERÐUR

*Sólveig Jónsdóttir gefur góðar uppskriftir að léttum mat um jólin*

SJÁ BLS. 2



## HEIMUR JÓLATRJÁNNA

*Nú er kominn tími til að skreyta hús með greinum grænum*

SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM JÓLAHALD – FIMMTUDAGUR 21. DESEMBER 2006 ]

# Íslensk jól



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## EFNISYFIRLIT


PLÖTUSALAN

*Góð sala á íslenskri tónlist*

BLS. 2



BÍÓMYNDAJÓL

*Jonas Moody furðar sig á íslenskum jólahlaðborðum*

BLS. 4



KAFFITÁR Í JÓLAÖSINNI

*Jólakaffið veitir orku* BLS. 4



ENGIN JÓL ERU EINS

*Inga Eydal undirbýr jólin*

BLS. 10



OPNUM Í DAG

NÝ SNERTILAUS BÍLAÞVOTTASTÖÐ

AÐ BÆJARLIND 18 Í KÓPAVOGI HÖFUM VIÐ OPNAÐ FIMMTU ÞVOTTASTÖÐINA OKKAR.

Nýja snertilausa bílaþvottastöðin er við ÓB-bensínstöðina og er opin allan sólarhringinn.




LÖÐUR

miðstöð bílaunnenda

sími 544 4540 | www.lodur.is



# Léttur jólaárdegisverður

Asinn getur oft verið mikill á aðfangadag og gleyma sumir jafnvel að borða. Ekki er ráðlagt að sleppa máltíðum og þá er ekki úr vegi að fá sér þægilegan árdegisverð.

Fréttablaðið ákvað að leita til Sólveigar Jónsdóttur, blaðakonu á Bistro, til þess að útbúa léttar uppskriftir fyrir jólaárdegisverð. „Sá tími sem núna fer í hönd einkennist yfirleitt af þungum og miklum mat sem veldur því að margir eru hálfpartinn eftir sig þegar hversdagsleikinn tekur svo aftur við. Þess vegna er um að gera að byrja hátíðina með notalegum málsverði sem tekur litla stund að útbúa,“ segir Sólveig brött.

Sólveig segist sjálf ekkert vera mikil jólamanneskja. Henni þykir samt stemningin í kringum jólamatseldina skemmtileg. „Ég vil líka hvetja fólk til þess að slaka á hefðum og prófa nýja hluti. Þá er aldrei að vita nema að fólk finni eitthvað enn þá betra,“ bætir Sólveig við. Sjálf ætlar hún að elda lambafillet fyrir fjölskylduna á aðfangadag enda mikill aðdáandi lambakjötsins. „Svo ætla ég að reyna troða þeirri hefð inn að hafa jólagraut.“ Jólamöndlugrautur er einmitt afar hefðbundinn árdegisverður á aðfangadag en Sólveig ákvað þó að koma með örlítið meira framandi uppskriftir handa lesendum Fréttablaðsins. Alls kyns útfærslur og smávægilegar breytingar á uppskriftunum eru síðan meira en sjálfsagðar til að réttirnir falli sem flestum í geð að sögn Sólveigar. „Fallegur ávaxtabakki með ferskum, niðurskornum ávöxtum, nýbakað brauð og gott álegg setur svo punktinn yfir i-ið á hinum fullkomna jólaárdegisverði,“ skýtur Sólveig brosandi inn í að lokum. *- sha*



Sólveig Jónsdóttir, blaðamaður á vín- og matarblaðinu Bistro, lumar á gómsætum árdegisverði fyrir jólahátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EGGJABRAUÐ MEÐ PARMASKINKU OG RJÓMAOSTI
*fyrir 4*

8 brauðsneiðar
4 msk. rjómaostur
4 sneiðar parmaskinka
50 g pekanhnetur, saxaðar
4 egg
salt og svartur pipar
1 msk. smjör

*Byrjaðu á því að smyrja brauðsneiðarnar með rjómaostinum áður en þú leggur þær saman með parmaskinkusneið og pekanhnetum. Sláðu eggin í sundur í skál og kryddaðu með smá salti og nýmöluðum pipar. Veltu samlokunum upp úr eggjablöndunni. Steiktu þær í smjörinu á meðalheitri pönnu á hvorri hlið þar til þær eru orðnar ljósbrúnar, berðu þær fram strax.*

MORGUNVERÐARPÖNNUKÖKUR MEÐ GRANATEPLUM OG BLÁBERJUM

4 ½ dl hveiti
3 tsk. lyftiduft
2 dl sykur
2 egg
2 ½ dl mjólk
2 msk. smjör
1 granatepli
100 g bláber
hlynsíróp, magn stjórnast af löngun

*Sigtaðu hveiti og lyftiduft saman, bættu sykrinum við. Blandaðu eggjum og mjólk saman við, hrærðu þar til deigið er kekkjalaust. Steiktu pönnukökurnar í dálitlu smjöri á meðalheitri pönnu þar til þær eru ljósbrúnar. Staflaðu þeim upp og dreifðu granateplafræjum og bláberjum yfir áður en þú hellir hlynsírópinu yfir.*

BAKA MEÐ REYKTUM LAXI
*fyrir 8*

BÖKUBOTN:

75 g smjör
150 g hveiti
½ dós sýrður rjómi með graslauk og lauk
½ tsk. salt
½ tsk. þurrkað oregano

*Blandaðu öllu vel saman og þrýstu á botninn og með hliðunum á smurðu smelluformi. Pikkaðu í bökubotninn á nokkrum stöðum með gaffli áður en þú setur fyllinguna í. w*

FYLLING:

100 g reyktur lax, skorinn í bita
50 g sveppir, skornir í sneiðar
2 tómatar, skornir í sneiðar
150 g rifinn ostur
2 egg
1 dl rjómi
svartur pipar

*Hitaðu ofninn í 200 gráður. Settu laxabitana, sveppi, tómata og rifinn ost á bökubotninn. Hrærðu egg og rjóma vel saman og kryddaðu með svörtum pipar. Helltu eggjablöndunni ofan á botninn og bakaðu bökuna í um 40 mínútur áður en þú berð hana fram með fersku salati og góðu brauði.*

# Salan minnkar en neyslan eykst

Íslensk plötuútgáfa er gróskumikil, sérstaklega ef miðað er við höfðatölu. Plötusala hefur þó breyst mikið síðustu ár og erfitt að sjá fyrir hvernig þróunin á eftir að verða.

„Eftir nokkur metár í röð þori ég næstum að fullyrða að árið í ár verði ekki metár í útgáfu á íslenskri tónlist,“ segir Eiðar Arnarson, útgáfustjóri íslenskrar tónlistar hjá Senu. Hann segir samt sem áður að íslensk plötuútgáfa hafi ekkert endilega náð jafnvægi og að margt geti breyst. Eiður tekur undir að þróunin í sölu á tónlist undanfarið er einfaldlega þannig að allt hefur legið niður á við, allavega hvað varðar almenna plötusölu, og nefnir sem dæmi að sala á erlendri tónlist hafi minnkað nokkuð á þessu ári.



Sala á íslenskri tónlist hefur samt sem áður staðið í stað og jafnvel bætt örlítið við sig. „Hlutföllin hafa verið að snúast við. Ekki eru nema um fimm ár síðan hlutföllin voru um 60 prósent erlent og 40 prósent íslenskt. Í dag myndi ég halda að þetta væri akkúrat öfugt,“ segir Eiður. „Netið hefur gríðarleg áhrif og það bitnar mest á erlendu tónlistinni. Ég held líka einfaldlega að íslenskir tónlistarmenn standi okkur nær og við höfum aðeins meiri móral yfir því að sækja þeirra tónlist ókeypis á netinu.“

Eiður óttast að útgáfan haldi áfram á sömu nótum og hún er núna en vonar að svo verði ekki. „Auðvitað væri maður til í að sjá kjarna aðdáendahóps tónlistar aðeins taka betur við sér í að kaupa tónlist. Vegna þess að að sama skapi og salan hefur minnkað hefur neyslan aukist til muna.“ Jafnframt segir Eiður að erfitt sé að finna lausn á vandamáli plötuútgefenda en telur að útgáfan gæti farið að snúast meira um myndmiðilinn, samanber útgáfa á DVD-diskum. „Ég held að menn geti samt alls ekki kvartað og það er mjög magnað hvað sala á íslenskri tónlist hefur haldist vel.“ *- sha*



Eiður Arnarson hjá Senu segir að hérlendis sé selt meira af íslenskri tónlist en erlendri og að varla sé hægt að kvarta yfir magni íslenskrar tónlistar á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Áhugaverðast

| VINSÆLASTA TÓNLISTIN | STERKUSTU NÝJUNGARNAR |
|---|---|
| Baggalútur | Skakkamanage |
| Sálin & Gospel | Lay Low |
| Ragnheiður Gröndal | Siggi Pálma |
| Björgvin Halldórsson | Reykjavík! |
| Elísabet Eyþórsdóttir | Toggi |





LANCÔME PARIS
HELENA RUBINSTEIN
BIOTHERM
Dior
YVES SAINT LAURENT
CHANEL
GUERLAIN PARIS
CLINIQUE
ESTĒE LAUDER
ORIGINS
LA MER
NIVEA BEAUTÉ
Elizabeth Arden
MAXFACTOR
the make-up of make-up artists
L'ORÉAL PARIS
Dr.Hauschka
GOTT FÓLK McCANN
Nýtt
Mundu eftir jólagjafahandbók Lyf & heilsu!
JÓLIN 2006
Þú getur nálgast jólagjafahandbókina á www.lyfogheilsa.is
Jólagjafir fyrir alla
Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa jólagjafirnar í ár.
Mikið úrval af gjafakössum.
Lyf & heilsa
Kringlunni











Jonas Moody er alinn upp í Bandaríkjunum og þekkir vel muninn á íslenskum og bandarískum jólum. Hann er hins vegar ennþá að átta sig á fyrirkomulagi íslensku jólasveinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Jól úr bandarískri bíómynd

Jonas Moody er alinn upp í Montana-ríki í Bandaríkjunum og hefur búið á Íslandi í fjögur ár. Hann segir jólahlaðborð Íslendinga fullmikið af því góða.

„Jólaundirbúningurinn er frekar ólíkur í Bandaríkjunum því þar eru svo margar hátíðir á undan jólunum og það er ekki hægt að byrja á jólaundirbúningnum fyrr en þakkargjörðarhátíðin er búin í lok nóvember,“ segir Jonas Moody, þýðandi hjá KB banka. „Á Íslandi byrjar allt strax í október, þegar hrekkjavakan er haldin í Bandaríkjunum, og búðirnar setja þá fram jóladót og byrja að auglýsa. Þetta yrði ekki liðið úti, fólki myndi ekki finnast vera kominn tími fyrir jólin.“

Íslendingar hafa flestir ákveðna mynd í huga þegar kemur að bandarískum jólum, mynd af stórbrotnum útiskreytingum og sönghópum sem ganga hús úr húsi og syngja jólalög. „Þetta er svolítið eins og í bíómynd og fólk leggur mikið upp úr því að skreyta húsin að utan. Það er alveg samkeppni og fólk gerir mikið af því að keyra eða ganga um hverfið og skoða hvað aðrir að gera,“ segir Jonas. „Skrautið er aðallega úti í Bandaríkjunum en á Íslandi skreytir fólk miklu meira inni. Húsin hér eru kannski frekar illa skreytt að utan en það er allt önnur saga þegar maður kemur inn. Ég held að það sé af því að Íslendingar eru miklu meira inni yfir jólin, út af veðrinu og svoleiðis. Hér skiptir samveran með fjölskyldunni miklu máli. Fólk drekkur saman kaffi, spilar og þess háttar. Mamma mín býr í Texas núna og þar er frekar heitt þannig að fólk hittist mikið úti. Það snjóaði í Montana um daginn en þar er sama viðhorf og hér, frábært að hafa snjó fyrsta daginn en ekki mikið lengur en það.“

Jonasi finnst íslenskur jólamatur mjög góður en frekar þungmeltur. Honum finnst þó öllu megi ofgera og að jólamatur í heilan mánuð sé full mikið af því góða. „Ég er búinn að fara á fimm jólahlaðborð! Fólk borðar í Bandaríkjunum líka en það er einn dagur, hérna fara allir á næstum þúsund jólahlaðborð vikurnar fyrir jólin og síðan í ræktina til að geta borðað eitthvað á jólunum sjálfum.“

Það er þó fleira sem er öðruvísi hérna á Íslandi, til dæmis eru önnur trúarbrögð en kristni mun útbreiddari og því miklu fjölbreyttari hátíðahöld um jólin. „Fólk er yfirleitt hætt að segja „gleðileg jól“ og segir frekar „gleðilega hátíð,“ eða eitthvað slíkt til að segja ekkert rangt við þá sem halda ekki jól,“ segir Jonas og bætir við að honum finnist gott að njóta jólanna hér með jólalögum og jólasveinum. „Ég skil samt ekki alveg hvernig þetta virkar með jólasveinana á Íslandi ennþá.“ *- hhh*

# Jólakaffi með gjafainnkaupum

Kaffi og kaka hafa löngum gagnast landsmönnum vel við endurnýjun orkunnar.

Á komandi dögum eiga allflestir höfuðborgarbúar eftir að leggja leið sína í miðborgina til að kaupa jólagjafir. Flakk á milli búða og vangaveltur um hvað vinir og ættingjar óska sér, krefst töluverðrar orku, bæði andlegrar og líkamlegrar. Því er gott að geta brugðið sér á kaffihús til að endurnýja sig og hvíla hugann um stund.

Sum kaffihúsin eru með jólamatseðil og önnur bjóða upp á jólakaffi sem er sérstaklega lagað til að auðga andann í jólaösinni. Hvert sem þú ákveður að fara, þá er um að gera að muna að hvíla sig á milli tarna, því annars gæti farið svo að fólk eyði um efni fram og fari offari í innkaupunum.


Girnilegt gómsæti á kaffihúsinu 10 dropar við Laugaveg. Cappucino-bolli á 310 krónur og eplastykki með rjóma á 490 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Hressing frá Kaffitári. Jóladrykkur að nafni Kryddaður desember sem inniheldur lítinn espresso, hálft skot af appelsínusírópi, hálfa appelsínusneið, einn þriðja skot af chai sírópi og freydda g-mjólk. Skreytt með muldum kanil. 410 krónur glasið. Sneið af heilsusamlegri heilsutertu sem inniheldur meðal annars hnetur og spelt. 500 krónur sneiðin.


Bókakaffið í Eymundsson við Austurstræti býður meðal annars upp á sanna súkkulaðiköku sem bráðnar á tungunni ásamt heitum bolla af aðventukaffi sem inniheldur bæði súkkulaði og kanilkeim. Súkkulaðikakan kostar 390 krónur en aðventukaffið kostar 380 krónur. Einnig er hægt að fá aðventukakó á 380 krónur og aðventute á 320 krónur. Nammi namm.




Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni
sem fylgir hækkandi sól.

Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og sendum bestu óskir um gleðileg jól og heillarríkt komandi ár

Getur þú hugsað þér skammdegið án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS

# Skreytum hús með greinum grænum

Nú þegar aðeins örfáir dagar eru til jóla eru margir farnir að huga að jólatrénu sem prýða á stofuna um hátíðarnar. Flestir halda í hefðir þegar kemur að vali á þessum góða heimilisgesti og velja þá trjátegund sem er í mestu uppáhaldi. Hins vegar er ekki úr vegi að kynna fyrir lesendum heim jólatrjánna, sögu þeirra og uppruna. Kannski verður það til þess að einhverjir taki upp nýja hefð þetta árið og fái sér splunkunýjan grænan gest í jólastofuna þetta árið.

## Heimur og saga jólatrésins

Uppruni þeirrar hefðar Vesturlandabúa að skreyta grenitré á jólunum er nokkuð á reiki. Ýmsir telja að hefðin sé komin frá norrænum heiðingjum, samanber ask Yggdrasils. Rómverjar skreyttu líka hús sín með greni í kringum áramót. Jólatré nútímans kom þó fram í Þýskalandi og nágrannalöndum á 17. öld. Skreytt tré tengdust líka ákveðnum hefðum víða í Evrópa og Lettar stæra sig af því að í höfuðborg Lettlands, Ríga, var þegar farið að setja upp skreytt nýárstré árið 1510. Í byrjun 19. aldar voru skreytt jólatré orðin að fastri hefð í hluta Rínarlanda og sú hefð varð síðan að tískufyrirbrigði hjá hefðarfólki, bæði í Rússlandi, Prússlandi og seinna í Bretlandi.

Um 1850 má hins vegar segja að jólatrén hafi fyrst slegið almennilega í gegn, þá sérstaklega í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn eiga það líka til að ýkja hluti all verulega upp og þar er jólatréð engin undantekning. Þar í landi er mikil hefð fyrir því að skreyta jólatré og helst að hafa þau eins stór og hægt er. Margar borgir þar í landi vilja líka eigna sér heiðurinn af fyrsta eiginlega jólatrénu og þá aðallega í fylkjum Nýja-Englands.

Víða eru haldnar hátíðir í tengslum við ákveðin bæjarjólatré, líkt og þegar ljósin eru tendruð á Austurvelli ár hvert. Það jólatré er gjöf frá Ósló en Norðmenn gefa fleiri borgum jólatré. Þeir gefa til dæmis Lundúnaborg sitt jólatré sem sett er upp á Trafalgar-torgi. Newcastle fær einnig sitt jólatré frá Noregi, nánar tiltekið frá Björgvin.

Ástæðan fyrir því að við skreytum grenitré en ekki einhverja aðra trjátegund er þó líklegast einfaldari en margan grunar. Flestir telja að ástæðan liggi í þeirri einföldu staðreynd að grenitré eru græn á þessum tíma ársins á meðan lauftré eru í vetrardvala. Jólatréshefðin hefur þó breyst mikið í markaðshyggjunni undanfarin ár. Alls konar jólatré eru nú fáanleg og í fyrra voru meira að segja tré á hvolfi vinsæl. Sögðu kaupmenn að ein af ástæðunum fyrir vinsældunum væri sú að þannig væri hægt að koma stærri jólagjöfum fyrir. Jólatréshefðin er hins vegar skemmtileg og alveg einstaklega sjarmerandi og á örugglega eftir að haldast lengi.

*(Heimildir: Vísindavefurinn og Wikipedia) - sha*



Að skreyta jólatré er sjarmerandi hefð sem líklega má rekja til heiðni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Íslensku jólatrén sækja í sig veðrið

Jólatré eru ekki bara jólatré eins og allir ættu reyndar að vita. Hjá Blómavali, einni stærstu jólatréssölu landsins, eru þrjár tegundir til sölu, þar af tvær frá Íslandi en hin er frá Danmörku. Dönsku trén eru lang vinsælust en það er hinn þekkti Normannsþinur en um 80 til 90 prósent af seldum trjám hjá Blómavali eru af þeirri gerð, að sögn Bjarna Ásgeirssonar, yfirmanns jólatréssölunnar hjá Blómavali. „Ætli Normannsþinurinn sé ekki vinsælastur af því hann er barrheldinn og þekktur að gæðum,“ útskýrir Bjarni. „Stafafura og rauðgreni eru síðan hin íslensku jólatré sem til sölu eru en framboðið af þeim er því miður ekki nógu mikið ennþá.“ Bjarni telur hins vegar að framboðið eigi eftir að aukast á næstu árum. Hin íslensku jólatré gætu því tekið við af þeim dönsku ef fram heldur sem horfir.



Stafafura er íslenskt jólatré en vinsældir hennar hafa



Hinn danski Normannsþinur er án efa þekktasta tegund jólatrjáa hérlendis en trén eru innflutt frá Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Framboðið á íslenskum jólatrjám hefur ekki verið mikið en það stendur til bóta. Þá verður rauðgreni eins og þetta mun algengari sjón.

## Gervitré eru líka tré

Gervijólatré eru til af ýmsum stærðum og gerðum. Hjá Garðheimum er hægt að finna mikið úrval en Emil Húni Bjarnason, sölumaður þar á bæ, segir vissara að velja gæði fram yfir verð. „Fólk vill fá gott tré sem endist í nokkur ár og þau mega heldur ekki vera of plastpokaleg,“ útskýrir Emil. Fólk er því hvatt til þess að skoða tré á nokkrum stöðum áður en það ákveður sig. Trén eru öll mismunandi að gæðum og ef fólk ætlar að fá sér tré sem það hyggst nota aftur og aftur er betra að vanda valið.



Gervijólatré með hæsta gæðastimpilinn, framleidd úr gúmmíi. Hafa hvítt yfirbragð og líta mjög raunverulega út.



Sæt jólatré með ljósleiðara sem sýnir margbreytileg ljós og er skemmtileg tilbreyting í skammdeginu.



Vinsælasta gervijólatré, hið svokalllaða ameríska jólatré. Grænt og venjulegt, er til í ýmsum stærðum, frá 60 sentimetrum upp í heila 215 sentimetra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Langt og mjótt gervijólatré fyrir þá sem vilja skera sig örlítið úr.

# Eftirminnanleg jólagjöf frá

# Tivoli Audio™



WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

reddot design award winner 2006

1/2 af 5 mögulegum playlist





## TIVOLI AUDIO
### MODEL ONE ÚTVARP

Einstakur móttakari
Frábær hljómgæði
Frábær hönnun
Afar einfalt í notkun
Hefur fengið bestu meðmæli
í hönnunar-og fagtímaritum






## TIVOLI AUDIO PAL
### VEÐRAÞOLIÐ FERÐAÚTVARP

Útvarp í hæsta gæðaflokki
með hleðslutæki
Ómissandi á ströndina,
í sumarbústaðinn,ferðalagið,
í garðinn, á veröndina og
svalirnar... eða bara heima!




## TIVOLI AUDIO
### SongBook ÚTVARP

Stereóútvarp í hæsta gæðaflokki
með 5 stöðva minni
Vekjararklukka með svefnrofa
240V / 12V - Rafhlöður AA 6 stk.
innbyggt hleðslutæki
Hleðslurafhlöður fáanlegar

www.hljomsyn.com

www.tivoliaudio.is

HLJÓMSÝN

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010

tivoliaudio@tivoliaudio.is - hljomsyn@hljomsyn.com

KORTER.IS







## Íslensk jól eru ...



... jólahlaðborð hverja helgi
... flöktandi útikerti
... kortaviðskipti á Þorláksmessu
... gleymdir jólapakkar á börum
Reykjavíkur eftir lokun á Þorláksmessu
... hlaupandi eiginmenn korter fyrir lokun í Kringlunni
... kirkjuklukkur sem hringja úti um allan bæ
... jólakveðjulestur Ríkisútvarpsins
... jólamessa á jóladag
... jólaboð annan í jólum
... spilakvöld með vinum
... að skipta gjöfum milli jóla og nýárs
... sami jólamaturinn þrjá daga í röð
... hangandi haus yfir koníaki um miðnætti á aðfangadag
... útvarpsþulurinn á RÚV sem segir „útvarp Reykjavík, gleðileg jól.“






## Skyndiskreyting



Nú þegar jólin eru handan hornsins byrja margir að hlaupa um sem hauslausar hænur í tilraun til að gera jólin fullkomin.

Ekki þarf þó að fara yfir um í fullkomnunaráráttunni enda má ekki gleyma því að jólin eiga að vera friðarstund. Í stað þess að eyða síðustu dögunum fyrir jól á hlaupum er best að einfalda hlutina og eiga þá stund fyrir sjálfan sig í kjölfarið.

Ef svo stendur á að heimilið er ekki enn skreytt er alveg óþarfi að tapa sér í stressinu. Auðvelt er að fleygja upp jólaskrauti á engum tíma svo heimilið ljómi af hátíðleika. Byrjið á því að tína til öll kerti sem til eru á heimilinu og raðið þeim fallega upp til að búa til hátíðlega lýsingu. Einnig er nóg að velja tvo til þrjú horn á heimilinu sem eru gerð sérlega jólaleg, þá þarf ekki að dreifa skrautinu um allt hús sem tekur lengri tíma.



Ekkert vera að bisa við að negla upp seríur eða líma meðfram gluggakarminum. Nóg er að leggja ljósaseríuna snyrtilega í gluggakistuna. Einnig má setja ljósaseríur í skál í bland með gömlu jólaskrauti, perlum eða öðru sem glitrar svo fallega birta myndist. Notið svo rauða eða hvíta dúka sem víðast og setjið fallegt skraut á borðið með.

Stundum er fallegasta skrautið einfaldlega ljúf og góð birta.

*- jóa*




ARMANI / CASA

**gjafavöru**deild
full af **jóla**pökkum

TONON



ROLF
BENZ










# **ný** sending af borðstofu**borðum** frá **Rolf Benz** og **Tonon**

opið alla daga

Fákafen 9
108 Reykjavík
Sími: 568 2866
www.exo.is

exó

**Reykjavík - Oslo**


Konunglegt desembertilboð
Jensen rúmin eru þekkt um heim allan fyrir að vera í hæsta gæðaflokki. Það má jafnvel segja að þau hafi fengið konunglega gæðavottun því að í öllum svefnherbergjum norsku konungsfjölskyldunnar eru Jensen rúm. Sömu sögu er að segja um hið rómaða fimm stjörnu hönnunarhótel, Skt. Petri Hotel, í Kaupmannahöfn sem er með Jensen rúm á öllum herbergjum.
Heima býður viðskiptavinum sínum konunglegt tilboð í desember því þá verður 25% afsláttur af öllum sérpöntuðum Jensen rúmum.
JENSEN®
Höfum opnað stærri verslun með enn fjölbreyttara úrvali af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að
Síðumúla 30
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

# Fáanlegur í takmarkaðan tíma



Grand Prix er hannaður í sama anda og Sjöan og Maurinn. Hann fæst aðeins með stálfótum í dag.



Grand Prix-stóll Arne Jacobsen endurvakinn.

***Grand Prix-stóll Arne Jacobsens hefur verið endurvakinn og verður fáanlegur til loka febrúar. Hann fæst í Epal.***

Aðdáendur góðrar, klassískrar hönnunar geta glaðst því Grand Prix-stóll Arne Jacobsens er kominn aftur í takmarkaðan tíma. Stóllinn hefur ekki verið framleiddur í nokkur ár en verður nú á markaði í nokkrar vikur vegna mikillar eftirspurnar.

Eins og í öðrum stólum Arne Jacobsens er mjög þægilegt að sitja í Grand Prix og ekki er hann síður þægilegur fyrir augað. Fyrst þegar hann kom á markað hét hann módel 3130. Hann var kynntur á elleftu La Triennale di Milano sýningunni árið 1957. Þá vann hann Grand Prix verðlaunin og hélt því nafni upp frá því.

Á sjötta áratugnum hannaði hinn þekkti danski arkitekt Arne Jacobsen línu af stólum sem síðan hafa öðlast heimsfrægð fyrir formfegurð og notagildi og orðið sígildir. Fyrsti stóllinn var Maurinn, hannaður 1952, þá kom Sjöan 1955 og Eggið í kjölfarið. Svanurinn bættist við 1958, sérstaklega hannaður fyrir SAS Royal hótelið í Kaupmannahöfn en Arne Jacobsen var arkitekt þess.

Á milli þess sem Sjöan kom fram og SAS Royal hótelið var opnað, leit Grand Prix-stóllinn dagsins ljós. Hann var hannaður í sama anda og Sjöan og Maurinn, hafði einstaka lögun og var upphaflega bæði fáanlegur með viðar- og stálfótum, en er aðeins með stálfótum í dag.

Fritz Hansen fyrirtækið hætti framleiðslu á Grand Prix-stólnum 1995 en vegna aukinnar eftirspurnar á alþjóðlegum markaði var ákveðið að endurvekja hann og verður hann fáanlegur til loka febrúar 2007.

## Sótthreinsun }



Örbylgjuofninn getur nýst vvel við sótthreinsun á svömpum.

Í einum svampi getur leynst mikill bakteríugróður og því gott að sótthreinsa svampana reglulega. Best er að byrja á því að þvo svampinn vel. Meðan hann er enn blautur er honum stungið í örbylgjuna og hitaður vel. Þegar gufur byrja að streyma upp úr svampinum eru bakteríurnar dauðar. Þá skal taka svampinn aftur úr örbylgjuofninum en þó varlega þar sem hann kemur til með að verða sjóðandi heitur. Síðan er svampurinn þveginn á nýjan leik áður en hann er notaður á ný. Munið að ekki er hægt að setja þá svampa sem hafa í sér málm í örbylgjuofninn.



# Jólaserían á góðan stað

***Seríum má hæglega rúlla á garðslöngukefli.***

Hvað eiga garðslanga og jólasería sameiginlegt? Ekki ýkja margt að því er virðist, annað en að seríuna má vefja utam keflið sem fylgir garðslöngunni og hún er yfirleitt vafin utan um þegar hún er ekki notkun. Með því að vefja seríuna utan um keflið þegar hún er tekin niður eftir jólin, minnka líkur á að maður eyði heillöngum tíma í að greiða úr flækju um næstu jól. Auk þess er ólíklegra að pera brotni í hamaganginum sem kann að skapast. *-rve*



# Rýmingarsala

*Rýmum fyrir nýjum vörum, mikill afsláttur, allt að 70%, öll gjafavara með 20% afslætti*







local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is



allt auglýsingasími
550 5880





Paula



Mary



Hermes



Barbara

SÓFASETT

Mikið úrval

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU EHF.




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Jólablómin

Þegar allt er fínt og skreytt heima hjá okkur á jólunum eru jólablómin punkturinn yfir I-ið. En jólunum fylgir líka stuttir dagar með takmarkaðri dagsbirtu – og ylur frá tugum kertaljósa. Þessi skilyrði eru ekki alveg það sem fellur lifandi blómum best. Blómin, líka þau afskornu, eru lifandi verur sem þurfa sólarljós og ferskt loft til að þrífast vel. Það er samt óþarfi að láta tillitsemina við blómin aftra sér frá því að njóta þeirrar híbýlaprýði sem þau skapa okkur. Ef við bara gætum að nokkrum atriðum, svo sem því hvar við komum þeim fyrir eða hvernig við sjáum þeim fyrir birtu og vatni, þá gengur allt bara bærilega og blómunum reiðir furðu vel af. Blómvendirnir standa þá út sinn eðlilega tíma og pottaplönturnar láta sér fátt um finnast þótt þær verði kannski ekki alveg eins áberandi í skammdeginu, innan um allt jólaskrautið.

**Pottaplönturnar í skammdeginu**
Umhirðan ætti að vera í meginatriðum fólgin í því að koma þeim fyrir á eins björtum stað og hægt er að finna. Til dæmis í eða við björtustu gluggana þar sem þær verða ekki fyrir eða taka upp pláss sem við vildum heldur nota til annars. Stór stofutré eða pálma er samt best að láta standa kyrr á sínum stað árið um kring. Ef upphitaður gróðurskáli er fyrir hendi er sjálfsagt að láta hann fóstra pottaplönturnar þennan árstíma, en þá þarf hitinn þar að haldast vel yfir 10°C. Í skammdeginu er best að vökva pottaplönturar sem minnst, sjá bara til að mold og plöntur skrælni ekki, og sleppa því að gefa áburðarvatn. Vorið hjá pottplöntunum almennt hefst svo upp úr miðjum febrúar. Þá má umpotta, snyrta og setja þær aftur á sinn stað.

**Jólapottaplönturnar – skammlífar eins og jólatréð**
Þær pottaplöntur sem við fáum inn til okkar um jólaleytið, s.s. jólastjörnu og nóvemberkaktus, jafnvel stundum jólabegóníu, alpafjólu og alparós látum við standa eins bjart og við getum og vökvum þær hóflega með ögn volgu vatni. Þegar þær fara að láta á sjá eru þær venjulega látnar fara sömu leið og jólatréð. Skreytingar með jólahýasintum eða öðrum laukjurtum „á lauk“ og rökum mosa í skálum eða pottum endast venjulega í viku til tíu daga inni í íveruhúsnæði, en það er má lengja þennan tíma, sé hægt að láta þær standa á köldum, en frostlausum, stað þar sem þær sjást vel eða a.m.k. hafa þær á köldum stað á næturnar. Ekkert þýðir að reyna að rækta laukana áfram eftir blómgun. Þarna hafa þeir gert sitt og eiga enga aðra framtíð en að fara á safnhauginn.

**Jólablómvendirnir**
Í stórum dráttum skiptast blómvendir í tvo hópa. Í blóm með trénuðum stönglum annars vegar og blóm með mjúkum stilkum hins vegar. Fyrri flokkinn fylla rósir og allar plöntur með hörðum greinum. Stilka þessara blóma þarf að skáskera og stinga endunum eitt örskots-andartak í sjóðandi vatn áður en þau eru sett í vendi og síðan fara þau í hreina vasa með snarpheitu vatni sem blómanæringu hefur verið bætt út í. Fyllt er á með blómanæringarvatni eftir þörfum en ekki skipt um. Í síðari flokknum eru svo allar laukjurtir svo sem túlipanar, hýasintur og liljur. Þarna er látið duga að stýfa neðan af stilkunum með hvössu hnífsblaði og blómin svo sett í hreint, kalt vatn sem bara er látið ná svo sem fjóra til fimm sentimetra upp á stönglana. Laukjurtir hafa þann eiginleika að „vaxa í vasanum“ þ.e. stilkarnir lengjast. Þess vegna er skorið neðan af þeim af og til um leið og skipt er um vatn. Skipta þarf um vatnið daglega. Þegar um blandaða vendi er að ræða er best að fara eftir ráðgjöfinni um fyrri flokkinn en nota bara volgt vatn. Blómvendir endast betur ef þeir eru ekki látnir standa nærri hitagjöfum eins og lömpum, ofnum eða kertaljósum. Margir hafa líka fyrir því að setja blómvendi á svalari stað yfir nóttina til að lengja endingu þeirra.

**Blómaskreytingar í óasis**
Samsettar blómaskreytingar eru oftast gerðar í skálar sem hafa verið fylltar með blautu frauði, s.k. „óasis“, sem heldur blómunum kyrrum og miðlar þeim vatni. Þarna þarf ekkert að gera nema að sjá til þess að frauðið haldist blautt allan tímann sem skreytingin endist. Venjulega gera blómaskreytarnir litla V-laga rauf í frauðið þar sem auðvelt er að komast að því. Í þessa rauf er vökvað varlega af og til. Þægilegast er að nota til þess könnu með mjóum stút.



# Svona gerum við er við skúrum okkar gólf

*Gólfin okkar eru undir miklu álagi og því er nauðsyn að meðhöndla þau með virðingu.*

Öll gólf þarf að ryksuga reglulega, allt frá einu sinni á dag og upp í einu sinni í viku. Með því að þrífa upp daglegt ryk og rusl jafnóðum verður auðveldara að moppa og bóna. Ef þú hefur ekki tíma til að ryksuga dugar líka að rykmoppa Næsta skref fer svo eftir því hvernig gólfið er.



Viðargólf og parkett á að bóna einu sinni til tvisvar á ári og skúra þess á milli til að viðhalda gljáanum. Ekki ætti að blautmoppa bónuð trégólf þar sem bónið er ekki vatnsþétt og vökvi gæti valdið skaða. Ef hellist niður á gólfið þurrkið það þá strax upp með klút og nuddið gólfið svo með þurrum mjúkum klút. Gólfdúka á að bóna innan tveggja sólarhringa frá því að þeir eru lagðir á gólfið og síðan á hálfs árs fresti. Hafið bónlagið mjög þunnt og dreifið með löngum strokum. Opnið gluggana og látið þorna. Moppið gólfið með rökum eða blautum klút eftir því hversu óhreinindin eru mikil.

Almennt gildir það að vera góður við gólfin sín. Þegar hlutir eru færðir úr stað á alltaf að lyfta þeim upp en ekki draga neitt eftir gófinu. Ef um þunga hluti er að ræða skal setja mottu undir og þá má draga hlutina til. Setjið filttappa eða aðra hlíf undir stól- og borðfætur og passið að þar safnist ekki fyrir sandur eða annað sem getur rispað gólfið.

Og þá verða gólfin þín þér til mikillar gleði um ókomin ár.



Verum góð við gólfin



Mál að vakna!

# Gullslegnir skrautgripir

*Litfagrar leirstyttur og bjöllur, skreyttar skíra gulli fást meðal annars í vefverslun-inni www.eldbera.is*

„Allir munirnir eru gerðir af listamönnum í Úrugúvæ," segir María Sigmundsdóttir hjá Eldberu sem flytur stytturnar inn. Þær eru úr keramiki, handskornar og handmálaðar og að sögn Maríu er mikil kúnst á bak við litagerðina sjálfa. Síðan er 18 karata gylling í skreytingunum. María segir tvo bræður, spánska að uppruna hafa stofnað fyrirtækið Rinconada í Úrugúvæ árið 1972. Það stendur á bak við stytturnar sem eru mjög fjölbreyttar að gerð og stærð og kosta hér á landi frá 2.900 krónum. Sum stærstu dýrin eru gerð í takmörkuðu upplagi.

Sölustaðir eru Tékk kristall, Rammagerðin í Leifsstöð og Valrós á Akureyri og svo vefurinn www.eldbera.is



Indverski fíllinn.



Mjaaá.



Pandabjörn.



Fagurt fljóð.





Halla gengur fallega frá hverjum hlut í handgerðar umbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byrjaði í bókbandi og gekk svo glerinu á hönd

***Undir vinalegri súð í Þingholtunum situr Þórhalla Guðnadóttir og býr til listmuni úr gleri, silfurþræði og grjóti.***

Hún er kölluð Halla. Slípivél og lóðbolti eru verkfærin sem hún notar við iðju sína en vakandi hugur og virkar hendur stjórna. Halla kveðst hafa lært aðferðina við glerið í félagsmiðstöð eldri borgara á Vitatorgi og lýkur miklu lofsorði á kennarana þar. „Það eru frábærir kennarar á Vitatorgi. Ég byrjaði á að læra bókband, svo fór ég í glerið. Það eru svona fimm ár síðan,“ rifjar hún upp.

Halla vill greinilega vera sjálfbjarga í sinni listsköpun því hún keypti sér fljótlega græjur til gleriðjunnar og bjó til nýtt snið af englum og tínir sjálf steina í englahöfuð og aðra muni. Suma þeirra sækir hún vestur á Djúpalónssand. Sömuleiðis handgerir hún umbúðir utan um hvern hlut áður en hún lætur hann frá sér. Býr til öskjur og umslög úr pappa og klæðir með marglitum pappír sem hún ýmist málar eða „marmorerar“ í bókbandinu.

Vasaspegla gerir hún með íslenskum jurtum á baki og saumar fína poka utanum þá sem lokast með frönskum rennilás. Allt einkar haganlegt. Spurð hvar hún selji þessa muni sína svarar hún brosandi. „Það eru engir sölustaðir. Þetta fréttist manna á milli en mest er til gjafa og gert mér til gamans.“

Þórhalla er alin upp að Krossi í Landeyjum og kveðst eiga ljúfar minningar þaðan. En hvað skyldi hún helst hafa haft fyrir stafni um dagana? „Ég hef nú fengist við sitt af hverju, eins og títt er um konur úr sveit sem ekki gátu farið í skóla. Reyndar komst ég í handíðaskólann þegar ég var nítján ára og lærði svolítið í myndlist. Það hefur notast mér við ýmislegt sem ég hef gert og verið góð undirstaða.“ *gun@frettabladid.is*



Það fylgir friður englunum hennar Höllu sem hún gerir í ýmsum litum.



Við slípivélina.



Steini skreyttur stjaki fyrir sprittkerti.



Stjakarnir eru hver með sínu móti.



Vasaspegill með hvítmuru úr íslenskum móa.

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

í dag og á morgun
frá kl. 12-18

opið laugardag
frá kl. 11-22

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
GÓLFLAMPAR



2495-
GÓLFLAMPI
Litir: Gylltur og kopar

3995-
GÓLFLAMPI, TVÖFALDUR
Litir: Kopar, gylltur og stál

OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888



[ **Jólin** eru næstum því komin. Gleðjum kroppinn og gefum honum kræsingar og góðgæti. Allir þurfa sín verðlaun fyrir vel unnið verk. ]



Rebekka Allwood, heldur á Stefáni Mána Vígnissyni, Guðrún Ragnars, situr með Ásgeir Lýðsson, og Bernharður Jökull Hlöðversson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börnin hvílast vel í hlýlegu umhverfi Rjóðursins

***Rjóðrið er hlýlegt nafn á hvíldarheimili fyrir langveik börn. Þar er Guðrún Ragnars barnahjúkrunarfræðingur í forsvari.***

Rjóðrið stendur á fallegum stað á gamla Kópavogstúninu næstum niður við voginn. Í vistlegri stofu með stórri dýnu og litríkum húsgögnum eru nokkrir starfsmenn og gestir. Þar er strákur í tölvuleik og við stórt borð er spilaður Ólsen Ólsen. Guðrún forstöðukona situr þar líka við skriftir en stendur upp og veitir blaðamanni fúslega upplýsingar um starfsemina.

„Þetta heimili er ætlað börnum með langvinna sjúkdóma sem búa heima og hér dvelja þau í stuttan tíma í senn. Við tökum við börnum af öllu landinu frá 0 til 18 ára og oftast eru átta til tíu börn í einu.“

Guðrún segir Rjóðrið hafa verið sett á fót fyrir fé úr Velferðarsjóði barna en Landspítalinn sjái um rekstur og læknisþjónustu. Það var opnað í apríl 2004, ekki síst fyrir atbeina Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Guðrún kveðst hafa starfað við heimahjúkrun langveikra barna áður og þekkt fjölskyldur sem höfðu mikla þörf fyrir svona hvíldarinnlögn. „Starfið fór frekar rólega af stað en í dag er ásóknin mikil og um 60 börn dvelja hjá okkur með vissu millibili. Börn utan af landi eru oft 10-14 daga í einu, önnur allt frá þremur sólarhringum og þessi minnstu einn til tvo daga í einu. Við reynum að fara eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins,“ lýsir hún. En hvernig skyldi námi vera hagað hjá dvalargestum á skólaaldri? „Þau börn sem búa í Reykjavík og nágrenni fara yfirleitt í sína skóla og eru þá keyrð á milli en börn utan af landi fara í skólann uppi á barnaspítala.“

Nú er jólahátíðin framundan og þá verða öll börn heima að sögn Guðrúnar en svo verður Rjóðrið opnað strax aftur. „Við höfum opið um áramótin og alla aðra daga ársins en á jólum.“ *gun@frettabladid.is*



## Lyf eiga ekki að fara í ruslið

LYF OG HEILSA TEKUR VIÐ ÚTRUNNUM LYFJUM

Útruninn lyf eiga alls ekki að fara í ruslatunnuna. Þau geta haft áhrif úti í náttúrunni ef þeim er hent í ruslið, sérstaklega sýklalyf og hormónalyf og því þarf að farga þeim á viðeigandi hátt. Margir taka til fyrir jólin og henda ónotuðum lyfjum úr skápum og hillum, en hægt er að fara með þau í Lyf & heilsu. Endurvinnslustöð Sorpu tekur ekki við lyfjum.

allt
bílar
Alla laugardaga

Miklu meira en fiskiolía
Omega 3-6-9


BIOSYM
EPA-GLA fæst hjá:
Aftur til náttúru
Yggdrasil.
Dreifingaraðili, S.L.I ehf., Sími: 866 9512

SÓSAN OKKAR ER ÓMISSANDI MEÐ ÞORLÁKSMESSUSKÖTUNNI
WWW.SIMNET.IS/HOLLUSTAURHAFINU


HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is



## Lýðheilsa

ARNDÍS AUÐUR SIGMARSDÓTTIR
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

# Sóri er ekki smitandi

Psoriasis, sem á íslensku kallast sóri, er talsvert algengur húðsjúkdómur sem lýsir sér oftast sem tímabundnar rauðar hreisturskellur víðs vegar um líkamann. Sóri er ónæmis-miðlaður sjúkdómur sem hefur áhrif á frumur í húðinni, sérstaklega frumur í ysta lagi húðarinnar, hornlaginu. Venjulega ríkir jafnvægisástand í hornlagi húðarinnar þar sem frumur deyja og falla af sem húðflögur og nýjar verða til en í sóra verður röskun á þessu jafnvægi. Í röskuninni felst að ónæmiskerfið örvar frumuskiptingar í hornlaginu þannig að mun fleiri frumur verða til en þær sem deyja. Frumurnar hlaðast því upp og úr verður þykkt lag af hornfrumum sem við köllum hreistur. Þessari örvun frumuskiptinga stjórna ákveðnar hvítfrumur ónæmiskerfisins, svokallaðar T-frumur, sem gefa frá sér frumuboða sem örva hornfrumur til skiptinga. Hvítfrumurnar gefa einnig frá sér fleiri tegundir af frumuboðum sem mynda bólgu undir hreisturlaginu og gefur það einkennandi rauðan lit í sóra-skellum.

Til eru nokkrar tegundir af sóra. Eins og áður sagði er algengasta birtingarmynd sjúkdómsins rauðar hreisturskellur og kallast sú tegund skellusóri. Öllu óalgengari eru bólu-sóri, graftarmyndandi-sóri og gigtar-sóri. Sjúkdómurinn hefur mjög áberandi birtingarmynd sem ýtir undir neikvætt viðhorf almennings og hræðslu við að sjúkdómurinn sé smitandi. Þessi fullyrðing er hins vegar alröng því sóri er alls ekki smitandi og í raun er þetta sjúkdómur þar sem flókið samspil erfða og umhverfis ræður för. Enn er á huldu hvernig þessu samspili er háttað og einnig hvaða erfða- og umhverfisþættir eru sökudólgarnir. Umfangsmiklar rannsóknir leitast við að skýra þetta samspil og reynist aðferðarfræði ónæmisfræðinnar mjög mikilvæg í þessu efni. Á ónæmisfræðideild Landspítalans er einmitt unnið að framsæknum og áhugaverðum rannsóknum á meingerð sóra. Fundist hafa ákveðnar arfgerðir sem eru algengari meðal sóra-sjúklinga og hefur sóri verið tengdur við ýmsa umhverfisþætti svo sem hálssýkingar af völdum streptokokka-baktería, líkamsþyngd, streitu, reykingar, áfengisneyslu og viss lyf.




Þar sem ekki er nægilega mikið vitað um orsakir sjúkdómsins er ekki til bein lækning við honum en hægt er að halda honum í skefjum, til dæmis með lyfjum sem bæla ónæmiskerfið og ljósabaðsmeðferðum. Baðmeðferð í Bláa lóninu hefur einnig reynst ágætlega enda hefur verið reist meðferðarstöð fyrir sóra-sjúklinga við lónið. Ekki má gleyma að mikilvægt er fyrir manneskju með sóra að þekkja eigin líkama og læra að lifa með sjúkdómnum en í því sambandi má minna á að kjörþyngd og reykleysi draga úr sýnd sjúkdómsins.

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*

Líður þér ekki vel?
Finnurðu fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

SLENDERTONE

Ný tæki - Léttari greiðslur
Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

**Þrír** dagar eru enn til jóla. Það er bannað að kíkja í pakkana eða smakka á jólamatnum. Nú reynir á þolinmæðina.




allt matur
Alla föstudaga

# Jólin hefjast á baði

***Jólabaðið er upphaf jólanna hjá mörgum.***

Eftir allt jólastressið í margar vikur er jólabaðið á aðfangadag upphaf helgihaldsins hjá mörgum enda bráðnauðsynlegt að skrúbba af sér ytra áreiti og laða fram hinn innri frið með ilmandi kertaljósum, ljúfri tónlist og löðrandi vatni. Glugga kannski í eitthvað jólalegt lestrarefni sem enginn tími vannst til að lesa í erli jólaundirbúningsins og almennt bara eiga gæðastund með sjálfum sér. Auðvitað er heitt vatn og sápa nóg til að gera gott bað en svo má alltaf dekra við sig með því að lauma eins og einni baðkúlu í vatnið. Það sem bíður þegar upp úr baðinu er stigið er ekki síður mikilvægt, að stíga á mjúka baðmottu og þerra sig með hreinu handklæði er hreinn unaður og smeygja sér svo í slopp úr einhverju efni sem gælir við hörundið. Og þá mega alveg koma jól.



Aðfangabaðið er upphaf jólanna hjá sumum.






Bleikar baðvörur eru róandi. Þessi litli poki er frá La Senza og fullur af indælis dekurdóti.



Engum verður kalt þó hann stígi upp úr baðinu inn í mjúkan hlýjan jólaslopp frá La Senza.



Jólarauður silkisloppur frá La Senza gælir við nýbaðað hörund.



Jólabúðingsbaðkúla gerir mann sætan.

Fjölskyldu spilið
Nýtt 2006 útgáfa
Trivial Pursuit™
GENUS-ÚTGÁFA
-hið sígilda spurningaspil um almenna þekkingu með 2400 nýjum spurningum
STÓRA TRIVIAL ÁSKORUNIN
Taktu þátt og þú gætir unnið nýtt Trivial Pursuit™ Genus í spennandi leik á www.leikco.is
Vinningshafar verða dregnir út á Bylgjunni. Nánari upplýsingar um vinningshafa eru veittar á www.leikco.is
Vinsælasta fróðleiksspilið í heiminum
2400 nýjar spurningar






## Mín skoðun

**JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS**

## Kominn með nóg af ruglinu og farinn til Kaliforníu

Djísess hvæst! Hvað er að gerast hérna? Grenjandi rigning og jólin á næsta leiti. Maður vogar sér ekki einu sinni út. Ég er innlyksa hér í rigningunni og get ekki með nokkru móti sinnt mínu starfi. Húsmóðir mín var búin að lofa mér vænni flís af feitum sauð, rjóma og rækjum ef ég skyldi ná inn að minnsta kosti tíu krökkum á dag sem ekki fá ný jólaföt, en ég meika ekki að fara út. Það er beljandi ausandi rigning og það í svartasta skammdeginu. Hver hefur heyrt um kött sem kann vel við að blotna? Ekki ég. Allavega ekki á Íslandi.

Ofan í þetta allt saman er ég að verða þunglyndur líka. Skammdegið og stressið í mannskepnunum veldur því að mér líður eins og þunglyndum búddamunki sem situr í auga stormsins og horfir á úteyga og taugaveiklaða Íslendinga þjóta í kringum sig á innkaupa-, jólakorta-, rauðkáls- og orabauna-spani.

Kannski að maður hætti þessu rugli bara?

Ég ætti að segja starfi mínu lausu. Hoppa um borð í næsta skip og halda til einhvers lands þar sem fólk stressast ekki svona í kringum jól. Kannski Taílands eða Spánar...já, eða jafnvel Bandaríkjanna? Kalifornía hefur alltaf heillað mig. Rólegir og sjarmerandi þessir hippar. Þá þyrfti ég heldur ekki að búa með þessu félagsmálapakki uppi á fjöllum. Tvífráskilin Grýla, ofvirkir synir og þessi leiðinlegi Leppalúði hennar. Já... svei mér þá. Ég held að ég sé kominn með þetta! Hvar finnur maður lista yfir ferðir fragtskipa? Ég ætla að segja upp. Ég er farinn! Blezzzz...

## Á jóladöfinni

### 21. DESEMBER



Baggalútur við Austurvöll.

Dómkórinn heldur jólatónleika í Dómkirkjunni í kvöld kl. 22.00. Þar gefst tilvalið tækifæri að slaka á eftir jólaverslunina og láta kórinn koma sér í jólaskap. Á efnisskrá eru mótettur gömlu meistaranna frá 16. og 17. öld og jólasálmar í fallegum útsetningum. Sesselja Kristjánsdóttir syngur einsöng og aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

Jólatónleikar Baggalúts hefjast á Café Oliver kl.21.30

Camerarctica leikur kammertónlist eftir Mozart og fleiri við kertaljós í Kópavogskirkju í kvöld og hefjast tónleikarnir kl. 21.00

Á dimmri nóttu, aðventuvaka Önnu Sigríðar Helgadóttur söngkonu og Aðalheiðar Þorsteinsdóttur píanóleikara verður í Fríkirkjunni í Reykjavík á lengsta kvöldi ársins. Tónleikarnir hefjast klukkan níu.



Hurðarkransinn bægir illum öndum frá bréfalúgunni svo jólakortin komist nú örugglega inn.

# Undarfarar kórónunnar

*Hurðarkransar eru eitt prýðilegasta útiskrautið.*

Kransar eru enn eitt frjósemis- og gnægtatáknið sem tengist jólunum. Kransar voru tignartákn í Rómaveldi hinu forna þar sem sigurvegarar leika og stríða voru krýndir með lárviðarkransi til heiðurs þeim og afrekum þeirra. Kransarnir eru undanfarar kórónunnar sem upphaflega er krans úr gulli. Kransar voru í fornöld hnýttir úr gróðri jarðar og þar sem hringformið er heilagt og táknar endurfæðingu og hringrás árstíðanna er ekki ólíklegt að forverar hurðarkransanna hafi átt að bægja frá illum öndum. Hurðarkransar um jólaleytið hafa löngum verið viðhafðir í hinum enskumælandi heimi en hafa rutt sér til rúms hérlendis síðustu ár og eru til mikillar prýði þegar gengið er um götur íbúðahverfa. Ljóskransar verða einnig æ algengari í gluggum. Kransa má fá í flestum blómabúðum og ljóskransa í Húsasmiðjunni og Ikea.

# Jólaball hjá Geirfugli

*Jólasveinninn kom með þyrlu*



Flugfélagið Geirfugl hélt sína árlegu jólaskemmtun nú í vikunni.

Flugfélagið Geirfugl hélt sitt árlega jólaball í síðustu viku. Jólasveinninn gerði sér lítið fyrir og mætti á svæðið í þyrlu börnunum til mikillar gleði.

Flugfélagið Geirfugl ehf. er flugklúbbur sem leigir út flugvélar og kennir til einkaflugprófs.

Markmið klúbbsins er að efla einkaflug á Íslandi meðal annars með því að tryggja félagsmönnum sínum greiðan aðgang að flugvélum á góðu verði og bjóða upp á nýja kosti varðandi flugnám. Í félaginu eru rúmlega 160 félagar, sem eiga saman átta flugvélar og er það stærsti flugklúbbur á Íslandi.

- hs










Innréttingar og tæki úr söluturni til sölu. Afgr.borð, hillur, búðarkassar, pylsupottur ofl. Uppl. í s. 892 3555 & 557 4712.

## ÞJÓNUSTA

### Vöruflutningar

Tek að mér smávöruflutninga fyrir fyrirtæki og einstaklinga út um allt land. Upplýsingar í síma 661 8087.

### Húsaviðhald

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Húsasmíðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 820 0450 eða á thorars@hi.is.




### Jólaskemmtanir



**Jólasveinaþjónusta**
Vantar þig jólasvein? Við komum í heimahús, á jólaböll, húsfélög og aðrar samkomur. Margra ára reynsla. Uppl í síma 8207378

### Hreingerningar

**Allt hreint fyrir jólin.**
Látttu okkur um þrifin!
BK - Ræsting
Hreingerningarþjónusta
S. 868 5599 & 695 2710

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

### Bókhald

**HSE Bókhald & Uppgjör ehf**
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

### Ráðgjöf

**KAFLASKIPTI**

**Fjárhagsörðuleikar, vantar þig aðstoð?**
**Kíktu á www.kaflaskipti.is**
**SÍMI 822 9670**

### Meindýravarnir

**- Meindýravarnir Suðurlands -**
**Allur búnaður til meindýravarna. Músafellur - músastoppkítti - meindýraforvarnir o.fl. Gagnheiði 59, 800 Selfoss. Sími: 482 3337 www.meindyravarnir.is**

### Búslóðaflutningar

Búslóðaflutninar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

### Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S. 892 7260 & 567 0530.**

**Stífluþjónustan ehf**
**S.5542255: 8965800**
**Stíflulosun-Röramyndun**
**www.stiflutjonustan.is**

### Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Vefsíðujólapakkinn - 8.is

Heimasíðuráðgjöf. www.8.is

Vefhýsing. www.8.is

### Spádómar

**908 6116**
**Er spákonan Sirrý**
**Ástir - fjármál heilsa**
**Einkatímar í S.845 4009**

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP.
Símaspá, einkatímar og. m.fl.
**445 5000**
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS










Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

**Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## TIL SÖLU




## TIL SÖLU






## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Störf á Pizza Hut**

**Vaktstjóri í sal á Pizza Hut Sprengisandi**
Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vakta, þjónustu og manna stjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lámarks aldur er 24 ár. Nánari uppl veitir Þórey veitingastjóri í síma 822 - 3642 eða á sprengisandur@pizzahut.is

**Fullt starf á í sal á Pizza Hut í Smáralind**
Um er að ræða 100% starf í veitingarsal í Smáralind. Æskilegur aldur er 20 ára. Nánari uppl veitir Áslaug veitingarstjóri í síma 863 -1132 eða á smaralind@pizzahut.is

**Hlutastörf**
Um er að ræða hlutastörf á kvöldin og um helgar. Tilvalið fyrir skólafólk. Lámarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is

**Leikskólinn Rauðaborg Viðarási 9.**
**Óskum eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda á leikskólann Rauðaborg. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 567 2185 og 693 9838.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Allra best aðalverktakar ehf.**
**Óskum eftir fólki í 100% starf við jarðvegsframkvæmdir/hellulagnir. Góð laun í boði. Einnig vantar mann á vörubíl og gröfu. Uppl. veitir Júlíus í s. 820 8888.**

**Leikskólinn Sæborg Starhaga 11.**
**Óskar eftir að ráða aðstoð í eldhús, við uppvask og fl. 50% starf. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 3664 & 562 3674 eða á staðnum Starhaga 11.**

**Aðstoð í eldhús.**
**50% staða frá 10-14 á leiskólanum Grænuborg. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 551 4470.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Hvar í veröldinnni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Starfsmaður óskast í mötuneyti á Hvanneyri, verður að vera vanur matreiðslu. Góð laun í boði, dagvinna, frí allar helgar og rauða daga. Uppl. í síma 896 8244.

Laghentan mann vantar á bílaverkstæði MS Reykjavík, Bitruhálsi 1, Reykjavík. Upplýsingar veitir Þórður Jóhannsson í síma 569 2320.

Vélstjóra vantar til afleysninga á ísfisktogara í janúar. S 843 5249.

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



MEISTARINN




Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

2 HAGKAUP Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN

## ALÚTBOÐ

GRINDAVÍKURBÆR

# ALÚTBOÐ

Grindavíkurbær óskar hér með eftir tilboðum í verkið:
**“Fjölnota íþróttarhús við Austurveg í Grindavík”.**

Verkið felst í að fullklára fjölnota íþróttarhús og er forsendum lýst nánar í útboðsgögnum.

Upphaf framkvæmdartíma er í apríl 2007 og skal verkinu vera lokið fyrir þann **15. nóvember 2007.**

Útboðsgögn verða afhent á verkfræðistofunni Hnit að Háleitisbraut 58-60 Reykjavík og á Bæjarskrifstofum Grindavíkur að Víkurbraut 62 í Grindavík frá og með fimmtudeginum 21. desember 2006.

Tilboð skulu hafa borist til skrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, Grindavík, eigi síðar en mánudaginn 29. janúar 2006 kl. 10:00 og verða þau þá opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem viðstaddir verða.

Verð á útboðsgögnum er 7500 kr.

**Bæjarverkfræðingur Grindavíkurbæjar**

## ATVINNA

Samey
Frá hönnun til gangsetningar
Sjálfvirknimiðstöð
Þarftu að stýra, snúa, regla, rita, eða mæla? Við höfum lausnina.

### Störf á sviði sjálfvirknilausna.

**Rafvirkjar, rafmagnsiðnrfræðingar, rafmagnstæknifræðingar og rafmagnsverkfræðingar!**

- **Rafvirkjun.**
  Töflusmíði, iðnaðarraflagnir, uppsetningar, gangsetningar o.fl.
- **Verk og tæknifræði.**
  Hönnun, forritun, verkefnastjórnun o.fl.

Samey starfar á sviði sjálfvirknilausna.
Lausnir með iðnaðarþjörkum eru stór hluti af starfseminni. Spennandi og framsækin tækniverkefni sem veita starfsmönnum tækifæri á að fást við áhugaverð og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Jónsson í síma 510 5200.

Umsóknir óskast sendar á thorkell@samey.is.

Samey
Lyngási 13 · 210 Garðabæ
Sími 510 5200 · Fax 510 5201
sala@samey.is · www.samey.is

## ÚTBOÐ

HAFNARFJÖRÐUR

# ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboði vegna árshátíðar starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar sem haldin verður þann 3. mars 2007.**

Óskað er eftir tilboði í mat í samræmi við útboðsgögn.

Útboðsgögn verða afhent í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar að Strandgötu 6, sími 585 5500, frá og með fimmtudeginum 21. desember kl. 9:00

Tilboð verða opnuð, sjá nánar útboðsgögn, þann 10. janúar 2007 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Árshátíðarnefnd Hafnarfjarðarbæjar.**

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

## VISSIR ÞÚ AÐ...

... eina dýrið sem er fjólublátt á litinn er blesbokdýrið í Suður-Ameríku?

... eina heimsálfan sem er laus við snáka og skriðdýr er Suðurskautslandið?

... eina jagúarfriðlandið í heiminum er í Belís?

... eini hundurinn sem kemur fyrir í Shakespearleikriti er Crab í Tveir herramenn frá Verónа?

... einu sinni voru fleiri sæljón á jörðinni en menn?

... einungis ein tegund strúta er til í heiminum, af ættbálknum struthioniformes?

... eistu kolkrabbans eru staðsett í höfðinu?

... eitraðasti snákur veraldar er ástralski taipansnákurinn?

... eitrið í einu biti myndi nægja til að drepa 200.000 mýs?

... eiturlyfjaneytendur á Suður-Indlandi komast í vímu með því að láta eitraða snáka bíta sig í tunguna?

... við þetta komast þeir í allt að 16 klukkutíma langa vímu sem getur reynst banvæn?

... ekkert eitt kattardýr er kallað pardus þar sem nafnið getur átt við öll stór kattardýr sem hafa svartan feld?

... ekki eru til hjartardýr af neinu tagi í Ástralíu og einungis ein tegund er í Afríku?

... elgir fella horn sín árlega?

... elgir hafa mjög slæma sjón og sumir hafa jafnvel reynt að hafa kynmök við bíla?

... elgur heitir á latínu alces alces?

... elsta kameldýr sem vitað er um varð 35 ára og fimm mánaða?

... Emúar geta orðið tveir metrar á hæð og eru stærstu fuglar Ástralíu?

... Emúar geta ekki flogið en þeir geta synt og hlaupið með 65 kílómetra hraða á klukkustund?

... endur hafa þrjú augnlok?

... endur verpa eingöngu snemma morguns?

... engisprettur hafa hvítt blóð?

... ernir geta lifað í allt að 46 ár í umsjá manna?

... ernir æxlast á flugi?

... eyðimerkurrefurinn er minnsti villihundurinn?

... við fæðingu vegur eyðimerkurrefurinn 800 grömm en á fullorðinsaldri 1500 grömm?

... Eyruglan getur snúið höfðinu í 270 gráður?

... farfuglar fljúga í V-laga hópum til að spara orku?

... það eru iðustraumar frá forystufuglunum auðvelda fuglunum sem fylgja á eftir flugið?

... feldur vicúna-lamadýrsins, sem býr í Andesfjöllum í Perú, er svo fíngerður að hvert hár er ekki nema

0,05 millímetra þykkt?

... Inkar töldu dýrið heilagt og eingöngu konungbornir fengu að bera feld þess?

*heimild: Fánýtur Fróðleikur*

# FIMM BESTU

## *Ævintýramyndir*



1. Hringadróttinssaga - þríleikurinn (2001-2003). Hér er engin keppni. Gríðarleg vinna skilar sér í frábærum myndum sem eru hverri annarri betri. Það er erfitt að gera upp á milli myndanna og öfugt við marga þríleiki mynda þær eina samstæða heild sem hægt er að horfa á aftur, og aftur, og aftur...

2. The Princess Bride (1987). Klassískt ævintýri með ekta hetju og kostulegum aðstoðarmönnum hans. Vondi kallinn er svo sannarlega vondur og auðvitað er hugguleg prinsessa sem drífur allt áfram. Atriðið þar sem hetjan drekkur eitur er löngu orðið klassískt. Stórskemmtileg mynd sem eldist vel og er fullkomin fyrir alla fjölskylduna.

3. Willow (1988). Dvergurinn Willow lærir að verða töframaður með hjálp andhetjunnar Val Kilmer. Saman bjarga þeir ungabarni frá vondri norn, berjast við dreka og ná svo auðvitað í aðal gelluna. Börnin hans Willow eru eitthvað það sætasta sem sést hefur á hvíta tjaldinu og þau ein og sér þess gera það þess virði að sjá myndina.

4. Dark Kristal (1982). Þessi mynd er barn síns tíma en mjög skemmtileg engu að síður, sérstaklega fyrir tilstilli Jim Henson. Hinn myrki kristall er skemmdur og það kemur í hlut hetjunnar ungu, síðasta Gelfingsins, að laga kristalinn og bjarga heiminum frá eilífu myrkri.

5. Legend (1985). Þessi mynd er ekki góð, en með tímanum hefur hún orðið mjög fyndin. Tom Cruise reynir að bjarga síðasta einhyrningnum (enn með hrikalega skakkar tennur) en Tim Curry leikur Myrkrahöfðingjann sem þráir ekkert frekar en að sjá hrossið dautt. Stórkostlegur vitnisburður um draumaverksmiðjuna Hollywood á níunda áratugnum.




Sjúkraliðabraut FB hefur útskrifað sjúkraliða í 28 ár og 39 útskrifast í dag:

# Aldrei fleiri sjúkraliðar útskrifaðir

Sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti er stærsta sjúkraliðabraut landsins en fyrstu sjúkraliðarnir útskrifuðust frá skólanum árið 1978. Þar stunda nú 249 nemendur nám og aldrei hafa jafn margir útskrifast og nú, en í dag verða 39 sjúkraliðar útskrifaðir.

Sjúkraliðabrautin býður upp á dag- og kvöldskóla svo og sumarskóla og gerir það nemendum kleift að stunda námið á mismunandi hraða. Sjúkraliðanámið er 120 einingar sem jafngildir þremur árum fyrir þá sem ekki eru með stúdentspróf. Vinnustaðanám eru 15 einingar af náminu og starfsþjálfun 16 vikur. Markmið náms á sjúkraliðabraut er að veita nemendum fræðilega og verklega færni í hjúkrun og umönnun þannig að viðkomandi nemandi verði hæfur til að standast kröfur heilbrigðiskerfisins hverju sinni.

Námið er jafnframt góð undirstaða fyrir frekara nám í heilbrigðistengdum greinum svo sem hjúkrunarfræði, læknisfræði, þroskaþjálfun og sjúkraþjálfun svo eitthvað sé nefnt.

Mikill skortur hefur verið á sjúkraliðum í heilbrigðiskerfinu og þeim þarf að fjölga um 50 á ári til að mæta vaxandi þörf fyrir stéttina. Síðastliðin tíu ár hafa að jafnaði um 87 sjúkraliðaleyfi verið gefin út á ári en þau þyrftu að vera á bilinu 120-140. ■



**SJÚKRALIÐANEMAR** Sjúkraliðanám í FB tekur sex annir og er einnig góð undirstaða fyrir frekara nám í heilbrigðistengdum greinum.

Námsmenn borgi ekki:

## Leikskóli verði gjaldfrjáls

Ungir jafnaðarmenn á Suðurnesjum (Uj-Suð) vilja gjaldfrjálsa leikskóla fyrir börn námsmanna.

Í tilkynningu frá Uj-Suð segir að samtökin hvetji bæjarfélögin á Suðurnesjum til að taka fyrsta skrefið og fella niður leikskólagjöld á námsmenn því þau séu of há fyrir fólk sem þarf að treysta á námslán til að framfleyta sér.

Jafnframt segir í tilkynningunni að það sé hagur allra bæjarfélaganna á Suðurnesjum að halda því fólki sem er í námi á svæðinu í stað þess að það flytji á brott til að sækja nám og komi ekki aftur. - **ifv**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Undirritaði samstarfsamning með Ólafi G. Flóvenz, forstjóra Íslenskra orkurannsókna, á þriðjudag sem einkum snertir raunvísindadeild, verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild.

Samstarf HÍ og ÍSOR:

## Aukin samvinna í fimm ár

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR), undirrituðu samstarfssamning sín á milli á þriðjudaginn. Samningurinn er til fimm ára og er hann gerður til að efla samstarf á milli stofnanana því kennsla og rannsóknir Háskólans tengjast á margan hátt rannsóknum og verkefnum Íslenskra orkurannsókna.

Tilgangur samningsins er einkum að efla fræðilega og verklega menntun háskólanema á sviðum sem samningurinn tekur til, að auka rannsóknir á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála og nýta möguleika til samreksturs tækja. - **ifv**



**BARNASPÍTALI HRINGSINS** Fékk 100 þúsund krónur frá Kennarasambandi Íslands.

Kennarasamband Íslands:

## Barnaspítalinn fær styrk

Kennarasamband Íslands hefur ákveðið að senda ekki út jólakort eins og undanfarin ár en gefa þess í stað 100 þúsund krónur til skólastarfs á Barnaspítala Hringsins sem er í næsta húsi við skrifstofur Kennarasambandsins. Eiríkur Jónsson, formaður KÍ, afhenti gjöfina en Helga Þórðardóttir kennari veitti henni viðtöku fyrir hönd skóla spítalans. - **hs**



HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

ÖRLYGUR HÁLFDANARSON BÓKAÚTGEFANDI ER 77 ÁRA Í DAG



*En það er nú einu sinni þannig að þegar maður er kominn af stað í verki sem er þess eðlis að innihald þess kallar á þessa miklu umgjörð þá þýðir ekkert að kasta til höndunum.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. DESEMBER 1958

## De Gaulle kjörinn Frakklandsforseti



Charles de Gaulle var kjörinn fyrsti forseti fimmta lýðveldis Frakklands þennan dag árið 1958. De Gaulle hlaut yfirburðakosningu aðeins þremur mánuðum eftir að ný stjórnarskrá var samþykkt.

De Gaulle flúði til London eftir að Henri P, forsætisráðherra Frakklands, skrifaði undir vopnahlé við nasista í júní árið 1940. Þar skipulagði hann og kom á fót sinni eigin hersveit sem fylkti liði til frönsku nýlendnanna í Norður-Afríku.

Í júní árið 1944 var hann útnefndur yfirmaður frönsku ríkisstjórnarinnar þótt hann væri í útlegð.

Hinn 26. ágúst sama ár, í kjölfar þess að bandamenn réðust inn í Frakkland, kom de Gaulle aftur til Parísar á sigurhátíðina. Í nóvember var hann einróma kjörinn forseti Frakklands. Hann sagði af sér tveimur árum seinna. Árið 1947 stofnaði hann nýtt stjórnmálaafl en sex árum síðar sagði hann skilið við stjórnmálin.

Árið 1958 var gerð uppreisn í frönsku nýlendunni Alsír sem leiddi til pólitískrar krísu í Frakklandi. De Gaulle samþykkti að taka að sér stjórn nýrrar bráðabirgðarstjórnar til að reyna að leysa vandann.

Ný stjórnarskrá var samþykkt í Frakklandi árið september og hinn 21. desember 1958 var hann kjörinn forseti. De Gaulle sagði skilið við stjórnmálin árið 1969, þá 79 ára að aldri. Hann lést ári síðar.

### MERKISATBURÐIR

1844 Jónas Hallgrímsson yrkir „Enginn grætur Íslending …“

1929 Varðskipið Þór strandar við Sölvabakka utan Blönduóss.

1937 Fyrsta teiknimynd Disneys í fullri lengd, „Mjallhvít og dvergarnir sjö“, frumsýnd.

1945 Ný brú á Ölfusá opnuð til umferðar.

1952 Kveikt á Oslóarjólatré á Austurvelli í fyrsta sinn.

1975 Hermdarverkamaðurinn Carlos, öðru nafni „Sjakalinn“, ræðst á höfuðstöðvar OPEC.

1988 Pan Am-flugvél sprengd í loft upp á flugi yfir bænum Lockerbie í Skotlandi. 259 farþegar og 11 manns á jörðu niðri farast.

---



†

*Elskuleg systir mín, mágkona, frænka okkar og vinkona,*

**Jóhanna Margrét Árnadóttir**
Blesugróf 29,

lést á heimili sínu laugardaginn 16. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

**Helgi H. Árnason Bryndís Þorsteinsdóttir**
**systkinabörn**
**og heimilisfólkið Blesugróf 29.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Guðríður Lárusdóttir**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði sunnudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 21. desember, klukkan kl 13.00. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki deildar 3 á Sólvangi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Eyjólfur Einarsson**
**Fríða Guðbjörg Eyjólfsdóttir Guðmundur Þórðarson**
**Ágúst Finnsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bergsveinn E. Jóhannson**
Digranesheiði 12,

lést á líknardeild Landakotsspítala aðfaranótt mánudags 18. desember sl.

**Börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


---

**GAUKUR Á STÖNG:** HÝSIR SÍNA SÍÐUSTU TÓNLEIKA Í BILI

# Vagga nýrrar tónlistar

Íslenskir tónlistarmenn eru með böggum hildar því líkur eru á að tónleikar Shadow Parade, Dikta og Red Cup á Gauki á Stöng í kvöld verði þeir síðustu sem haldnir verða um langt skeið á þessum annáluða tónleikastað. „Mér skilst að þetta verði síðustu tónleikarnir á Gauknum í bili, sem er bara hræðilegt,“ segir Beggi Dan, söngvari Shadow Parade, sem segir að Gaukurinn sé einn af fáum vettvöngum fyrir nýjar hljómsveitir að hasla sér völl í bransanum. „Þetta er eiginlega eini staðurinn þar sem það er allt til alls, til dæmis hljóðkerfi sem er rándýrt að leigja. Annars eru menn bara að spila á litlum búllum en þarna komast fleiri að og þetta verða meiri tónleikar fyrir vikið.“ Beggi Dan hefur spilað margoft á Gauknum og segir stemninguna þar góða. „Það er rokk og ról-andi þarna og eiginlega okkar heimavöllur. Gaukurinn er þrepi ofar en aðrir staðir og gegnir í rauninni mikilvægu hlutverki í nýliðun í íslensku tónlistarlífi, því þarna hafa ófáir hljómsveitir stigið á svið í fyrsta sinn og fengið dýrmæta reynslu. Það vantar líka bara almennilega tónleikastaði í borgina.“



**GAUKUR Á STÖNG** Margar hljómsveitir hafa stigið sína fyrstu skref þar síðan á 9. áratugnum.

Gaukur á Stöng er einn rótgrónasti skemmtistaður borgarinnar og vinsæll tónleikastaður allt frá 9. áratugnum. Herbert Guðmundsson var meðal þeirra sem tróð þar upp í árdaga Gauksins. „Mér fyndist það mikil synd ef tónleikahald legðist af á Gauknum. Þetta hefur verið vagga nýrra tónlistar á Íslandi í svo mörg ár.“

Gaukurinn er þó ekki aðeins heimavöllur rokkara, því sveitaballahljómsveitirnar svokölluðu hafa líka átt þar athvarf. „Ég hef ekki tölu á hvað ég hef spilað oft þarna,“ segir Gunnar Ólason, forsöngvari Skítamórals. „Ég spilaði þarna fyrst fyrir réttum tíu árum og hef troðið þarna upp reglulega síðan. „Þetta er staður sem á sér mjög langa sögu og þarna hafa heilmargir tónlistarmenn geta komið ár sinni fyrir borð.“ Eins og með svo margt snýst málið um peninga en Gunnar kveðst handviss um að hægt sé að reka Gaukinn með arði. „Ég skora á framsýna athafnamenn að endurreisa Gaukinn í sinni fyrri mynd. Það er hægt að gera fullt af góðum hlutum þarna. Það erum að gera að halda þessu flaggskipi gangandi.“ **bergsteinn@frettabladid.is**



**HERBERT GUÐMUNDSSON** Spilaði á Gauknum í upphafi ferilsins og finnst það synd ef honum verður lokað.

---

†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Árný Guðmundsdóttir**
Grandavegi 47, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Högni Jónsson**
**Jón V. Högnason Þórunn E. Baldvinsdóttir**
**Gunnar Högnason**
**Sveinbjörn Högnason Sigríður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku hjartans mamma okkar,*

**Marlaug Einarsdóttir**
Hjallabraut 43, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala sunnudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigríður Þórsdóttir og Rósa Guðný Þórsdóttir.**

---



†

*Okkar ástkæri yndislegi sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Guðmundur Eiður Guðmundsson**
Skólatúni 4, Álftanesi,

lést af slysförum þann 16. desember. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju 29. desember kl. 13.00.

**Ásta Angela Grímsdóttir Guðmundur Viggó Sverrisson**
**Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir Andrés Skúli Pétursson**
**Fanney Elínrós Guðmundsdóttir Gunnar Ellertsson**
**Pálmi Grímur Guðmundsson Bjarney Katrín Gunnarsdóttir**
**og frændsystkini hins látna.**

---



†

*Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Torfi Freyr Alexandersson**

er látinn.

**Renata Edwardsdóttir**
**Karólína Vilborg Torfadóttir**
**Hafdís Lilja Torfadóttir**
**Alexander Valdimarsson**
**Hafdís Lilja Pétursdóttir**
**Bjarki Þór Alexandersson**
**Soffía Bæringsdóttir**
**Hlynur Bæringsson**

ÍSAM
www.isam.is

# Jólatertan
·2·0·0·6·

komin í verslanir



KEX smiðjan
www.kexsmidjan.is



# Frábært úrval

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.



**Philips 32" LCD sjónvarp**
- HD ready • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

TILBOÐ
129.990kr
Verð áður 149.990,-



**United 42" LCD sjónvarp**
- 16:9 LCD sjónvarp • 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan • HD ready
- 30w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS

TILBOÐ
159.990kr
Verð áður 199.990,-



**United 32" LCD sjónvarp**
- HD ready • Progressive scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi

GOTT VERÐ
99.990kr



**Philips 42" plasma sjónvarp**
- Digital crystal clear og progressive scan
- HD ready • 2x30w nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround • 2 scart, 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

GOTT VERÐ
199.990kr



**United 37" Lcd sjónvarp**
- 16:9 LCD sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready • Skerpa: 800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar)

TILBOÐ
149.990kr
Verð áður 179.990,-

TILBOÐ
7.990kr
Verð áður 8.990,-



**Philips DVD spilari**
- Fjölkerfa DVD DivX spilari • Spilar öll kerfi • Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital • Scart (með RGB), component, SVHS og CVBS tengi • Digital coaxial tengi • Fjarstýring

**United ferðatæki með geislaspilara**
- Ferðatæki með útvarpi, geislaspilara og kasettutæki
- Spilar MP3

GOTT VERÐ
4.990kr



**Lenco ferðatæki m/geislaspilara**
- Ferðatæki með útvarpi, geislaspilara og kasettutæki

GOTT VERÐ
3.990kr



GOTT VERÐ
5.990kr



**United DVD spilari**
- Fjölkerfa DVD Spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital og DTS • Scart, CVBS og heyrnartólstengi
- Digital optical og coaxial tengi
- NTSC afspilun yfir í PAL • Fjarstýring

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

# af raftækjum

Vaxtalausar greiðslur í boði fyrir raftæki að andvirði 60.000 eða meira*

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**Ideline raklette panna**
- 1200W
- 8 manna



GOTT VERÐ
3.990kr




GOTT VERÐ
9.990kr

**Philips Senseo kaffivél**
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa

**George Forman heilsugrill**
- Safnar fitu og safa í bakka
- Brauðhitari
- Auðvelt að þrífa
- Glæsileg hönnun

TILBOÐ
6.899kr
Verð áður 7.990,-





**Melissa multimixer**
- Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira
- Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina.
- Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur.
- Möguleikarnir eru óteljandi með Melissa multimixer!

GOTT VERÐ
4.990kr



**Philips sléttujárn**
- Keramik húð
- Professional styling temperature
- Aðeins 30 sek. að hitna
- 6 hitastillingar

GOTT VERÐ
3.990kr

GOTT VERÐ
3.990kr



**Melissa fótanuddtæki**
- Vandað fótanuddtæki með þremur mismunandi stillingum

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Jólin koma
Fullt af frábærum gjöfum

**Kodak EasyShare C530**
og ljósmyndaprentari



5M milljón pixla
Kodak myndgæði
16MB innra minni
5X stafrænn aðdráttur
Einföld og þægileg í notkun
Snögg að taka myndir
Innbyggt flass
1.5" LCD skjár
Ljósnæmni ISO 100-400
Auðvelt að færa myndir yfir á tölvu

4.000 AFSLÁTTUR
512 MB minnikort fylgir með

**Kodak ljósmyndaprentari**
Margverðlaunuð Kodak myndgæði.
Myndir sem endast áratugum saman.
Pappír skemmist ekki af fingraförum.
Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda.
Kodak XTRALIFE húðaður pappír.
Prentun með eða án tölvu.
Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra að myndir á tölvu.



kr. ~~29.980,-~~ **Kr. 24.980,-**

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

**SAMSUNG DIGIMAX NV10**
EISA BEST PRODUCT 2006-2007
NÝ VARA



10.1 Megapixlar
2.5" Hágæða LCD skjár
35-105mm Schneider linsa
Ljósop f/2.8 - f/5.1
Ljósnæmni ISO 100 - 1000
4 cm nærmyndataka (Macro)
Hraðval með snertitökkum
Sterkt aluminum efni í vél
Hljóðupptaka (diktafónn)
Hleðsla með USB snúru
Notar SD kort
MPEG 4 vídeóupptaka (30 fps)

Kr. 3.845,- 12 mán
**Kr. 39.980,-**

**Canon MVX460**



Myndflaga: 1/5" CCD
Pixlar: 1,33 millj.
Zoom: 20x (optical) 800x (digital)
Breiðtjaldstökuvél
Skjár: 2,7" 16:9 breiðtjald
Minnsta ljósmagn 2 LUX
USB 2 og Firewire
Þyngd: 430 g
Hristivörn

25.000 AFSLÁTTUR
Kr. 4.307,- 12 mán
kr. ~~69.980,-~~ **Kr. 44.980,-**

**Bushnell Voyager 570x60 stjörnusjónauki**

5.000 AFSLÁTTUR



Aðeins til í Kringlunni og Smáralind
Frábær stjörnusjónauki til að skoða næsta nágreni við Jörðina
Einfaldur og þægilegur í notkun
30 ára ábyrgð
Burðartaska fylgir

kr. ~~23.990,-~~ **Kr. 18.990,-**



Ripley's Ótrúlegt en Satt!
4.900 FRÁBÆRT VERÐ
kr. ~~5.900,-~~ **Kr. 4.900,-**

**HANS PETERSEN**
Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind
12 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða


## STUÐ MILLI STRÍÐA í fótspor feðranna

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER VÍST EKKI EINS OG MAMMA



Jól, jól, jól. Það verður ekki um annað hugsað eða skrifað þessa dagana. Eins og allir aðrir hef ég varið frítíma mínum undanfarna daga í að troða öðrum örvæntingarfullum Kringlugestum um tær, slást um rauða borðann í bókabúðinni og framleiða hlægilegar heimatilbúnar skreytingar.

Ég hef alltaf verið jólabarn. Í ár virðist geðveikin hins vegar vera að ná nýjum hæðum, þar sem ég ætla nú að taka það sem ég ímynda mér að sé afspyrnustórt skref og vera ein heima með sambýlingnum um jólin.

Einhver sagði við mig um daginn að allir legðu sig fram við að vera öðruvísi en næsta kynslóð á undan. Það kann að vera nokkuð til í því, en á jólunum er andstæðan uppi á teningnum: það hefur aldrei verið mikilvægara að gera allt nákvæmlega eins og mamma og pabbi.

Í lok nóvember hóf ég því listagerð yfir allt sem þyrfti að föndra, gera, kaupa, baka og þar fram eftir götunum. Ég hefði átt að vita að það myndi allt fara í vaskinn, sem það gerði einmitt með látum. Mér tókst að vísu að henda saman aðventukransi með miklu hugviti, enn meiri blómavír og nokkrum ræfilslegum grenigreinum á síðustu stundu, en ég hef ekki enn kveikt á nema einu kerti. Hvað matargerð varðar hef ég gert mér grein fyrir því að mér á eftir að mistakast hrapallega að framkalla sama bragð og sömu stemningu og ég man eftir frá því í „gamla daga."

Nýja planið mitt gengur því út á að fara til ömmu og fá hangikjötsflís á aðfangadag, eins og ég hef alltaf gert með föður mínum, og hlusta á uppáhaldsjólalag mömmu, sem ég þoli ekki. Meira en svo held ég að mér takist ekki að líkjast foreldrum mínum í ár. En það koma svo sem fleiri jól.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Mjúkir jólapakkar

## á alla fjölskylduna...




## Inniskór á alla fjölskylduna...á aðeins 499 kr

Herra



Dömu



Krakka



Barna



Gildir til 29 desember eða meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 20:00**
*Jólatónleikar sönghópsins VoxFox verða annað kvöld í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hópurinn mun flytja jólalög úr mörgum áttum og skapa huggulega stemningu við kertaljós. Á efnisdagskránni eru bæði innlendar og erlendar jólaperlur sem allir þekkja. VoxFox er sex manna sönghópur sem sérhæfir sig í flutningi verka a cappella, eða án undirleiks.*

# menning
menning@frettabladid.is

# Leitin að jólakettinum

Í dag kl. 12.10 flytur Terry Gunnell þjóðfræðingur fyrirlestur á ensku í Þjóðminjasafni Íslands um íslensku jólin í þjóðtrú. Þjóðminjasafnið segir í tilkynningu sinni að fyrirlesturinn verði „í léttum dúr“. Terry er starfandi þjóðfræðingur við Háskóla Íslands og hefur um langt skeið rannsakað uppruna og heimildir um íslenska jólasiði í samhengi þjóðtrúar víðar í nálægum löndum, norrænum og keltneskum.
Í nútímanum eru jólin bendluð sérstaklega við fæðingu Krists en eiga sér þó ævafornar rætur sem teygja sig langt aftur fyrir kristni. Í fyrirlestri sínum skoðar Terry jólin í fornsögum og þjóðsögum. Draugatrú, álfatrú og tröllatrú hafa tengst gömlu íslensku jólunum svo fátt eitt sé nefnt. Terry mun að sjálfsögðu fjalla um hina tröllslegu Grýlu og hina hrekkjóttu íslensku jólasveina. Einnig mun hann segja frá athyglisverðum ættingjum þeirra í nágrannalöndunum. Að lokum verður athyglinni beint að ýmsum siðum í tengslum við jól og áramót í nútímanum.
Terry Gunnell býr ekki aðeins yfir mikilli þekkingu heldur einstakri frásagnargáfu enda menntaður í drama. Terry hefur lag á að segja frá á leikrænan og lifandi hátt og allur almenningur ætti að hafa ánægju af fyrirlestri hans. Íslensku jólin. Allir eru velkomnir.


**TERRY GUNNELL** Margfróður um miðlæg en lítt rannsökuð efni í íslenskri menningu, uppruna leikrænna athafna í norrænum sið og jólahaldið

## > Leiðrétting

Ranghermt var hér á síðunum í gær að blústónleikar á vegum Jazzklúbbs Akureyrar væru í kvöld 21. desember. **Tónleikarnir verða eftir viku þann 28.** Ekki vilja umsjónarmenn menningarsíðu að blúsáhugamenn fari í köttinn. Nógur er blúsinn fyrir. **Nú er að merkja í dagatalið:** Blúskvöldið verður þann 28. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum

# Úr ólíkum áttum

Rithöfundar og fjármálaspekúlantar ætla að lesa upp úr bókmenntaverkum sínum í Anima gallerí í kvöld og annað kvöld og sætir það vissum tíðindum því ekki er algengt að slíkir leiði saman hesta sína.
Í kvöld les Óskar Magnússon, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, úr nýju smásagnasafni sínu Borðaði ég kvöldmat í gær? en auk þess les Sindri Freysson úr ljóðabók sinni (M)orð og myndir og Silja Aðalsteinsdóttir úr nýrri þýðingu sinni á bókmenntaverkinu Wuthering Heights eftir Emily Bronte.
Dagskráin hefst kl. 20 í kvöld sem og annað kvöld þegar Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, les úr Ljóðmælum Jóns Arasonar sem hann stóð fyrir útgáfu á. Hjörtur Pálsson tekur þátt í upplestrinum með Ásgeiri og í tengslum við hann mun Gerður Bolladóttir sópransöngkona og eiginkona Ásgeirs syngja lög af geisladiski sem þau hjónin gáfu út í sameiningu árið 2004 og ber nafnið Jón Arason In Memorian. Þá mun Einar Már Guðmundsson setja svo punktinn yfir i-ið með lestri úr nýrri ljóðabók sinni Ég stytti mér leið framhjá dauðanum.
Boðið verður upp á hressingu og eru allir velkomnir á upplestrana. - khh


**ÓSKAR MAGNÚSSON** Les úr smásagnasafni sínu í kvöld.


**Í MINNINGU JÓNS ARASONAR** Gerður Bolladóttir syngur á upplestrarkvöldi Animu galleris annað kvöld.


**VILL RJÚFA ÞÖGGUN UM ÍSLENSKAR KONUR** Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur skrifað ævisögu Ólafíu Jóhannsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Konur sem þagað er um

**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur nú skrifað ævisögur tveggja íslenskra afrekskvenna sem sagan hefur þagað um. Fyrir fimm árum kom út ævisaga Bjargar C. Þorláksson. Nú segir hún sögu Ólafíu Jóhannsdóttur.**

„Sigurður Guðmundsson myndlistamaður sagði einhvern tímann að karlar væru andlega samkynhneigðir og hinn mikil fjöldi ævisagna karla, skrifaðar af körlum, sýnir það kannski. Það getur verið að ég sé líka andlega samkynhneigð, úr því að ég skrifa um konur,“ segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og hlær en hún hefur nú skrifað ævisögu Ólafíu Jóhannsdóttur, konu sem fæstir Íslendingar vita mikið um.
Sigríður Dúna segir það meðvitaða ákvörðun hjá sér að skrifa sögur kvenna, því þær séu svo margar merkilegar íslensku konurnar sem sagan þegir um. „Einn tilgangurinn með verkum mínum er að rjúfa, eftir því sem hægt er, þá þöggun sem umlykur íslenskar konur. Það skiptir máli að þær séu með í menningarsögunni og að afrek þeirra séu hluti af þjóðarvitund okkar og þeirri arfleifð sem við skilum til barnanna okkar.“
Hlutur kvenna í hinni opinberu söguskoðun hefur verið rýr, hvort sem litið er til mannkynssögunnar eða Íslandssögu.
Sigríður Dúna segir það hluta af sínu verkefni að skila sögu kvenna til þjóðarinnar og afkomenda okkar. Að gefa þessum konum rými í sögunni. „Við vitum að sagan getur ekki verið rétt eins og hún er, því við vitum svo lítið um konur. Það þarf ekki annað en að fara á bókasafn og fletta upp í ritum eins og verki Bjargar Einarsdóttur: Úr ævi og starfi íslenskra kvenna. Þar er sagt frá tugum kvenna sem enginn veit neitt um og eiga skilið sína ævisögu.“
Þegar til greina kemur að skrifa sögu svo margra kvenna vaknar sú spurning af hverju Ólafía varð fyrir valinu og hvaða erindi hennar saga á til lesenda í dag.
Það má segja að líf Ólafíu hafi verið þrískipt. Það er hægt að segja sögu hennar sem kvennabaráttukonunnar, trúkonunnar eða sögu hinnar líknandi konu.
Sigríður kaus að segja allar sögurnar þrjár. „Fyrri hluta ævinnar var Ólafía eldheit kvennabaráttukona og sá boðskapur á erindi í dag.
Á meðan margar konur í hennar samtíð voru að tala um að konur væru svo góðar og ættu að hafa kosningarétt af því að þær væru mæður, sagði Ólafía nei; konur eiga að vera í stórpólitíkinni og að ræða um sambandsslitin við Dani sem þá voru efst á baugi í stjórnmálunum.“
Trúkonan Ólafía var ein helsta ástæða þess að Sigríður ákvað að skrifa þessa ævisögu. „Ef til vill hefur aldrei verið mikilvægara en nú að taka trú með í reikninginn. Það var einn hvati þess að ég ákvað að takast á við Ólafíu. Mig langaði til að skilja, með því að kafa inn í trúarvitund einnar manneskju, af hvaða rótum trú gæti sprottið sem fær fólk til að fórna lífinu. Niðurstaða mín í bókinni sé að það sé ekki hægt að skilja þetta, einungis skynja.“
Að lokum fjallar bókin einnig um Ólafíu, hina líknandi konu. „Hún líknaði fátækum konum, vændiskonum, drykkjukonum, konum sem höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi og misþyrmingum. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um að slík líknarstörf eru enn stunduð af fullum krafti. Hvernig hún gerði það á sinn einstaka hátt á erindi til okkar í dag,“ segir Sigríður. „Ólafía sagði að ekkert verk væri vandasamara en að hjálpa þeim sem ættu bágt. Það verði að gera þannig að maður virði sjálfstæði þeirra sem verið er að hjálpa því það er ekkert erfiðara í lífinu en að þiggja hjálp. Það verður sá sem gefur hjálpina að skilja. Í þessu var Ólafía langt á undan sinni samtíð.“
Sigríði Dúnu verður tíðrætt um þöggunina á röddum kvenna. Í eftirmála bókarinnar um Ólafíu segir hún frá því, er hún fyrir nokkrum árum rakst inn á sýningu hjá Klink og Bank. Á sýningunni var verk eftir Jóhönnu Helgu Þorkellsdóttur sem hét Konur hverfa við hárblástur og voru málverk af afrekskonum sem hurfu þegar heitum blæstri hárþurrku var beint að þeim. Þegar slökkt var á hárþurrkunni komu myndirnar aftur í ljós. „Hugmynd Jóhönnu var sú að það er sama hvað reynt væri að þagga konur niður, þær kæmu alltaf aftur, eins og Ólafía og Björg gera í mínum bókum. Það má því segja að í þeim sé ég að slökkva um stund á hinni karllægu hárþurrku sögunnar.“ svanborg@frettabladid.is




Gleðileg Sony jól
32″
BRAVIA
BESTA VERÐIÐ!
KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m2: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir
40″ og 46″
BRAVIA
Besta sjónvarp í heimi!
WHAT HI-FI?
W2000 40″
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
W2000 46″
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljóðtækni • SRS Trusurround XT hljómtæknii
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m2: 450
32″
BRAVIA
Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
Sony D-SLR myndavél • 10 megapixlar
Hristivörn á myndflögu
Innbyggt heimabíó og DVD spilari og rafdrifnum framhlið sem lokar tækinu þegar það ekki er í notkun!
ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilari
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengi fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði
Kauptu Sony hjá Sony!
Sony Center Kringlunni
WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669
like.no.other




# Úrvalið af kjöti er hjá okkur







**799** kr/kg.
Jólahumar













## 30-70% afsláttur af bókum

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 21. desember til 24. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

H:N markaðssamskipti / SÍA - Umbrot: Víkurfréttir

# Frábært verð!




# Ekki gleyma að blanda jólaölið




**399** kr/stk.
Fjórir góðir




**499** kr/stk.
Daim jólaískrans




**399** kr/stk.
Nettó vanilluís - 3 ltr.




**349** kr/stk.
After Eight - 400gr.




Nóa kon... - ...00gr.




Machintos - 2,5 kg

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí
Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN


AUSTURBÆR
Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.
Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5. sýning Blá kort

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Allra síðustu sýningar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 29/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

GJAFAKORT
Gjafakort í Borgarleikhúsið, frábær jólagjöf sem gildir endalaust. Gjafakortin fást í miðasölu Borgarleikhússins.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Bakkynjur, frumsýning 26. desember.

Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
BAKKYNJUR eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.
Leikhúsloftið
LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



**FASTUR LIÐUR Á AÐVENTUNNI** Camerarctica-hópurinn heldur þrenna jólatónleika.

# Kyrrð, kertaljós og Mozart

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika á síðustu dögunum fyrir jól og nú verða þrennir tónleikar víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Mozart-tónleikar Camerarctica hafa verið fastur liður í aðventuhátíðinni í yfir áratug og þykir mörgum ómissandi að fá að setjast inn í kyrrðina á þessum annasama tíma.

Í tilefni af 250 ára afmæli tónskáldsins leikur hópurinn nú á upprunaleg hljóðfæri eins og þau sem tíðkuðust á klassíska tímanum, hljóðfæri sem bera með sér andblæ liðinna alda, þegar lífið var rólegra og hljóðlátara.

Á efnisskránni er eitt frægasta kammerverk Mozarts, Kvartett fyrir flautu og strengi í D-dúr, Adagio fyrir klarinett og strengi og Tríó fyrir strengi, einnig eftir Mozart. Einnig verður leikinn Kvartett fyrir klarinett og strengi eftir samtímamann Mozarts, Karl Stamitz.

Fyrstu tónleikarnir verða í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld og hefjast kl. 21 en annað kvöld leikur hópurinn í Kópavogskirkju og loks í Dómkirkjunni við Austurvöll.

Camerarctica skipa þau Hallfríður Ólafsdóttir, flautuleikari, Ármann Helgason, klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir, lágfiðluleikari og Sigurður Halldórsson, sellóleikari.

Aðgöngumiðar eru seldir við innganginn, nemendur og eldri borgarar fá afslátt og ókeypis er fyrir börn. **- khh**

# Leynilöggusögur fyrir lítil lestrarfolöld

Glæpasagan hefur skákað ævisögunni sem vinsælasta samtímaritlist Íslendinga og nú keppast allir við að skrifa glæpasögur, unnendum þeirra til mikillar gleði. Barnabókahöfundar láta ekki sitt eftir liggja og ráðgátur og leyndardómar og viðfangsefni þeirra tveggja bóka sem hér eru til umfjöllunar. Ráðgátur eru þó ekki nýjar af nálinni i í barnabókum og ekki ómerkari höfundar en Astrid Lindgren, Enid Blyton og Guðrún Helgadóttir hafa léð þessari bókmenntagrein penna sína. Og nú Sigrún Eldjárn og Björk Bjarkadóttir sem einnig eiga það sameiginlegt að vera bæði rithöfundar og myndlistarmenn og eiga því heiðurinn af bæði myndskreytingum og sögufléttu]þræði í bókum sínum.



**BÆKUR**
**Amma fer í sumarfrí**
Björk Bjarkadóttir
Mál og menning
★★★
Skemmtileg saga og ekkert of flókin.

**Amma fer í sumarfrí**
Amma fer í sumarfrí eftir Björk Bjarkadóttur segir frá Óla og ömmu hans, en um þau hafa áður komið út tvær bækur. Í þessari bók þarf amma að komast í frí, enda búin að klófesta alla bófana í heimabæ sínum, og fer með barnabarnið sitt á sólarströnd þar sem hún getur auðvitað ekki stillt sig um ná í skottið á nokkrum glæpamönnum. Að þessu sinni hefur hún þó samúð með hinum brotlegu og leysir vanda margra í einu á milli þess sem hún sólar sig og fer á markaði eins og aðrar ömmur gera. Þetta er skemmtileg saga sem er ekkert of flókin og ýtir undir að lítil lestrarfolöld geti sjálf spreytt sig á textanum með því að hafa sum orðin í stóru og aðgengilegu letri. Myndirnar eru afar skemmtilegar og Björk er vel að íslensku myndskreytiverðlaununum Dimmalimm komin.




**Gula sendibréfið**
Gula sendibréfið eftir Sigrúnu Eldjárn er eins og aðrar bækur höfundarins gneistandi af sköpunargáfu og hugmyndaflugi. Ráðgátan snýst um sendibréf sem aðalpersónan, Logi, finnur á leið sinni um vægast sagt ævintýralegt landslag með ósýnilegum vini sínum. Þegar hann kemur til sýnilegu vinanna sinna þá eru þau önnum kafin við að baka kökur með tannkremi en taka þátt í að leita lausna á leyndardómnum um bréfið gula sem leiðir þau á vit enn fleiri ævintýra. Sagan er spennandi og lausnin óvænt og ævintýraleg með óskasteinum og bleikum kanínum en ekki verður nánar farið út í það hér. Eitt af því sem vekur athygli er að í heimi sögunnar skiptir það nákvæmlega engu máli þó Sigga líti út fyrir að vera kínversk og Nói sé í hjólastól. Það er alltaf skemmtilegt þegar þeir sem eru aðeins öðruvísi fá svona sjálfsagðan stað í bókum. Sagan er mjög fyndin, bæði fyrir börn og fullorðna, og myndirnar skemmtilegar og fjölbreyttar eins og myndir Sigrúnar eiga vanda til.

Þessar sögur ættu að vekja upp Kalla Blómkvist í mörgum börnum og búa þau undir að leysa flóknari ráðgátur í framtíðinni.



**BÆKUR**
**Gula sendibréfið**
Sigrún Eldjárn
Mál og menning
★★★★
Fyndin og gneistandi af sköpunargáfu og hugmyndaflugi.

# Samverkur okkar allra

Höfundur Krókaleiða hefur ekkert að fela; orð skáldsins er miðill í ranglátum heimi þar sem listamaðurinn ber samfélagslega ábyrgð, ekki sjálfstæð höfuðskepna. Höfundur á ekkert dulrænt (ljóðrænt?) erindi við lesanda sinn – boðorð hans og ætlunarverk er morgunljóst: koma pólitísku ákalli til skila og finna sjálfum sér stað í frumlaginu. Ég er upphaf og endir allra ljóða, allrar viðræðu við lesandann: ég er, ég skil, ég get, ég veit. Maðurinn er sekur – mikill er Ég. „Margir sjá ekki / ég sé“ (59). Auga alviskunnar, ljóðmælandinn. Skilur jafnvel það sem Einstein skildi ekki (41).

Það er enginn guð, ekkert lögmál ofar efninu sem bæði maður og náttúra eru óaðskiljanlegur jafnréttháir hluti af: dýra-, jurta- og steinaríkið er eitt; ekkert öðru fremra, allir jafngildir. Frumkristni án fyrsta boðorðsins (ég er ekki drottinn). Maðurinn í sögu og samtíma er sjálfskipaður andstæðingur náttúrunnar og yfirgangur hans glæpur gegn náttúrulegum lögum sköpunarverksins. Ég (fremur en skáldið) er sjáandinn, hið vökula auga sem veit af glæpnum og víkur sér ekki undan þeirri skyldu samviskunnar (sem er sáttmáli manns og alls sem er) að kveða upp dóm og kalla bót og betrun yfir sökudólginn. Auðmýkt gegn græðgi.



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Það gerir höfundur þó ekki með aðferð viðkvæmrar náttúru – sem „hvíslar lágt: Líttu þér nær“ (68). Þvert á móti beitir hann stormsvipu trúboðans, berorði þess sem veit betur, fullvissu þess sem víða hefur ratað – í raun hinn hávi maður, hálfguð gegn almætti þess óskilvitlega, þess óskiljanlega, þess sem er „handan við skynsemina“ (51). Sjónarvottur sem boðar æði á undan orði: „menn og náttúra eiga að fallast í faðma, ávallt“, púnktur, „Bagdad... Maó... Mahmud ... Dresden Hirósíma Vukovar Rúanda eða var það Darfur í Súdan?“ (7 8 13 17). Æpandi augljóst sprengjuregn. Ljóðið barið til hlýðni ... jafnvel við „Árna leikara Tryggvason“ alsaklausan „á lífsins sjó“ (47). List í þágu málstaðar, vopnað ljóð.

Efnistök eru annars heilsteypt og merking víðast augljós. Ljóðasmíðin áferðarsnotur en ófrumleg, höfundur rembist ekkert umfram takmörk sín. Og inn á milli stórræða/stólræða skín víða fallegur hógvær ljóðstafur – dæmi bls. 24 og 51. Og þá ekki síst í ljóðum lokakaflans – einkum bls. 63-65 67-69 og 76 (sem endar þó í óþarfri ofskýringu).

Hið frumlega í þessari ljóðabók snýr að efnistökum: sýn raunvísindamannsins á helga jörð. Þar liggur styrkur bókarinnar og – ef (til) vill – opinberun. Hámarkið er ljóð á bls. 43 þar sem höfundur færir jarðvísindaleg rök fyrir eilífð sálarinnar í guðlausum buska. Ekkert smá mál! Ágalli bókarinnar er jafn augljós: skortur á samboðnum tilþrifum í ljóðagerð. Einsog eldgos á korti.

Aðall góðra ljóða með brýnan boðskap er að spyrja, leita svars og finna – án þess að grípa fram í fyrir lesandanum, án þess að svara í beru orði. Hægara sagt en ort.

Fjögurra stjarna bók (og ekki síðri að magni en gæðum) en tveggja stjörnu ljóðabók af því hreppapólitík – („jarðgöng á jaðarsvæðum“ 48) – er skelfilegur stuðull í ljóði sem trúir á eilífð í innbjúgum buska.




**BÆKUR**
**Krókaleiðir**
Ari Trausti Guðmundsson
Uppheimar
★★★
Schlecht aber gut.

# *Sálfræðingur á hjóli*

Hvað gerist þegar fullorðinn maður sest upp á hjól? Jú, gamall vani tekur sig upp og áfram hjólar hann. Jón Björnsson leit upp frá skrifborði sínu í Ráðhúsi Reykjavíkur, horfði yfir gráa Tjörnina og hugsaði: Á ég að sitja hér til sjötugs? Nú er hann sjálfs sín herra, lausamaður á ekrum drottins og á að baki mörg þúsund mílur og tvær ferðasögur skráðar á hjólferðum um Evrópu.

Seinni bókin rekur för hans í tveimur rykkjum eftir rafleiðinni svokölluðu frá gömlu Danzig til Miklagarðs. Lesandinn gæti ímyndað sér margt: lifði maðurinn af, slæmir vegir, erfitt tungumálaástand í sveitum þar austur frá, glæpamenn á hverju strái höldum við, illur kostur. Allt þetta rennur gegnum hugann en Jón segir frá ferð um rík lönd og fátæk, stöðnuð og þefandi að nýjabrumi kapítalismans: Pólland, Slóvakía, Ungó, Króatía, Serbía, Búlgaría og loks fyrirheitna landið Tyrkland.

Sýnilega hefur höfundurinn lagst í langan lestrarvetur áður en lagt var af stað á vori, jafnvel fleiri en einn. Stór hluti verksins er ríkulegar lýsingar á sögu þeirra staða sem hann líður hjá og hver maður með miðskólapróf eða meira skammast sín hálfpartinn fyrir að vera svo yfirgengilega illa að sér í sögu austurhluta Evrópu. Allar frásagnir litar höfundurinn með blæbrigðaríkum og skjótum stíl. Jón er víða fyndinn í lýsingum sínum. Hann er hallur undir konur með myndarlegan barm sem er svo sem allt í lagi fyrir menn á hans aldri – það hefur löngum verið stílbragð ferðasöguhöfunda að lítast um eftir kvenpeningi á fjarlægum slóðum en holdrisa er erfið á hjólhesti.

Ferðasagan lifir býsna góðu lífi víða um lönd. Hún byggist alltaf á góðri innsýn í aðstæður annarra, forvitni um hvernig skaparinn kom hlutunum fyrir í framrás tímans. Og þeirri forvitni svalar Jón af mikilli mælsku.

Bókin er prentuð í Slóvakíu og illa skekkt örk er í mínu eintaki. Myndir eru margar ekki vel fókuseraðar en kort, nafnaskrár og heimildaskrá fylgir og er útgáfan öll vel úr garði gerð.

Svo er bara að vona að Jón haldi áfram á hjólinu sínu og deili upplifun sinni með þeim sem heima sitja. **Páll Baldvin Baldvinsson**




**BÆKUR**
**Með skör járntjaldsins**
*Hugsað upphátt á rafleiðinni frá Gdansk til Istanbul*
Jón Björnsson
Ormstunga
★★★
Fróðleg og skemmtileg ferðasaga eftir frækinn hjólreiðamann.




# Heimurinn kominn á flot

Steinar Bragi hefur haslað sér völl sem einn áhugaverðasti rithöfundur og ljóðskáld sinnar kynslóðar; skrifar margræðan og krefjandi texta þar sem voði og ímugust á samtímanum vofa gjarnan yfir. Einn þeirra sem minna á hversu fánýtar vísbendingar stjörnugjafir geta verið.

Í Hinu stórfenglega leyndarmáli Heimsins tekur Steinar Bragi hið klassíska glæpasagnaform í sína þjónustu. Hér segir frá spæjaranum Steini Steinarr og Muggi Maístjörnu, hans hægri hönd og sögumanni. Steinn hefur leyst ófáar ráðgátur með aðeins hyggjuvitið og stækkunargler að vopni, hefur enda óbeit á tölvum og annarri nútímatækni, og er víðfrægur um allan heim. Kvöld eitt ber dularfullan gest að garði og sannfærir þá um að koma um borð í Heiminn, skemmtiskip sem siglir um heimshöfin sjö og gestirnir um borð hafa flestir hverjir fasta búsetu. Hví hann sækist eftir liðsinni tvímenninganna er á reiki en áður en langt um líður finnst kona myrt og önnur sár og Steinn og Muggur taka til óspilltra málanna.



Steinar kynnir til sögunnar dágott persónugallerí og það er gamaldags stemning um borð þótt sagan gerist í náinni framtíð. Skipið var sjósett eftir 11. september. Flestir gestanna um borð hafa flúið heim óttans yfir í hinn fljótandi heim vellystinga, náskip þar sem andi „the roaring twenties" svífur yfir vötnum og menn heita nöfnum á borð við Boudoir Greene. Margir gestanna burðast hins vegar með óhreint mjöl í pokahorninu og komast ekki svo auðveldlega undan fortíðinni – „draumurinn um að skilja allt að baki" hefur snúist upp í úrkynjaða andhverfu sína.

Steinar Bragi hefur sérstakan stíl og auðþekkjanlegan og heimssýn sem leggur áherslu á það sem er andstyggilegt og rotið. „Þú veist að ég hef megnan viðbjóð á hversdagsleikanum, minn kæri," eru fyrstu orð Steins Steinarrs og segja mikið. Steinar Bragi hefur hins vegar sérstakt lag á að raða orðum saman og búa til heillandi ljóðrænu úr hinu sjúklega ástandi (sá sem hefur heyrt rödd Steinars Braga á bágt með að heyra ekki fyrir sér dálítið letilega hrynjandina þegar hann les hugrenningar Muggs Maístjörnu).

Oft er gripið til myndmálsins, þar sem líkamleg hrörnun er algeng. Textinn er sjálfsagt ekki allra, langur og flæðandi en samt svo agaður og kallar á að vera lesinn aftur. Stundum fær maður þó ekki varist þeirri tilhugsun að hér og þar hefði mátt skera niður. Samtölin eru oft á tíðum listilega skrifuð og fyndin þar sem spjátrungshátturinn drýpur af hverju orði.



**BÆKUR**

**Hið stórfenglega leyndarmál heimsins**

Steinar Bragi

Bjartur

★★★★

Steinar Bragi er í essinu sínu í krefjandi bók, myrkri og áleitinni.

Sem fyrr er Steinar Bragi galopinn fyrir túlkunum; stysta leiðin væri að taka bakhlið kápunnar á orðinu og afgreiða Hið stórfenglega leyndarmál heimsins sem óð til hinnar gömlu glæpasögu, kalla hana þónokkuð skemmtilega og hressandi og láta kyrrt liggja. Reyfarinn er hins vegar aukaatriði og lítill drifkraftur í honum sem slíkum. Hið stórfenglega leyndarmál heimsins er öðrum þræði samtímasaga, um heim í upplausn og á flótta undan sjálfum sér á meðan 20. öldin marar undir.

Bergsteinn Sigurðsson



**SIGRÚN ELDJÁRN** Sendir frá sér fyrstu bókina í þríleik fyrir börn.

# Ný ævintýraeyja

Í sögunni um Eyju gullormsins segir af fjórum krökkum á ólíkum aldri sem ferðast út í dularfullan hólma þar sem ævintýralegir hlutir eiga sér stað. Sagan er sú fyrsta í þríleik Sigrúnar sem áður hefur gefið út sambærilegt tríó, Týndu augun, Frosnu tærnar og Steinhjartað. Þessi bók ber þess nokkur merki að vera fyrsta bókin því talsverður tími fer í að kynna persónurnar og hið eiginlega ævintýri hefst ekki strax. Þó skal þess getið að upphaf sögunnar gefur spennandi forsmekk að því sem koma skal.




Persónurnar eru skemmtilega skrifaðar og teiknaðar, þær eru dregnar skýrum dráttum í bókstaflegum skilningi. Eldri krakkarnir Gunna og Ýmir eru bekkjarfélagar en þekkjast lítið við upphaf sögunnar þó að Ýmir vildi feginn breyta því. Það er grallaranum systur hans, Sunnu Maríu, að þakka að þau kynnast en Gunna er að passa ungabarnið Tuma. Ýmir er varkár en hugrakkur strákur, drátthagur mjög og skýr, Gunna er mjög ábyrgðarfull og kjarkmikil líka enda reynir á dirfsku þeirra allra undir sögulokin.

**BÆKUR**

**Eyja gullormsins**

Sigrún Eldjárn

Mál og menning

★★★

Spennandi og nútímaleg ævintýrabók fyrir unga krakka.

Á eyjunni dularfullu er óráðinn tími og ekki er gefið mikið rúm til þess að útskýra aðstæður eða sögu hennar í þessari bók. Allar upplýsingar eru fengnar gegnum rannsókn krakkanna eða frá piltinum Pétri sem þau kynnast í eyjunni. Vísanir til kunnuglegra ævintýraminna á borð við gullgerð og græðgi, giftingu jómfrúa, álög og galdra eru notaðar en það hefði mátt skýra betur bakland þessa ævintýraheims. Illmennið sjálft, Gullormurinn, er síðan hálf hjákátlegur þegar lesendur komast loks í kynni við hann.

Útlit bókarinnar er til fyrirmyndar, þetta er litrík og falleg bók í þægilegu broti með fjölmörgum myndum – sem Ými er eignaður heiðurinn að en teikningar hans eru undir áhrifum frá japönskum manga-myndum. Myndirnar brjóta upp textann og auka við hann um leið og er ég viss um að ungir lesendur taka þeim líka fagnandi. Kristrún Heiða Hauksdóttir

# Hvít þrælasala

Hvít þrælasala var fyrirbæri sem lifði góðu lífi í tímaritum, blöðum og skáldsögum um aldamótin 1900. Hugmyndin gekk út á að í Evrópu væri höndlað með umkomulausar stúlkur af lægri stigum, rétt eins og tíðkast nú með konur frá austurhluta Evrópu og Asíu.

Nú vinnur Kvennasafnið í Árósum að sýningu um þetta fyrirbæri sem verður opnuð í mars á næsta ári. Þar verða leidd fram líkindi með hvítri þrælasölu fyrri tíma og mansalsins sem viðgengst nú á dögum.

Forsaga málsins er sú hryggilega staðreynd að í lok nítjándu aldar lét fjöldi ungra kvenna lokka sig til starfa í Ameríku. Þeim var sagt að þeirra biðu þjónustustörf á góðum heimilum, en Mette Ipsen, safnstjóri Kvennasafnsins, segir margar þeirra hafa lent á vændishúsum vestra. Ibsen segir réttargögn sýna að danskar stúlkur flúðu úr þjónustu hótels í New York sem hélt þeim til vændis. Þær voru ráðnar af ráðningafyrirtæki í Höfn. Málið varð til þess að lög voru hert í Danmörku um eftirlit með ráðningastofum.



**MANSAL** á ungum konum til kynferðislegrar þjónustu hefur tíðkast beggja megin Atlantshafsins um aldaraðir.

Kvennasafnið leitar nú frekari heimilda um hvítt mansal til að styrkja sýninguna og samsvörun tveggja tímabila í sögu kvenna á Vesturlöndum sem seldar eru karlmönnum til þjónustu. - pbb




Gleðileg jól
Við þökkum frábærar viðtökur
LIBORIUS
Við höfum opið
fimmtudag kl. 11-22, föstudag kl. 11-22
og Þorláksmessu kl. 11-23
Liborius á Mýrargötu,
við höfnina.
Sími 551 6811
www.liborius.is

Pioneer





3ja ára ábyrgð!
PIONEER-ORMSSON

## MEÐ **FULLKOMNA FORYSTU**
## Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM!

**PUREBLACK Panel 2** – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa.
**Direct Colour Filter 2** – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið.
**Dynamic HD Converter** – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenju skarpa mynd.
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort.
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur.

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

HDMI HD ready DVB

**PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. ~~399.900~~** **TILBOÐ: Kr. 359.900**
**PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900**

# PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD

## Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer.
## **Það flottasta á markaðnum!**

Pioneer

Leiðandi í framleiðslu Plasma-sjónvarpstækja og með fullkomna forystu. Fagtímarit um víða veröld staðfesta það. M.a. hefur PIONEER fengið EISA verðlaunin *"European Plasma Television of the Year"* tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð. Náttúrulegir litir – hreinni, skarpari og mun raunverulegri mynd en nokkru sinni fyrr. Komdu og sjáðu muninn!

SHARP®

LCD skjáirnir frá SHARP eru álitnir þeir bestu í heimi. Það kemur fáum á óvart sem fylgst hafa með þróun LCD sjónvarpa. Það hefur SHARP verið í forystusveit frá upphafi. Vörulínan er stór – hún spannar frá 20" upp í 52". Ef myndgæðin skipta þig máli, þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá treystu SHARP – ótvíræður frumkvöðull LCD tækninnar.

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

**MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN**

SHARP



HD ready

### 32" LCD SJÓNVARP

SHARP LC32GD8E
Skjástærð: 32"
DVB-T Stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GD8E**
**TILBOÐ: 179.900.-**

SHARP



HD ready

### 32" LCD SJÓNVARP

SHARP LC32GA9E
Skjástærðir: 32"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32"**
**TILBOÐ: 179.900.-**

## 12 ORMSSON VERSLANIR:

**ORMSSON LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800 (HÉR ERU EKKI SELD SJÓNVÖRP)

**ORMSSON SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800

**ORMSSON SMÁRALIND** SÍMI 530 2900

**ORMSSON RADIONAUST** SÍMI 461 5000

**ORMSSON KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535

**MODEL AKRANESI** SÍMI 431 3333

# VIÐ BJÓÐUM GÆÐI, ENDINGU OG 3ja ÁRA ÁBYRGÐ*




**32” LCD SJÓNVARP**

SAMSUNG LE32N71BX
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 6000:1
Sjónsvið: 178°/178°

**TILBOÐ: 219.900.-**

**42" Plasma SJÓNVARP**

SAMSUNG PS42C7HX
Skjástærð: 42”
Upplausn: 1024x768
Contrast: 10.000:1
Sjónsvið: 175° x 175°
HDMI tengi
2 x scart og PC tengi.
Borðstandur fylgir.

**SAMSUNG PS42C7HX**
**Verð áður: ~~299.900~~**
**TILBOÐ: 249.900.-**




*Jólatilboð*




**32” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE32R71WX
32" og 40" skjástærðir
10-bita litavinnsla
Upplausn: 1366 x 768
Svartími: 8 ms
Contrast: 3000:1
Sjónsvið: 178°/178°

Litir: Hvítt / svart

**SAMSUNG LE32R71WX**
**TILBOÐ: 179.900.-**

**SAMSUNG LE40R71BX**
**TILBOÐ: 289.900.-**
Litur: Svart

**19” LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE19R71BX
Upplausn 1440 x 900
Svartími: 8 ms
Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2
Sjónsvið 160°/160°

Litir: Hvítt / svart

**TILBOÐ: 74.900.-**




## LOEWE.

LOEWE línan er glæsilega hönnuð, hvernig sem á það er litið. LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE sjónvörp eru margverðlaunað fyrir gæði og afburða hönnun. LOEWE er Benzinn í LCD sjónvörpunum.

## SAMSUNG

Eitt framsæknasta raftæknifyrirtæki heims í dag er án efa SAMSUNG. Hjá SAMSUNG er markmiðið „Toppvara á góðu verði“. SAMSUNG hefur margsinnis fengið EISA-verðlaunin en þau eru mikilsvirt viðurkenningin og veitt ár hvert af samtökum evrópskra fag- og tækntímarita. SAMSUNG er tæknirisi sem ýtt hefur Sony af stalli.




## LOEWE.

**LOEWE Xelos**
Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platínugrátt eða steinsvart.
HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.
Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun.

**LOEWE Xelos 32” SE**
**Verð: ~~299.900.-~~**
**TILBOÐ: 219.900.-**

## LOEWE.

**LOEWE Concept**
Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.
Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.
HD-Ready tækni með stæfrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.
LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.

**LOEWE Concept 32” SE**
**Listaverð: ~~239.900.-~~**
**TILBOÐ: 189.900.-**







## LOEWE.

**LOEWE Individual**
Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.
Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum.

**LOEWE Individual 32”**
**Listaverð: ~~309.900.-~~**
**TILBOÐ: 269.900.-**

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

# ORMSSON

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 |

* 3ja ára ábyrgð er á Pioneer og Loewe.

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT WWW.ORMSSON.IS





## GOTT GLÁP

**DIREKTÖREN FOR DET HELE:** Þrælfyndin gamanmynd frá Lars Von Trier þar sem Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson fara á kostum.
**ERAGON:** Sígilt drekaævintýri sem fjölskyldan ætti að geta sameinast um yfir hátíðarnar.
**FLUSHED AWAY:** Hress tölvuteiknimynd um hremmingar snobbrottu í holræsum Lundúna.
**THE HOLIDAY:** Jude Law, Kata Winslet, Cameron Diaz og Jack Black leggja hina ómissandi jólarómantík til í ár.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA

# *Gæti hugsað sér að leika á móti Penelope Cruz*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Casino Royale.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Zorro.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Der Untergang.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Nei.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Páll í Englar alheimsins.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Marlon Brando.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Marge Gunderson í Fargo.
**Mesti skúrkurinn:**
Dr. Hannibal Lecter.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Mynd með Steven Seagal, sem ég man ekki hvað heitir.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Söguþráðurinn væri spennumynd með lögfræðilegu ívafi, Baltasar Kormákur, Penelope Cruz.





## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

# *Sama sagan aftur og aftur*

Söguþráður ævintýramyndarinnar Eragon er glettilega keimlíkur fyrstu Stjörnustríðsmyndinni A New Hope. Í Eragon eignast ungur bóndastrákur dreka, öðlast um leið ofurkrafta og verður eina von þjakaðrar alþýðu um að hún losni undan oki ills konungs. Reyndur uppgjafariddari úr gamalli reglu sem stóð vörð um réttlætið áður en hið illa náði yfirhöndinni tekur drenginn undir sinn verndarvæng og kennir honum að nota nýfenginn mátt sinn. Þar fyrir utan hafði vondi kallinn einu sinni verið í röðum góðu riddaranna áður en hann spilltist og útrýmdi þeim. Kunnuglegt?

Bóndastrákurinn Logi Geimgengill kynnist gamla riddaranum Obi-Wan, fær hjá honum geislasverð, lærir að nota Máttinn og verður eina von vetrarbrautarinnar um frelsi undan oki vonda keisarans sem beitir ilmenni fyrir sig sem hafði áður útrýmt öllum góðu riddurunum og réttlætisvörðunum að Obi-Wan undanskildum.

Höfundur Eragon verður þó seint sakaður um hreinan og kláran ritstuld þar sem þetta var ekki heldur nýtt þegar George Lucas gerði ævintýrum Geimgengilsins eftirminnileg skil. Báðar byggja myndirnar á þrautreyndri ævintýraformúlu sem hefur gert það gott frá örófi alda.



Báðar eru þessar myndir ágætar til síns brúks og kalla fram tilfinningaviðbrögð sem við viljum finna. Söguþráðurinn er svo rótgróinn í sameiginlegt minni hins vestræna heims, er svo kunnuglegur og notalegur að hann virðist alltaf finna hljómgrunn.

Vinsældir mynda sem byggja á ævintýraformúlunni segja svo allt sem segja þarf um smekk hins almenna kvikmyndahúsagests og í raun er það tilgangslaust og fánýtt að væla yfir skorti á frumleika í Hollywood þegar sú formúla sem reynist jafnan best er miklu eldri en Draumaverksmiðjan og kvikmyndatökuvélin.

Fjöldinn fær það sem hann vill og það fer ekki á milli mála að efst á óskalistanum trónir sama sagan. Aftur og aftur.






**SPIELBERG, HARRISON FORD OG GEORGE LUCAS** Það er alveg sama hverju þessir þrír koma nálægt, það verður alltaf að gulli, en þegar þeir leiddu fyrst saman hesta sína árið 1981 með Raiders of the Lost Ark slógu þeir ófá aðsóknarmetin.

# Sextugt undrabarn

**Bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Steven Spielberg fagnaði sextíu ára afmæli sínu á mánudaginn. Spielberg er óumdeildur risi á sínu sviði, á að baki nokkrar vinsælustu kvikmyndir sögunnar og er enn á fleygiferð.**

Spielberg vakti töluverða athygli árið 1971 með Duel, sjónvarpsmynd um bílstjóra sem er hundeltur af dularfullum og snarbiluðum vörubílstjóra eftir þjóðvegi í Kaliforníu.

Hann var þá 25 ára gamall og stók af öll tvímæli um að hann byggi yfir sérstökum hæfileikum sem nýttust honum bak við kvikmyndatökuvélina en í þessari einföldu sögu og takmarkaða sögusviði náði hann að keyra upp magnaða spennu.

Hann var á léttari nótunum árð 1974 í kvikmyndinni The Sugarland Express með Goldi Hawn í aðalhlutverki og ári síðar gerði hann allt vitlaust með Jaws.

**Bylting í Hollywood**
Spielberg gjörbreytti í raun landslaginu í Hollywood með myndinni um mannætuhákarlinn blóðþyrsta en myndin er almennt talin fyrsti „blockbusterinn“ eða sumarsmellurinn, alvöru stórmynd sem rakaði saman áður óþekktum upphæðum í miðasölunni. Vinsældir myndarinnar færðu Spielberg völd og áhrif og síðan þá hefur hann ekki gert annað en festa sig enn frekar í sessi.

Hann beindi í framhaldinu sjónum sínum til himins í Close Encounters, áhrifaríkri mynd um heimsókn vitsmunavera utan úr geimnum til jarðarinnar, árið 1977.

Árið 1979 tók hann á rás í hinu léttgeggjaða stríðsgríni 1941 og árið 1981 sigraði hann heiminn á ný með Raiders of the Lost Ark. Þessi fyrsta mynd um ævintýri fornleifafræðingsins Indiana Jones sló hressilega í gegn.

Spielberg gerði myndina með félaga sínum George Lucas en samstarf þeirra hefur verið bæði farsælt og gróðavænlegt. Þeir félagar hafa þegar gert þrjár myndir um Jones með Harrison Ford í aðalhlutverki og stefna enn á fjórðu myndina.



**E.T.** Ein fallegasta og eftirminnilegasta mynd Spielbergs fékk bæði ung og gömul barnshjörtu til að slá örar.

**Séníið með barnshjartað**
Sigurganga Spielbergs hélt áfram ári síðar þegar hann bræddi hjörtu heimsbyggðarinnar með E.T. the Extra-Terrestrial. Hugljúfri mynd um nána vináttu ungs drengs og fjörgamallar geimveru sem varð strandaglópur á jörðinni.

Önnur Indiana Jones myndin The Temple of Doom kom árið 1984 en eftir það skipti Spielberg um stefnu. Hann var búinn að festa sig í sessi sem konungur afþreyingarmyndanna og sýndi með E.T. og Raiders of the Lost Ark, sem var ekta þrjúbíó af gamla skólanum, að hann gerði myndir sínar með stóru barnshjarta.

**Fjólublá fullorðinsár**
Þegar hér er komið við sögu vill kappinn fara að sanna sig með alvarlegri myndum, fá viðurkenningu sem fullburða leikstjóri og helst landa Óskarsverðlaunum í leiðinni.

Fyrsta tilraun hans í þá átt var The Color Purple árið 1985, ákaflega falleg og dramatísk mynd byggð á sögu Alice Walker með Whoopi Goldberg í aðalhlutverki. Spielberg átti þó ekki erindi sem erfiði og Óskarinn lét á sér standa. Hann hjó í sama knérunn með Empire of the Sun tveimur árum síðar en Akademían horfði enn framhjá honum.

Þá leitaði hann á gömul mið og gerði Indiana Jones and the Last Crusade og dollararnir mokuðust í kassann en síðan fataðist honum flugið með Always (1989) og Hook (1991) mislukkaðri nútímaútgáfu af ævintýrinu um Pétur Pan.

**Gulldrengurinn fær styttur**
Segja má að annað gullaldarskeið Spielbergs hafi hafist árið 1993 þegar hann sló í gegn með Jurassic Park þar sem tölvuteiknaðar risaeðlur lifnuðu við í hörkufínni ævintýramynd. Það sama ár sendi hann Schindler´s List frá sér en þar tók hann helför gyðinga föstum tökum í sterkri mynd sem loksins skilaði honum langþráðum Óskarnum.

Árið 1997 gerði hann framhald Jurassic Park, The Lost World, með hangandi hendi og skilaði einnig Amsitad af sér við mátulega hrifningu. Árið 1998 tefldi hann vini sínum, Tom Hanks, fram í innrás Bandaríkjamanna í Frakkland á D-degi í seinni heimsstyrjöldinni. Þar sýndi leikstjórinn margar sínar bestu hliðar og landaði Óskarnum á ný.

**Siglir á örugg mið**
Á síðustu árum hefur Spielberg hrist fram dýrar stórmyndir með reglulegu millibili. Artificial Intelligence, Minority Report, Catch Me If You Can, The Terminal og War of the Worlds hafa allar staðið fyrir sínu og það fer ekkert á milli mála hver er við stjórnvölinn þótt engin þeirra jafnist á við áhrifaríkustu og vinsælustu verk leikstjórans.

Í fyrra gerði Spielberg svo enn eina atlögu að Óskarnum með Munich en varð að láta í minni pokann fyrir öðrum spámönnum þótt myndin hafi staðfest það að Spielberg hefur engu gleymt.

Framtíð þessa sextuga undrabarns í Hollywood er því björt og hann hefur langt frá því sungið sitt síðasta.

# Jack hefur betur gegn James



JACK SPARROW Sigurvegari ársins hvað aðsóknartölur varðar.

Sjóræningjarnir í Karíbahafinu fóru létt með að kafsigla aðrar kvikmyndir ársins í Bretlandi en framhaldsmynd The Pirates of the Caribbean hlaut mestu aðsóknina þar í landi. Jack Sparrow og félagar hans af Svörtu perlunni geta gengið sáttir frá borði en Pirates of the Caribbean: Dead Man‘s Chest þénaði hvorki meira né minna en 52 milljónir punda eða rúma sjö milljarða íslenskra króna. Jerry Bruckheimer, framleiðandinn knái, hefur því enn og aftur veðjað á réttan hest því fastlega má reikna með að aðsóknin á þriðju og síðustu myndina verði engu minni.

Töluvert á eftir kemur síðan færasti leyniþjónustumaður sögunnar, sjálfur James Bond, en nýjasta búbótin í þessum sögufræga bálki, Casino Royale, stendur Sparrow og félögum nokkuð langt að baki.



BORAT Kemst á topp-fimm listann yfir aðsóknarmestu kvikmyndir ársins í Bretlandi.

Kvikmyndin halaði inn 42 milljónum punda eða fimm milljörðum íslenskra króna en samkvæmt fréttavef BBC er myndin enn í sýningum í Bretlandi og gæti því bætt nokkuð við sig þótt hún komi aldrei til með að ógna sjóræningjunum í efsta sætinu. Kvikmyndaútgáfan af Da Vinci lyklinum eftir Dan Brown siglir lygnan sjó í þriðja sæti og önnur kvikmyndin um Ísöldina hirðir fjórða sætið. Síðasta kvikmyndin á topp-fimm listanum er um ólíkindatólið frá Kasakstan, blaðamanninn Borat, en líkt og Bond er kvikmyndin enn í sýningu þótt ólíklegt sé að hún færist eitthvað ofar. - fgg



JAMES BOND Öruggur í öðru sæti og ljóst að endurkoma leyniþjónustumannsins hefur heppnast prýðilega.



IWO JIMA Japanar þurftu að tapa til þess að Bandaríkjamenn gætu reist fána sinn á eyjunni. Clint Eastwood skoðar bardagann með augum Japana í Letters from Iwo Jima.

# Bréf frá Iwo Jima

Stórmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, sem fjallar um afdrif bandarísku hermannanna sem reistu þjóðfána sinn á japönsku eyjunni Iwo Jima eftir að hafa hrakið Japani þaðan í seinni heimsstyrjöldinni, verður frumsýnd á Íslandi á öðrum degi jóla.

Í myndinni segir Eastwood söguna um orrustuna frá sjónarhóli sigurvegaranna en samhliða myndinni gerði Eastwood myndina Letters from Iwo Jima sem greinir frá örlögum japönsku hermannanna sem máttu lúta í lægra haldi.

Letters from Iwo Jima fékk í vikunni stórfínan dóm í New York Times. Gagnrýnandi blaðsins bendir á að flestar, ef ekki allar, amerískar stríðsmyndir séu því marki brenndar að þær gangi út á sigur gegn ofurefli, bræðralag á ögurstundu og fórnir fyrir göfugan málstað.

Eastwood er sagður gera út á þessa formúlu í Letters from Iwo Jima um leið og hann afbyggi hana og þannig takist honum að nálgast efnið frumlega og sé jafnvel róttækur í nálgun sinni og sýn á bardagann á Iwo Jima.

Niðurstaða gagnrýnandans er því sú að mynd Eastwoods sé líklega besta japanska mynd ársins en allir aðalleikarar hennar eru japanskir og tala móðurmál sitt í henni. Ken Watanabe (The Last Samurai, Batman Begins) er fremstur í flokki öflugs leikhóps sem þykir sýna mikla breidd í túlkun sinni á löndum sínum sem áttu aldrei möguleika gegn Bandaríkjamönnum.

Eastwood þykir takast að skila aðstæðum og þankagangi hermannanna með miklum sóma með dyggum stuðningi leikaranna sem túlka menn sem, ólíkt því sem gengur og gerist í stríðsmyndum, munu ekki hafa sigur í vonlausri stöðu heldur þurfa þvert á móti að horfast í augu við óumflýjanlegan ósigur.





**HEITIR LEIKIR**

Cartoon Network Racer (PS2)
Race The WTCC Game (PC)
Guitar Hero 2 (PS2)
Best of Star Wars (PC)
Justice League Heroes (PSP/NDS)

# tölvuleikir

bio@frettabladid.is

GULLMOLINN: ÁGÚST BENT SIGBERTSSON

## Leikirnir voru of undarlegir



BENT Furðar sig á því hvað leikir voru skrítnir áður fyrr.

„Ég spilaði Nintendo mikið á sínum tíma, eins og flestir á mínum aldri. Leikurinn sem ég man best eftir er íþróttaleikurinn Track & Field, en hann tók mun meira á mann líkamlega, en nokkur íþróttaiðkun myndi annars gera. Í leiknum þurfti maður að keppa í öllu frá kúluvarpi yfir í sjómann og það gekk ekki slysalaust fyrir sig. Helsta trixið var nefnilega að drita á takkana með þumalputtanum. Þess vegna voru öll börn með stórar blöðrur á þumlunum og hálf óhugguleg. Annars voru margir af þessum gömlu leikjum á Nintendo stórskrítnir og ég hugsa enn um þá í dag. Ég til dæmis skildi aldrei konseptið um Mega-Man. Fínir leikir sem ég man eftir að hafa spilað mikið, en hvað var eiginlega í gangi? Maður þurfti að berjast við laufamanninn, og viftumanninn og ísmanninn, en samt í einhverjum súrrealískum framtíðarheimi. Í lokin keppti maður svo við einhvern lækni sem breytti sér í eðlu, stórfurðulegt alveg. Síðasti Mega-man sem ég spilaði var Mega Man 5 en í honum ferðaðist Mega Man um á fljúgandi hundi. Allt of súrt fyrir mig. Svo held ég að mörg börn hafi ekki jafnað sig á því að spila Super Mario Bros 2. En þegar maður kláraði leikinn kom í ljós að allt erfiðið hafði verið til einskis, þetta var bara draumur. Grey börnin. Ég held líka að nú séu Nintendo að ná sér alveg á strik aftur með tilkomu Wii, en hún er efst á óskalistanum hjá mér.“



MEGA MAN Einn af þeim leikjum sem Bent botnar ekki enn í.



SÝNDARHEIMAR
Dóri DNA

## Er þetta allt tölvuleikjunum að kenna?

Um áhrif tölvuleikja á börn og unglinga, er ég ekki viss, frekar en nokkur annar. Margir eru gjarnir á að kenna tölvuleikjunum um allt sem miður fer. Til dæmis um leið og unglingur brýtur alvarlega af sér má lesa fjöldann allan af leiðurum í Mogganum þar sem einhverjir sperrileggir tala um hvað nú sé nóg komið og að tölvuleikirnir séu að senda æskuna beint til fjandans. Auðvitað er þetta bull. Ungmenni hafa brotið hroðalega af sér í gegnum tímans tönn og gerðu það löngu áður en nokkur leikjatölva kom til skjalanna. Ég held persónulega að ofbeldisfullir tölvuleikir hafi ekki nokkur skaðleg áhrif á neinn, nema þá sem eru verulega tæpir fyrir. Og mótmæli mér nú foreldrafélög, sálfræðingar og félagsfræðingar. Ég held að sama hvað tölvuleikjaframleiðendur reyni að gera tölvuleiki raunverulega, þá munu þeir alltaf vera teiknaðir og svo er það hverjum og einum frjálst að hætta þegar honum líst ekki á blikuna. Þeir sem algjörlega hakkast af leikjunum, munu bara hakkast af einhverju öðru í staðinn ef leikirnir verða teknir frá þeim. Krakkar leika sér í byssó og hermannaleik og með Action Man og hvað þeir allir heita þarna. Tölvuleikirnir eru ekkert öðruvísi. Það spilar enginn Battlefield og hugsar svo með sér, jæja best ég fari nú og drepi einhvern, það virðist algjörlega vera málið ef marka má þennan leik. Í síðasta tölvuleikjapistli sagði ég að börn ættu að passa sig á að hanga ekki of mikið í tölvunni. Þau mættu ekki líta á hana sem flótta frá raunveruleikanum og lifa einhverju tvöföldu cyber-lífi. Ég get ekki séð nein önnur skaðleg áhrif en þau. En það einskorðast heldur ekki bara við tölvuleikina, heldur getur raunveruleikaflótti átt sér milljón myndir og er alltaf slæmur. Kjarni málsins er að auðvitað er allt gott í hófi og slæmt í óhófi. Ekki vera hrædd um að leyfa börnunum ykkar að spila leiki sem eru á bannlista foreldrafélagsins, bannið þeim þá líka að fara í byssó. Passið bara að allt sér gert í hófi.





EKKERT NEMA HASAR Leikurinn ku vera æsispennandi og fær leikmenn til að svitna á köflum.

# Tarantino í tölvuna

**Leikurinn Reservoir Dogs er kominn út á Xbox og pc, en hann er algjörlega byggður á kvikmyndinni.**

Það hefur lengi verið siður að gera tölvuleiki eftir kvikmyndum og kvikmyndir eftir tölvuleikjum. Leikurinn kemur yfirleitt út á sama tíma og myndin og er mikið notaður í auglýsingatilgangi. Hins vegar hefur það gerst af og til að leikir eru gerðir eftir frægum kvikmyndum, mörgum árum eftir útgáfu þeirra og bera þar hæst leikir á borð við Scarface og Godfather. Nú er kominn út leikurinn Reservoir Dogs, sem byggist algjörlega á samnefndri kvikmynd Quentins Tarantinos, sem var jafnframt hans fyrsta kvikmynd og kom út árið 1992. Myndin fjallar um hóp manna sem taka þátt í vel skipulögðu skartgriparáni. Eitthvað fer þó úrskeiðis, einhver kjaftaði í lögguna og eru jafnvel sumir að þjóna eigin tilgangi en ekki hópsins. Leikurinn fylgir myndinni ítarlega og þurfa leikmenn bæði að fremja ránið og koma svo ræningjunum í skálkaskjól sitt. Leikmenn þurfa að komast að því hvernig Mr. White tókst að flýja, hvar Mr. Pink faldi demantana og leysa vandann með góðmennið Eddie, en þessar persónur ættu að vera kunnugar þeim sem myndina hafa séð. Framleiðendur leiksins gættu sín á að halda Tarantino- áhrifunum á sínum stað og endurspeglast það í skemmtilegum samtölum, miklu ofbeldi og hárbeittum húmor. Engin ein aðalpersóna er til grundvallar, heldur þurfa menn að stýra hverjum og einum bófa og ekki endilega í sömu tímaröð og kvikmyndin gerðist. Hvort sem leikmenn eru fótgangandi í bíl eða á öðru farartæki er sagt að spennan í leiknum gefi aldrei eftir. Sama tónlist er notuð í leiknum og í myndinni og ættu margir að brosa breitt þegar lagið „Stuck in the middle with you“ fær að hljóma, en það var notað á eftirminnilegan hátt fyrir næstum fimmtán árum síðan í þekktu atriði myndarinnar. Svo auðvitað er gamla kempan Michael Madsen sem ljáir rödd sína persónu í leiknum, en hann spilaði stóra rullu í kvikmyndinni. Leikurinn spilast á PC og á Xbox og ætti að finnast í öllum helstu tölvuleikjaverslunum. Það ber þó að taka fram að hann er mjög ofbeldisfullur, rétt eins og kvikmyndin fræga. dori@frettabladid.is



ENDURUPPLIFÐU MYNDINA Leikurinn fylgir myndinni í einu og öllu og er afar nákvæmur.




# Playstation 3 ekki í góðum málum

Margir markaðssérfræðingar segja að fá fyrirtæki í ár hafi klúðrað málunum jafn gróflega og Sony. Sony átti stærstu hlutdeildina í tölvuleikjamarkaðnum fyrir stuttu, en þar réði Playstation 2 ríkjum. Sony menn spáðu svo þriðju kynslóð leikjatölvunnar miklum vinsældum en allt hefur komið fyrir ekki. Playstation 3 hefur selst illa. Hún hefur verið gagnrýnd fyrir að vera ekki næstum því öllum kostum gætt sem framleiðendur hennar vonuðu og leita æ fleiri á náðir annarra fyrirtækja til þess að svala losta sínum í tölvuspil. Nintendo Wii er ótvíræður sigurvegari þessa árs, en hún hefur slegið öllum sölutölum við. Í öðru sæti er Xbox tölvan sem nálgast tíu milljóna eintaka múrinn, og langt á eftir er Playstation 3. Sony menn þurfa því að drífa sig aftur að teikniborðinu og leysa þennan vanda fljótt, áður en það er um seinan, því áður hafa vinsælar tölvur horfið af sjónarsviðinu á svipaðan hátt, til dæmis framleiddu Sega ekki fleiri leikjatölvur eftir að Dreamcast leit dagsins ljós.



PLAYSTATION 3 Stóð ekki undir væntingum framleiðenda.

# Hundur étur kött og annan hund




Tölvuleikurinn Canis Canem Edit eða Bully er einn heitasti leikurinn fyrir þessi jólin. Leikurinn er gefinn út af Rockstar-fyrirtækinu, en sjaldan bregst þeim bogalistin. Í leiknum fara menn í hlutverk Jimmy Hopkins, fimmtán ára gamals skólastráks, sem hefur verið rekinn úr öllum skólum sem hann hefur hafið nám við. Núna er búið að senda hann í heimavistarskólann Bullworth og þar byrjar ballið. Leikurinn gerist allur í skólanum eða þar í kring. Jimmy þarf að slást við hrekkjusvín og annan lýð, til þess að sýna að hann láti ekki vaða yfir sig og að skólinn sé hans. Verkefnin eru mjög skemmtileg og fjölbreytt þótt sum þeirra séu erfiðari en önnur. Sem dæmi um verkefni þarf maður að fylgja spikfeitu nördi á klósettið og passa að hann verði ekki laminn í spað á leiðinni. Jimmy þarf svo að mæta í tíma, en það eru tveir tímar á dag. Auðvitað er hægt að skrópa og gera eitthvað annað, en þá þarf maður að passa sig á gæslumönnum. Í tímunum þarf maður að leysa ýmsar smáþrautir, sem bæta mann á mörgum sviðum. Í leikfimi spilar maður skotbolta, glímir og stundar hnefaleika, og verður maður því betri að slást fyrir vikið, en það er mikið slegist í Bullworth. Svo verður maður auðvitað að vera kominn í háttinn fyrir tvö og eftir ellefu er útivistarbann. Bully er besti leikur sem ég hef spilað mjög lengi. Hann er alveg ótrúlega skemmtilegur og stýringarnar þægilegar. Fjölbreytileiki leiksins er lykilatriði og söguþráðurinn er æði. Bully er alls ekki fyrir þá yngstu enda mjög grófur á köflum. Ég hlakka mikið til þess að spila þennan leik í jólafríinu.

**Dóri DNA**




**CANIS CANEM EDIT : BULLY**

**PS2**

Ævintýra- og hasarleikur

★★★★

Bully er frábær leikur sem á erindi í jólapakkann hjá eldra liðinu. Leikurinn á næstum því skilið fimm stjörnur, en það vantar bara herslumuninn, tónlistin til dæmis er ekki alveg nógu góð.




# Bestu PC leikir ársins

Amazon.com hefur valið sjö bestu PC tölvuleiki ársins, en þeir hafa allir selst ansi vel.



1. NEVERWINTER NIGHTS 2



2. STAR WARS: EMPIRE AT WAR



3. BATTLEFIELD 2142



5. GUILDWARS NIGHTFALL



4. HALF LIFE 2 (AFTERMATH EPISODE ONE)



7. NANCY DREW: DANGER BY DESIGN



6. MICROSOFT FLIGHT SIMULATOR X DELUXE



> **Athugaðu**

*... að gamaldags jólaepli standa enn fyrir sínu, þó að börnin í dag fái ýmislegt sætara en svo. Það er gott að geta gripið til þeirra yfir hátíðarnar þegar magann lengir eftir öðru en sætindum og svo eru þau líka svo undurfallega rauð.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN** HAFLIÐI RAGNARSSON, BAKARI OG SÚKKULAÐIGÚRÚ

## *Á alltaf til Homeblest í eldhússkápnum*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það hlýtur að vera súkkulaði, það er uppáhaldið með stóri u-i. En í öðru sæti er íslenskur fiskur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Kjötsúpan hennar mömmu, það er það besta sem ég fæ.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég get ekki sagt það. Ég er eiginlega alæta.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Parmesan-ostur eða Maldon-salt setur punktinn yfir i-ið. Mér finnst það alltaf æðislegt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þarna er súkkulaði mjög sterkur punktur. En mér finnst líka alltaf voðalega gott að fá mér ís.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf til mjólk í ísskápnum og Homeblest uppi í háum skáp. Ég er algjör klassík-karl. Ég er alæta, en maturinn þarf ekkert alltaf að vera eitthvað flottur.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég myndi vilja vera með foie gras og teskeið með mér. Þá væri ég góður á eyjunni.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef borðað krókódíl og froskalappir. Það er kannski helst tilhugsunin um að borða þennan mat sem er skrítin, en svo er þetta mjög eðlilegt og þykir kannski ekki merkilegt lengur.





**VÍNVIÐURINN**
**Einar Logi Vignisson**

## *Hátíðlegt í gjafaumbúðum*

Í desembermánuði gera vínáhugamenn alla jafna sérstaklega vel við sig og kaupa dýrari vín en aðra mánuði ársins. Framboðið af vandaðri vínum er meira á þessum árstíma en alla jafna og sérvara ratar inn sem annars er ekki á boðstólum. Vert er að vekja sérstaka athygli á því að oftast er lítil álagning á vörum í gjafaumbúðum, glösum sem fylgja með flöskum o.s.frv. Erlendis ratar svona varningur yfirleitt í sérvöruverslanir en hér verður ekki komist lengra en í hillur einkasölunnar og þar eru litlir möguleikar á að breiða úr sér og merkja vöruna með gassagangi. Því líta innflytjendur á gjafaumbúðirnar og fylgihlutina sem einn af örfáum möguleikum til kynningar og það endurspeglast í lágu verði sem kemur neytendum til góða.

Þrátt fyrir há áfengisgjöld á Íslandi eru ekki öll vín dýr hérlendis. Um leið og komið er í milliverðflokk, um 1.500 kr., eru vín hérlendis á sambærilegu verði og erlendis. Ég þreytist ekki á því að vísa vínáhugafólki í þennan verðflokk og minni á það að allt að fimmfaldur munur er á framleiðsluverði víns sem kostar 1.000 kr. og víns sem kostar 1.500 kr. Ofurskattar og gjöld skekkja myndina svo hroðalega í vínbúðum ríkisins.

Flestar spurningar um vín sem ég fæ í desember snúast um hvaða vín eigi að drekka með jólamatnum. Oftast á fólk þá við íslenskan hátíðarmat á borð við hangikjöt, rjúpu og hamborgarhrygg. Í vínbúðunum liggja frammi ágætis upplýsingar um hvaða vín geta gengið með slíkum mat. Ég hef áður í pistlum mínum viðrað efasemdir mínar um það hversu vel vín eiga við slíkan mat og endurtek þær hér. Malt og appelsín með hangikjötinu, portvín með rjúpunni og belgískur munkabjór með hamborgarhryggnum eru bestu samsetningar sem ég get mælt með. Um veglegan hátíðarmat af öðrum toga gilda hefðbundnar leikreglur um samsetningu víns og matar. Ítölsku vínin sem ég fjalla um hér á síðunni ganga með flestum mat og eru einnig góð eins og sér. Ég mun fjalla um fleiri ítölsk vín í næstu viku.

**Á botninn hvolft:**
Rándýr vín er hægt að kaupa í vínbúðum og selja til útlanda með góðum hagnaði. Til dæmis er hið rándýra og eldgamla koníak Frapin árgerð 1888 tugum þúsunda dýrari hér en á e-bay. Kostar aðeins 298.000 kr ...



# Ítölsk meistaravín um hátíðarnar

**Þegar mikið er lagt í matreiðsluna má ekkert klikka og fæstir eru tilbúnir að taka mikla sénsa og kaupa vín sem þeir þekkja ekki. Aðrir eru opnir fyrir nýjungum eða velja trausta framleiðendur eða vín í kunnuglegum stíl. Umfjöllun Fréttablaðsins um hátíðarvín þetta árið er þematengd og lítum við til Ítalíu af nokkrum ástæðum.**

Ítölsk vín mjög eiga vel við fjölbreyttan mat. Þau eru yfirleitt ekki mjög þung sem er kostur þar sem flestir éta yfir sig á jólunum og þung vín sem taka mikla orku frá manni eru ekki á bætandi! Þau eru líka dásamleg með ostum og súkkulaði og því prýðilegur fylgisveinn inn í kvöldið á rólegheitastundum við bóklestur og sjónvarpsgláp. Síðast en ekki síst urðu Ítalir heimsmeistarar í fótbolta í sumar og sá gleðilegi árangur fyrir okkur aðdáendur Ítala kemur enn upp í hugann í hvert skipti sem ég bergi á ítölskum vínum!

Ég fékk til liðs við mig nokkra blaðamenn og vínáhugamenn til að smakka ítölsk vín. Flestir voru í senn ánægðir og hissa. Hissa vegna þess að flestir eru vanir að drekka ódýrari ítölsk vín og leita sjaldnast í þann verðflokk sem ég miðaði við en það eru vín sem kosta frá 1.500 kr. og upp úr. Ánægðir voru smakkararnir vegna þess hversu gífurlega öflug þessi vín eru og traust. Það er ekki býsna einfalt að átta sig á gæðum og massa ítölsku vínanna út frá verðinu. Betri chianti-vínin kosta um 1.500 kr. og eftir því sem þau verða dýrari þá verða þau þyngri og öflugri. Þetta gildir allt að þriðja þúsundinu. Þá taka við chianti-vín sem eru orðin mjög massíf og boltar eins og amarone og brunello di montalcino.

**Toppvín frá Toskana**

Ítalía er mesta vínframleiðsluland heims og Toskana er hjarta ítalskrar víngerðar. Höfuðþrúga héraðsins er sangiovese og öll vínin sem við fjöllum um hér eru úr henni eða afbrigði hennar brunello sem kennd er við þorpið Montalcino. Chianti er heitið á hæðum í nágrenni Flórens. Vínin eru kennd við svæðið og kölluð classico ef þau eru úr kjarna svæðisins af bestu ekrunum.



**Fontodi chianti classico** er afar góður kostur fyrir þá sem vilja hreint og beint chianti af betra taginu. Ferskt og ljúft og á erindi með léttari hátíðarréttum. Vel þroskað miðað við aldur, en árgangurinn er 2004. 1.890 kr.



**Castello Di Querceto chianti classico riserva** er af hinum frábæra 2001 árgangi og hér höfum við fært okkur upp um þyngdarflokk. Orðið eins gott og hefðbundið chianti vín getur orðið áður en mikið er farið að „fikta í því" eins og stundum er sagt. 2.290 kr.



**Dievole** er framleiðandi sem hefur vakið mikla athygli víða um heim. Í nýlegri vínbók frá amerísku tímaritinu Food & Wine eru vín framleiðandans í þriðja sæti yfir bestu kaup frá Toskana. Þarna heldur um taumana kornung þýsk víngerðarkona sem heimsótti Ísland í sumar. Rinascimento er vinsælasta vínið (1.490 kr.) og La Vendemmia (2.290 kr.) er afar vel gert í klassískum léttum stíl. Hlutirnir fara hins vegar verulega að gerast í **Novecento** en smökkunarhópurinn kolféll fyrir því víni. Massíft en ljúft og ekki of ágengt. 3.190 kr.



**Argiano** er firnagóður framleiðandi sem gerir vín á afar hagstæðu verði. Argiano Rosso Di Montalcino (1.750 kr.) er eitt af vínunum sem Vínþjónasamtökin veittu Gyllta glasið í október. **Argiano Brunello di Montalcino** er feykilega vel gert vín, kryddað og höfugt og batnar eftir því sem lengra líður frá því að flaskan er tekin upp! Smökkunarhópurinn leitaði mikið í þetta vín í restina á smökkuninni. Flott að geta fengið svona gott brunello á þessu verði. 3.290 kr.



**Castellani** er annar mjög góður framleiðandi og hin hagstæðu kaup Campomaggio chianti classico (1.490 kr.) fékk Gyllta glasið í fyrra. **Brunaio Brunello di Montalcino** er ákaflega vel gert vín sem ræður við öflugan mat og verðið er mjög gott. 3.290 kr.



**Banfi** er eitt þekktasta vörumerki Ítala í vínum og á fastan hóp aðdáenda. **Banfi Brunello di Montalcino** fékk strax afgerandi stuðning í smökkunarhópnum og er sannarlega aðlaðandi. Eitt þeirra vína sem menn hamstra í Fríhöfninni. 4.190 kr.

einarlogi@frettabladid.is

Njótið jólamatarins!

**Kælið** matvæli fljótt eftir suðu. Hitastig í kæli á að vera 0-4°C.

**Þvoið** hendur oft og vel. Borð, ílát, áhöld og skurðarbretti eiga að vera hrein.

**Krossmengun** verður ef bakteríur berast frá hráum matvælum yfir í tilbúin matvæli. Haldið hráum og tilbúnum matvælum aðskildum.

**Gegnsteikið** eða gegnsjóðið kjöt. Heit matvæli á hlaðborði eiga að vera við amk 60°C.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

UST Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík sími 591 2000 fax 591 2020 www.ust.is

# Perlan er samastaður sælkera

Í Perlunni leynist lítil sælkeraverslun með dýrindis kræsingum. Stefán Sigurðsson segði verslunina státa af breiðum vöruhópi. „Við erum með sultur og dijon-sinnep, rækjur frá Malasíu og Taílandi, dádýr og nautalundir. Svo erum við með reyktan lax og mjög mikið af innfluttum frosnum sveppum, bæði villisveppum og kantarellusveppum," sagði hann.

Verslunin hefur verið starfrækt í eina þrjú ár og var komið á laggirnar í gegnum veitingastaðinn. „Þetta eru allt vörur sem við erum með umboð fyrir," sagði Stefán. „Við vorum með gestakokk frá Bourgogne á veitingastaðnum. Þegar hann sá dijon-sinnepið sem við vorum að nota sagði hann bara að það væri ekki alvöru, og kom okkur í samband við einn besta sinnepsframleiðandann í Bourgogne. Þannig hafa þessi sambönd komið til," sagði Stefán, en í hillunum má einnig finna sultur frá Thursday Cottage, sem er einn af þremur bestu sultuframleiðendum í Bretlandi og brauðtertubrauð frá Ítalíu.

Sveppirnir hafa verið afar vinsælir hjá sveppaunnendum, og sagði Stefán þá nánast ómissandi í jólamatseldina. Enginn starfsmaður er í búðinni, en það á þó að vera vandalaust að fá ráðleggingar varðandi vöruna. „Það er fullt hús af kokkum hérna ef fólk vill spyrjast fyrir," sagði Stefán og hló.



**EÐALVÖRUR** Búðinni var komið á laggirnar í gegnum veitingastaðinn í Perlunni, en það ætti að teljast nokkuð óhætt að treysta dómgreind kokkanna þar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# NARNÍA

***Þriðja og fjórða bókin í röðinni um Narníu***

*Töfraheimur frá upphafi tímans, fullur af undursamlegum skepnum, talandi dýrum og trjám sem eiga það til að rífa sig upp og dansa.*

Fá ævintýri hafa notið jafn mikilla vinsælda og sögurnar um Narníu. Nú heldur ævintýrið áfram um þessa stórkostlegu töfraveröld í bókunum eftir C. S. Lewis.













FJÖLVI

Suðurlandsbraut 54 - 108 Reykjavík
Sími: 565 6500 - www.fjolvi.is

*Fyrstu bækurnar tvær komu út í fyrra og nutu fádæma vinsælda.*

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**FOOTBALLER´S WIVES** Sló í gegn í Bretlandi fyrir nokkrum árum.

## Frumsýndur vestanhafs

Breski sjónvarpsþátturinn Footballer´s Wives verður lagaður að bandarískum markaði og mun hefja göngu sína þar í landi á næsta ári ef allt gengur að óskum.

Orðrómur er uppi um að Bryan Singer, sem leikstýrði síðast Superman Returns, muni leikstýra fyrstu þáttaröðinni. Footballer´s Wives gekk í fimm ár í Bretlandi við miklar vinsældir.

# Madonna og Guy í vanda

**Samkvæmt breska götublaðinu Daily Mail stendur hjónaband Madonnu og Guy Ritchie á brauðfótum sökum ólíkra skoðana á ættleiðingarmálum þeirra.**

Madonna lýsti því yfir í frönsku blaði að hún vildi ættleiða að nýju og að þessu sinni stúlkubarn frá Malaví. Mörgum er það enn í fersku minni þegar hjónin ættleiddu strákinn Davíð frá sama landi og allt það fjaðrafok sem varð í kringum það mál en poppdrottningin lætur engan bilbug á sér finna heldur vill halda áfram á sömu braut.

Faðir Guy, John Richie, sagði í samtali við Daily Mail að mjög erfiðir tímar væru í hjónabandi sonar síns og tengdadóttur. „Davíð er mjög fallegur strákur og Guy er mjög góður við hann,“ sagði John. „Þau eru hins vegar undir miklu álagi vegna allrar þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar sem ættleiðingin fékk en hún olli mikilli spennu í sambandi þeirra,“ bætti John við. Heimildarmenn Daily Mail segja Madonnu ólma í að ættleiða aftur en Guy sé á báðum áttum. Hann hafi ekkert á móti því að fá nýjan fjölskyldumeðlim en vill bíða þar til Davíð komi sér vel fyrir í London.

Talsmaður National Children's Home London Black Families taldi rétt að fjölskyldur biðu í eitt ár eftir fyrstu ættleiðingu en það færi þó eftir aldri barnsins. „Foreldrarnir þurfa að leyfa barninu að aðlagast,“ sagði talsmaðurinn í samtali við blaðið. „Þegar hjón eignast barn sjálf er oftast beðið í níu til tíu mánuði ef þau vilja eignast annað,“ bætti hann við.



**DAVÍÐ OG NÝJA FJÖLSKYLDAN** Madonna og Davíð sem var ættleiddur frá Malaví ásamt systkinum sínum, þeim Lourdes og Rocco. FRÉTTABLAÐIÐ/ MYND:AP

Sögusagnirnar um bresti í hjónabandinu fengu byr undir báða vængi fyrir hálfum mánuði þegar sást til Guy og Madonnu deila hart á veitingastaðnum Cecconi. „Guy sakaði eiginkonu sína um að vera ráðrík en Madonna lék sér að matnum sínum,“ sagði einn sjónarvottur. „Það andaði köldu á milli þeirra,“ bætti sjónarvotturinn við.

Daily Mail greinir enn fremur frá því að Guy svíði undan því að eiginkona hans skuli hafa mætt ein í sjónvarpsviðtal til að útskýra afstöðu sína en náinn vinur hjónanna segir að Guy hafi gjarnan viljað hlustað á sjónarmið allra. „Henni finnst eins og hann styðji ekki við bakið á sér og honum finnst eins og hún sé að fara á bak við hann,“ sagði einn heimildarmaður Daily Mail. **- fgg**



**LEIKANDI LAUS** David Walliams er á lausu að nýju, en hann er þekktur fyrir að skipta reglulega um vinkonur.

## Aftur á lausu

David Walliams úr Litla Bretlandi er þekktur fyrir að vera við marga konuna kenndur, nú síðast við fyrirsætuna Emily Scott. Því sambandi lauk þó þegar Scott flaug til Ástralíu til að heimsækja fjölskyldu sína. Eftir að hafa verið í burtu í nokkurn tíma fjaraði sambandið út og Walliams er því á lausu á ný.

## Saman um jólin



**STONE OG SLATER**

Sharon Stone og Christian Slater eru nýjasta parið í Hollywood. Parið hefur þrjóskast við að gangast við sambandinu, eins og algengt er í stjörnuheimi, en kunnugir segja að Stone ætli að bjóða Slater að verja jólunum með sér. Því hefur þó verið fleygt að hvorki Stone né Slater búist við því að sambandið endist lengi, en séu bæði ánægð með fyrirkomulagið eins og er.




## Björk syngur í nýju myndbandi U2

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir er á meðal fjölmargra stórstjarna sem koma fram í nýjasta myndbandi U2 við lagið Window in the Skies. Lagið er eitt tveggja nýrra laga á nýrri safnplötu U2 sem kom út á dögunum. Hitt er þeirra útgáfa af The Saints Are Coming sem þeir unnu í samvinnu við rokkarana í Green Day.



**BJÖRK** Íslenska söngkonan er á meðal þeirra sem koma fram í nýjasta myndbandi U2.

Myndbandið er þannig uppbyggt að birt eru myndskeið frá hinum ýmsu hljómsveitum og tónlistarmönnum á tónleikum og er látið líta út fyrir að þeir séu að spila og syngja Window in the Skies.

Auk Bjarkar koma fram í myndbandinu helstu stjörnur tónlistarsögunnar á borð við Elvis Presley, Bítlana, Frank Sinatra, Jimi Hendrix, Led Zeppelin, Johnny Cash, David Bowie, Bob Marley og Louis Armstrong. Einnig eru þar nýrri listamenn eins og The White Stripes, Mary J. Blige, Kurt Cobain og Beck.

Eru meðlimir U2 jafnframt klipptir inn í myndbandið og þeir látnir líta út fyrir að vera á tónleikum að hlusta á lagið og fylgjast með stjörnunum. Kemur þetta allt saman skemmtilega út og hlýtur að vera mikill heiður fyrir Björk sem hitaði upp fyrir U2 með Sykurmolunum á sínum tíma.

## Vill engin börn

Tónlistarmaðurinn Robbie Williams segist ekki vilja eignast börn því hann myndi ekki þola það ef þau yrðu fyrir sársauka í lífi sínu.

Í viðtali við Big Issue-tímaritið sagði hann að sársaukinn sem börnin myndu þurfa að ganga í gegnum einhvern tímann á ævinni vegi of þungt á móti því jákvæða í lífinu. „Ég trúi því ekki að þú fullkomnir líf þitt með því að eignast börn,“ sagði Robbie. „Hver er tilgangurinn? Ég get ekki tryggt það að ég muni ekki eignast barn sem þjáist einhvern tímann á ævinni. Ég vil ekki sjá slíkt. Það er of mikið fyrir mig.“

Í viðtalinu gefur Robbie í skyn að hann ætli að taka sér gott frí á næstunni. „Það er ekkert land sem ég vil sigra, enginn leikvangur sem ég vil syngja á og það er engin bíómynd sem ég vil vera í.“



**ROBBIE WILLIAMS** Tónlistarmaðurinn Robbie Williams hefur ekki áhuga á að eignast börn.

# BT



# GÓÐAR GJAFIR

## GSM SÍMI



SAMSUNG

8.999

SGHX160
GSM SAMSUNG SGH-X160
Dual-Band GSM 900/1800
Þyngd 77 g, með 65 þús. lita
TFT skjá (120x160 punktar)
Ending rafhlöðu allt að
3,5 klst. í tali og 360 klst. í bið
GPRS gagnaflutningur
WAP, xHTML, HTML og Java netstuðningur
SMS/MMS/EMS skilaboð
1000 nöfn í símaskrá

## GSM SÍMI



19.999

SAMSUNG

SGHX680
GSM SAMSUNG SGH-X680
Tri-Band GSM 900/1800/1900
Þyngd 80 g, með 65 þús. lita
TFT skjá (120x160 punktar)
Skjár utan á síma (96x96 punktar)
Ending rafhlöðu allt að
3 klst. í tali og 250 klst. í bið
VGA myndavél 640x480 - hreyfimyndataka
MP3/AAC spilari
Handfrjáls hátalari, vekjari, dagbók
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth

## GSM SÍMI



29.999

SGHX820
GSM Samsung SGH-X820
6,9mm þykkur GSM sími frá Samsung
Tri-Band GSM 900/1800/1900
Þyngd 66 g, með 26 þús. lita
TFT skjá (220x176 punktar)
Ending rafhlöðu allt að
2,5 klst. í tali og 260 klst. í bið
2 megapixla myndavél - hreyfimyndataka
MPEG4 afspilun
MP3 spilari
Handfrjáls hátalari, vekjari, dagbók
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth

SAMSUNG

## ÞRÁÐLAUS SÍMI

DORO



Frábært verð

3.999

DORO 131
DORO 131 DECT ÞRÁÐLAUS SÍMI
Þráðlaus DECT sími
10 klst í tali
100 klts í bið
Dregur 50m innanhús, allt að 300m utan
Númerabirtir
Stillanlegur hljóðstyrkur
Velja má um nokkra hringitóna
10 skammvalsminni fyrir símanúmer
Takkalás

## ÞRÁÐLAUS SÍMI

Panasonic



5.999

séu keypt 2 handtæki greiðir þú aðeins **8.999**

KX-TG1100ES
PANASONIC DECT KX-TG1100
Símaskrá fyrir 50 nöfn og númer
Rafhlaðan endist í allt að 10 klst.
120 klst. í biðstöðu
Vekjaraklukka
Takkalás
Endurval
Línurofstakki (R-takki)
Festa má móðurstöðina á vegg

## ÞRÁÐLAUSSÍMI

Panasonic



7.999

séu keypt 2 handtæki greiðir þú aðeins **9.999**

KX-TG7100
PANASONIC DECT KX-TG7100
Stafrænn DECT/GAP sími
Númerabirtingarminni 50
Símaskrá fyrir 20 nöfn og númer
Skammval 10 nr.
Rafhlaðan endist í allt 20 tíma í stöðugu tali
170 tíma í biðstöðu
Íslenskur leiðarvísir



**FÖGNUÐUR** Elísabet, Einar og Börkur Hrafn Birgisson voru hyllt í Iðnó fyrir nýju plötuna.

# Þriðju leiðinni fagnað

Útgáfutónleikar vegna plötunnar Þriðja leiðin voru haldnir í Iðnó á dögunum. Þriðja leiðin er samstarfsverkefni Barkar Hrafns Birgissonar gítarleikara, Elísabetar Eyþórsdóttur söngkonu og Einars Más Guðmundssonar rithöfundar. Lögin á plötunni eru öll eftir Börk en textarnir eru eftir Einar Má.

Áhorfendur kunnu vel að meta tónleikana og klöppuðu óspart fyrir þeim Berki, Betu og Einari Má. Einnig komu þar fram foreldrar Betu, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Þorgrímur Jónsson, Scott McLemore, Sigurður Flosason, Kjartan Hákonarson og Ómar Guðjónsson.



**BETA EYÞÓRS** Elísabet Eyþórsdóttir söng lög af plötunni Þriðja leiðin á útgáfutónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**UPPLESTUR** Einar Már Guðmundsson las upp ljóð úr nýútkominni bók sinni Ég stytti mér leið framhjá dauðanum. Textana á plötunni Þriðja leiðin er einmitt að finna í bókinni.



**JAKOB FRÍMANN** Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon var á meðal áheyrenda og kunni greinilega vel að meta frammistöðu Elísabetar og félaga.

# Surtsey er sjálfstætt ríki

**Margir þekkja Wikipedia, alfræðiorðabókina á netinu sem allir geta breytt og bætt upplýsingum í. Færri þekkja þó Uncyclopedia, Óalfræðibókina, sem allir geta breytt og bætt bulli í.**

Uncyclopedia, eða „Óalfræðibókin“, lítur nákvæmlega eins út og Wikipedia við fyrstu sýn, en við nánari skoðun sést að allt sem í henni stendur er algjör vitleysa. Á síðunni má lesa að Jesús Kristur hafi verið 56. forseti Bandaríkjanna, Grænland sé hitabeltiseyja og að strandvörðurinn David Hasselhoff sé einn virtasti vísindamaður heims. Hann hafi einnig verið helsta orsök falls Berlínarmúrsins og sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands.

Öllum greinunum fylgja svo tilvitnanir í rithöfundinn Oscar Wilde, sem hefur margt misgáfulegt um flest að segja, og marga aðra, þar á meðal leikarana Mr. T og Samuel L. Jackson og George Bush Bandaríkjaforseta.

Ísland fær að sjálfsögðu umfjöllun eins og í öllum góðum fræðiritum. Samkvæmt Óalfræðibókinni tala Íslendingar „björksku“, enda ræður söngkonan ástsæla, Björk Guðmundsdóttir, ríkjum á landinu. Svarthöfði er hins vegar konungur landsins og hefur verið það síðan 1906. Danir viðurkenna ekki sjálfstæði landsins og kindur eru helsti gjaldmiðillinn.

Bobby Fischer er helsta innflutningsvara Íslands samkvæmt síðunni og Baugur Group það helsta sem Íslendingar flytja út. Þjóðsöngur landsins var „Er nokkuð rangt við dýrakynlíf?“ þar til honum var skipt út fyrir „Við treystum á þorskinn“. Surtsey er hins vegar sjálfstætt kommúnistaríki, sem hefur slitið tengslum við Ísland.

Á annarri eyju nálægt Íslandi er Nýja-Bjarkarborg. Hún skiptist í tvennt, annars vegar íshöll Bjarkar og hins vegar hverfi fátækra þræla, sem búa í 30 manna hópum í moldarkofum. Þrælarnir eru alls um 15 þúsund talsins, en í íshöll Bjarkar býr enginn nema hún og fjöldi þjónustuvélmenna.

Meira rugl má lesa á síðunni sjálfri, www.uncyclopedia.org, og getur hún verið ágætis tímaþjófur í skammdeginu. **steindor@frettabladid.is**



**BJÖRK** Býr í íshöll með fjölda vélmenna, að sögn Óalfræðibókarinnar.



**BOBBY FISCHER** Skákmeistarinn er helsta innflutningsvara Íslands.




Veittu vellíðan – gefðu gjafakort í NordicaSpa

Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkaþjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

Opnunartímar:
Mán-fimmtd 6:00–21:00 Laugd 9:00–18:00
Föstudaga 6:00–20:00 Sunnd 10:00–16:00
Móttaka opin Þorláksmessu 9.00–23.00
Aðfangadag 9.00–13.00

NORDICA SPA

Nordica Hotel ▪ Suðurlandsbraut 2 ▪ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ▪ www.nordicaspa.is


# Tinna teiknar femíníska jólasveina

Tinna Kristjánsdóttir femínisti hefur teiknað myndir af öllum jólasveinunum sem birtast ein og ein á vef Femínistafélagsins þegar jólasveinarnir koma til byggða. Jólasveinarnir hennar Tinnu eru bleikklæddir femínistar og færa börnum og fullorðnum önnur skilaboð en þeir rauðu.

„Hún Katrín Anna, talskona Femínistafélagsins, bað mig í fyrra um að teikna nokkra jólasveina, einn á dag, með þessum óskum jólasveinanna,“ segir Tinna.

Stekkjastaur óskar sér að launamun kynjanna verði útrýmt og Stúfur óskar sér fleiri konur í valdastöður. Allir þrettán hafa þeir femínískar jólaóskir.

„Þetta er byggt á körlum sem ég teiknaði með vinstri hendinni fyrir fimmtán árum, sem þeim leist vel á,“ segir Tinna, sem er þrátt fyrir það rétthent. „Þegar maður er lítill þá prófar maður eitt og annað og að teikna með vinstri hendi er eitt af því. Þetta er eins og að skrifa nafnið sitt afturábak á hvolfi með vinstri hendinni, bara til að sjá hvað maður getur. Þetta er bara ákveðinn stíll.“

Femínistafélagið gaf út jólakort í fyrra með einum jólasveininum og mun senda út annað núna sem styrktaraðilar og aðrir sem félagið vill óska gleðilegra jóla fá inn um lúguna, til dæmis stjórnmálaöfl.

„Ég byrjaði á að gera þetta í fyrra, en þá var þó nokkuð liðið á desember, svo að ég teiknaði bara nokkra. Ég kláraði þá núna í desember, áður en sá fyrsti kom til byggða,“ segir Tinna.“

Jólasveinana má sjá á www.feministinn.is, en þá verður alla hægt að skoða þegar Kertasníkir kemur til byggða á aðfangadag. **- sgj**



**TINNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Tinna teiknar alla jólasveinana með vinstri hendi, þó að hún sé rétthent. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




**GLUGGAGÆGIR** Jólasveinninn Gluggagægir er kominn til byggða.

# „Ein svalasta bók ársins,

testósterónið drýpur úr púströrinu og mann langar bara að húkka far … – bókið mig með í næstu ferð!“

★★★★★

Bryndís Loftsdóttir / Eymundsson




| | |
|---|---|
| 1. prentun | uppseld |
| 2. prentun | uppseld |
| 3. prentun | komin |

„**hugmynd bókarinnar er frábær … hitinn, svitinn, svækjan og pirringurinn stíga upp af blaðsíðunum** …“
Óttar Norðfjörð / DV

„… ég hvet ykkur til þess að lesa þessa **frábæru bók**.“
Guðrún Gunnarsdóttir / Sex til sjö, Skjár 1

„… **tveir magnaðir sögumenn** … heilla lesandann með stíl- og frásagnargáfu sinni … textar þeirra eru fléttaðir saman í **þrælskemmtilega heild**.“
Þórarinn Þórarinsson / Fréttablaðið

„… **ferðabók í fyrsta flokki** … Slástu í för með þeim – það er **frábær skemmtun**.“
Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi

„… **óhætt að mæla með henni** … það hefði verið gaman að vera fluga á vegg þarna.“
Sirrý og Heimir / Ísland í bítið

„**Yndisleg bók**.“
Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga

„**Spennandi** hvort bíllinn kemst á leiðarenda … reynast allir vera einhver iðandi kvika og tilfinningabúnt … mér finnst það **virka ferlega vel**.“
Jón Yngvi Jóhannsson / Kastljós



## ÓBORGANLEG FERÐASAGA

ríkulega skreytt myndum eftir Jóhann Pál Valdimarsson

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is








# Grínarar í gull

Það er ekki bara íslensk tónlist sem selst vel á DVD fyrir jólin, íslenskt grín virðist sömuleiðis ætla að verða áberandi í jólapökkum landsmanna í ár. Þannig hafa DVD-diskar með grínþáttunum Stelpunum, Strákunum og Svínasúpunni fengið afar góðar viðtökur og hafa náð þeim áfanga að hafa selst í yfir fimm þúsund eintökum.

Gulldiskar voru afhentir leikurum og aðstandendum grínþátt-anna þriggja af þessu tilefni um síðustu helgi. Við það tækifæri færðu grínararnir og Stöð 2 Mæðrastyrksnefnd eintök af diskunum vinsælu sem og spurningaspilið Meistarann. Mæðrastyrksnefnd mun svo færa gjafirnar þeim fjölskyldum sem eiga um sárt að binda og neyðast til að leita aðstoðar við að halda jólin.



**GRÍNARAR MEÐ GULLDISKANA** Leikarar og aðstandendur úr grínþáttunum Strákunum, Stelpunum og Svínasúpunni tóku á móti gulldiskum eftir að DVD-diskar þeirra hafa selst í fimm þúsund eintökum. Við sama tækifæri voru góðar gjafir afhentar Mæðrastyrksnefnd.

# Einn með gítarinn

Tónlistarmaðurinn Birgir Örn Steinarsson, eða Biggi, heldur tónleika á Kaffi Hljómalind í kvöld. Þar mun hann spila einn með kassagítarinn lög af fyrstu sólóplötu sinni, Id, og gömul lög með Maus.

„Mér finnst reyndar alltaf betra að standa á sviði með einhverjum öðrum þannig að ég hef verið svolítið tregur við að gera þetta,“ segir Biggi. „Ég fór með vinum mínum í Fræ til Keflavíkur um daginn sem rótari. Pétur Ben hafði afboðað sig og um leið og ég labbaði inn báðu þeir á staðnum mig um að taka nokkur lög. Það gekk vel og ég ákvað að það væri ekki slæm hugmynd að flytja lögin einn,“ segir hann. Bætir hann því við að flest lögin hafi verið samin á kassagítar og því henti það vel að spila þau í sinni nöktustu mynd.

Biggi spilaði síðast hér á landi með hljómsveit sinni á Iceland Airwaves-hátíðinni. Þótt einhverjir hafi fundið að tónleikunum segir Biggi að það hafi verið ótrúlega gott að finna hve margir hafi staðið við bakið á sér. „Mig langar að reyna að koma á næsta ári með hljómsveitinni og halda útgáfutónleika á litlum stað. Ég held að það sem ég er að gera passi betur við minni staði og ég vona að fólk geti þá ákveðið sig í eitt skipti fyrir öll, því að allt sem þú lest er lygi,“ segir hann og hlær.



**Í BARCELONA** Birgir Örn Steinarsson er hann var staddur í Barcelona á dögunum. Hann spilar í Hljómalind í kvöld.

MYND/RICARDO GOSALBO

Biggi ætlar að eyða áramótunum úti í Bretlandi þar sem hann hefur dvalið undanfarin tvö ár. Á gamlárskvöld mun hann spila sem plötusnúður á litlum bar sem Pete Doherty hefur oft vanið komur sínar á. Í lok janúar og í febrúar ætlar hann síðan að halda nokkra tónleika þar í landi til að kynna plötuna sína.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21 og er frítt inn. - fb



**Í SVÖRTUM FÖTUM** Hljómsveitin Í svörtum fötum ætlar að leggja upp laupana eftir átta ára starf.

# Vildu hætta á toppnum

**Hljómsveitin Í svörtum fötum ætlar að hætta störfum eftir þrenna tónleika sem hún heldur á milli jóla og nýárs.**

Sveitin hefur verið starfandi í átta ár og að sögn Einars Arnar Jónssonar hljómborðsleikara var ákvörðunin tekin í mars síðastliðnum. „Við ætlum að hvíla okkur á markaðnum og snúa okkur að öðru, alla vega í bili,“ segir Einar Örn og vill ekki útiloka að sveitin muni eiga endurkomu einhvern tímann síðar. „Það eru tvö ár síðan við fórum fyrst að spá í þetta en við höfum alltaf frestað þessu enda hefur velgengnin alltaf verið á uppleið. Við höldum að toppnum sé náð núna og það er best að hætta á toppnum.“

### Hver í sína áttina

Fjórða plata Í svörtum fötum, Orð, kom út á dögunum og hefur hún fengið ágætis dóma þótt salan hafi verið minni en á síðustu þremur plötum sem allar fóru í gull, eða yfir 5.500 eintaka markið. Segir Einar Örn að salan hafi ekkert haft með ákvörðun sveitarinnar að gera, enda hafi hún verið tekin í mars eins og áður sagði.

Meðlimir sveitarinnar, þeir Einar Örn, Jónsi, Hrafnkell, Áki og Palli fara nú hver í sína áttina og býst Einar Örn við því að Jónsi verði sá eini sem muni halda áfram í tónlistinni að einhverju viti. „Ég er menntaður viðskiptafræðingur og er þessa dagana að leita mér að starfi í þeim geira. Hrafnkell er að klára nám og er kominn í sumarbústaðabissness, Áki er í markaðsdeildinni hjá Glitni og Palli hefur verið að kenna í Garðaskóla. Það stefnir ekkert í að við séum að fara að gera neitt mikið á tónlistarsviðinu á næstu misserum,“ segir hann.

### Lengsta fríið þrjár vikur

Einar Örn játar að það verði gríðarleg viðbrigði að hætta í hljómsveitinni. „Við vitum ekki alveg hvaða áhrif þetta á eftir að hafa. Lengsta frí sem við höfum tekið síðustu sjö árin er þrjár vikur. Við höfum verið stanslaust í þessu en þessi sveitaballamarkaður var hálfluinn þegar við vorum að byrja 1999. Hann var eiginlega búinn en hann hefur samt breyst svolítið. Maður getur ekki gengið að því vísu að fara á staði eins og Selfoss og Keflavík lengur enda höfum við verið meira á Nasa, Players og í Sjallanum. Síðan hefur fyrirtækja- og einkageirinn komið mjög sterkt inn.“

### Miklir fjölskyldumenn

Að sögn Einars Arnar eru meðlimir Í svörtum fötum miklir fjölskyldumenn og geta núna einbeitt sér að þeim. „Til lengdar er þessi vinnutími ekkert mjög hentugur fyrir fjölskyldumenn en við sjáum svo sannarlega ekki eftir þessum tíma. Þetta er búið að vera frábært.“

### Rosalega mikil keyrsla

Síðustu tónleikar Í svörtum fötum verða einmitt í helstu vígjum sveitarinnar, í Sjallanum í jólum, á Players 29. desember og á Nasa kvöldið eftir. Verður hörðustu stuðningsmönnum sveitarinnar sem mæta á Players boðið á lokaballið á Nasa. „Við ætlum fyrst og fremst að vera við sjálfir og vera extra mikið við sjálfir,“ segir Einar Örn um þessa síðustu tónleika. „Það verða engir gestaleikarar eða neitt svoleiðis eða einhverjar sprengingar. Þetta verða týpísk Í svörtum fötum böll. Það verður rosalega mikil keyrsla, lögin spiluð aðeins of hratt, engin pása á milli laga og lagavalið verður í samræmi við tónlistarsmekk íslensks almennings,“ segir hann og hlær. freyr@frettabladid.is



**JÓNSI** Söngvari Í svörtum fötum ætlar að einbeita sér að sólóferli sínum á næstunni.




| | | |
|---|---|---|
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 13:00 | Leyfð |
| VALIANT M/- Ísl tal | kl. 14:45 | Leyfð |
| RACING STRIPES Ísl tal | kl. 16:40 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 18:30 | Leyfð |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8:15 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8:15 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 8:15 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 10:20 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 5:50 - 8 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 10:10 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

www.sambioin.is 575 8900


# Ullarhattarnir í jólaskapi

Hljómsveitin Ullarhattarnir heldur sína árlegu Þorláksmessutónleika á Hótel Borg á laugardaginn. Sveitin samanstendur af þeim félögum Eyjólfi Kristjánssyni, Stefáni Hilmarssyni, Jóni Ólafssyni, Friðriki Sturlusyni og Jóhanni Hjörleifssyni.

„Þetta byrjaði allt fyrir um átta árum þegar við komum saman í fyrsta skipti á Þorláksmessu og það skal tekið fram að þessi hópur spilar aðeins á Þorláksmessu. Við höfum fengið tilboð um að spila á öðrum tímum en ávallt neitað,“ segir Eyjólfur. „Þetta er ákveðinn inngangur í jólin og maður hefur séð sömu andlitin ár eftir ár. Við byrjum rétt eftir að búðir loka klukkan ellefu og spilum jólalög og íslensk dægurlög. Það stóð til að við myndum ekki gera þetta í ár en þá bárust svo margar kvartanir að við sáum okkur tilneydda til að halda tónleikana,“ segir hann í léttum dúr.

Að sögn Eyjólfs er tilgangur Ullarhattanna sá að koma öllum í gott jólaskap, þar á meðal þeim sjálfum. Oft hafa ýmsir leynigestir troðið upp með hin sérkennilegustu lög þessi kvöld við góðar undirtektir. Forsala miða verður á Hótel Borg, Gyllta salnum, kl. 15 þann 23. desember og svo við innganginn um kvöldið. Verð er tvö þúsund krónur.



**STEBBI OG EYFI** Félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson eru meðlimir í Ullarhöttunum.



**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin hefur verið að gera það gott að undanförnu.
MYND/LEÓ STEFÁNSSON

# Jólatónleikar í kvöld

Benni Hemm Hemm og Sprengjuhöllin munu spila á jólatónleikum á Stúdentakjallaranum í kvöld kl. 21. Sprengjuhöllin mun spila splunkunýtt jólalag, sem ber nafnið „Sprengjujól“ og benda hljómsveitirnar námsmönnum sérstaklega á að koma og fagna prófklokum með þeim. Aðgangseyrir er 500 krónur.

Hljómsveitirnar munu klæðast jólalegum fötum og skemmta tónleikagestum eins og þeim einum er lagið. Liðsmenn Benna Hemm Hemm munu til dæmis klæðast jólasveinabúningum. „Auk þess er ég með ósnyrt rauðbirkið skegg og geng um í gúmmítúttum,“ segir Kári Hólmar Ragnarsson básúnuleikari. Að sögn aðstandenda er óþarfi að koma með góða skapið, enda er það til sölu á staðnum. - sgj

# Stór samningur hjá Friðriki

Fyrirtæki Friðriks Karlssonar, River of Light Records, hefur gert stóran dreifingarsamning við New Leaf Distribution í Bandaríkjunum.

Fyrirtækið, sem starfað hefur í um tuttugu ár, er stærsta dreifingarfyrirtækið í Bandaríkjunum á sviði nýaldartónlistar. Dreifir það til rúmlega tólf þúsund verslana vítt og breitt um Norður- Ameríku. Þetta er því stór áfangi í uppbyggingu fyrirtækis Friðriks sem sérhæfir sig í gerð slökunartónlistar. Er fyrirtækið þegar með dreifingu á tónlist sinni í tuttugu löndum víðs vegar um heiminn.

Friðrik gefur út tvær plötur hér á landi fyrir jólin. Annars vegar er það Álfar og fjöll sem hann vann með Þórunni Lárusdóttur og situr hún í fjórða sæti yfir mest seldu plöturnar. Hins vegar er um að ræða slökunarplötuna Móðir og barn.



**FRIÐRIK KARLSSON** Gítarleikarinn Friðrik Karlsson er að gera góða hluti úti í hinum stóra heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# The Knife á toppnum

Silent Shout með sænsku hljómsveitinni The Knife hefur verið valin besta plata ársins af bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork.

Í öðru sæti varð hljómsveitin TV on the Radio með plötu sína Return to the Cookie Mountain. Joanne Newsom, sem hélt tónleika í Fríkirkjunni á þessu ári, lenti í þriðja sæti með plötuna Ys og á eftir henni kom Ghostface Killah með plötuna Fischcale. Í fimmta sætinu kom síðan hljómsveitin The Hold Steady með plötuna Boys and Girls in America.

Pitchfork hefur sömuleiðis valið hundrað bestu lög ársins. Þar var The Knife sömuleiðis áberandi ásamt öðrum sem voru á lista yfir plötur ársins. Mikla athygli vakti þó að lag Justin Timberlake, My Love, var valið lag ársins.



**THE KNIFE** Hljómsveitin The Knife á bestu plötu ársins að mati tónlistarsíðunnar Pitchfork.




## > Dagný Linda náði góðum árangri

Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir náði sér vel á strik í gær er hún keppti á heimsbikarmóti í bruni sem fór fram í Val d'Isele í Frakklandi. Hún kom í mark í 36. sæti en var með rásnúmer 56. Var hún þremur og hálfri sekúndu á eftir Lindsey Kildow frá Bandaríkjunum sem varð fyrst en ekki nema rúmum tveimur sekúndum á eftir Anja Pärson frá Svíþjóð sem hlaut bronsið.



NJARÐVÍK OG KEFLAVÍK MÆTAST Í ICELAND-EXPRESS DEILD KARLA Í KÖRFUKNATTLEIK Í KVÖLD:

# *Þetta eru alltaf skemmtilegustu leikirnir*



Njarðvík og Keflavík mætast í kvöld í síðasta leik Iceland-Express deildar karla fyrir jól. Leikurinn fer fram í Njarðvík og hefst klukkan 19.15. Liðin eru í fjórða og fimmta sæti fyrir leikinn, bæði með fjórtán stig eftir níu leiki, en Skallagrímur, KR og Snæfell verma fyrstu þrjú sætin, öll með sextán stig eftir tíu leiki.

„Þetta eru skemmtilegustu leikirnir, það er ekki hægt að neita því. Rígurinn og hefðin fyrir þessum leikjum er mikil enda eru leikir þessara félaga alltaf verið stórleikir. Hefðin er mikil," sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga, um stórleikinn í kvöld. Félögin hafa marga hildina háð í gegnum tíðina og Einar ítrekar að það verði allt lagt undir í leiknum, sem er mikilvægur upp á stöðu liðanna sem og fyrir sjálfstraustið fyrir komandi átök. „Þetta eru þau félög sem hafa unnið 16 af síðustu 20 Íslandsmeistaratitlum og oftar en ekki eru þetta frábærir körfuboltaleikir. Ég hef ekki trú á neinu öðru en að það verði engin undantekning á í kvöld. Öll þreyta eftir erfitt haust verður lögð til hliðar, þetta er ástæðan fyrir því að menn eru í þessu," sagði Einar.

„Ég á von á því að þetta verði spennandi leikur. Heimavöllurinn virðist ekki vera mjög heilagur, bæði lið hafa tapað fáum heimaleikjum en þá helst fyrir þessum erkióvini. Við þurfum að hægja á þeim danska, Thomas Soltau, hann fór illa með okkur í haust. Þeir eru auðvitað með frábært lið en við hugsum auðvitað fyrst og fremst um okkur sjálfa, við þurfum að spila miklu betri vörn en við gerðum í síðasta leik og nýta okkur styrkinn inni í teignum," sagði þjálfarinn sem ætlar ekkert að trufla menn í jólahaldinu.

„Eftir leikinn gegn Keflavík tökum við okkur frí og það verða engar hömlur settar á menn um jólin. Við leyfum mönnum að fá sér það sem þeir vilja, svona innan skynsamlegra marka," sagði Einar á léttu nótunum að lokum.



**GERRARD** Ætlar að gera sitt besta til að halda töframanninum Ronaldinho niðri. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

## Bíður spenntur eftir Ronaldinho

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, viðurkennir að hann bíði spenntur eftir því að mæta Ronaldinho, leikmanni Barcelona, þegar félögin leiða saman hesta sína í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Leikirnir fara fram í lok febrúar og byrjun mars og eru leikirnir sem beðið er með hvað mestri eftirvæntingu í útsláttakeppni deildarinnar.

„Ég hef aldrei spilað gegn Ronaldinho áður, fyrir utan í Tsunami-góðgerðarleiknum fyrir nokkrum árum. Augljóslega er ég mikill aðdáandi hans og get ekki beðið eftir því að mæta honum. Það verður frábært fyrir stuðningsmennina að sjá svona leikmann á Anfield en ég vonast til að þeir sjái ekki of mikið af hæfileikum hans, við gerum okkar besta til að halda honum niðri," sagði Gerrard.

„Fyrir dráttinn held ég að enginn hafi viljað fá Barcelona en síðan við drógumst saman sé ég hversu spennandi þetta verður. Ég trúi því staðfestlega að við getum unnið hvaða lið sem er í tveimur leikjum en það er langt í leikina enn og önnur markmið að hugsa um fyrir þá," sagði Gerrard. - hþh

Yfirlýsing frá ÍR:

## Óskiljanlegur gjörningur

**FÓTBOLTI Knattspyrnudeild ÍR sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna dóms Áfrýjunardómstóls ÍSÍ um að Þór/KA skuli dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna um laust sæti í Landsbankadeild kvenna. ÍR vann viðureignir liðanna en samkvæmt þessu mun Þór/KA halda sæti sínu í Landsbankadeild kvenna.**

**„Okkur er með öllu óskiljanlegur þessi gjörningur og allt það ferli sem búið er að taka þrjá mánuði innan dómstóla íþróttahreyfingarinnar í máli þar sem við töldum okkur gera allt rétt samkvæmt lögum og leiðbeiningum frá KSÍ. Við höfum ákveðið að fjalla nánar um þetta mál að loknum jólafríum."**

**Undir yfirlýsinguna ritar Páll Þór Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar ÍR.** - esá

# Er gott lið sem getur náð árangri

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, valdi í gær nítján manna æfingahóp fyrir HM í Þýskalandi en sextán munu komast í lokahópinn. Alfreð ætlar ekki að byggja upp miklar væntingar fyrir mótið og segist einfaldlega hugsa um sitt fyrsta markmið sem sé að komast upp úr riðlinum.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari valdi í gær 19 manna æfingahóp fyrir heimsmeistaramótið sem hefst þann 20. janúar næstkomandi. Tveir aðrir leikmenn, Einar Örn Jónsson og Guðlaugur Arnarsson, eru síðan á biðvakt fyrir utan hópinn og kallað verður á þeirra krafta ef á þarf að halda sökum meiðsla en nokkrir leikmanna liðsins hafa verið að koma til baka síðustu vikur eftir meiðsli. Fjórir markverðir eru í æfingahópnum og Roland Valur Eradze kemur inn í fyrsta skipti síðan Alfreð tók við landsliðinu.

„Ég mun aðeins taka þrjá markverði á HM og Eradze kemur ekki með til Danmerkur. Við tókum sameiginlega ákvörðun um að hann hvíldi í þeirri ferð. Öxlin er að plaga hann og svo þekki ég styrkleika hans ágætlega. Hreiðar er svo tiltölulega nýkominn til baka og ég vil sjá hvernig standið er á honum úti í Danmörku. Tveir útileikmenn munu einnig sitja heima á meðan liðið verður í Danmörku," sagði Alfreð.

Alexander Peterson er eini leikmaðurinn sem er meiddur á þessari stundu en Alfreð segir að hann sé allur að koma til.

„Ég talaði við Alex í morgun og hann býst við að leika á miðvikudaginn og ég er því vongóður um hann. Sverre er kominn á fullt og Sigfús er kominn á fullt sem og Ólafur. Þetta er vonandi allt að smella saman. Ég held að Snorri Steinn sé líka kominn í fínt stand sem og Arnór. Ég er mun bjartsýnni en ég var fyrir mánuði."

Alfreð kemur til móts við hópinn í Danmörku og aðstoðarmaður hans, Guðmundur Guðmundsson, mun stýra einni æfingu hér heima áður en Alfreð tekur við liðinu, Alfreð ætlar að keyra á þessum æfingahópi allt þar til liðið fer út. Hann segir helsta höfuðverkinn vera hvort leikmenn haldi ekki heilsu, annars sé yfir litlu að kvarta.

„Það verða allir að vera upp á sitt besta í Þýskalandi ef við ætlum að ná árangri. Það þýðir ekkert að vera á leiðinni í form," sagði Alfreð sem mátti tilkynna 28 leikmenn til notkunar á HM og hann segir fæsta leikmenn á þeim lista ekki hafa hugmynd um að þeir séu á honum. Einar Örn og Guðlaugur vita þó af sinni stöðu og eru meðvitaðir um hana.

Þó að undirbúningur landsliðsins fyrir HM sé tiltölega stuttur þá er Alfreð samt ánægður með hann. „Ég hef ekki farið sömu leið og Heine Brand, þjálfari Þýskalands, og kallað liðið saman við hvert einasta tækifæri sem hefur gefist. Það er mikið álag á leikmönnunum og ég tel það reynast betur til lengdar að leyfa mönnum aðeins að anda annað slagið. Þá koma menn ferskari í undirbúninginn," sagði Alfreð sem mun byggja á þeim grunni sem hann byggði í kringum Svíaleikina.

„Það var slæmt að missa Garcia því ég var búinn að gera mér væntingar um að hann myndi nýtast okkur vel. Arnór er aftur á móti að spila vel, sem og Logi. Svo getum við einnig notað Ólaf sem miðjumann á stundum," sagði Alfreð sem ætlar ekki að setja stór takmörk strax í upphafi.

„Við einbeitum okkur fyrst að riðlinum og ætlum ekki að missa okkur í að hugsa um hvað gæti gerst eftir riðlakeppnina. Krafan er að komast upp úr riðlinum. Þar er aðalbaráttan gegn Frökkum og svo er stórhættulegur leikur gegn Úkraínu. Ég ætla ekki að falla í þá gryfju að gera fyrirfram kröfur og væntingar um verðlaunasæti. Ég geri mér samt grein fyrir að það verða gerðar væntingar. Þetta er gott lið og getur náð árangri. Til að árangur náist þá þarf margt að ganga upp. henry@frettabladid.is



**FER VARLEGA Í ALLAR YFIRLÝSINGAR** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari segir að íslenska handboltalandsliðið ætli ekki að byggja upp neinar skýjaborgir heldur setja sér eitt markmið í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### HÓPURINN:

**Markverðir:**

Roland Valur Eradze Stjarnan
Birkir Ívar Guðmundsson Lubbecke
Björgvin Páll Gústavsson Fram
Hreiðar Levý Guðmundsson Akureyri

**Útileikmenn:**

Vignir Svavarsson Skjern
Logi Geirsson Lemgo
Sigfús Sigfússon Fram
Sigfús Sigurðsson Ademar Leon
Ásgeir Örn Hallgrímsson Lemgo
Arnór Atlason FCK
Markús Máni Michaelsson Valur
Guðjón V. Sigurðsson Gummersbach
Snorri Steinn Guðjónsson Minden
Ólafur Stefánsson Ciudad Real
Einar Hólmgeirsson Grosswallstadt
Ragnar Óskarsson Ivry
Alexander Peterson Grosswallstadt
Sverre Jakobsson Gummersbach
Róbert Gunnarsson Gummersbach

Þrír óákveðnir hvað varðar framboð til formanns KSÍ:

## Jónas útilokar formannsframboð

**FÓTBOLTI** Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, útilokaði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann myndi bjóða sig fram til formanns KSÍ en þar mun Eggert Magnússon láta af störfum á ársþingi sambandsins í febrúar næstkomandi.

„Ég hef aldrei íhugað að bjóða mig fram og allar vangaveltur um slíkt eru frá einhverjum öðrum en mér komnar," sagði Jónas.

Aðeins einn hefur lýst yfir framboði til formanns með formlegum hætti en það er Geir Þorsteinsson, núverandi framkvæmdastjóri KSÍ.

Hingað til hafa þrír verið orðaðir við framboð en það eru Gunnar Sigurðsson frá Akranesi, Viðar Halldórsson frá Hafnarfirði og alþingismaðurinn Bjarni Benediktsson.

Gunnar hefur áður sagt að hann hafi íhugað vandlega að bjóða sig fram. Í gær sagði hann að hann myndi ekki taka ákvörðun um framboð sitt fyrr en fjórum dögum fyrir þing.

Viðar sagði að hann væri enn að skoða sín mál enda væri langt í þingið. Bjarni vildi ekkert útiloka enda hafi hann ekkert velt mögulegu framboði fyrir sér. - esá



**JÓNAS KRISTINSSON** Útilokar framboð til formannsembættis Knattspyrnusambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Körfuknattleiksdeild KR:

## Sendir Heizer heim til sín

**KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild KR hefur ákveðið að senda þýska bakvörðinn Peter Heizer til síns heima. Eftir endurkomu Steinars Kaldal, sem lagði skóna á hilluna eftir síðasta tímabil en hefur nú tekið þá fram að nýju, sér deildin ekki lengur þörf fyrir Þjóðverjann.**

**Heizer skoraði að meðaltali tíu stig í leik fyrir KR sem segir á heimasíðu sinni að Heizer hafi einnig verið orðinn ósáttur við hlutverk sitt hjá liðinu. Hann spilaði aðeins að meðaltali um nítján mínútur fyrir KR sem deilir toppsætinu í Iceland-Express deildinni ásamt Skallagrímsmönnum og Snæfellingum.** - hþh


Nýjar línur
á auðveldan hátt
Slendertone FLEX buxurnar er byltingarkennt vöðvamótunartæki sem byggir á öflugri CSI tækni sem örvar og styrkir rass-og lærvöðva.
FLEX buxurnar þjálfa vöðva sem erfitt er að ná til með hefðbundnum æfingum.
stærsti kosturinn við Slendertone FLEX buxurnar er að þú getur sinnt öðru á meðan tækið þjálfar vöðvana.
KORTER.IS
SLENDERTONE
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
SLENDERTONE
FLEX
M
ÖFLUGT TÆKI SEM SKILA ÞÉR ÁRANGRI
Einnig frá
SLENDERTONE
Þjálfar kviðvöðva
Slendertone FLEX
herra og dömu
Verð kr. 14.985.-
Þjálfar kviðvöðva
Slendertone
FLEX-MAX
herra og dömu
Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opið
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15
Kíktu á glæsilega netverslun okkar www.hreysti.is

Henrik Larsson fór á sína fyrstu æfingu hjá Manchester United og Sir Alex Ferguson er í skýjunum:

# Gæti spilað lykilhlutverk í titilbaráttunni

**FÓTBOLTI** Sænski framherjinn Henrik Larsson er kominn til Manchester United þar sem hann mun dvelja í þrjá mánuði á láni frá Helsingborg í heimalandi sínu. Larsson er byrjaður að æfa með liðinu og segir sjálfur að hann geri engar kröfur um byrjunarliðssæti hjá toppliði ensku úrvalsdeildarinnar. Hann mun líklega spila sinn fyrsta leik þann 7. janúar, gegn Aston Villa, þar sem hans gamli lærifaðir frá Celtic, Martin O´Neill, er við stjórnvölinn.

„Augljóslega mun stjórinn ákveða hvar og hvenær hann mun nota mig. Fyrir mér er ekkert vandamál að vera varamaður. Ég veit til hvers ég er kominn hingað og vonandi stend ég undir væntingunum. Ég mun gera eins vel og ég get á æfingum og leggja mig allan fram þegar ég fæ tækifæri til að spila,“ sagði Larsson á blaðamannafundi á Old Trafford í gær.

Þessi fyrrverandi leikmaður Celtic og Barcelona er enn í frábæru formi og sáu forráðamenn spænska liðsins mikið á eftir framherjanum sem var iðinn við kolann fyrir Spánar- og Evrópumeistarana. Hann er sannfærður um að hann nái að aðlagast lífinu á Englandi þrátt fyrir að dvelja þar aðeins í stuttan tíma.

„Ég tel að í hvert skipti sem maður er í vítateignum verður maður að klára færið sitt eins fljótt og unnt er, það er ekkert öðruvísi en í Svíþjóð eða annars staðar.

Þegar þú færð færi er mikilvægt að vera rólegur og yfirvegaður. Vonandi tekst mér það vel upp hérna. Ég hlakka mikið til þess að fá að spila. Ég tek bara einn leik í einu og sé til hvað gerist,“ sagði Larsson.

Sir Alex Ferguson er í skýjunum með komu Larsson sem Fergie hefur lengi haft augastað á.

„Við þurftum á svona reynslumiklum leikmanni að halda. Ég vona að þetta skipti sköpum, þessi tími sem hann verður hérna gæti verið það mikilvægasta á tímabilinu fyrir okkur og ég vona það svo sannarlega. Besta staðan hans er líklega sem framherji en ég hef séð hann spila á köntunum áður,“ sagði Ferguson um sinn nýjasta liðsmann sem áhugavert verður að fylgjast með. **- hþh**



**KOMINN Á ÆFINGU** Larsson er hér á æfingu með Manchester United í gærmorgun, með sælubros á svip.
NORDICPHOTOS/AFP

Timo Hildebrand:

## Fer frítt frá Stuttgart

**FÓTBOLTI** Stuttgart hefur ákveðið að draga samningstilboð sitt til landsliðsmarkmannsins Timo Hildebrand til baka. Það þýðir að hinn 27 ára gamli Hildebrand mun yfirgefa liðið næsta sumar þegar hann verður samningalaus. Ljóst er að þessi snjalli markmaður verður mjög eftirsóttur en hann hefur hug á að breyta til.



**HILDEBRAND** Verður eflaust eftirsóttur.

„Við buðum honum mjög góðan samning en hann vildi ekki skuldbinda sig. Það er í góðu lagi og við virðum það. Við munum ekki halda áfram viðræðum en annar sterkur markmaður verður í liðinu okkar fyrir næsta tímabil sem uppfyllir kröfur okkar og markmið fyrir framtíðina,“ sagði Horst Held, yfirmaður íþróttamála hjá Stuttgart. **- hþh**

Igor Akinfeev markvörður:

## Orðaður við Arsenal

**FÓTBOLTI Áður hefur komið fram að rússneski markvörðurinn Igor Akinfeev vakti athygli Arsene Wenger, stjóra Arsenal, í leik liðsins gegn CSKA Mosvku sem lyktaði með markalausu jafntefli.**

**Sjálfur segir Akinfeev að honum sé heiður sýndur með að svo stórt félag sýni honum áhuga. „Það gerist ekki oft á ferli knattspyrnumanns. Ef tilboð berst frá Arsenal mun ég skoða málið vel og vandlega,“ sagði Akinfeev.**

**Aðalmarkvörður Arsenal, Jens Lehmann, verður 38 ára gamall á næsta ári.** **- esá**

# Jafnt hjá Gummersbach

**Íslendingaliðið Gummersbach gerði jafntefli á heimavelli, 29-29, við Hamburg í gær. Flensburg er eitt á toppi deildarinnar þar sem Kiel tapaði í Magdeburg.**

**HANDBOLTI** Nokkrir athyglisverðir leikir fóru fram í þýska handboltanum í gærkvöld. Magdeburg kom verulega á óvart með stórsigri á Kiel, 39-24, en Kiel var tveim mörkum yfir í leikhléi, 16-18. Allt fór aftur á móti úrskeiðis hjá liðinu í síðari hálfleik þar sem það skoraði aðeins sex mörk.

Viggó Sigurðsson og félagar í Flensburg gripu tækifærið báðum höndum með því að leggja Gylfa Gylfason og félaga í Wilhelmshavener, 35-27, í lokaleik Viggós með Flensburg á heimavelli. Flensburg er fyrir vikið með tveggja stiga forystu á toppi deildarinnar en Flensburg sækir Kiel heim á Þorláksmessu.



**ENDURKOMA** Kyung Shin-Yoon lék á sínum gamla heimavelli í fyrsta sinn í gær. Hann var ekki tekinn neinum vettlingatökum af Sverre Jakobsson eins og sjá má.
FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS



**MARK** Róbert Gunnarsson skorar hér eitt af mörkum sínum í gær með góðri vippu.
FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Það var mikil stemning þegar einn helsta goðsögn Gummersbach, Kóreubúinn Kyung Shin-Yoon, mætti á sínn gamla heimavöll í gær með Hamburg. Leikurinn var jafn og æsispennandi frá upphafi til enda og lyktaði með jafntefli, 29-29. Róbert Gunnarsson skoraði jöfnunarmarkið mínútu fyrir leikslok. Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson skoruðu báðir 4 mörk fyrir Gummersbach. **- hbg**

Spánverjinn Rafael Nadal ósáttur við tíðar lyfjaprófanir í tennisheiminum:

## Komið fram við okkur eins og glæpamenn

**TENNIS** Spánverjinn Rafael Nadal segir að komið sé fram við tennisspilara eins og glæpamenn þegar kæmi að lyfjaprófunum. Hann er í öðru sæti heimslistans og segir að hann hafi gengist undir sextán eða sautján lyfjapróf á árinu, nú síðast á heimili hans um liðna helgi.

„Það er komið fram við okkur eins og við værum glæpamenn,“ sagði Nadal. „Ekki veit ég um að stjórnmálamenn þurfi að gangast undir lyfjapróf eða neitt í þeim dúr,“ sagði hann. „Ég er bara íþróttamaður eins og hver annar. Ég gengst við reglunum en mér finnst að þetta sé komið út í algerar öfgar.“

Nadal fagnaði mörgum sigrum á árinu sem er að líða og var til að mynda með mikla yfirburði á leirvöllum. Hann bætti 29 ára gamalt met Guillermo Vilas er hann vann sinn 53. sigur í röð á leirvöllum á opna franska meistaramótinu. Hann vann Roger Federer í úrslitum Opna franska.

Hann féll þó í skugga Federers á síðari hluta ársins en þeir mættust aftur í úrslitum Wimbledonmótsins sem sá svissneski vann örugglega. Þar var þó önnur viðureign minnisstæðari er hann sló út Andre Agassi í síðasta Wimbledon-móti þess síðarnefnda.

Nadal mun senn hefja undirbúning fyrir Opna ástralska meistaramótið sem hefst í janúar næstkomandi. **- esá**

Harðákveðin stjórn Charlton:

## Les Reed verður ekki rekinn

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir afleitt gengi í ensku úrvalsdeildinni og niðurlægjandi tap fyrir þriðjudeildarliði Wycombe í enska deildabikarnum er starf Les Reed, knattspyrnustjóra Charlton, ekki í neinni hættu. Stjórn Charlton ætlar sér greinilega að vera þolinmóðari í garð Reeds en forvera hans, Iain Dowie, sem var rekinn eftir aðeins tólf leiki við stjórnvölinn um miðjan nóvember.

„Það er mikið búið að gera úr bakgrunni Les en við berum fullt sjálfstraust til þjálfarateymisins með hann fremstan í flokki. Það hefur ekki fengið tækifæri til að gera þær breytingar sem það vill gera en augljóslega kemur sá tími núna í janúar,“ sagði Peter Varney, stjórnarformaður félagsins.

„Við munum ekki skipta um knattspyrnustjóra í byrjun árs. Við höfum fulla trú á því að staðan muni snúast okkur í hag,“ bætti Varney við en Charlton situr í næstneðsta sæti úrvalsdeildarinnar og hefur aðeins hlotið tólf stig úr átján leikjum. **- hþh**

Solomon Kalou rólegur:

## Ég mun skora

**FÓTBOLTI Framherjinn Salomon Kalou hefur ekki áhyggjur af þeirri staðreynd að hann eigi enn eftir að skora fyrir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Kalou gekk til liðs við félagið í sumar frá PSV Einhoven þar sem hann skoraði 35 mörk í 67 leikjum á þremur tímabilum.**

**„Ég veit að ég mun skora,“ sagði Kalou sem átti skot í stöng í leik Everton og Chelsea um helgina. „Ég veit ekki hvenær en ég verð að vera þolinmóður. Ég veit að Chelsea þarf á mér að halda og ætla ég að berjast fyrir mínu sæti í liðinu.“** **- esá**



# ÁRITUN

CD+DVD




~~2.999~~
2.499




~~2.199~~
1.999

Áritun í dag
í Smáralind - 19:00
í Kringlunni 21:00

**Sálin og Gospel**
**Baggalútur**

Áritun í dag
í Kringlunni 19:00

**Jól og blíða**
**Baggalútur**




~~2.199~~
1.999

**Please Don't Hate Me**
**Lay Low**

2xCD




~~2.199~~
1.999

**06.06.06**
**Bubbi**




~~2.199~~
1.999

**Love**
**The Beatles**




~~2.199~~
1.999

**Þjóðlög**
**Ragnheiður Gröndal**



~~2.199~~
1.999

**Magga Stína syngur Megas**
**Magga Stína**



~~2.199~~
1.999

**Ástarsól**
**Óskar Pétursson syngur lög**
**Gunnars Þórðar**

CD+DVD



~~2.599~~
2.399

**Stóra Stundin okkar**
**Ýmsir**




~~2.199~~
1.999

**Rokkskífan**
**Ýmsir**

DVD




2.299

**Step Up**
**DVD**

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

DVD




2.299

**Cars**
**DVD**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, biður Everton og Andy Johnson afsökunar:

# Auðmjúkur Mourinho biðst afsökunar

**FÓTBOLTI** José Mourinho hefur beðið Everton og Andy Johnson afsökunar vegna umdeilds atviks sem átti sér stað í leik Everton og Chelsea um helgina. Johnson féll í teignum og vildi Mourinho meina að um leikaraskap hafi verið að ræða. Gekk hann hart fram og krafðist þess að Johnson yrði spjaldaður.

Eftir leikinn sagði Mourinho að Johnson hafi verið að reyna að krækja í vítaspyrnu með leikaraskap og sagði að það hafi verið „dálítið vandræðalegt“. Fannst Everton að vegið væri að heiðri Johnson sem væri óásættanlegt.

„Fyrst og fremst vil ég segja að ég ber mikla virðingu fyrir Everton, David Moyes og leikmönnum hans,“ sagði Mourinho í afsökunarbeiðni sinni sem birtist á heimasíðu Chelsea. „Þess vegna nýt ég þess að spila gegn Everton, sérstaklega á Goodison Park þar sem stemningin er mögnuð.

Í annan stað sagði ég eftir leik að Andy Johnson væri frábær leikmaður og notaði ég engin neikvæð orð í hans garð. Ólíkt því sem sumir knattspyrnustjórar hafa gert gagnvart mínum leikmönnum eða þá honum sjálfum og Ronaldo. Ég sagði aldrei að hann hefði svindlað.

Eftir að hafa skoðað leikinn á myndbandi sá ég að dómari leiksins stóð sig afar vel og brást rétt við í umræddu atviki.

Reyndi Andy Johnson að forðast árekstur við markvörð minn? Svo virðist sem að svarið við þeirri spurningu sé jákvætt þannig að Everton, hann sjálfur og knattspyrnustjóri hans eigi inni afsökunarbeiðni frá mér.“ **- esá**



**SPJALDAÐU HANN!** José Mourinho sendir dómara leiks Everton og Chelsea skýr skilaboð eftir að Andy Johnson fellur í teig Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY







**ELS OG WOODS** Kátir saman á móti fyrr á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ernie Els:

## Ætlar að skáka Tiger Woods

**GOLF** Suður-Afríkubúinn Ernie Els hefur sett í gang þriggja ára markmið til að skáka Tiger Woods. Woods er langefstur á heimslista kylfinga þar sem Els situr í fimmta sæti.„Ég sé árið 2007 sem byrjun á þriggja ára tímabili þar sem ég ætla að endurskipuleggja allan minn leik. Ég vil fara að vinna stærri titla og láta Tiger vinna fyrir verðlunafénu sínu,“ sagði Els ákveðinn en hann er óðum að ná sér eftir erfið hnémeiðsli.

„Ég ætla að setja mér þriggja ára markmið til að ná honum og hef fulla trú á því að mér takist það. Ég get virkilega farið að taka framförum núna og einbeitt mér að markmiðum mínum,“ sagði Els. **- hþh**

Petr Cech að jafna sig:

## Batinn kraftaverki líkastur

**FÓTBOLTI Petr Cech, tékkneski markvörðurinn hjá Chelsea, segir að bati sinn af höfuðkúpubrotinu sem hann varð fyrir í október síðastliðnum sé kraftaverki líkastur. Í fyrstu hafi verið talið útilokað að hann kæmi meira við sögu á tímabilinu en nú lítur út fyrir að hann geti hafið æfingar í næsta mánuði.**

**Hann segir þó að meiðslin hafi verið grafalvarleg. „Það er mikið lán að ég sé hvorki fatlaður né lamaður. Ég tel að það sé jákvæðni minni að þakka. Ég þarf nú að gangast undir skoðun en vonast til að ég verði klár í slaginn í janúar,“ sagði Cech í viðtali við franska útvarpsstöð.** **- esá**



**CASSANO** Er sterklega orðaður við sölu í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Antonio Cassano:

## Enn einu sinni til vandræða

**FÓTBOLTI** Antonio Cassano hefur enn einu sinn valdið uppnámi en að þessu sinni var hann, ásamt Mahamadou Diarra, tekinn út úr leikmannahópi Real Madrid í gærkvöldi. Hann náðist á upptöku kvarta undan Capello í samtali við Diarra. „Ég spila ekki jafn mikið og Emerson. Við erum aldrei í liðinu,“ sagði Diarra við Cassano og Ronaldo en sá síðarnefndi sagði ekki neitt.

„Capello notar alltaf sömu leikmennina, það er Ruud van Nistelroy og svo Raúl. Ef Raúl spilar ekki er það David Beckham. Eða Ronaldo. Á eftir honum eru svo Robinho og Jose Antonio Reyes,“ sagði Cassano sem var tekinn úr hópnum ásamt Diarra fyrir vikið. **- hþh**



EIÐUR Hér á æfingu með Barcelona í Japan í síðustu viku. NORDIC PHOTOS/AFP

Barcelona spilar í dag:

## Ronaldinho náði einni æfingu

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Ronaldinho hefur verið á ferð og flugi undanfarna daga og náði aðeins einni æfingu fyrir leik Barcelona gegn Atletico Madrid í spænsku úrvalsdeildinni í kvöld. Leikurinn hefst kl. 21 og er í beinni útsendingu á Sýn.

Ronaldinho var staddur í Japan með Börsungum á laugardag þegar liðið tapaði fyrir Internacional í úrslitaleik heimsmeistarakeppni félagsliða. Á mánudag var hann viðstaddur hóf sem FIFA hélt fyrir val sitt á knattspyrnumanni ársins. Hann fékk svo að hvíla sig í gær.

Giovanni dos Santos, framherjinn ungi, gæti komið við sögu í kvöld þar sem hann er kominn með spænskt vegabréf. - esá

Denver Nuggets hefur fengið hvalreka á fjörur sínar í NBA-deildinni í körfubolta:

# Iverson kominn til Denver

**KÖRFUBOLTI** Ein stærstu félagaskipti í NBA-deildinni í körfubolta undanfarin ár fóru fram í gær þegar Allen Iverson batt enda á tíu ára veru sína hjá Philadelphia 76ers og gekk í raðir Denver Nuggets. Í staðinn fyrir einn besta leikmann deildarinnar undanfarin ár fær Philadelphia þá Andre Miller, Joe Smith og tvo valrétti í fyrstu umferð nýliðavalsins á næsta ári.

„Ég er mjög ánægður með skiptin. Leikstíll Denver hentar styrkleika mínum mjög vel og ég hlakka mikið til að spila með Carmelo, öllum leikmönnum Denver og undir stjórn George Karl sem er sannur sigurvegari,“ sagði Iverson í yfirlýsingu en Carmelo Anthony er stigahæsti leikmaður deildarinnar, með 31,6 stig að meðaltali í leik en Iverson er ekki langt á eftir í öðru sætinu með 31,2 stig að meðaltali.

Iverson hefur skorað 28,1 stig að meðaltali á sínum ferli en aðeins fjórir leikmenn hafa skipt um lið með hærra meðaltal, Wilt Chamberlain, Kareem Abdul-Jabbar, Oscar Robertson og Bob McAdoo. Iverson mun spila sinn fyrsta leik fyrir Denver á föstudaginn en Anthony afplánar nú fimmtán leikja bann vegna slagsmála.

„Ég held að þeir eigi eftir að verða dýnamískt dúó sem mun koma félaginu upp í nýjar hæðir,“ sagði kampakátur Rex Chapman, varaforseti Denver, en óneitanlega verður spennandi að sjá hvernig tveir stigahæstu menn deildarinnar ná saman. - hþh



IVERSON Er gríðarlegur styrkur fyrir Denver. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



SAHA Fagnar marki sem hann skoraði gegn Benfica í Meistaradeildinni fyrr í mánuðinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Louis Saha framlengir:

## Hjá United til ársins 2010

**FÓTBOLTI** Louis Saha hefur framlengt samning sinn við Manchester United til ársins 2010 en það var tilkynnt í gær.

Saha hefur átt frábæru gengi að fagna hjá United eftir að Ruud van Nistelrooy var seldur til Real Madrid í sumar. Hann kom frá Fulham í janúar árið 2004 en þurfti að bíða í tvö og hálft ár eftir því að ná sér almennilega á strik hjá United.

Saha verður 32 ára gamall þegar samningurinn rennur út og bætist hann í hóp Cristiano Ronaldo, Wayne Rooney, Patrice Evra og Nemanja Vidic sem eru allir bundnir langtímasamningum við félagið. - esá



ÓSTÖÐVANDI Amare Stoudamire, leikmaður Phoenix, brýtur sér hér leið í gegn í leiknum á móti Toronto en hann hefur farið á kostum í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Phoenix pakkaði saman Toronto Raptors:

# Phoenix Suns bætti félagsmetið

**KÖRFUBOLTI** Phoenix bætti í fyrrinótt félagsmet Suns með því að vinna fimmtánda leikinn í röð í NBA-deildakeppninni. Í þetta sinn varð Toronto Raptors fyrir barðinu og óhætt að segja að Phoenix hafi hreinlega valtað yfir Kanadamenn en lokatölur voru 115-98.

Sem fyrr átti Amare Stoudamire stórleik fyrir Phoenix en þrátt fyrir að hafa aðeins spilað í 28 mínútur skoraði hann 28 stig og tók tíu fráköst. Á þeim tíma byggði Phoenix upp risastórt forskot á Toronto. Var leikurinn ef til vill sá besti síðan Stoudamire gekkst undir aðgerð á hné á síðasta tímabili. Hann nýtti ellefu af fjórtán skottilraunum sínum utan af velli og nýtti öll sex vítaköstin sín.

Með sigrinum, sem var sá fimmtándi í röðinni sem fyrr segir, bætti Phoenix félagsmetið sem var sett árið 1992. Þetta er einnig lengsta sigurhrina liðs í NBA-deildinni síðan Lakers vann nítján leiki í röð vorið 2000.

Alls skoruðu sex leikmenn Phoenix meira en tíu stig gegn Toronto en TJ Ford var stigahæstur síðarnefnda liðsins með nítján stig. - esá

Phil Jackson þurfti að lúta í gras gegn sínum gömlu félögum:

## Chicago Bulls skellti Lakers

**KÖRFUBOLTI** Phil Jackson stóð ráðþrota á hliðarlínunni þegar lærisveinar hans í Los Angeles Lakers lágu í valnum fyrir sínu gamla liði Chicago Bulls í NBA-deildinni í fyrrinótt. Luol Deng var fremstur meðal jafningja hjá Chicago en hann skoraði 23 stig og tók tólf fráköst í 94-89 sigri Bulls.

„Þeir héldu áfram að berjast og djöflast í okkur í þessum mikla baráttuleik,“ sagði Jackson sem þurfti að játa sig sigraðan en Kobe Bryant var haldið í nítján stigum eftir að hafa skorað samtals 98 stig í tveimur leikjum þar á undan.

„Þeir spiluðu frábæra vörn og hún skipti sköpum fyrir þá. Þeir létu mig hafa mikið fyrir hlutunum, pressuðu mig og stóðu sig vel,“ sagði Bryant en þetta var fimmti sigurleikur Bulls í deildinni í röð. - hþh



BRYANT Reynir hér að komast í gegnum sterka vörn Chicago. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





Ítalíu treyjan loksins komin!

Helstu sölustaðir: Intersport Bíldshöfða, Intersport Smáralind, Útilíf Smáralind, Útilíf Glæsibæ, Útilíf Kringlunni, Pumabúðin Laugavegi, Maraþon Kringlunni, Jói útherji Ármúla, Ozone Akranesi, Borgarsport Borgarnesi, Sportver Akureyri, Toppmenn og Sport Akureyri, K-Sport Keflavík, Sportbær Selfossi, Fjarðasport Neskaupsstað, Veiðiflugan Reyðarfirði, Blómsturvellir Hellissandi, Tákn Húsavík, Heimahornið Stykkishólmi, Axel Ó Vestmannaeyjum.

## > Anthony Lapaglia

hann fæddist 31. janúar 1959 í Ástralíu þar sem hann er einnig uppalinn. Margir muna eftir Anthony í myndinni So I Married an Axe Murderer þar sem hann sýndi snilldartakta í gamanleik, en frægastur er hann þó fyrir að leika New York bófa. Hann var valinn til að leika Tony Soprano í The Sopranos, en hafnaði hlutverkinu. Ríkissjónvarpið sýnir í kvöld þáttinn Without A Trace þar sem Anthony leikur lögreglumanninn Jack Malone, en þættirnir hafa náð miklum vinsældum. Hann ljáði nýverið karakter rödd sína í teiknimyndinni Happy Feet, sem enn hefur ekki verið sýnd hér á landi.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HEFUR FLATSKJÁSVÆÐST

# *Betra sjónvarpsgláp*

Þrátt fyrir að vera frekar mikill sjónvarpsglápari þá hef ég verið mjög nægjusöm er kemur að tækjakosti til gláps. Ég hef látið mér nægja að fylgjast með Meredith Grey og félögum, Hallgrími hinum danska, Tony Soprano svo ég nefni nokkra sjónvarpsfélaga af fjórtán tommu skjá. Ég hef sumsé staðist flatskjárvæðingu heimilanna með miklum sóma, þar til á dögunum. Síðdegis á laugardegi lét eitthvað undan. Kannski var ég búin að staldra of oft við auglýsingar frá sjónvarpsbúðum, ég veit það ekki. Svo mikið veit ég að ég sendi bóndann af stað og dagskipunin var þessi: Að kaupa flatskjá eða hljóta verra af. 32 tommur skyldu það vera.

Ég var reyndar tilbúin til að sætta mig við ódýrustu gerð, en jafn tilbúin til að trúa því þegar maðurinn kom heim með tækið að sú hefði verið glötuð og 30 þúsund til viðbótar gerðu gæfumuninn í glápinu. Stofan breytti um ásýnd þegar tækið var komið – þvílíkur munur! Og auðvitað allt annað líf að horfa á sjónvarpið í þessari stærð. Fermingargræjurnar tóku sig reyndar skyndilega verulega illa út og því varð að ráði að fjárfesta líka í græjum, sem við auðvitað tengdum við sjónvarpið svo nú verður fyrst verulega gaman að horfa á tónleika í sjónvarpinu, skyldi svo fara að ég tæki upp á því einhvern tímann í framtíðinni.



Ég bind vonir við að þessi breyting á tækjabúnaði verði til þess að ég verði eilítið menningarlegri í áhorfi.

Ég hef oft sagt við sjálfa mig að helsta ástæða þess að ég horfi frekar á mislélega sjónvarpsþætti en menningarlegar bíómyndir, þegar þær bjóðast, vera þá að þær njóti sín ekki í 14 tommu tæki. Það er auðvitað rétt og tíma mínum er sannarlega betur varið við áhorf á gæðamyndir en America´s Next Top Model. Enn á þó eftir að koma í ljós hvort flatskjárvæðingunni fylgi metnaðarfyllra áhorf eða hvort ég held áfram að velta mér upp úr sápum og raunveruleikaþáttum.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.15 Desperate Housewives** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35 Venni Páer** SKJÁR EINN



▶ **02.25 Supernatural** SIRKUS



▶ **23.00 Entourage** STÖÐ 2



▶ **21.50 Football Icons** SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**8.45 Heimsbikarmótið í alpagreinum (2:16)** Bein útsending frá fyrri umferð í stórsvigi karla í Hinterstoder í Austurríki.
**10.20 Heimsbikarinn - upphitun**
**10.50 Alpasyrpa (1:16)**
**11.15 Alpasyrpa (2:16)**
**11.45 Heimsbikarmótið í alpagreinum (3:16)** Bein útsending frá seinni umferð í stórsvigi karla í Hinterstoder í Austurríki.
**16.45 Íþróttakvöld**
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Stundin okkar**
**18.35 Stebbi strútur (5:13)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Martin læknir (8:8)** (Doc Martin II) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**21.15 Sporlaust (3:24)** (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Mannamein (1:2)** (Bodies: The ▶Finale) Breskur myndaflokkur um líf og starf lækna á sjúkrahúsi í London. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur**
**0.00 Kastljós**
**0.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05 Hollywood Homicide** (Morð í Hollywood) Bönnuð börnum.
**8.00 Pokemon 4**
**10.00 The Importance of Being Earne**
**12.00 The Curse of the Pink Panther** (Bölvun Bleika pardusins)
**14.00 Pokemon 4**
**16.00 The Importance of Being Earne**
**18.00 The Curse of the Pink Panther**
**20.00 Hollywood Homicide**
▶**22.00 Mississippi Burning**
**0.05 La Vie Nouvelle (A New Life)**
**2.00 Judge Dredd** Stranglega bönnuð börnum.
**3.55 Mississippi Burning** (Í ljósum logum) Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 William and Mary (6:6)**
**15.25 Two and a Half Men** (Tveir og hálfur maður) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri.
**15.50 Leðurblökumaðurinn**
**16.13 Ofurhundurinn**
**16.38 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17.03 Myrkfælnu draugarnir (27:90) (e)** (Three Little Ghosts)
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
▶**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Búbbarnir (18:21)**
**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn sem sendur er út í beinni útsendingu frá miðborginni öll fimmtudagskvöld.
**21.10 The Closer (5:15)** (Málalok) Bönnuð börnum.
**22.00 What Not To Wear On Holiday**
**23.00 Entourage (2:20) 23.30 Grey´s Anatomy (25:36)**
**0.15 Back in the Day**
**1.55 The Unit - NÝTT (2:13)**
**2.35 Hitcher 2: I´ve Been Waiting** Stranglega bönnuð börnum.
**4.05 Ísland í bítið e**
**5.40 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Four Kings**
**21.00 The Player**
**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**23.15 Insider**
**23.40 Vanished (10:13) (e)**
**0.25 Ghost Whisperer (22:22) (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná ▶sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt. Á Melinda því oft í vandræðum með að sannfæra fólk um trúverðugleika sinn og er við það að gefast upp. En þegar hún sér að hún geti bæði bjargað týndu sálunum og þeim sem eru enn á lífi, áttar sig hún á því að þessi hæfileiki er kostur en ekki galli. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu. Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt.
**1.10 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.35 Entertainment Tonight (e)**
**2.00 American Dad (1:10)**
**2.25 Supernatural (3:22) (e)** Bönnuð börnum.
**3.10 Supernatural (4:22) (e)** Bönnuð börnum.
**3.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**21.12 2006 Fimmtudagur**
**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Toppskífan (e)**
**15.55 Love, Inc. (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson taka á móti góðum gestum.
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 Game tíví**
**20.00 The Office**
**20.35 Venni Páer** Ný, íslensk gamansería ▶þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari með háleit markmið og efst á baugi er að gera kennslumyndband fyrir aðra einkaþjálfara. Venni ákveður að ráða leikstjóra fyrir myndbandið sitt og setur það í verkahring Pálmars að ráða "þann besta". Á meðan Pálmar glímir við að ráða leikstjórann dettur Venna í hug ráð til að losna við Jóa Fel úr hverfinu. Kolli dettur í lukkupottinn þegar uppáhalds Spaugstofukarlinn hans fellst á að leyfa Kolla að þjálfa sig.
**21.00 The King of Queens**
**21.30 Still Standing - Ný þáttaröð**
**22.00 C.S.I: Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Crane og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Klíkumeðlimur nær að flýja þegar rétta á yfir honum og klíkan fyrirskipar morð á Horatio.
**23.00 Everybody loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 America's Next Top Model VI (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 2006 World Pool Masters (e)**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 Man. City - Tottenham (frá 17. des)**
**16.00 Fiorentina - AC Milan (frá 16. des)**
**18.00 Arsenal - Portsmouth (frá 16. des)**
**20.00 Liðið mitt**
**21.00 Everton - Chelsea (frá 17. des)**
**23.00 Liðið mitt (e)**
**0.00 Að leikslokum (e)**




KÆST SKATA
KÆST TINDASKATA
SALTFISKUR, HÁKARL
SALTAÐAR KINNAR, SIGINN FISKUR.

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Í SJÖUNDA HIMNI MEÐ HEMMA GUNN

Það verður nóg um að vera hjá Hemma í sérlega jólalegum þætti af Í sjöunda himni á Stöð 2 í kvöld.

Aðalgestir þáttarins verða biskupsfeðgarnir Sr. Sigurbjörn Einarsson og Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup sem sjaldan hafa komið fram saman áður í viðtali. Þá mætir Unnur Birna alheimsfegurðardrottning í viðtal og fjöldinn allur af góðu tónlistarfólki tekur lagið. Baggalútur tekur vel valið jólalag af nýútkominni jólaplötu sinni. Sálin hans Jóns míns og Gospelkór Reykjavíkur flytja lag sem einnig er að finna á tónleikaplötu sem hefur að geyma upptökur frá eftirminnilegum tónleikum sem þessar stórsveitir tvær héldu saman í Laugardalshöll. Þá taka einnig Friðrik Ómar og Flugfreyjukórinn lagið.


Sigurbjörn Einarsson, fyrrverandi biskup Íslands.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ GHOST WHISPERER Á SIRKUS KL. 0.25

Jennifer Love Hewitt leikur hina skyggnu Melindu Gordon. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp hennar að halda og notar hún hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar og skilaboð að handan og reynir að koma þeim til skila. Stundum reynist það þrautinni þyngri þar sem sumir eiga erfitt með að trúa henni. Hún leggur sig þó alla fram við að fá fólk til að trúa sér, og oftar en ekki leysir hún tilfinningaflækjur fólks úr handanheimum og héðan.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Næturluktin
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar. Hljóðritun frá jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói sl. laugardag. Einleikari: Hulda Jónsdóttir. Kór: Gradualekór Langholtskirkju. Stjórnandi: Bernharður Wilkinson.
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Bláar appelsínur
**23.10** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**14.20 Spænski boltinn**

**16.00 Enski deildarbikarinn** (Newcastle - Chelsea)

**17.40 Kraftasport** (Uppsveitarvíkingurinn 2006) Svipmyndir frá keppninni um sterkasta mann Íslands árið 2006.

**18.10 Pro bull riding** (Chicago, IL - Jack Daniels Invitational)

**19.05 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**19.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

**▶21.50 Football Icons** (Football Icons)

**22.45 World´s Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Í keppninni um sterkasta mann heims árið 1996 var Magnús Ver Magnússon á hátindi ferils síns en hann og Jón Páll Sigmarsson eru þeir einu sem hafa sigrað fjórum sinnum í þessari keppni. Magnús hafði sigrað tvö ár í röð, ´94 og ´95, og var því sigurstranglegur. Aðrir þekktir keppendur voru Gerrit Badenhorst, Riku Kiri og Flemming Rassmussen.

**23.40 Ameríski fótboltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum, sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.

**0.10 Spænski boltinn** Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Uventet besøg **19.30** Desperate boligdrømme **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Gnavne gamle mænd **22.40** Waking the Dead **0.20** Ørnen

### NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** lan tar regien **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** N¢dlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Ørnen **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Urix **22.45** Presidenten **23.25** Casanova

### SVT 1

**11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Max och Ruby **17.25** Stora maskiner **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Oligarkernas uppgång **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Entourage **23.40** Bingo Royale **0.25** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*fá Radíusbræður, sem líta ekki á sig sem risaeðlur og gefa nýrri kynslóð tækifæri til að kynnast gríninu á Radíuskvöldi á Hverfisbarnum.*

# Líkt við Pavarotti og söng fyrir pabba

„Nei, ég var ekkert stressaðri fyrir vikið enda finn ég fyrir nærveru hans hvar sem ég er,“ segir Garðar Thor Cortez sem söng fyrir pabba sinn, óperusöngvarann Garðar Cortez, á þriðjudagskvöld. „Hann var á leiðinni til Þýskalands að stjórna þar og kom við hérna á Englandi til að sjá mig,“ útskýrir stórsöngvarinn en þetta er í fyrsta skipti sem Garðar eldri sér son sinn syngja á tónleikaferðinni með Katherine Jenkins í Bretlandi.



**GARÐAR ELDRI** Sá son sinn syngja í Bretlandi síðastliðið þriðjudagskvöld.

Garðar hefur heldur betur slegið í gegn hjá Bretunum og í umfjöllunum er honum hrósað í hástert. Blaðamaður Daily Post í Liverpool gengur jafnvel svo langt að líkja honum við sjálfan Luciano Pavarotti, ítalska hetjutenórinn. „Þeir eru hrifnir af þessum tónleikum og ég get ekki kvartað enda er uppselt á þá alla,“ segir Garðar af stakri hógværð en vill sem minnst gera úr samlíkingunni við Pavarotti.



**GARÐAR** Hefur verið að slá í gegn hjá Bretum og var nýverið líkt við sjálfan Pavarotti.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Garðari var hann á leiðinni frá Brighton til Portsmouth þar sem hann söng í gærkvöldi en síðustu tónleikarnir í röðinni eru í Bristol í kvöld. „Síðan kem ég til Íslands enda er þetta búið að vera langur tími hérna úti, einar sex vikur sleitulaust,“ segir Garðar sem er að sjálfsögðu glaður að ná heim í jólasteikina en tenórinn syngur á jólatónleikum til styrktar krabbameinssjúkum börnum í Háskólabíói 28. desember. Í febrúar dregur síðan aftur til tíðinda í útrás Garðars til Bretlands en þá kemur út sólóplatan hans sem sló eftirminnilega í gegn hér heima fyrir síðustu jól. - fgg



**KATHERINE JENKINS** Uppselt hefur verið á alla tónleika þeirra Garðars og Jenkins og eru Bretarnir ákaflega hrifnir af framkomu og söng íslenska tenórsins.



**LÁRÉTT** **2** asni **6** ógrynni **8** sæ **9** loft **11** utan **12** vondur **14** verða aumur **16** einnig **17** farvegur **18** bar að garði **20** tveir eins **21** dugnaður.
**LÓÐRÉTT** **1** eldur **3** klaka **4** lögtak **5** hylur **7** hjáguð **10** rá **13** dýrahljóð **15** sjúkdómur **16** kúgun **19** í röð.

**LAUSN LÁRÉTT:** **2** fífl, **6** of, **8** sjó, **9** gas, **11** án, **12** illur, **14** sárna, **16** og, **17** rás, **18** kom, **20** mm, **21** iðni. **LÓÐRÉTT:** **1** logi, **3** ís, **4** fjárnám, **5** lón, **7** falsgoð, **10** slá, **13** urr, **15** asmi, **16** oki, **19** mn.






GUNNAR ÓLASON: EKKI BOÐIÐ Á VIÐHAFNARFORSÝNINGU EASTWOOD

# Þögul mótmæli aukaleikara á frumsýningu í kvöld

„Ég var að frétta af þessu í dag og verð að segja að það sýður á mér vegna málsins,“ segir Gunnar Ólason sem fór með aukahlutverk í Hollywood-kvikmyndinni Flags of our Fathers, sem tekin var upp hérlendis sumarið 2005. Engum þeirra fimm hundruð aukaleikara sem tóku þátt í gerð kvikmyndarinnar hér á landi hefur verið boðið á viðhafnarsýningu á myndinni í Háskólabíói í kvöld klukkan sjö. Gunnar segist vera mjög reiður vegna þessa og telur að þarna hafi loforð verið brotin. „Þegar tökum lauk var öllum boðið í lokateiti á Rex en ekki okkur aukaleikurunum,“ segir Gunnar sem leikur liðþjálfa í herdeild ellefu í myndinni. „Okkur var sagt að aukaleikurunum yrði boðið á sérstaka sýningu þar sem við gætum jafnvel tekið með okkur maka en við höfum ekki fengið neitt boð,“ bætir hann við.



**Á TÖKUSTAÐ** Clint Eastwood stjórnaði íslensku hermönnunum með harðri hendi þá tvo mánuði sem tökurnar fóru fram í Sandvík og við Krýsuvík.

Gunnar segist sjálfur hafa haft samband við kvikmyndafyrirtækið True North sem hafði veg og vanda af tökunum hér á landi. „Þau segjast vera reyna að redda okkur sýningu en það sé ekkert öruggt að það hafist,“ útskýrir Gunnar sem tók skýrt fram að hann myndi hafna öllum slíkum boðum og þeir sem hann hefur rætt við ætli að gera slíkt hið sama. „Við vorum þarna í tvo mánuði, fórum á fætur eldsnemma á morgnana og fengum fimm þúsund krónur í laun á mánuði,“ segir Gunnar. „Burðuðumst með þrjátíu kílóa bakpoka á hverjum degi,“ bætir hann við. „Við viljum því eðlilega sjá myndina á sama tíma og allir hinir, vera fyrstir á landinu,“ segir Gunnar og hvetur þá sem tóku þátt í Sandvík að mæta fyrir framan Háskólabíó og halda þögul mótmæli.



**AUKALEIKARINN** Gunnar Ólason er ákaflega reiður vegna þess að engum þeirra fimm hundruð aukaleikara sem tóku þátt í gerð Flags of our Fathers hér á landi hefur verið boðið á viðhafnarsýningu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið hafði samband við Helgu Margréti Reykdal, framkvæmdarstjóra True North, sem sagði að boðsgestir þeirra á sýninguna í kvöld væru allt starfsfólk kvikmyndarinnar sem hefðu unnið að gerð myndarinnar í marga mánuði en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var True North úthlutað sex hundruð miðum. - fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttamaðurinn **Björn Þorláksson** færir landsmönnum góða sýn á lífið á Akureyri í fréttum sínum á Stöð 2. Birni er, líkt og góðum fréttamönnum, kappsmál að vera með á nótunum og missa ekki af stóru málunum. Á þriðjudagskvöld sýndi hann þjóðinni hversu grátt óveður hafði leikið heimabæ hans. Skýrasta dæmið var að kona nokkur hafði vaknað upp við þau ósköp að útidyrahurðin var fokin af húsinu hennar. En líklega hefur Björn aldrei þurft að hafa eins lítið fyrir því að fá nokkurn í fréttaviðtal því í þessu tilfelli var kona sú er um ræðir gift Birni og hann þurfti ekki nema rétt að stíga yfir þröskuld heimilis síns til að stilla upp myndavél og míkrófóni.



Vinsælt virðist vera hjá kvikmyndafyrirtækjum að kaupa kvikmyndarétti að nýútkomnum bókum jólaflóðsins. Nýlega keypti kvikmyndafyrirtækið ZikZak réttinn á spennubókinni Skipinu eftir **Stefán Mána** sem gefin er út af JPV en ZikZak á þegar réttinn af hinni geysivinsælu Svartur á leik eftir sama höfund. Framleiðslufyrirtækið True North hefur nú náð samkomulagi við Eddu-útgáfu um rétt til að gera kvikmynd eftir bók **Jóns Gnarr**, Indjáninn, sem er skáldsöguleg ævisaga en hún kom út núna rétt fyrir jólin. Þar greinir Jón frá æviárum sínum en eins og gefur að skilja rataði grínarinn oft í mikil ævintýri. -hdm/fgg








# Framtíð skautasvellsins óljós

Skautasvellið sem Tryggingamiðstöðin lét setja upp á Ingólfstorgi í tilefni af hálfrar aldar afmæli sínu hefur verið lokað í tvo daga, en Bryndís Pjetursdóttir hjá Tryggingamiðstöðinni sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það myndi væntanlega opna aftur í dag. „Þetta er bara vegna veðurs, það er svo sem ekkert að svellinu,“ sagði hún, en rigningin sem herjað hefur á höfuðborgina síðustu daga hefur varla farið fram hjá neinum.

Tryggingamiðstöðin heldur svellinu úti til 29. desember en óvíst er hvað gerist þá. Einhverjar viðræður munu vera í gangi við borgaryfirvöld, en enn er ekkert komið á hreint. „Það er bara verið að ræða þessi mál, og það kemur jafnvel til greina að færa það eitthvað til,“ sagði Bryndís. Hún sagði aðsóknina hafa verið mjög góða frá því að svellið opnaði. Það er því augljóst að borgarbúar kunna vel að meta framtakið og margir fylgjast eflaust spenntir með því hvað verður þegar 29. desember rennur upp. -sun



**SVELLKALT INGÓLFSTORG** Skautasvellið hefur notið mikilla vinsælda, en viðræður eru í gangi við borgaryfirvöld um að taka svellið upp á sína arma þegar Tryggingamiðstöðin lokar því þann 29. desember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



# JÓLAHREINGERNING HJÁ GP HÚSGÖGNUM

**...sópum út húsgögnum á gjafverði fyrir jól!**



**Leðursófasett 3+1+1**
Verð áður 249.000,-
Tilboðsverð: 189.000,-
(Einnig til í ljósu)



**Leðursófasett 3+1+1**
Verð áður 239.000,-
Tilboðsverð: 179.000,-



**Leðursófasett 3+1+1**
Verð áður 269.000,-
Tilboðsverð: 198.000,-



**Microfiber Hornsófi**
Verð áður 239.000,-
Tilboðsverð: 189.000,-
(Einnig til í rauðu)



**Leðursófi**
Verð áður 169.000,-
Tilboðsverð: 129.000,-



**Leðursófasett 3+1+1**
Verð áður 398.000,-
Tilboðsverð: 318.000,-



**Svefnsófi Leður**
Verð áður 179.000,-
Tilboðsverð: 139.000,-

**Ný sending af eikarhúsgögnum frá Chrisitan HAROLD kemur í hús á morgun, föstudag.**

gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Opnunartímar fram að jólum
21. & 22. des 10:00-22:00
23,. des 10:00-20:00



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




BAKÞANKAR

DR. GUNNA

## *Jól alla daga*

Enn átti ég eftir að kaupa nokkra pakka. Ég hætti mér því í Smáralind og taldi mig hafa valið tímann vel: um kvöldmat á virkum degi. Hélt að ég slyppi við mestu jólageðveikina, en nei nei. Hún skall á mér um leið og ég steig inn. Fólk með poka og aftur poka vafrandi um með eld í augum og froðu í munnvikinu. Yfir öllu, eins og bumbuslagari í galeiðu, söng svo mest óþolandi jólalag í heimi: Jól alla daga. Svona er þá í helvíti, hugsaði ég og íhugaði að hlaupa öskrandi út. Dró svo djúpt andann og setti undir mig hausinn.

**HINN** mæti Eiríkur Hauksson syngur jólalagið óþolandi, en glysrokkarinn Roy Wood og hljómsveit hans Wizzard gerðu fyrst allt vitlaust með því árið 1973. Lagið er sjúklega hresst og allar klisjur jólalaganna renna saman í því, frá hreindýrabjöllunum til barnakórsins. Textinn er punkturinn yfir i-i brjálæðisins. Eiríkur dregur á sannfærandi hátt upp martraðarkennda hugaróra fársjúks manns sem lætur sig dreyma um endalaus jól: „Já, ég vildi að alla daga væru jól, þá gætu allir dansað og sungið jólalag,“ æpir hann og maður heyrir hvernig æðarnar í augunum á honum stækka.

**ALLTAF** svona?! Neeeeiiiii!!! Einu sinni á ári er bara alveg nóg – algjörlega passlegt!

**EFTIR** stressið og lætin er það friðurinn kl. 18 á aðfangadag sem allir stefna að. Þegar kirkjuklukkurnar á RÚV byrja að glymja og presturinn að tóna. Það augnablik þegar jólin loksins koma er það sem allt gengur út á. Þá slaknar á öllu eins og stungið sé stórri nál í allar blöðrur á landinu. Friður jólanna er því í raun að fá loksins frí eftir mikla vinnu, vinnu sem fólst í því að undirbúa þennan sama frið. Jólin eru undarleg þversögn.

**JÓLAUNDIRBÚNINGSÞREYTUNNI** er fylgt eftir með ofáti á þungu kjöti og súkkulaði. Þegar jólin eru loksins komin er því upplagt að kyrja gömlu góðu jólalögin. Þau eru mörg með fjarstæðukenndum textum og passa feikivel við útbelgt og úttaugað ástandið. Í lögunum renna saman í draumkenndu móki utangátta Andrésar, könnur upp á stól, einiberjarunnar, gamlar konur að prjóna og snúa sér í hring og mannkindur sem liggja meinvillar í myrkrum. Aðeins í furðulegu hugarástandinu um jólin virðist eitthvert vit vera í þessu.

**ÞRÁTT** fyrir allt kemst maður þó alltaf að sömu niðurstöðu og Jóhannes úr Kötlum: Eitt er víst að alltaf verður, ákaflega gaman þá. Gleðileg jól!





